Skoðunarmaður skal, þegar honum þykir ástæða til, leiða hinn brotlega fyrir lögregluna.

Skoðunarmanni skal skylt að aðstoða lögregluna eftir föngum í öllum lögreglumálum, er snerta bifreiðar.

6. gr.

Skoðunarmanni ber að halda dagbók og skrá þar stutt yfirlit yfir störf sín daglega. Dagbók og önnur eyðublöð til afnota í starfinu fær skoðunarmaður hjá vegamálastjóra.

7. gr.

Skoðunarmanni er skylt að fyrirlagi ráðuneytisins eða í umboði þess að fyrirlagi vegamálastjóra eða samkvæmt beiðni lögreglustjóra eða sýslumanns, að takast á hendur skoðun bifreiða utan síns umdæmis. Fyrir slíka skoðun ber eiganda bifreiðar að greiða kr. 3.00 í hvert sinn, auk ferðakostnaðar skoðunarmanns á sama hátt og innan umdæmis, sem jafnast að tiltölu á allar bifreiðar, sem skoðaðar eru í sömu ferð. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri úrskurða slíkan reikning og greiða skoðunarmanni, en eigendur bifreiða endurgreiði lögreglustjóra hver sinn hluta kostnaðarins.

8. gr.

Til þess að framkvæma skoðunina eða önnur skyldustörf skal skoðunarmaður ferðast um umdæmi sitt eftir þörfum. Skal hann í því efni fara eftir fyrirmælum ráðuneytisins eða vegamálastjóra í umboði þess og lögreglustjóra í umdæmi sínu.

Á ferðalögum fá skoðunarmenn greiddan ferðakostnað, sem hjer segir:

5 1. febr. Fargjöld samkvæmt kvittuðum frumreikningum og auk þess fæðispeninga kr. 5.00 fyrir hverja nótt, sem þeir eru fjarverandi utan heimilis þeirra.

Reikninga fyrir ferðakostnað greiðir vegamálastjóri og skulu skoðunarmenn senda honum þá á hverjum ársfjórðungi.

9. gr.

Fyrir starf sitt fá skoðunarmenn þetta kaup:

1. Skoðunargjald 10 kr. árlega af hverri bifreið og bifhjóli sem skrásett er í umdæmi þeirra.
2. Prófgjöld samkvæmt reglugjörð um próf fyrir bifreiðarstjóra.
3. Fyrir önnur störf, er skoðunarmenn inna af hendi samkvæmt erindisbrjefi eða að sjerstöku fyrirlagi ráðuneytisins fá þeir sjerstaka þóknun, er ráðuneytið ákveður fyrir hvern einstakan þeirra. Þar sem fleiri en einn skoðunarmaður er í sama umdæmi, skiftist greiðsla samkvæmt 1. og 2. lið jafnt milli þeirra, enda sýni dagbók þeirra, að þeir hafi stundað starfið nokkuð jafnt.

Ríkisfjehirðir greiðir skoðunarmönnum í Suðurlandsumdæmi kaup þeirra mánaðarlega eftir á fyrir hvern mánuð með upphæð er ráðuneytið ákveður í byrjun hvers árs.

Í lok hvers árs eða svo fljótt, sem ríkisfjehirði hefir borist skilagrein fyrir greiddum skoðunargjöldum og prófgjöldum í umdæmi skoðunarmanns, greiðir ríkisfjehirðir skoðunarmanni eftirstöðvar af árskaupi hans ef einhverjar eru.

Á sama hátt greiðir sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu skoðunarmanni þar kaup hans mánaðarlega.

10. gr.

Ef veikindi eða önnur lögleg forföll hamla skoðunarmanni frá að stunda starf sitt, skal hann þegar tilkynna það þeim lögreglustjóra, þar sem hann er búsettur.

Geti skoðunarmaður af einhverjum ástæðum ekki gegnt starfi sínu um tíma, vegna veikinda eða annara forfalla, getur ráðuneytið krafist þess, að hann ráði annan mann til þess að gegna þeim störfum sem ekki má fresta, enda samþykki ráðuneytið þann til starfans og setji hann til þess á kostnað og ábyrgð hins reglulega skoðunarmanns.

Skoðunarmanni er ekki heimilt að fara í ferðalög út fyrir umdæmi sitt nema með leyfi lögreglustjóra, þar sem hann er búsettur.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. febrúar 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

BYGGINGARSAMÞYKT

6
1. febr.

fyrir

Akureyri.

I. KAFLI.

VERKSVIÐ SAMÞYKTAR OG STJÓRN BYGGINGARMÁLA.

1. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir alla verslunarlóð Akureyrarkaupstaðar og ekki minna en 500 metra út fyrir það svæði, er skipulagsuppdráttur sýnir. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar þegar byggingarnefnd og bæjarstjórn mæla með því.

2. gr.

Samþyktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafist breytingar á því, sem þegar hefir verið gjört. Ennfremur nær samþyktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Byggingarnefnd úrskurðar í hvert skifti, hverjar aðgerðir skuli teljast höfuðbreytingar.

3. gr.

Stjórn byggingarmála er í höndum bæjarstjórnar. Bæjarstjórn getur synjað um byggingarleyfi sem byggingarnefnd hefir samþykt, enda sje það gert áður en mánuður er liðinn frá því byggingarnefnd gerði tillögu sína (Sbr. 48. gr. 5.). Bæjarstjórn getur ekki veitt byggingarleyfi án samþykkis byggingarnefndar.

Byggingarnefnd gerir tillögur um öll byggingarleyfi og hefir umsjón þess, að byggingarsamþyktinni sje fylgt.

Ef lóðarleigjanda, lóðareiganda eða húseiganda þykir rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, getur hann skotið honum til ráðuneytisins.

4. gr.

1. Byggingarnefnd sje skipuð 5 mönnum samkvæmt bæjarstjórnarlögum kaupstaðarins. Bæjarstjóri er formaður nefndarinnar. Tveir nefndarmenn ganga úr nefndinni á hverjum þriggja ára fresti, annar úr flokki bæjarfulltrúa, í fyrsta skifti eftir hlutkesti.

6 1. febr.

2. Nefndin velur sjer ritara og heldur sjerstaka gjörðabók yfir athafnir sínar og ályktanir; undirskrifa allir viðstaddir nefndarmenn hana í hver fundarlok.
3. Nú er ágreiningur meðal nefndarmanna og atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði formanns úrslitum. Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktun meiri hluta, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.
4. Gjörðabókinni skal fylgja glögg skrá eða registur, svo gert, að greiðlega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um hverja einstaka eign, er til hennar tekur.
5. Ennfremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll brjef og brjefabók.
6. Byggingarnefndarfundur er lögmætur, ef minst þrír nefndarmenn sitja hann.
7. Bæjarstjórn skal skipa byggingarfulltrúa og setja honum erindisbrjef með ráði byggingarnefndar. Hann skal vera vanur húsasmiður eða á annan hátt fengin vissa fyrir, að hann sje starfinu vaxinn. Í erindisbrjefinu má ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf, sem hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Þessi gjöld, svo og gjöld fyrir byggingarleyfi, skulu hafa lögtaksrjett, og renna þau í bæjarsjóð, en byggingarfulltrúi skal hafa þóknun fyrir starf sitt úr bæjarsjóði. Byggingarfulltrúinn skal hafa á hendi framkvæmd byggingarmála og eftirlit samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar.
8. Nefndin getur gefið byggingarfulltrúa umboð til að veita upp á sitt eindæmi ýms smávægileg byggingarleyfi, eftir því sem nefndin kveður nánara á um. Skal byggingarfulltrúi rita úrskurð sinn á umsóknarskjalið og leggja málið svo fyrir byggingarnefnd á næsta fundi hennar.
9. Skylt er byggingarfulltrúa að sækja fundi byggingarnefndar, þótt eigi sje hann í nefndinni og hafi því eigi atkvæðisrjett á fundum hennar, en hinsvegar á hann þar tillögurjett.
10. Byggingarnefnd getur heimilað þeim, sem hefir hagsmuna að gæta, að koma á fundi nefndarinnar og skýra ástæður sínar.
11. Byggingarnefnd leitar aðstoðar sjerfræðinga í þeim málum, er hana varða, en brestur sjerþekkingu á.

5. gr.

Samkvæmt lögum nr. 55, 27. júní 1921 ásamt viðaukalögum, nr. 27, 15. júní 1926, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, verður gerður skipulagsuppdráttur af kaupstaðnum, og fer um skipulag hans samkvæmt ákvæðum þeirra laga og uppdráttum, sem gerðir verða samkvæmt þeim.

II. KAFLI.

ÁKVÆÐI UM HÚSAGERÐ.

Húsalínur.

6. gr.

Þar sem húsalína er ákveðin, skal að minsta kosti ein hæð af framhlið hússins fylgja henni.

Framskot og innskot getur byggingarnefnd leyft, ef æskilegt er vegna húsasniðsins.

Lóðagirðingar.

7. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að komið sje upp og haldið við sæmilegri girðingu um lóðir og óbygð lönd, þeim megin er að götu veit, eða vegi innan þess svæðis, sem samþykt þessi nær til.

Nefndin ákveður, hvar og hvernig girðingar skulu vera.

Gaddavírsgirðingar má hvergi nota fram með götu eða vegi, og ber að nema í burtu þær gaddavírsgirðingar, er nú eru, og setja aðrar í staðinn, er byggingarnefnd samþykkir, innan eins árs frá þeim degi, er samþykt þessi gengur í gildi.

Hornsneiðingar.

8. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, ef henni þykir nauðsynlegt vegna umferðar, að hús, sem reist eru á götuhornum og mynda hvassara horn en 135° við götu, veg eða torg, verði sniðin á horni. Sniðið sje eigi minna en 2,00 metrar, og myndi jafnstórt horn við báðar hliðar, er að liggja. Horn má og gera bungumyndað, ef bungan á miðju nær ekki fram úr fyrgreindum sniðfleti en 0,50 metra.

Byggingarnefnd getur einnig veitt leyfi til, að hornsneiðing sje með öðru sniði en fyr er greint, ef það er álitið æskilegt vegna húsasniðsins.

Framskot.

9. gr.

Grunnbrún („Sökkulband") má ekki ná lengra en 0,15 metra út í götu.

Framskot, bæði opin og lokuð, má gera út úr framhlið húss, ef æskilegt er talið vegna sniðsins.

Ef húsalína og götulína fara saman, má ekki leyfa önnur framskot, sem bygð eru frá grundvelli, en súlur og undirstöðupalla, og mega þau eigi án leyfis byggingarnefndar ná lengra en 0,50 metra út

6 frá vegg. Ef hús stendur innan götulínu, má framskotið vera stærra,
1. febr. en þó má það eigi ná lengra fram frá húshlið en nemi helming bilsins milli húshliðar og götulínu. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef sjerstakar ástæður mæla með.

Veggsvalir og framskotsgluggar mega ekki ná lengra út frá húshlið en 0,80 metra, og eigi má skemra vera frá stjett eða stíg upp undir slík framskot en 3,00 metrar. Standi hús innan húsalínu, fellur ákvæði þetta burtu.

Samanlögð breidd framskota má ekki fara fram úr þriðjungi af lengd húshliðar þeirrar, sem þau eru á.

Framskot mega eigi vera úr eldfimara efni en sjálft húsið, sem þau eru á. Þó getur byggingarnefnd leyft, með sjerstökum skilyrðum, ef æskilegt er vegna hússniðsins, framskot, sem ekki fullnægja þessu skilyrði.

Gólf í öllum framskotum skulu vera þjett og vatni veitt frá þeim í rennu sem frá þökum.

Án leyfis byggingarnefndar mega veggbrúnir eða nokkur hluti þeirra hvergi ná lengra en 0,80 metra út frá ytri brún veggjar.

Inngöngurið og birtugrófir.

10. gr.

Inngöngurið mega ná alt að 0,50 metra út í götu. Ef gangstjett er mjó, getur byggingarnefnd leyft eitt þrep, alt að 0,30 metra breitt. Nema skal hornin af neðsta þrepi á inngönguriði, er nær út í götu.

Byggingarnefnd getur heimilað fleiri þrep, ef sjerstakar ástæður mæla með því, t. d. ef ný inngöngurið eru sett við gömul hús.

Inngöngurið í kjallara má ekki setja nema með leyfi byggingarnefndar, og mega þau ekki ná lengra út í götu en fyr er sagt um inngöngurið. Um þau skal svo búið, að umferð stafi ekki hætta af.

Birtugrófir má setja fram með hlið húsa, og mega ekki ná lengra út á gangstjett en 0,60 metra. Yfir þær skal setja málmgrind jafnháa gangstjettinni og nægilega sterka og skal op milli teina eigi stærra en 0,03 metra. Að öðrum kosti skal setja málmhandrið kringum birtugrófina ekki lægra en 0,75 metra, og svo gert, að börn geti ekki dottið í hana.

Handrið, stólpar o. fl.

11. gr.

Handrið, stólpar o. þ. h. má ekki setja í götu eða gangstjett, nema með leyfi byggingarnefndar.

Um hæð húsa.

12. gr.

1. Ef hæð húsa er ekki ákveðin í skipulagsuppdrætti, skal vegghæð húsa hvergi meiri vera en hálf götubreidd milli húsalína. Þó má hæðin aldrei fara fram úr 10,00 metrum á steinhúsum, en 8,00 metrum á timburhúsum, nema leyfi ráðuneytisins komi til.

   Ef götu hallar fram með húsi, skal tekin meðalhæðin. Hæð húsa á gatnamótum má, ef göturnar eru misbreiðar, miða við breiðari götuna, einnig á þeirri hlið, er veit að mjórri götunni, en þó eigi lengra frá horni (skurðpunkti húsalínanna) en framhlið hússins er með breiðari götunni.
2. Vegghæð húsa mælist frá gangstjett eða götu upp í skurðlínu þaks og veggflatar að utan. Ef húsið stendur ekki við götu, skal miða hæðina við beina línu milli jaðra þeirra gatna, sem næst liggja húsinu á báðar hliðar, svo fremi ekki eru miklar mishæðir á jarðvegi. Sjeu mishæðir miklar, skal vegghæð miðuð við jarðveginn umhverfis húsið.

   Standi hús við opið svæði, ákveður byggingarnefnd, við hvaða stað vegghæðin skuli miðuð.

   Ef byggingarnefnd álítur æskilegt vegna útlits, að veggbrún haldi áfram í sömu hæð, getur hún veitt undanþágu frá ákvæði greinar þessarar um vegghæðina fyrir einstakt hús eða hluta af því.
3. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að byggja turna, kvisti, gafla og þesskonar til skrauts. Þó má ekki samanlögð breidd slíkra útbygginga nema meiru en $\frac{2}{5}$ hlutum af lengd þeirrar húshliðar, sem þær eru á.

   Gluggakvistir mega ekki vera nær nágrannamörkum en breidd þeirra nemur eða hæð, þó ekki nær en 1,50 metra. Að öðrum kosti sje eldvarnarveggur á kvistinum á þann veg, er veit að nágrannalóð. Stórir kvistir mega ekki vera nær lóðarmörkum en 3,15 metra, nema eldvarnarveggur sje á þeirri hlið kvistsins, er veit að nágrannahúsi.

Þakhalli.

13. gr.

Rishalli á þökum þeirra húsa, sem bygð eru með þeirri vegghæð, sem frekast er leyfð (sbr. 12. gr.), má ekki meiri vera en nemi 45° horni við lárjettan flöt.

Á húsum þeim, sem eru vegglægri en fyr er nefnt, má þakhalli og lögun vera á hvern hátt sem er, ef útlitið að öðru leyti óprýðir hvorki húsið eða nágrannahúsin. Þó má enginn hluti þaksins ná lengra út frá vegg en 0,80 metra.

6 1. febr. Byggingarnefnd getur þá ákveðið þakhalla eftir því, sem best þykir fara við svip götunnar eða nauðsyn þykir af öðrum ástæðum.

Íbúðarhæðir.

14. gr.

Í húsum úr steini eða steinsteypu má vera íbúð á tveimur hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) og þakhæð, ef ekki mæla aðrar ástæður á móti. Gólf í þakhæð má ekki liggja fyrir ofan skurðlínu þaks og veggflatar og ekki meir en 1,25 metra fyrir neðan hana.

Í timburhúsum má íbúð vera á tveim hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) eða þakhæð. Sömu ákvæði gilda um gólf í þakhæð og í steinhúsum.

Óbygð lóð og aðgangur að bakhúsum.

15. gr.

Ef ekki er sýnt á skipulagsuppdrætti hlutfallið milli lóða og bygginga, er á þeim eru reistar, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Hverju íbúðarhúsi skal fylgja óbygð lóð, eigi minni en sjálft hússtæðið. Jafnframt skal þess gætt, að ákvæði 11. gr. skipulagslaganna um fjarlægð milli húshliða, sje fullnægt.

   Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum:

   a. Þegar lóð skerðist að nokkrum mun við götubreikkun.
   b. Ef um lóð er að ræða, sem áður er bygt á og liggur að tveim götum eða nær ekki lengra inn frá húslínu en 15,00 metra.
   c. Í bæjarhverfum, sem bygð eru að mestu eða öllu, ef brýnar ástæður mæla með því, þó því aðeins, að íbúðarherbergi fái nægilega birtu.
2. Bakhliðar húsa mega ekki hærri vera en tekið er fram í 12. gr. um götuhliðar, þó getur byggingarnefnd leyft, ef hússtæðið hallast, að veggbrún götuhliðar haldi lárjettri stefnu fyrir gafla og bakhlið, ef hæðarmunur götuhliðar og bakhliðar fer ekki fram úr 2,50 metrum.
3. Óþrifalega, óreglulega og þrönga stíga yfir lóðir getur byggingarnefnd bannað.
4. Bæjarstjórn getur ákveðið, að óbygða lóðin skuli vera minni en fyr er sagt, í þeim bæjarhlutum, þar sem eingöngu eru reist verslunarhús, geymsluhús eða verksmiðjur.
5. Ekki má gera þak yfir óbygða lóð nema með leyfi byggingarnefndar.
6. Að bakhúsum og hliðarhúsum skal vera greiður gangur frá götu, eigi mjórri en 2,00 metrar. Sjeu fleiri bakgarðar á sömu lóð, skal að hverjum vera aðgangur sem fyr segir, nema þeir að öðru leyti sjeu í jafngreiðu sambandi hver við annan.

Fjarlægð frá glugga að næsta húsi.

16. gr.

1. Á aðalsólarhlið húsa skal fjarlægð frá glugga í íbúðarherbergjum, skrifstofum, vinnustofum eða eldhúsi að næsta húsi andspænis nema að jafnaði að minsta kosti tvöfaldri vegghæð þess húss fyrir ofan gólfhæð herbergisins, er um ræðir (sbr. 11. gr. c. skipulagslaganna). Ef næsta hús andspænis sólarhlið snýr gafli að, skal vegghæð þess talin upp í mitt ris.

   Ekki má setja glugga nær lóðarmörkum nágranna en 3,15 metra.
2. Gæta ber þess, ef gömul hús eru hækkuð, að fullnægt verði ákvæðinu í 1. lið.

Sameiginleg óbygð lóð.

17. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að mjög óregluleg lóðamörk milli nágrannahúsa sjeu jöfnuð, svo að hverju húsi fylgi sæmilega heilleg lóð.

Lóðareigendum ber að jafna á milli sín verðbreytingu þeirri, er þessi nýja lóðaskifting kann að hafa í för með sjer. Ef samkomulag næst ekki, skera dómkvaddir menn úr deilumálum.

Skólpveita.

18. gr.

Ef skólpveita er í götu (sjá vatnalög nr. 15, 20. júní 1923), er öllum þeim, er við götuna búa, skylt að leggja fullnægjandi skólpveitu — frá húsi sínu í götuveituna — á sinn kostnað.

Undanþágu frá ákvæði þessu getur bæjarstjórn veitt, ef byggingarnefnd álítur kostnaðinn við veituna óhæfilega háan.

Ekki má veita skólpi inn á annars manns lóð án hans samþykkis. Þó má leggja skólpveitu í lokræsi gegnum annars manns lóð, ef byggingarnefnd telur það nauðsynlegt. Allan skaða, sem stafa kann af lagningu veitunnar, er húseigandi skyldur að bæta.

Skólpveita skal vera algerlega þjett og þannig gerð, að ekki stafi óheilnæmi frá henni. Á hana skulu settir vatnslásar og annað, sem með þarf, svo ekki komi óloft frá holræsinu.

Sambygging.

19. gr.

Í sambygðum húsaröðum skulu öll hús bygð að lóðamörkum, nema skipulagsuppdráttur sýni annað.

6 1. febr. Byggingarnefnd getur bannað, að hús sjeu sambygð með lágum millibyggingum.

Undirstöður.

20. gr.

Grafa skal undirstöður útveggja og burðarveggja innanhúss niður á fastan jarðveg og ekki grynnra en 1,00—1,50 metra í jörð niður, eftir ákvörðun byggingarnefndar, þar sem föst klöpp er ekki ofar.

Ef hús er reist fast að nágrannalóð, skal grafa undirstöður eldvarnarvegg og 1 metra af hliðarveggjum er frá honum liggja, niður fyrir væntanlega kjallaradýpt nágrannahúss.

Aðrar undirstöður grafist niður eftir þörfum. Undirstöður íbúðarhúsa og allra húsa, sem tvílyft eru, skal hlaða úr grjóti og leggja í steinlím eða gera þær úr steinsteypu. Undirstöður steinhúsa skal gera þannig frá föstum jarðvegi, en undirstöður timburhúsa má gera úr lausagrjóti, þó ekki hærra upp en svo, að ekki sje grynnra á lausagrjótið en 0,70 metra.

Undirstöður úr lausagrjóti einu getur byggingarnefnd leyft undir litlum og lágum timburhúsum, eða þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi og næg trygging fyrir, að óhult sje.

Varnarlög.

21. gr.

Rakavarnarlag skal leggja í undirstöður allra húsa, nema lítilla geymsluhúsa. Þar sem kjallari er gerður, skulu lögin vera tvö; skal hið neðra lagt í alla kjallaraveggi 5 sentimetrum fyrir neðan yfirborð kjallaragólfs, en hið efra í alla útveggi 10—20 sentimetra fyrir ofan jarðflöt eða fyrirhugaða hæð hans. Skulu útveggir jarðbikaðir utan á milli laganna eða á annan hátt varðir jarðraka.

Þar sem ekki er kjallari, nægir eitt rakavarnarlag, og má það koma ofan á undirstöður, en ávalt neðar en allir gólfviðir. Ef gólf er úr timbri og ekki nægilega varið jarðraka, skal vera minst 0,40 metra autt bil frá jarðlagi upp að gólfi, og á múrnum vera loftop, minst eitt á tveimur andstæðum veggjum.

Rakavarnarlög skulu gerð úr sementi og sandi til helminga og sje að þykt 1—2 sentimetrar eftir staðháttum, og jarðbikað að ofan, þegar steypan er orðin þur. Í stað jarðbiks má nota þakhellur lagðar í sement eða annað vatnshelt efni, sem byggingarnefnd samþykkir.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef um „skúta“ eða lítil útihús er að ræða.

Eldvarnarveggir.

22. gr.

1. Eldvarnarvegg má ekki gera að jafnaði nema þar sem ákveðið er að reisa sambygð hús, þannig að bygt verði að honum síðar.
2. Alla útveggi, sem eru nær nágrannalóð en 3,15 metra, skal gera sem eldvarnarveggi.
3. Við hús, sem nú stendur nær nágrannalóð en 3,15 metra, skal gera eldvarnarvegg, þegar höfuðaðgerð fer fram á því.
4. Eldvarnarveggi skal gera úr steinsteypu eða grjóti lögðu í sementsblöndu. Þeir skulu ná 0,16 metra upp fyrir þak, eða fast upp að ysta lagi á þaki (bárujárn, hellum, o. þ. h. sjá 11. lið þessarar gr.), og mega hvergi þynnri vera en 0,20 metra, en að öðru leyti ákveður byggingarnefnd þykt þeirra í hvert skifti. Á þeim mega hvorki vera gluggar nje önnur op.
5. Eldvarnarveggur getur verið sameiginlegur fyrir tvö hús, ef hann er áfastur við bæði húsin og tekur 0,16 metra upp fyrir þak hærra hússins.
6. Þak má ekki hallast að eldvarnarvegg nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar, enda segi hún fyrir um umbúnaðinn.
7. Timburveggur eða innri brún reykháfs má ekki koma nær úthlið eldvarnarveggs en að 0,23 metra sjeu fyrir utan. Langbönd til að festa þakið með má þó steypa í vegginn.
8. Sementsdraga ber eldvarnarveggi, er ekki verður bygt upp að um langan tíma að dómi byggingarnefndar, og ef útlit er fyrir, að eldvarnarveggur standi þannig um ófyrirsjáanlega langan tíma, ber að ganga svo frá honum, að útlit hans verði ekki lakara en útveggja úr steini.
9. Ef tvö hús eru saman um einn eldvarnarvegg, skal þinglesin skuldbinding um, að hvorugur eigandi geti rifið vegginn meðan annaðhvort húsið stendur.
10. Eldvarnarveggir skulu, ef um timburhús er að ræða, bundnir við grind og þakviði, á þann hátt er byggingarnefnd tekur gilt.
11. Í sambygðum húsaröðum, skal eldvarnarveggur vera í báða enda á hverju húsi, og skulu þeir alstaðar ná fast upp að ystu húð þaksins (bárujárni, hellum o. þ. h.) en ekki þurfa þeir að ná upp fyrir þak þjettara en á 20,00 metra millibili.
12. Eldvarnarveggi má ekki gera úr holsteini, nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar, og má samanlögð þykt steypunnar aldrei minni vera en 0,18 metra.

Þök.

23. gr.

1. Sperrur og skammbitar mega ekki grennri vera en 10 × 10 senti-

6 1. febr.

metrar (4″×4″), þegar hafið er alt að 3,15 metrum. Hafið skal mælt á loftbita beint niður undan sperrum og skammbitum. Við hverja 0,32 metra sem hafið vex, skulu þessir viðir vera 1,3 sentimetrum gildari á hvern veg. Nota má viði af öðrum gildleik en hjer er tiltekið, ef samur er styrkleikinn.

Bilið á milli sperra, talið af miðju og á miðju, má vera alt að 1,25 metra, undir málm- og pappaþök á timbursúð, en alt að 0,95 metra undir torf, hellu og steinþök.

2. Á sperrur skal leggja súð úr borðum, er ekki sjeu þynnri en 2½ sentimetrar (1″) og þar yfir bárujárn ekki þynnra en 24 B. W. G., eða annað óeldfimt efni, sem byggingarnefnd tekur gilt. Sje súðin óplægð eða íbúð á þakhæð, skal setja þakpappa utan á hana undir járnið.
3. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir járnakkerum í þakvið og studdir af þeim.
4. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar eða ívilnanir, þegar um útihús er að ræða.

Trjebitar, trjególf og milligólf.

24. gr.

1. Trjebitar í gólfum og loftum íbúðarherbergja skulu ekki strjálli en svo, að bilið á milli þeirra, mælt af miðju á miðju, sje að meðaltali ekki yfir 0,95 metra og hvergi meira en 1,05 metri.

Þar sem milligólf er, skulu trjebitar ekki grennri vera en 0,16 metra (6″) á hæð og 0,13 metra (5″) á breidd, þegar bitahafið er alt að 3,15 metrar, og skal hæð þeirra vaxa um ekki minna en 2,5 sentimetra, og breidd um 1,3 sentimetra, fyrir hverja 0,63 metra, sem hafið fer fram úr 3,15 metrum.

Þar sem ekki er milligólf, mega bitar vera 1,3 sentimetrum grennri en hjer er ákveðið.

Nota má bita með öðrum gildleik en hjer er ákveðið, ef styrkleikinn er samur eða meiri, þó má hlið bita ekki vera meira en tvöföld breidd þeirra, nema því aðeins að bitarnir sje skorðaðir hver gegn öðrum með krossböndum milli efri og neðri brúnar á víxl. Bilið milli skorðanna ákveður byggingarnefnd í hvert sinn.

2. Sjeu húsveggir gerðir úr steini eða steypu, skal að minsta kosti þriðji hver biti festur við veggina í báða enda með sterkum járnakkerum. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir með járnakkerum á 3 metra bili inn í bitalög.
3. Timburgólf skal vera úr plægðum borðum, ekki þynnri en 3.2 sentimetra (1¼″).

Í loftum má ekki nota striga eða pappa neðan á bita í staðinn fyrir þiljur.

Í gólfi og lofti íbúðarherbergja skal vera milligólf úr borðum, ekki þynnri en 2 sentimetra (¾″), er fest sje annaðhvort á sterka lista, sem negldir eru á bitana, eða í mót í hlið þeirra, enda sjeu þeir þá að dómi byggingarnefndar þeim mun sterkari en að framan er ákveðið, sem til þess þarf. Ofan á borðin komi 5 sentimetra þykt lag af deigulmó, móhellu, þurrum mó, steinsteypu eða öðru efni, sem ekki er lakara nje veldur óheilnæmi eða fúa, og sje það þurt áður en gólfborð eru lögð yfir. Sje gólftróðið úr efni, sem hætt er við að valdi ryki, skal leggja pappa undir tróðið. Í loftum milli íbúðarherbergja má í sömu íbúð, með samþykki byggingarnefndar, sleppa milligólfi. Að öðru leyti getur byggingarnefnd veitt ívilnanir um milligólf, þegar gild ástæða þykir til. Þar sem milligólf er undanfelt, skal gólfið vera tvöfalt, annaðhvort þiljað neðan á bita eða á milli þeirra, eða í þess stað sett annað jafngott lag, sem byggingarnefnd tekur gilt.

4. Þar sem bitar ganga út í steypu- eða steinveggi, skal bera á þá rakaverjandi efni.

Stigar.

25. gr.

Í öllum þeim húsum, sem reist eru úr eldfimu efni og eru yfir eina hæð, skal vera óhindraður aðgangur að tveimur stigum (aðalstiga og bakstiga), ef fjarlægð frá neðri brún á glugga að jörðu er yfir 5,00 metra.

Í húsum úr eldtraustu efni má hafa einn stiga, ef íbúðirnar, sem að honum liggja, eru ekki fleiri en 6, þar með taldar íbúðir í þakhæð.

Í húsum úr eldtraustu efni, sem að dómi byggingarnefndar eru aðallega notuð til verslunarbúða, má hafa einn stiga, þó hærri sjeu en 2 hæðir. Ekki má hafa íbúð á lofthæð í slíkum húsum nema milliveggir og þak sje gert eldtraust.

Frá herbergjum, sem notuð eru til íbúðar og hafa aðgang að einum stiga, má fjarlægð frá stiga að herbergi ekki vera yfir 25 metrar.

Greiður gangur skal vera úr hverri íbúð og öllum herbergjum hennar að stiga, eða báðum, ef tveir eru, án þess að þurfa að fara um nokkurt herbergi eða hluta annarar íbúðar. Frá lögskipuðum stiga sje greiður útgangur ekki þrengri en stiginn.

Undanfarandi ákvæði um stiga taka ekki til herbergja, sem um getur í 34. gr., ef byggingarnefnd viðurkennir annan aðgang fullnægjandi.

1. Stigar skulu vera í sjerstökum lokuðum stigahúsum, sem hafa nægilega birtu og loft. Gluggar mega eingöngu vera á útveggjum eða yfir forstofu eða yfir ganghurð eða í hurðinni. Byggingarnefnd

6 1. febr.

getur leyft glugga á veggjum aðliggjandi herbergja, ef þeir eru úr eldtraustu gleri.

Ef stigahúsið er úr steini eða steypu, skal setja glerið í múrgreypta járnumgerð.

Stigi, sem tengir saman tvö herbergi í sömu íbúð, þarf ekki að vera í sjerstöku stigahúsi.

Þak og gólf í eldtraustu stigahúsi skulu vera eldtraust, eða varin með eldtraustu efni. Í slíku stigahúsi má ekki gera skápa úr trje eða þiljur á veggjum, nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar.

2. Allir trjestigar skulu hafa steinlímshúð aftan á baki og neðan á pöllum, eða eldvarðir á annan tryggilegan hátt.
3. Ef stigar eru hafðir hvor við hliðina á öðrum, skal vera heill veggur á milli þeirra, ekki þynnri en 0,32 metra, og ekki minna en ein hurð skrálæst á leiðinni frá öðrum stiganum til hins í hverri íbúð. Veggir, sem stigar úr steini eða steypu eru hlaðnir eða steyptir í, þannig að veggurinn ber stigann, skulu svo þykkir sem sagt er í 35. gr., 3, c.
4. Aðalstigi má ekki mjórri vera en 0,80 metra og bakstigi ekki mjórri en 0,66 metra; þó getur byggingarnefnd leyft að í minni húsum sje aðalstigi 0,75 metra á breidd, ef íbúðarherbergi eru aðeins á tveim hæðum (ekki þakhæð).
5. Á öllum stigum skulu vera handrið, um 0,70—0,80 metra há, með svo þjettum spölum, að ekki sje hætta á, að barn falli niður milli þeirra.
6. Breidd stiga, sem um ræðir í samþykt þessari, er gangbreidd milli veggjar og handriðs eða á milli handriða, ef tvö eru.

Ef veggir eru beggja megin að stiga, má ekki mjórra vera á milli þeirra en 0,80 metra í smáum húsum og 1,00 metri í stærri húsum.

Ganghæð stiga má að jafnaði hvergi minni vera en 2,00 metrar, og skal hafa vídd stigagata eftir því. Þó getur byggingarnefnd leyft minni ganghæð í litlum húsum, ef nauðsyn þykir.

7. Stigar skulu vera svo gerðir, að hvert skref í þeim sje 0,60—0,65 metra. Skref í stiga skal talið eitt framstig og tvö uppstig samanlögð. Framstig er þrepsbreidd lárjett milli brúna, mælt á ganglínu, er liggur í miðjum stiga og fylgir frammeið í jafnri fjarlægð, en þó ekki fjær ytri brún hans en 0,50 metra, þótt stiginn sje breiðari en 1,00 metri. Uppstig er hæðin af þrepi á þrep. Framstig í aðalstiga má eigi mjórra vera en 0,21 metra nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar, og bakstigum ekki mjórri en 0,17 metra.
8. Ef sjerstakir örðugleikar eru á því að fullnægja ákvæðum þessar-

ar greinar, getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum, ef íbúunum stafar engin hætta af. 6 1. febr.

9. Ákvæði þessarar greinar ná ekki til herbergja þeirra, sem eigi eru notuð til íbúðar og ekki mikill umgangur um, t. d. vörugeymsluhús og skemmur, og ákveður þá byggingarnefnd í hvert sinn, hvernig stigum skuli hagað.

Eldtraustur umbúnaður.

26. gr.

Eldtraustur umbúnaður er það:

a. Að allir veggir, loft og gólf sjeu úr eldtraustu efni, eða klædd efni, er ráðuneytið telur eldtraust.

Hurðir, veggþiljur, listar og gluggaumgerðir mega vera úr trje.

b. Að allir stigar og stigagöng, og göng sem tengja íbúðir við stiga, götu, bakgarða eða akdyr, sjeu úr steini, steinsteypu eða öðru eldtraustu efni. Handrið og fóður á framstiga má vera úr trje.

c. Að stigagöng og göng að þeim sjeu ekki í beinu sambandi við búð, vörugeymslu eða verkstæði.

Gluggaop, hurðaop og önnur op í útveggjum.

27. gr.

Öll op í útveggjum skulu vera lokuð með hlera, grind, hurð eða glugga, nema byggingarnefnd veiti undanþágu frá því.

Hurðir eða gluggar, sem opnast út á opið svæði eða götu, mega eigi ná lengra fram en 0,30 metra út fyrir götulínu þegar opnað er. Þó nær þetta ekki til glugga, sem eru hærra frá götu en 2,10 metra.

Á samkomuhúsum skulu vera nægilega margar og góðar útidyr. Allar hurðir í umferðadyrum skulu falla út og svo umbúnar, að umferð stafi enginn háski eða hindrun af.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

Þakgluggar.

28. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að á stórum húsum, tveggja hæða eða hærri, sje að minsta kosti einn þakgluggi, sem má opna, að stærð ekki minni en $0{,}50 \times 0{,}50$ metrar; bæði glugginn og karmurinn sje úr járni eða klætt eldtraustu efni.

6 1. febr.

Þakrennur.

29. gr.

Á öllum húsum, sem framvegis eru reist innan þess svæðis, sem samþykt þessi nær til, skal setja þakrennur með veggrennum svo löngum, að op þeirra sje í mesta lagi 0,16 metra fyrir ofan gangstjett eða götu. Sje holræsi frá húsinu, skal þakvatni veitt í það neðanjarðar, nema byggingarnefnd geri aðra skipun.

Ef nauðsynlegt er vegna umferðar eða viðhalds á götu, getur byggingarnefnd krafist þess, að settar sjeu þak- og veggrennur á hús, sem reist eru áður en samþykt þessi gengur í gildi.

Reykháfar og sóphurðir.

30. gr.

1. Allir reykháfar frá eldstæðum skulu vera úr eldtraustu efni og standa á eldtraustri undirstöðu á föstum jarðvegi, eða að öðrum kosti hvíla á eldtraustri múrhvelfingu eða palli milli tveggja steinveggja, en aldrei mega þeir standa á trjebitum.
2. Loftrás má aldrei setja í reykháf, nema sjerstakar ástæður komi til greina og leyfi byggingarnefndar sje fengið í hvert sinn.
3. Hliðar reykháfsins skulu að minsta kosti vera 0,12 metra á þykt, og vídd hans að innanmáli eigi minni en 0,23 metra á hvern veg eða að þvermáli. Þó má leyfa 0,18 metra vídd, ef eldstæði eru ekki fleiri en 3.
4. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring, og eins þar sem hann gengur í gegnum þak, og skal vera að minsta kosti 0,17 metra bil milli þeirra hliða hans, sem inn snúa, og viðanna.

   Þó má sleppa járnklæðning, ef bil er gert milli reykháfs og viða, ekki minna en 0,23 metra, og skal þá múrað eða steypt milli reykháfs og viða. Ekki má þilja reykháf utan nje klæða hann borðum eða láta um hann veggfóður, sem límt er á lista. Byggingarnefnd getur aðeins leyft að láta einfalda fótlista og loftlista liggja utan um reykháfinn.
5. Reykháfur má hvergi hallast meira en 45° frá lóðrjettri línu; skal hann þá hvíla á múr eða trjeskorðu, og vera múrað milli skorðu og reykháfs, svo innanmál hans sje ekki nær skorðunni en 0,23 metra. Reykháfur má ekki hallast fram yfir stiga. Hornin, sem myndast við beygjuna, skulu kringd.
6. Reykháfur skal ná að minsta kosti 0,65 metra upp fyrir húsmæni, en komi hann upp úr þakhlið, ákveður byggingarnefnd í hvert sinn hæðina, en sje þó ekki minni en 1,00 metri upp frá þaki.
7. Inn í 0,23 metra víðan reykháf má ekki setja reykpípur frá fleiri

eldfærum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfum utan um hverja pípu, þannig gerðan, að pípan geti ekki ýtst inn í reykháfinn. Reykháfur sje þeim mun víðari, sem honum er ætlað að leiða reyk frá fleiri eldstæðum en hjer er talið. 6 1. febr.

8. Innanhúss má sjerstæður reykháfur standa óstuddur á alt að 8 sinnum meiri hæð en breidd hans nemur minst að utanmáli.
9. Ef svo mikill reykur á að fara um reyháf, að byggingarnefnd telji líklegt að óþægindi stafi af honum fyrir þá, er nærri búa, skal gera reykháfinn svo háan, sem byggingarnefnd ákveður. Ef byggingarnefnd álítur að hæð sú, er ákveðin hefir verið, nægi eigi framvegis, getur hún krafist þess, að reykháfurinn sje svo gerður, að unt sje að hækka hann síðar.

Ef reykháfur veldur óþægindum þeim, er nærri búa, er eigandi skyldur að hækka reykháfinn, eftir skipun byggingarnefndar. án tillits til þess, hvenær reykháfurinn var gerður.

10. Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópop, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnumgerð. Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar getur byggingarnefnd leyft, ef sjerstakar ástæður koma til greina og engin eldhætta stafar af.

Eldstæði, miðstöðvarupphitun og reykpípur.

31. gr.

1. Eldstæði má því aðeins setja í herbergi, að veggir sjeu þjettir (t. d. ekki rimlaveggir). Ef herbergi er lægra en 2,00 metrar, skal loft, gólf og veggir vera úr eldtraustu efni.
2. Ofna og eldavjelar má ekki setja nær timburvegg en svo, að 0,21 metra sjeu á milli.
3. Pípur frá ofnum og eldavjelum mega ekki koma nær trje en svo, að 0,21 metra sjeu á milli. Þær skulu liggja í reykháf, og mega ekki liggja um herbergi, sem eldfim efni eru geymd í.
4. Ef eldstæði eru nær trjevegg en 0,21 metra, skal setja minst 0,12 metra þykkan vegg úr steini eða steypu í staðinn fyrir trjevegginn, á ekki minna svæði en svo, að hvergi sje skemra en 0,21 metra frá eldstæði að timbri.
5. Eldavjelar má setja á trjególf, ef að minsta kosti 0,11 metra eru frá gólfi upp að botni á eldavjel og á milli sjeu tvö lög af tígulsteini, hlöðnum í binding og steinlím eða steypugólf, jafnþykt, eða að gólfið sje þakið járnþynnum eða öðru eldtraustu efni.
6. Ofnar skulu standa á múruðum eða steyptum fæti, eða á járnfæti, sem annaðhvort er opinn eða fyltur múr eða steypu. Sje rist í botni ofnsins skal öskuskúffa vera í fætinum, og skal þá undir skúffunni vera járnþynna, er fyllir út í holið minst 5 millimetra frá gólfi.

6 1. febr.

7. Þar sem ofnar eða eldavjelar standa á trjególfi, skal gólfið fram undan eldstæðum þakið eldtraustu efni, járnþynnu eða öðru ekki lakara. Skal járnþynnan eða það, sem notað er í hennar stað, ná að minsta kosti 0,32 metra fram á gólfið fram fyrir ofninn eða eldavjelina, til hliðar og aftur fyrir, nema veggir sjeu nær.
8. Í herbergjum, sem ætluð eru fyrir katla til miðstöðvarhitunar, skulu gólf, loft og veggir gerðir úr steini eða steypu. Þó má leyfa trjeloft með steinlímshúð að neðan. Ketillinn skal standa á grunnmúr eða járnbentu steingólfi, sem hvílir á traustum steinveggjum. Ef um mjög litla miðstöðvarkatla er að ræða, getur byggingarnefnd leyft, að þeir sjeu í herbergi með gólfi, veggjum og lofti úr trje, en ætíð skal svo um búið, að byggingarnefnd telji örugt fyrir eldshættu frá miðstöðvarkatlinum.
9. Reykpípur mega aldrei liggja út úr útvegg, en skulu ætíð ganga í reykháfinn. Eigi má reykpípan, á leið út í reykháf, liggja í gegnum annað herbergi á lengra svæði en 4.00 metrum, og er þá bilið talið frá ofni að reykháfi. Skal pípan þá ætíð vera úr steypujárni. Reykpípa má eigi vera nær trje en 0,21 metra. Ef hún liggur gegnum trjevegg eða þak, skal múrað kringum hana, svo að ytri hlið hennar verði eigi nær trje en 0,21 metra.

Ef hnje er á reykpípu, skal það vera með spjaldi, sem hægt er að taka af til að hreinsa pípuna.

Íbúðarherbergi.

32. gr.

Íbúðarherbergi og herbergi, sem dvalið er í mikinn hluta dagsins, skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Útveggir á herbergjum skulu svo gerðir, að þeir veiti nægilega vernd gegn kulda og raka.
2. Lofthæð skal vera minst 2,50 metra; þó getur byggingarnefnd leyft, ef sjerstakar ástæður koma til greina, alt að 0,20 metra minni lofthæð. Ef loftbitar eru sýnilegir skal lofthæð mæld upp að neðri brún þeirra.

   Í gömlum húsum má leyfa minni hæð, sömuleiðis í þakherbergjum; þó má hæðin aldrei minni vera en 2,15 metrar.
3. Ef herbergi er undir súð, verður að minsta kosti helmingur af gólffleti þess, og aldrei minna en 6 fermetrar, að hafa lofthæð 2,50 metra; byggingarnefnd getur þó veitt sömu undanþágu, sem um getur í 2. lið.
4. Ekkert herbergi má mjórra vera en 1,70 metra, og gólfflöturinn minst 6 fermetrar.
5. Á hverju herbergi skal vera gluggi, er veit út að götu eða opnum

garði. Ljósmál glugga má minst vera $^1/_{12}$ af gólffletinum, og skal vera hægt að opna hann. 6 1. febr.

6. Byggingarnefnd getur leyft að hafa eingöngu ofanljós, ef ekki er hægt að koma glugga fyrir á herbergi á annan hátt, og skal glugginn þá vera svo gerður, að hæglega megi opna hann.

Kjallaraíbúð.

33. gr.

1. Kjallara má ekki nota til íbúðar nema byggingarnefnd leyfi og gluggar viti út að götu eða opnum garði. Ekki má nota herbergi til íbúðar, sem aðeins hefir glugga á móti norðri, nema það sje hluti af íbúð, sem hefir glugga móti öðrum áttum og nýtur nokkurrar sólar.
2. Lofthæð herbergja skal eigi minni vera en 2,30 metrar, og í minsta lagi helmingur af rúmmáli hvers herbergis skal vera ofanjarðar. Þó má byggingarnefnd leyfa, að einstök íbúðarherbergi í kjallara hafi aðeins 2,20 metra lofthæð, ef þau fylgja íbúð á öðrum hæðum í húsinu, ná ekki lengra en 1,00 metra niður í jörð og eru ekki minna en 9 fermetrar að flatarmáli.
3. Glerflötur glugga ofanjarðar sje eigi minni en nemi $^1/_{12}$ af gólffleti herbergis.
4. Gólfið skal gert úr steinsteypu eða öðru álíka vatnsheldu efni, og sje trjególf þar ofan á, eða annað gólf ekki lakara.
5. Gólfið sje að minsta kosti 0,30 metra fyrir ofan hæsta stórstraumsflóð, og skal þurka jarðveginn undir því með fráræsi, eftir fyrirmælum byggingarnefndar, svo að jarðvatn nái aldrei upp að gólfi.
6. Veggi skal verja raka á þann hátt, er byggingarnefnd mælir fyrir um. Hvert íbúðarherbergi skal vera hægt að hita.

Herbergi, sem notuð eru um stundarsakir.

34. gr.

Þvottahús, forstofur, búr, baðherbergi og snyrtiklefar skulu hafa nægilegt ljós og birtu og vera varin gegn raka. Ekki má leyfa þvottahús með glugga að götu, nema byggingarnefnd telji, að ekki stafi mikil óþægindi af vatnsgufu frá því fyrir þá, sem um götuna fara. Í þvottahúsum skal vera þjett steypugólf; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá því, ef nauðsyn þykir.

Hæfilega mörg salerni skulu fylgja hverju húsi, og skal gólfflötur þeirra eigi vera minni en 0,80 × 0,70 metra.

6
1. febr.

Veggir steinhúsa.

35. gr.

1. Veggir steinhúsa sjeu hlaðnir úr settu og höggnu grjóti, lögðu í steinlím, eða gerðir úr steinsteypu. Steinsteypuveggir í íbúðarhúsum ofan kjallara og einnig í kjöllurum, sem ætlaðir eru til íbúðar, skulu gerðir úr vandaðri steypu og ekki veikari að blöndu en 1:4:7 (þ. e. 1 hluti sements móti 4 hlutum sands og 7 hlutum grjótmulnings eða malar eða hvorutveggja). Aðra veggi og undirstöður má gera úr steypu 1:4:8.

   Ef notuð er önnur gerð steypu en fyr er sagt, t. d. holsteinar, skal byggingarnefnd leita sjer upplýsinga hjá húsameistara ríkisins um gerð þeirra og notagildi áður en hún samþykkir, að hús sjeu bygð úr þeim.

   Drýgja má steypu í undirstöðum, kjöllurum og húsum, sem ekki eru hærri en 1 hæð auk kjallara, með hreinu, sterku grjóti, hrjúfu eða brotnu (hraungrjót má því aðeins nota, að það sje sæmilega sterkt). Þó má enginn steinn vera stærri en svo, að nemi alt að helmingi veggþyktar. Ekki skulu steinar þjettari en svo, að auðvelt sje að þjappa steypunni á milli þeirra svo holulaus verði. Alstaðar skal vera smágerð steypa á milli steinanna, og að öðru leyti svo sterk, sem fyr segir.

   Öll steypuefni sjeu sterk, hrein, ófúin og að öllu óskemd, laus við mold og lífræn efni. Grjótmulningur og steypumöl sje ekki stórgerðari en svo, að stærstu molarnir fari greiðlega gegnum 6 sentimetra víðan hring.

2. Þykt útveggja, sem gerðir eru úr ekki veikari steypublöndu en 1:4:7, skal vera sem hjer segir:

   a. Þykt hliðarveggja þeirra eða útveggja, sem eru burðarveggir í vanalegum íbúðarhúsum með lofti og gólfi úr járnbentri steinsteypu, skulu í einlyftum húsum eða á efstu hæð vera 0,22 metra á þykt, á næstu hæð fyrir neðan 0,25 metra og næstu hæð þar fyrir neðan (í kjallara) 0,32 metra á þykt. Ef gólf eru úr timbri, skulu veggþyktir vera 0,24, 0,30 og 0,34 metra.

      Ef húsið er portbygt, skal portið hafa sömu þykt og veggurinn á næsta hæð fyrir neðan, ef hæð þess fer ekki fram úr 0,70 metra. Sje portið hærra, skal það gert með veggþykt sem full hæð væri.

      Ef byggingarnefnd telur, að svo langt sje milli burðarveggja eða þverveggja úr sama efni, að ekki fáist nægilegur bindingur í húsið, getur hún krafist þess, að burðarveggir sjeu gerðir svo traustir, sem hún álítur með þurfa.

Ef um hús er að ræða með mjög stórum herbergjum eða sölum, t. d. samkomuhús, verslunarhús o. þ. h., eða ef vegghæð fer fram úr 3,00 metrum af gólfi á gólf, getur byggingarnefnd krafist, að styrkleiki allra burðarveggja sje ákveðinn af sjerfróðum manni. 6 1. febr.

b. Gaflveggir, sem járnbent steypugólf hvíla á og á eru gluggaeða dyraop, skulu hafa sömu þykt og burðarveggir, og reiknast þá allur veggurinn fyrir ofan efsta gólf (hjer með talið risið) með sömu þykt og efsta hæð. Gaflveggir, sem aðeins bera sinn eigin þunga (ef loft eru úr trje), mega vera 0,21 metra þykkir á öllum hæðum, nema í kjallara. Þar skulu þeir ekki þynnri vera en 0,32 metra.

c. Byggingarnefnd getur leyft aðra þykt útveggja en hjer segir, t. d. ef járn er í steypunni eða veggir tvöfaldir. Einnig getur byggingarnefnd krafist, að veggþyktin sje önnur en fyr er sagt, ef um holsteina er að ræða.

Byggingarnefnd getur leyft þynnri útveggi en fyr er sagt, ef um mjög stutt haf er að ræða, t. d. í stigaskútum, og veggirnir bera aðeins sinn eigin þunga.

Í smáskútum (skúrum) og geymsluhúsum má nota þynnri veggi en fyr er sagt; þó verður byggingarnefnd að ganga úr skugga um, að engin hætta geti stafað af.

Undir gluggum en ofan gólfs mega veggir vera 0,19 metra þykkir, þó þeir sjeu þykkri milli glugga. Í kjallara skal þrep undir gluggum aldrei þynnra vera en 0,26 metra.

3. a. Burðarveggir innanhúss sjeu á þykt í efstu hæð 0,16 metra, og þar fyrir neðan aukist þykt veggjarins við hverja hæð um 3 sentimetra. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa þynnri burðarveggi, ef um mjög lítil hús er að ræða, eða ef tveir burðarveggir eru samhliða og bilið á milli þeirra er mjög stutt, t. d. göng. Þó má enginn burðarveggur þynnri vera en 0,14 metra.

Ef burðarveggir hafa, að dómi byggingarnefndar, ónógan stuðning af þverveggjum, eða á þeim eru stórar dyr með mjóum millibilum, getur byggingarnefnd krafist, að veggþyktin sje aukin eða styrkleiki veggjarins aukinn á annan hátt, sem henni þykir nauðsyn til.

b. Innri veggir úr steini eða steypu, sem hvorki eru burðarveggir nje stigar hvíla á, skulu vera ekki minna en 0,12 metra þykkir. Sje hafið stutt, má þyktin þó vera alt að 0,08 metra.

c. Veggir þeir, sem stein- eða steypustigar eru festir í, þannig að veggirnir bera stigann, skulu í efstu stigahæð eigi þynnri vera en 0,18 metra, og við hverja hæð þar fyrir neðan aukist þykt

6 1. febr.

veggjarins um 3 sentimetra. Stigahúsveggir, sem liggja að trjestiga, skulu eigi þynnri vera en sagt er í þessum lið.

d. Ekki má skerða þykt veggja, sem um getur í a.-, b.- og c.-lið, á þann hátt að leggja í þá áframhaldandi vegglægjur; þó er leyfilegt að setja þaklægjur („múrlektur") undir þverbita í þaki.

e. Samanlögð breidd glugga og dyratófta má ekki vera meiri en helmingur af allri lengd veggjarins. Byggingarnefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef veggir eru járnbentir. Enginn veggstöpull má mjórri vera en ⅓ af samanlagðri breidd beggja tóftanna báðumegin við hann, nje á neinn veg þynnri en samsvari ⅛ af hæð hans, nema í honum sje járnbendingur, eða á annan hátt gerður með þeim styrkleika, sem byggingarnefnd er kunnugt um, að sje nauðsynlegur.

4. Byggingarnefnd getur fyrirskipað meiri veggþykt en fyr er ákveðið, þar sem gerðar eru stórar veggbrúnir, eða annað það, sem eykur áreynslu á veggina eða rýrir styrkleik þeirra. Ef þykt veggjar er aukin á einhverri hæð, skal hún einnig aukin þar fyrir neðan, eftir því sem byggingarnefnd telur þurfa. Byggingarnefnd getur ákveðið, að veggir úr járnbentri steinsteypu eða steypu, sem er sterkari og þjettari en hjer hefir verið miðað við, megi vera þynnri en ákveðið er í þessari grein, ef járngrindin og gerð veggjarins að öðru leyti er eftir fyrirsögn sjerfróðs manns og byggingarnefnd telur vegginn fullnægjandi.

5. Veggir hlaðnir úr höggnum grásteini, tígulsteini eða öðrum steini, skulu gerðir með sama styrkleik og hjer er sagt um steypuveggi. Byggingarnefnd dæmir um, hvort þeirri kröfu sje fullnægt.

6. Útveggi úr steini eða steypu skal sljetta utan með sementshúð ofan jarðar. Þó nægir að bursta veggi utan með sementsblöndu, ef byggingarnefnd samþykkir.

7. Innan við alla einfalda útveggi íbúðarherbergja, sem steyptir eru eða hlaðnir úr grásteini, steyptum steini eða holsteini, skal setja innri skjólvegg úr steini eða steypu með tróði á milli, eða úr timbri, korki eða öðru ekki lakara efni, sem byggingarnefnd tekur gilt.

8. Ekki má múra eða steypa húsveggi, undirstöður eða gólf, ef frost er 2° C. eða meira.

Steypuloft og steypustigar.

36. gr.

Byggingarnefnd getur því aðeins leyft að gera loft og stiga úr steypu, að sjerfróður maður hafi gert áætlun um styrkleika þeirra; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef um mjög lítið gólf

er að ræða. Maður sá er vinnur að verkinu, skal að dómi byggingar- 6
nefndar vera hæfur til þess. 1. febr.

Veggir timburhúsa.

37. gr.

1. Undirstöður og útveggir í kjallara timburhúsa skulu að þykt vera ekki undir 0,24 metra, en burðarveggir innanhúss ekki undir 0,20 metra; ef um stærri hús er að ræða, getur byggingarnefnd aukið þykt veggjanna frá því, sem fyr um getur, ef henni þykir nauðsyn til.
2. Timbur, sem notað er til húsabygginga, skal vera vandað og óskemt.
   a. Í timburhúsum, þar sem lofthæð er alt að 3,00 metrum og herbergisdýpt alt að 4,50 metrum, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri en 10 × 10 sentimetrar (4 × 4″), á neðri hæð 10 × 13 sentimetrar (4 × 5″) og hornstafir 13 × 13 sentimetrar (5 × 5″). Sje hæðin meiri, eða alt að 4,00 metrum, og herbergjadýpt alt að 5,50 metrum, skal þykt stafanna út og inn aukin að minsta kosti um 2½ sentimetra (1″). Í stærri húsum ákveður byggingarnefnd gildleika stafanna.

   Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa annan gildleik á stöfum en fyr er sagt, ef hún álítur, að styrkleikinn verði nægur.

   Stafir skulu ekki vera strjálli en svo, að í minsta lagi komi einn stafur á hverja 1,25 metra að meðaltali í lengd veggjarins, og hvergi má vera lengra á milli þeirra en 1,60 metra, nema byggingarnefnd leyfi sjerstaklega.

   Milli allra stafa skulu vera skorður („lausholt“) og í hverjum vegg eigi minni en tvær spyrnur („skáskífur“). Spyrnur skulu ekki mynda minna horn en 30° við lóðrjetta línu. Skorður skulu ekki vera grennri en stafir.

   Í útveggjum þeim, sem bita bera, skal undir bitaendum liggja aurstokkur á grunni, ekki grennri en stafir eru í veggjum. Byggingarnefnd getur þó leyft, að aurstokkur sje ekki gildari en 13 × 13 sentimetrar (5 × 5″), þó að stafir í veggjum sjeu gildari.

   Ofan á bitaenda komi staflægjur („undirstokkar“), jafnbreiðar stöfum og eigi þynnri en 6½ sentimetri (2½″). Niður undan stöfum skal fella trje á milli aurstokks og undirstokks.

   Ofan á stafi skal fella syllur, á hvorugan veg grennri en stafir eru út og inn, sem undir þeim standa.

6
1. febr.

Stafi skal festa saman um hæðamót, og á neðri hæð við aurstokk, með sterkum járnklóm og reknegla í staflægjur og aurstokk.

Aurstokkur skal festur með járnum í undirstöður, eða að öðrum kosti vera vel múrað upp með honum.

b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr borðum 2½ sentimetra (1″) þykkum, og skal negla þau vandlega í alla viði grindarinnar.

Utan á þil skal settur pappi og síðan bárujárn eða annað efni ekki lakara, er byggingarnefnd samþykkir. Milli járns og pappa komi 1½ sentimetra (½″) þykkir listar. Bárujárn á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns á vegginn, ef húsin standa sjerstæð og að dómi byggingarnefndar engin eldhætta stafar af þeim.

Innan á grind skal settur pappi og þil, ekki þynnra en 2 cm. (¾ þml.), eða annað lag ekki lakara.

c. Grind burðarveggja innanhúss skal vera úr viðum eigi grennri en 10×10 sentimetra (4×4″) á neðri hæð, og 8×10 sentimetra (3×4″) þar fyrir ofan. Í smærri húsum má þó nota grennri viði, ef byggingarnefnd álítur að styrkleikurinn sje nógur. Byggingarnefnd getur krafist gildari viða, ef um stór hús er að ræða og henni þykir ástæða til.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði sem um útveggi að því er snertir staflægjur, stafi, skorður og spyrnur.

d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru á milli íbúðarherbergja, vera lakari að gerð en svo, að þil úr borðum 2 sentimetra (¾″) þykkum, eða annað lag ekki lakara, sje hvoru megin, og 3,2 sentimetra (1¼″) þykkir renningar á milli. Jafnvænir skulu veggir vera, sem stigar liggja upp að, nema byggingarnefnd telji þörf á meiri styrkleik. Veggi, sem stigar liggja að, skal gera jafnvæna burðarveggjum (sbr. lið c.).

e. Í útihúsum og skútum, sem eru aðeins ein hæð, má gera grind úr plönkum („battingum“).

Ef um hús er að ræða með mjög stórum herbergjum eða sölum, t. d. samkomuhús, verslunarhús o. þ. h., eða ef vegghæð fer fram úr 3,00 metrum af gólfi á gólf, getur byggingarnefnd krafist, að styrkleiki allra burðarveggja sje ákveðinn af sjerfróðum manni.

b. Gaflveggir, sem járnbent steypugólf hvíla á, og á eru gluggaeða dyraop, skulu hafa sömu þykt og burðarveggir, og reiknast þá allur veggurinn fyrir ofan efsta gólf (hjer með talið risið) með sömu þykt og efsta hæð. Gaflveggir, sem aðeins bera sinn eigin þunga (ef loft eru úr trje), mega vera 0,21 metra þykkir á öllum hæðum, nema í kjallara. Þar skulu þeir ekki þynnri vera en 0,32 metra.

c. Byggingarnefnd getur leyft aðra þykt útveggja en hjer segir, t. d. ef járn er í steypunni eða veggir tvöfaldir. Einnig getur byggingarnefnd krafist, að veggþyktin sje önnur en fyr er sagt, ef um holsteina er að ræða.

Byggingarnefnd getur leyft þynnri útveggi en fyr er sagt, ef um mjög stutt haf er að ræða, t. d. í stigaskútum, og veggirnir bera aðeins sinn eigin þunga.

Í smáskútum (skúrum) og geymsluhúsum má nota þynnri veggi en fyr er sagt; þó verður byggingarnefnd að ganga úr skugga um, að engin hætta geti stafað af.

Undir gluggum en ofan gólfs mega veggir vera 0,19 metra þykkir, þó þeir sjeu þykkri milli glugga. Í kjallara skal þrep undir gluggum aldrei þynnra vera en 0,26 metra.

7 21. febr.

3. a. Burðarveggir innanhúss sjeu á þykt í efstu hæð 0,16 metra, og þar fyrir neðan aukist þykt veggjarins við hverja hæð um 3 sentimetra. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa þynnri burðarveggi, ef um mjög lítil hús er að ræða, eða ef tveir burðarveggir eru samhliða og bilið á milli þeirra er mjög stutt, t. d. göng. Þó má enginn burðarveggur þynnri vera en 0,14 metra.

Ef burðarveggir hafa, að dómi byggingarnefndar, ónógan stuðning af þverveggjum, eða á þeim eru stórar dyr með mjóum millibilum, getur byggingarnefnd krafist, að veggþyktin sje aukin eða styrkleiki veggjarins aukinn á annan hátt, sem henni þykir nauðsyn til.

b. Innri veggir úr steini eða steypu, sem hvorki eru burðarveggir nje stigar hvíla á, skulu ekki vera minna en 0,12 metra þykkir, Sje hafið stutt, má þyktin vera alt að 0,08 metra.

c. Veggir þeir, sem stein eða steypustigar eru festir í, þannig að veggirnir bera stigann, skulu í efstu stigahæð eigi þynnri vera en 0,18 metra, og við hverja hæð þar fyrir neðan aukist þykt veggjarins um 3 sentimetra. Stigahúsveggir, sem liggja að trjestiga, skulu eigi þynnri vera en sagt er í þessum lið.

d. Ekki má skerða þykt veggjar, sem um getur í a-, b- og c-lið á þann hátt að leggja í þá áframhaldandi vegglægjur; þó er leyfilegt að setja þaklægur („múrlektur“) undir þverbita í þaki.

e. Samanlögð breidd glugga og dyratófta má ekki vera meiri en helmingur af allri lengd veggjarins. Byggingarnefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef veggir eru járnbentir. Enginn veggstöpull má mjórri vera en $\frac{1}{3}$ af samanlagðri breidd beggja tóftanna báðumegin við hann, nje á neinn veg þynnri en samsvari $\frac{1}{8}$ af hæð hans, nema í honum sje járnbendingur, eða á annan hátt gerður með þeim styrkleika, sem byggingarnefnd er kunnugt um að sje nauðsynlegur.

4. Byggingarnefnd getur fyrirskipað meiri veggþykt en fyr er ákveðið, þar sem gerðar eru stórar veggbrúnir, eða annað það, sem eykur áreynslu á veggina eða rýrir styrkleik þeirra. Ef þykt veggjar er aukin á einhverri hæð, skal hún einnig aukin þar fyrir neðan, eftir því er byggingarnefnd telur þurfa. Byggingarnefnd getur ákveðið, að veggir úr járnbentri steinsteypu eða steypu, sem er sterkari og þjettari en hjer hefir verið miðað við, megi vera þynnri en ákveðið er í þessari grein, ef járngrindin og gerð veggjarins að öðru leyti er eftir fyrirsögn sjerfróðs manns og byggingarnefnd telur vegginn fulltraustan.

5. Veggir hlaðnir úr höggnum grásteini, tígulsteini eða öðrum steini, skulu gerðir með sama styrkleik og hjer er sagt um steypuveggi. Byggingarnefnd dæmir um, hvort þeirri kröfu sje fullnægt.

6. Útveggi úr steini eða steypu skal sljetta utan með sementshúð ofan jarðar. Þó nægir að bursta veggi utan með sementsblöndu, ef byggingarnefnd samþykkir. 7 21. febr.
7. Innan við alla einfalda útveggi íbúðarherbergja, sem steyptir eru eða hlaðnir úr grásteini, steyptum steini eða holsteini, skal setja innri skjólvegg úr steini eða steypu með tróði á milli, eða úr timbri, korki eða öðru ekki lakara efni, sem byggingarnefnd telur gilt.
8. Ekki má múra eða steypa húsveggi, undirstöður eða gólf, ef frost er 2° C. eða meira.

Steypuloft og steypustigar.

36. gr.

Byggingarnefnd getur því aðeins leyft að gera loft og stiga úr steypu, að sjerfróður maður hafi gert áætlun um styrkleika þeirra; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef um mjög lítið gólf er að ræða. Maður sá, er vinnur að verkinu, skal að dómi byggingarnefndar vera hæfur til þess.

Veggir timburhúsa.

37. gr.

1. Undirstöður og útveggir í kjallara timburhúsa skulu að þykt vera ekki undir 0,24 metra, en burðarveggir innanhúss ekki undir 0,20 metra; ef um stærri hús er að ræða, getur byggingarnefnd aukið þykt veggjanna frá því, sem fyr um getur, ef henni þykir nauðsyn til.
2. Timbur, sem notað er til húsabygginga, skal vera vandað og óskemt.
   a. Í timburhúsum, þar sem lofthæð er alt að 3,00 metrum og herbergisdýpt alt að 4,50 metrum, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri en 10×10 sentimetrar (4×4″), á neðri hæð 10×13 sentimetrar (4×5″) og hornstafir 13×13 sentimetrar (5×5″). Sje hæðin meiri, eða alt að 4,00 metrum, og herbergja dýpt alt að 5,50 metrum, skal þykt stafstafanna út og inn aukin að minsta kosti um 2½ sentmetra (1″). Í stærri húsum ákveður byggingarnefnd gildleika stafanna.

   Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa annan gildleik á stöfum en fyr er sagt, ef hún álítur, að styrkleikinn verði nægur.

   Stafir skulu ekki vera strjálli en svo, að í minsta lagi komi einn stafur á hverja 1,25 metra að meðaltali í lengd veggj-

7 21. febr.

arins, og hvergi má vera lengra á milli þeirra en 1,60 metrar, nema byggingarnefnd leyfi sjerstaklega.

Milli allra stafa skulu vera skorður („lausholt") og í hverjum vegg eigi minni en tvær spyrnur („skáskífur"). Spyrnur skulu ekki mynda minna horn en 30° við lóðrjetta línu. Skorður skulu ekki vera grennri en stafir.

Í útveggjum þeim, sem bita bera, skal undir bitaendum liggja aurstokkur á grunni, ekki grennri en stafir eru í veggjum. Byggingarnefnd getur þó leyft, að aurstokkur sje ekki gildari en 13 × 13 sentimetrar (5 × 5"), þó að stafir í veggjum sjeu gildari.

Ofan á bitaendana komi staflægjur („undirstokkar"), jafnbreiðar stöfum og eigi þynnri en 6½ sentimetri (2½"). Niður undan stöfum skal fella trje á milli aurstokks og undirstokks.

Ofan á stafi skal fella syllur, á hvorugan veg grennri en stafir eru út og inn, sem undir þeim standa.

Stafi skal festa saman um hæðamót, og á neðri hæð við aurstokk með sterkum járnklóm og reknagla í staflægjur og aurstokk.

Aurstokkur skal festur með járnum í undirstöður, eða að öðrum kosti vera vel múrað upp með honum.

b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr borðum 2½ sentimetra (1") þykkum, og skal negla þau vandlega á alla viði grindarinnar.

Utan á þil skal settur pappi og síðan bárujárn eða annað efni ekki lakara, er byggingarnefnd samþykkir. Milli járns og pappa komi 1½ sentimetra (½") þykkir listar. Bárujárn á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns á veggjum, ef húsin standa sjerstæð og að dómi byggingarnefndar engin eldhætta stafar af þeim.

Innan á grind skal settur pappi og þil, ekki þynnra en 2 sentimetrar (¾"), eða annað lag ekki lakara.

c. Grind burðarveggja innanhúss skal gera úr viðum eigi grennri en 10 × 10 sentimetra (4 × 4") á neðri hæð, og 8 × 10 sentimetra (3 × 4") þar fyrir ofan. Í smærri húsum skal þó nota grennri viði, ef byggingarnefnd álítur, að styrkleikinn sje nógur. Byggingarnefnd getur krafist gildari viða, ef um stór hús er að ræða og henni þykir ástæða til.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði sem um útveggi að því er snertir staflægjur, stafi, skorður og spyrnur.

d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru á milli íbúðarherbergja, vera lakari að gerð en svo, að þil úr borðum 2 senti-

metra (¾″) þykkum, eða annað lag ekki lakara, sje hvoru megin, og 3,2 sentimetra (1¼″) þykkir renningar á milli. Jafnvænir skulu veggir vera, sem stigar liggja upp að, nema byggingarnefnd telji þörf á meiri styrkleik. Veggi, sem tveir stigar liggja að, skal gera jafnvæna burðarveggjum (sbr. lið c.). 7 21. febr.

e. Í útihúsum og skútum, sem eru aðeins ein hæð, má gera grind úr plönkum („battingum").

f. Í timburveggjum sje samanlögð breidd glugga og dyraop mæld á milli stafa ekki meira en hálf lengd veggjar, nema byggingarnefnd veiti sjerstakt leyfi til.

g. Nota má máttarviði með öðrum gildleika en til er tekið í þessari grein, ef samur er styrkleikinn eða meiri.

Fjarlægð húsa frá nágrannalóð.

38. gr.

Ekkert steinhús má vera nær nágrannalóð en 3,15 metra, nema eldvarnarveggur snúi að lóðinni (sbr. 22. gr.). Timburhús án eldvarnarveggs má eigi vera nær nágrannalóð en helmingur af hæsta vegg, er að nágranna veit, þó eigi nær en 5,00 metra. Byggingarnefnd getur veitt ívilnanir niður í 4,00 metra, ef sjerstakar ástæður mæla með.

Stærð timburhúsa.

39. gr.

Ekkert timburhús má stærra vera en 150 fermetrar að flatarmáli, að meðtöldum tilheyrandi útihúsum, og aldrei mega fleiri timburhús vera sambygð en svo, að flatarmál þeirra fari ekki fram úr 350 fermetrum. Þó getur hreppsnefnd fært þessi hámörk niður.

Skemmur og vörugeymsluhús.

40. gr.

Skemmur og vörugeymsluhús eru engum ákvæðum bundin um tölu hæða, og þurfa þær ekki hærri að vera en 2,00 metra. Þó má veggháð, mæld upp að skurðarlínu þaks og veggjar, ekki vera yfir 8,00 metra. Ef geymd eru eldfim efni í skemmu eða vörugeymsluhúsi úr trje, skulu þau vera í sjerstöku herbergi með eldtraustum veggjum, gólfi og lofti.

Torfbæir.

41. gr.

Torfbæir teljast þær byggingar, þar sem veggir, eða þak og veggir, eru að öllu eða miklu leyti þakið torfi.

7 21. febr. Byggja má torfbæi á þeim stöðum, er skipulagsuppdráttur sýnir; en þar til skipulagsuppdráttur er lagður fram, getur byggingarnefnd leyft að þeir sjeu reistir í útjaðri bæjar og þar sem ekki er útlit fyrir, að reist verði stærra hús í náinni framtíð.

Torfbæir skulu að öllu leyti vandaðir að frágangi og hlíta þeim skilyrðum, er byggingarnefnd setur í því efni.

Glugga- og dyraumgerð.

42. gr.

Glugga- og dyraumgerð skal að jafnaði vera gerð úr plönkum, ekki þynnri en 5 sentimetra (2″). Þeir skulu í steypuveggjum roðnir karbólíni, eða öðru efni ekki lakara, á þá hlið, er veit að steini eða steypu. Með þeim skal, í útveggjum, sjerstaklega í steinhúsum, troða vandlega hampi, eða öðru ekki lakara efni, bæði að utan og innan.

Viðhald húsa.

43. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að húsum sje haldið sæmilega við, svo eigi verði þau til lýta fyrir bæinn eða umhverfi þeirra.

Um byggingaraðferðir og efni, sem ekki er tilgreint í samþykt þessari.

44. gr.

Ef nota skal byggingaraðferð og byggingarefni, sem ekki er tilgreint í samþykt þessari, ber umsækjanda að geta þess, er hann sækir um byggingarleyfi. Einnig skal hann skyldur til að gefa þær upplýsingar þessu viðvíkjandi, sem byggingarnefnd álítur nauðsynlegar.

Byggingarnefnd getur á kostnað umsækjanda látið gera þá rannsókn á byggingarefni, sem hún álítur nauðsynlega, til að ganga úr skugga um, að aðferð og efni fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í samþykt þessari.

Hús þar sem farið er með eldfim efni.

45. gr.

Öll hús, þar sem unnið er að einhverju, sem sjerstök eldhætta stafar af, skulu gerð úr steini eða steypu, nema þau sjeu svo langt frá öðrum húsum, að engin eldshætta stafi frá þeim fyrir nágranna; þá getur byggingarnefnd leyft, að þau sjeu úr timbri.

Allir veggir í smiðjum skulu vera úr eldtraustu efni, að minsta kosti 1,00 metra frá gólfi; ennfremur skal gólfið vera úr eldtraustu efni.

Í smíðahúsum trjesmiða má aðeins setja lokuð eldstæði. Utan um þau skal setja járnkassa, sem nær minst 0,20 metra til allra hliða út fyrir eldstæðið og er á hæð 0,30 metra frá gólfi. Loft og veggir slíkra húsa skal vera úr eldtraustu efni, eða ef það er úr timbri, eldvarið eftir kröfum byggingarnefndar. 7 21. febr.

Flatarmál bygðrar lóðar og fjarlægð frá lóðarmörkum.

46. gr.

Þegar mældur er flötur bygðrar lóðar, skulu veggsvalir og önnur framskot talin með, ef þau eru með þaki og undirstöður ná frá jörðu. Fjarlægð frá lóðarmörkum mælist ætíð frá þeim hluta hússins, sem nær lengst út.

Verkpallar o. fl.

47. gr.

Verkpallar, útbúnaður allur og tæki við húsasmíði og mannvirki skal traust og í góðu lagi, svo ekki valdi slysum eða tjóni. Byggingarfulltrúa er heimilt að gera um þetta þær ráðstafanir, er duga mega, á kostnað eiganda, ef nauðsyn þykir, eða stöðva verkið að öðrum kosti, þar til bót er á ráðin.

III. KAFLI.

BYGGINGARLEYFI. FRAMKVÆMD VERKSINS. EFTIRLIT.

48. gr.

1. Áður en byrjað er á húsi eða öðru mannvirki, sem samþykt þessi nær til, skal senda skriflega beiðni um það til byggingarnefndar og fá samþykki hennar og hreppsnefndar til að framkvæma verkið.

   Ekki má rífa hús, nema skrifleg tilkynning um það sje send til byggingarnefndar.

   Umsækjandi má ekki byrja á verkinu fyr en hann hefir fengið tilkynningu frá byggingarnefnd að leyfið sje veitt.
2. Beiðninni skal fylgja nákvæm lýsing af öllu því, sem nauðsynlegt er til sönnunar því, að verkið sje samkvæmt byggingarsamþykt. Þar að auki skal fylgja í tveim eintökum:
   a. Lóðaruppdráttur eftir mælikvarða að minsta kosti 1:500, með árituðum stærðarhlutföllum; skal á honum sýna mannvirki þau, er reisa skal, ásamt þeim er fyrir kunna að vera á lóðinni, ennfremur afstöðu gagnvart götum, er að liggja, og nágrönnum. Flatarmál lóðar og mannvirkja skal ritað á uppdráttinn.

7
21. febr.

b. Uppdrættir eftir mælikvarða að minsta kosti 1:100, með árituðum stærðarmálum, og skulu þeir svo greinilegir, að glöggglega megi af þeim sjá alla gerð, stærð og lögun mannvirkis þess, er um ræðir, og til hvers herbergi eru notuð, þegar um hús er að ræða.

Við breytingu á eldra húsi skulu uppdrættir og lýsing glöggglega sýna hlutfallið bæði fyrir og eftir breytinguna.

Sýna skal á húsuppdráttum þykt allra burðarveggja og gildleik máttarviða.

c. Áður en leyft er að byggja hús í sambygðri húsaröð, getur byggingarnefnd krafist, að gerður sje lauslegur uppdráttur af hliðum allra sambygðu húsanna, á kostnað lóðaeigenda.

d. Þá hluta húsa eða mannvirkja, sem að gerð eru frábrugðin almennri venju, eða verða að vera það sökum áreynslu eða annara orsaka, skal sýna á uppdráttum, ef byggingarnefnd óskar, og eftir mælikvarða að minsta kosti 1:20. Skal glögg lýsing fylgja og styrkleikaútreikningur látinn í tje, ef þess er krafist.

e. Lýsing á lóðinni og ásigkomulag grundvallar. Ef um nýtt hús er að ræða eða gagngerða breytingu á eldra húsi, skal sýna, hvernig ætlast er til, að sjeð verði fyrir afrensli frá húsi og lóð og vegi að húsinu, ef það stendur ekki við götu.

3. Tilkynna ber nágranna, ef mannvirki það, sem reisa skal, snertir hagsmuni hans. Ber yfirlýsing í þessa átt að fylgja umsókninni og tekið fram, hverja nágrannaeign sje átt við.

4. Á alla uppdrætti skal draga mælikvarða uppdráttarins í metramáli. Allir uppdrættir skulu undirskrifaðir af þeim, sem gerði þá. Sá, sem verkið er unnið fyrir, ber ábyrgð á, að það verði gert samkvæmt byggingarsamþykt og eins og uppdrættir sýna.

5. Eftir að byggingarfulltrúinn hefir kynt sjer umsóknina, leggur hann málið fyrir byggingarnefnd ásamt umsögn sinni. Ef fleiri nefndum ber að fjalla um málið, skal byggingarfulltrúi fyrst leggja málið fyrir þær nefndir. Þegar byggingarnefnd hefir gert tillögu sína, skal málið lagt fyrir hreppsnefnd (sbr. 3. gr.).

Byggingarnefnd leggur annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafn sitt, en endursendir umsækjanda hitt eintakið með árituðum úrskurðum, að jafnaði innan hálfsmánaðar frá fyrsta fundi byggingarnefndar eftir að umsókn var afhent henni. Sje synjað um leyfið eða breytingar gerðar að samþyktarskilyrði, skal greina ástæður þess.

Öll byggingarleyfi skulu veitt með því skilyrði, að umsjón verksins og ábyrgð sje í höndum manns, sem byggingarnefnd telur til þess hæfan fyrir kunnáttu sakir og áreiðanleika.

6. Ekki má í neinu víkja frá samþyktum uppdráttum nema fengið sje leyfi byggingarnefndar til þess. 7 21. febr.
7. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við hendina nothæft á vinnustaðnum meðan á smíðinni stendur. Byggingarfulltrúa, svo og einstökum mönnum úr byggingarnefnd, sje jafnan heimill aðgangur að uppdráttunum og byggingunni meðan hún er í smíðum.
8. Húseigandi skal tilkynna byggingarfulltrúa með tveggja daga fyrirvara:
   a. hvenær byrjað verður á undirstöðum,
   b. hvenær rakavarnarlög verða lögð í veggi,
   c. hvenær þak verður reist á steinhúsi eða grind í timburhúsi,
   d. hvenær gólf verða lögð á bita eða járn í steypuloft.
9. Hreppsnefnd ákveður gjöld fyrir byggingarleyfi. Gjaldið rennur í sveitarsjóð.
10. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.

Um byggingarleyfi, sem fer í bág við samþykt þessa.

49. gr.

Nú veitir hreppsnefnd byggingarleyfi, en síðar kemur í ljós að mannvirkið fer í bága við samþyktina, þá getur byggjandi krafist sanngjarnra skaðabóta úr sveitarsjóði, svo framarlega sem það, er fer í bága við samþyktina, hafi sjest ljóslega í umsókn hans og á uppdráttum og sýnilegt sje, að hann hafi farið eftir bestu vitund, enda skal hann skyldur að breyta verkinu, svo það verði samþykt og reglum samkvæmt.

Um leyfi til þess að flytja í ný hús.

50. gr.

Eigi má taka hús til afnota fyr en fengið er vottorð byggingarfulltrúa að húsið fullnægi byggingarsamþyktinni.

Eftirlit með gömlum byggingum, forgörðum o. fl.

51. gr.

Byggingarnefnd skal sjá um, að öll mannvirki, girðingar, auglýsingarspjöld („skilti") og annað það er henni ber að líta eftir, geti eigi valdið hættu og sje ekki til óprýði. Byggingarfulltrúi hefir eftirlit þetta á hendi, en ef eigandi vanrækir að fullnægja kröfum hans, getur hreppsnefnd látið lagfæra það, sem byggingarnefnd telur með þurfa, á kostnað eiganda.

7 21. febr. Nú er íbúð eða einstök herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, svo illa á sig komin, að þau, að áliti byggingarnefndar, sjeu óheilnæm eða eigi örugg til íbúðar, þá skal hún leita umsagnar hjeraðslæknis. Sje hann á sama máli og nefndin, getur hún krafist þess, að eigandi lagi gallana innan ákveðins tíma. Verði hann eigi við þessu, getur hreppsnefnd eftir tillögum byggingarnefndar úrskurðað, að ekki megi búa í íbúðinni.

Ef ekki er unt að flytja úr íbúðinni, vegna þess, að eigi er mögulegt að ná í aðra fyrir sæmilegt verð, ber hreppsnefnd að sjá um, að útvega íbúð jafnskjótt og hægt er.

IV. KAFLI.

SEKTARÁKVÆÐI OG BREYTING Á SAMÞYKT.

52. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum frá 10—50 krónur, og skal sekta bæði smið og eiganda, er hlut eiga að máli. Sektirnar renna í sveitarsjóð. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað rífa niður það, er fer í bág við ákvæði samþyktarinnar eða reglur þær, sem byggingarnefnd setur samkvæmt samþyktinni. Ella sje það rifið á hans kostnað. Sje um brot á 50. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sjerstakt leyfi byggingarnefndar, hafið án þess að leyfið sje fengið, skal lögreglustjóri undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkinu sje haldið áfram, fyr en fengið er leyfi byggingarnefndar.

Með mál út af brotum á samþykt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

53. gr.

Til þess að breyting á samþykt þessari geti öðlast gildi, þarf umræður hreppsnefndar á tveim fundum hennar, samþykki hreppsnefndar á breytingunni, og staðfestingu ráðuneytisins.

Samþykt þessi, sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefir samið og samþykt er hjermeð staðfest samkvæmt lögum nr. 19, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 55, 27. júní 1921, til að öðlast gildi 1. mars þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

8
25. febr.

um

staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykt fyrir Neskauptún í Norðfirði.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykt fyrir Neskauptún í Norðfirði, sem hreppsnefndin hefir samið og samþykt.

HEILBRIGÐISSAMÞYKT

fyrir

Neskauptún í Norðfirði.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþyktin gildir fyrir allan Neshrepp í Norðfirði eins og hann nú er og síðar kann að verða.

2. gr.

Hreppstjóri Neshrepps er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í henni 2 menn, annan þeirra kýs sýslunefnd en hinn hreppsnefnd, til 3ja ára í senn. Hreppsnefnd getur, að þar til fengnum tillögum heilbrigðisnefndar, skipað sjerstakan heilbrigðisfulltrúa fyrir kauptúnið. Setur hreppsnefnd honum erindisbrjef og ákveður kaup hans, enda greiðist það úr hreppssjóði. Hann skal hafa á hendi framkvæmd heilbrigðismála samkvæmt ákvæðum heilbrigðissamþyktar og fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Skylt er honum að sækja heilbrigðisnefndarfundi. Meðan heilbrigðisfulltrúi er eigi skipaður hvílir framkvæmd öll og eftirlit á heilbrigðisnefnd.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund þá er honum þykir þurfa, eða hinir nefndarmennirnir óska þess, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári, vor og haust.

Formaður skal sjá um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt.

Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar en skal þá tafarlaust skjóta málinu til hreppsnefndarinnar.

8 4. gr.
25. febr. Heilbrigðisnefnd er heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er ræðir um í samþykt þessari, eða þýðingu þykir hafa fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign.

Einu sinni á ári skal heilbrigðisnefnd skoða allar eignir í kauptúninu og er henni heimilt að skifta því starfi á milli nefndarmanna, sje það ekki falið heilbrigðisfulltrúa.

Heilbrigðisnefnd skal færa í eina bók alt það, sem aðfinslu vert er samkvæmt samþykt þessari, og skal hún skipa þeim, er í hlut eiga, fyrir um, hvað þeir eigi að gera til umbóta.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarumbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sjer útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir hreppsnefnd og fara fram á að fje sje veitt. Þó getur nefndin látið gera þrifnaðarumbætur án fengis samþyktar hreppsnefndar, ef brýna nauðsyn ber til að þær sjeu gerðar tafarlaust, svo sem þá er hættuleg farsótt kemur alt í einu upp í kauptúninu.

Skal þá svo fljótt sem verða má leggja slík útgjöld undir samþykki hreppsnefndar.

6. gr.

Nú er eigandi húseignar ekki búsettur í Neskauptúni og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni er í kauptúninu býr að vera húsráðandi, skal húsráðandi gegna öllum skyldum eftir samþykt þessari, með tilliti til húseignarinnar, sem annars hvíla á húseiganda. Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd hver sje húsráðandi.

II. Um alment hreinlæti og þrifnað.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á, að ekki safnist fyrir óhreinindi á opnum svæðum eða óbygðum lóðum. Í fjörunni eða á almannafæri má enginn fleygja frá sjer slori, hræjum, rusli, nje öðru því er valdið getur óhreinlæti og óhollustu. Engum óhreinindum má heldur fleygja í læki þá er renna gegnum kauptúnið, nje í ræsi kasta neinu því er stýflað getur vatnsrásina.

Bannað er að láta vanhús standa yfir lækjum er renna um kauptúnið.

Á meðan ekki er lögð almenn skólpveita um kauptúnið, getur heilbrigðisnefnd leyft að eldhúsþvottaskólpi sje veitt í þá læki er hún

ákveður, enda sje þess tryggilega gætt, að vatn úr þeim sje ekki notað til heimilisþarfa nje nokkurskonar þvotta. Fiskþvottaskólpi, afrensli frá vatnssalernum og öðru skólpi er óþef leggur af, skal veita til sjávar í lokuðum ræsum og svo frá gengið sem heilbrigðisnefnd ákveður. Hey, svörð, slor, áburð eða annað þesskonar, sem slæðist eða hrynur á göturnar, er sá er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs. 8 25. febr.

Mold, leifar, rusl og verkefni, sem af húsbyggingum stafar, skal færa jafnóðum burtu svo ekki valdi óhreinlæti.

8. gr.

Á húshliðar eða gafla eða girðingar, sem vita að götum má ekki hengja, negla eða festa á annan hátt neinskonar fiskföng eða annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur. Og ekki má heldur hafa fisktrönur á almannafæri.

9. gr.

Skylt er að halda hreinum portum og annari óbygðri lóð í kringum hús og er það á ábyrgð eigendanna, að þess sje gætt.

Enginn húsráðandi má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns. Gjöri hann það, skal hann vera skyldur til að flytja óhreinindin tafarlaust burt aftur á sinn kostnað.

Húseigandi skal annast um hreinsun á ræsum, er ganga frá húsinu út í göturæsi, og sjá um, að þau stíflist ekki.

10. gr.

Á hverju vori — í maí eða júní — skal heilbrigðisnefnd láta fram fara hreinsun á öllum göturæsum, lækjarfarvegum, opinberum lóðum og opnum svæðum, er almenningur hefir afnot af. Kostnaðurinn greiðist úr sveitarsjóði.

Jafnframt þeirri vorhreinsun skal framkvæmdarnefnd landeigenda láta hreinsa óhreinindi af öllum óbygðum lóðum í kauptúninu, sem nær eru en 100 metra frá alfaravegi eða bygðri lóð, og sama skulu einnig húsa- og lóðaeigendur láta gera á sínum lóðum. Vanræki einhver að láta framkvæma hreinsun þessa, er heilbrigðisnefnd heimilt að framkvæma verkið á kostnað lóðarhafa. Kostnaðinn, er af því leiðir, má taka lögtaki hjá lóðarhafa.

Götur kauptúnsins og ræsi skal hreinsa, á kostnað hreppsins, svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

8 25. febr.

III. Um fráræslu.

11. gr.

Þar sem eldhússkólpi eða þvottaskólpi verður ekki veitt í göturæsi eða til sjávar eða í læki þá, er renna gegnum kauptúnið, má þó eigi láta það síga í jörð niður svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á því, að dómi heilbrigðisnefndar, að jarðvegur saurgist, skal veita öllu skólpi burt frá húsinu í lokuðum ræsum, sem sjeu annaðhvort pípur úr brendum leir eða sementssteypu eða trjestokkar, og skulu ræsin ná svo langt sem heilbrigðisnefndinni þykir þurfa.

Öll skólpræsi, hvort heldur er á almannafæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi flói út úr þeim eða hætt sje við að þau stíflist, og hvergi komi pollar eða vilpur.

12. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu á opinberan kostnað, skulu þeir, er hús eiga á lóðum meðfram götunni, skyldir að gera skólpræsi hver frá sínu húsi út í göturæsið, og skulu þau ræsi ekki lakari að gerð en göturæsið.

IV. Um vatnsból.

13. gr.

Þá er gjöra skal nýtt vatnsból, eða breyta gömlu vatnsbóli, skal jafnan leitað álits heilbrigðisnefndar.

14. gr.

Vatnsveiturnar í kauptúninu eru háðar umsjón og eftirliti heilbrigðisnefndar, bæði brunnarnir sjálfir og lindar þær, sem vatnið er leitt úr, og leiðslupípurnar. Skal þess stöðugt gætt, að vatnið sje heilnæmt.

Bæði þessa brunna og öll önnur vatnsból, skal verja allskonar óhreinindum. Það er bannað að láta í þau, frá eða að þeim koma rensli úr skólpræsum, forum, salernum eða peningshúsum, og má ekki láta nærri þeim neinskonar saurindi, sorp, slor eða hræ, og ekki þvo nærri þeim, hvorki fatnað eða fisk, eða neitt það annað, sem getur valdið óheilnæmi.

15. gr.

Brunna má ekki grafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að millibilið sje 12 metrar. Engan brunn má grafa nema í samráði við heilbrigðisnefnd.

Hún getur bannað að taka vatn úr brunnum um stundarsakir, ef hún álítur vatnið óheilnæmt, og skipað fyrir að fylla brunna, sem ekki verður gert við.

Brunnar og vatnsþrær skulu bygðar eftir kröfum heilbrigðis- 8
nefndar. 25. febr.

16. gr.

Búpening má ekki hafa í sama húsi og íbúð handa mönnum. Þar sem þetta á sjer stað nú, getur heilbrigðisnefnd þó veitt undanþágu.

17. gr.

Heilbrigðisnefndin skal segja fyrir um, hvar peningshús, haugstæði, haughús eða forir megi vera, og má enginn gjöra þau að nýju nema hann hafi fengið samþykki heilbrigðisnefndarinnar til þess og hlýti hennar fyrirmælum um frágang og tilhögun á þeim. Peningshús og haugstæði, sem eru eldri en þessi samþykt, getur heilbrigðisnefnd heimtað að sjeu færð úr stað eða þeim breytt, ef að þeim er mikill óþrifnaður, en heimilt er þó eiganda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar innan 8 daga til hreppsnefndarinnar, sem gefur úrskurð í málinu svo fljótt sem verða má. Forir má því aðeins leyfa, að þær sjeu gerðar lagarheldar með steinlími og veggirnir múraðir 25 cm. upp úr jörðu, og yfir þeim sje svo sterkur hleri, að mönnum og skepnum sje engin hætta af þeim.

18. gr.

Þá er hús er reist til íbúðar, skal jafnan um leið gera salerni innan húss eða utan, eitt eða fleiri eftir stærð hússins og fjölda íbúða.

Í hverju salerni skal vera bakþil, en þau ekki bygð fast upp að húshliðum eða göflum; þó getur heilbrigðisnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

Gólfið í salernum skal vera steinsteypt og hærra en jarðvegurinn í kring.

Hafa skal í salernum saurkagga vel vatnsheldan, og skal hann ná fast upp að setunni. Heilbrigðisnefnd getur leyft að hafa salerni innan húss í sjerstökum klefa, ef útigluggi á hjörum er á klefanum og að öðru leyti svo vel um salernið búið, sem heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi.

19. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hreint, og saurílátin skal tæma áður en þau fyllast. Skal heilbrigðisnefnd ákveða, hvar láta megi saurinn úr salernunum.

20. gr.

Ef engin salerni fylgja þeim húsum, sem eldri eru en þessi samþykt, eða þau ein, sem illa eru gerð eða mikill óþrifnaður er að, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir geri ný salerni á þann hátt er segir í 18. gr.

8 25. febr

21. gr.

Á öllum stærri bryggjum, fiskverkunar- og útgerðarstöðvum, skulu vera salerni svo útbúin sem heilbrigðisnefnd mælir fyrir. Eigendur þeirra skulu sjá um, að þau sjeu ávalt hreinleg.

V. Um sorp og önnur óhreinindi.

22. gr.

Alt sorp og aska skal flutt í sjó nema heilbrigðisnefnd kveði öðruvísi á. Húseigandi ber ábyrgð á, að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um brottflutning sorps og ösku sje hlýtt og getur nefndin látið framkvæma hreinsunina á kostnað hans, ef misbrestur verður á.

23. gr.

Fiskverkunar- og útgerðarstöðvar skulu háðar eftirliti heilbrigðisnefndar. Slori, afbeitu og öðrum fiskúrgangi, er þar fellur til og ekki er öðruvísi ráðstafað, skulu sjómenn þeir og útgerðarmenn, er hlut eiga að máli, sjá um að sje fleygt svo langt út á fjörð, að það berist ekki aftur upp í fjörurnar.

VI. Um iðnað er óhollusta fylgir og óþrifnaður.

24. gr.

Á kauptúnslóðinni, eða í grend við hana, má enginn reka nokkurn þann iðnað, sem óhollusta fylgir eða óþrifnaður, t. d. lýsisbræðslu, sútun o. s. frv., nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til þess. Skal allur iðnaður vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir, bæði utanhúss og innan.

25. gr.

Verksmiðjur og vinnustofur skulu vera háðar eftirliti heilbrigðisnefndar, ef vinnan er þess eðlis, að hún geti haft skaðleg áhrif á heilsu fólksins.

Gildir þetta einkum við þá vinnu, sem ryk fylgir eða önnur óhreinkun á andrúmslofti, klæðaverksmiðjur, saumastofur, vindlaverksmiðjur o. s. frv.

Heilbrigðisnefnd ákveður í hvert skifti, hversu mikið loftrúm ætla skuli hverjum vinnandi manni í þesskonar vinnustofum.

Gluggar skulu vera á hjörum, ef ekki er sjeð fyrir loftrás á annan hátt. Gólf skal þvo daglega.

VII. Um matvæli.

26. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem skemd er eða skaðleg fyrir heilsu manna. Nefndinni skal vera frjálst að taka í búðum og á öðrum sölustöðum fyrir gangverð sýnishorn af hverri matvöru þeirri, er hún telur líkur til, að skemd sje eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeraðslæknis eða annara manna, er vit hafa á, að einhver matvara er skemd eða skaðleg, og ekki nýtileg til manneldis, og skal þá lóga vörunni eða gera hana á einhvern hátt óskaðlega fyrir heilsu manna, á kostnað þess, sem vöruna hafði á boðstólum.

Heilbrigðisnefnd getur bannað matvælasölu, ef sölustaðurinn virðist með öllu óhæfur vegna óþrifnaðar. Svo getur og nefndin og bannað matvælasölu um stundarsakir, ef næmur sjúkdómur er fyrir á sölustaðnum, og hætt við að salan greiði sjúkdómnum götu.

VIII. Um slátrun og kjötsölu.

27. gr.

Meðan ekki eru komin upp í kauptúninu regluleg sláturhús, skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með slátrun og kjötsölu. Slátrun skal fram fara á hreinlegum stað. Slátrarar skulu vera í hreinlegum fötum með ermar brettar upp fyrir olnboga. Þeir skulu ávalt vera hreinir um hendurnar.

Menn, sem hafa útbrot á höndum eða ganga með einhvern næman sjúkdóm, mega ekki vera slátrarar. Hundar mega ekki vera nálægt slátrun.

Sullum skal safna í sjerstakt ílát og brenna.

Kjöt af sjálfdauðum skepnum eða veikum, má ekki nota til manneldis.

IX. Um mjólkursölu.

28. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef næmur sjúkdómur gengur á heimilinu eða ástæða er til að ætla, eða vissa fyrir því, að kýrnar sjeu veikar.

Berklaveikar manneskjur mega hvorki hirða kýr, mjólka eða hafa með höndum þá mjólk, er selja skal.

Heilbrigðisnefnd getur og bannað mjólkursölu, ef óþrifalega er farið með mjólkina, eða hreinlæti í fjósinu og hirðing kúnna er í svo löku standi, að erfitt verði að forðast að mjólkin óhreinkist.

8 25. febr.

X. Um brauðgerðarhús.

29. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á öllum brauðgerðarhúsum, og eru bakarar skyldugir að hlýða fyrirmælum hennar að því er hreinlæti snertir og þrifnað.

Sama er og um brauðsölubúðir.

Framvegis má enginn reisa brauðgerðarhús eða setja bakaraofn í hús og byrja bakaraiðn, fyr en hann hefir fengið leyfi heilbrigðisnefndar, og skal leyfið bundið þeim skilyrðum, er hjer segir: Brauðgerðarhús skal vera bjart og loftgott, loft og veggir skulu vera kalkaðir eða sementaðir og gólf steinlímt, asfalterað eða hellulagt.

30. gr.

Í brauðgerðarhúsum skal gæta alls þrifnaðar. Tóbaksnautn er þar bönnuð.

Allar stofur og klefa skal hreinsa að minsta kosti einu sinni á dag.

Veggi og loft skal kalkbera eða mála einu sinni á ári.

Enginn má sofa í stofum, sem hafðar eru til brauðgerðar.

Brauðgerðarmenn skulu hafa yst klæða hvítar yfirhafnir, og skulu þær jafnan vera hreinar. Þeir skulu þvo höfuð sitt og hendur áður en þeir taka til verka, en eigi mega þeir þvo sjer í vinnustofunum.

Deig má ekki hnoða með fótunum.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sem lugnatæringu hafa eða annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á höndum eða handleggjum.

Bakarar skulu að minsta kosti einu sinni á ári láta heilbrigðisnefnd í tje vottorð læknis um heilbrigði sína; auk þess getur nefndin krafist slíks vottorðs, þegar henni sýnist ástæða til.

XI. Um íbúðarhús.

31. gr.

Öll þau hús, sem leigð eru til íbúðar, þar með taldar sjóbúðir, skulu vera svo gerð, að unt sje að halda þeim hreinum, gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti einn í hverju herbergi.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda, að ræstað sje herbergi í íbúðarhúsi, ef herbergið er svo óhreint, að nefndin álítur húsbúum hættu búna.

32. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert eða hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álítur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur nefndin bannað íbúðina.

Nefndin skal þá tilkynna húseiganda eða umboðsmanni hans bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr hús- 8 25. febr.
inu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma svo að nefndinni líki. Þó er húseiganda heimilt á 8 daga fresti að skjóta skipun nefndarinnar undir úrskurð hreppsnefndar, en leita skal álits hjeraðslæknis, og því næst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem má.

33. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar.

Nefndin getur bannað íbúð í gömlum kjöllurum, ef þeir eru rakir, dimmir og þröngir.

Undir íbúðarhúsum, sem reist eru hjer eftir, má ekki hafa kjallara svo gerða, að vatn standi í þeim nokkurntíma.

XII. Um samkomuhús og skóla.

34. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með samkomuhúsum í kauptúninu og sjá um, að þau sjeu ræstuð hvenær sem hún álítur þess þörf, og af þeim, sem hún álítur til þess færa.

Vilji eigendur eða notendur ekki sætta sig við álit heilbrigðisnefndar, geta þeir leitað álits hjeraðslæknis, sem þá ræður úrslitum.

Hverju samkomuhúsi skulu fylgja svo mörg og stór salerni, sem heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt, og þannig útbúin og hirt, sem nefndin mælir fyrir. Heilbrigðisnefnd getur bannað notkun samkomuhúss, þar til fyrirskipunum hennar er fullnægt.

35. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða öll skólahús og skólastofur, hvort heldur er opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá, er tekur til kenslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna það heilbrigðisnefnd, hvar hann ætlar að kenna.

36. gr.

Ef skólabarn eða kennari hefir berklaveiki og læknir álítur, að um sóttnæmishættu sje að ræða, þá getur heilbrigðisnefndin bannað, að barnið eða kennarinn komi í skólann, þar til að sóttnæmishættan er, að dómi læknis, um garð gengin.

XIII. Um næma sjúkdóma.

37. gr.

Heilbrigðisnefnd, í samráði við sóttvarnarnefnd, gengst sjerstak-

8 lega fyrir því, að lögskipuðum vörnum sje haldið uppi gegn næm-
25. febr. um sjúkdómum.

Ef upp kemur alvarlegur, næmur sjúkdómur á því svæði, er samþyktin nær yfir, eða í grendinni, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja um stundarsakir strangari fyrirmæli en í samþykt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

XIV. Um kirkjugarða.

38. gr.

Þá er gera skal nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan garð, skal leita álits heilbrigðisnefndar og getur hún heimtað, að garðstæðið sje þurkað með lokræsum, ef það er svo raklent, að vatn komi upp í grafirnar nokkru sinni.

Vatnsból má ekki vera nær kirkjugarði á jafnsljettu en nemi 100 metrum, og aldrei neðar í brekku en kirkjugarður.

Allir kirkjugarðar skulu vera grasi grónir.

Grafa skal svo djúpt, að 1,25 metra moldarlag sje ofan á kistu, nema múrhvelfing sje.

XV. Um sektir.

39. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykt eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 króna sekt, er rennur í hreppssjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr hreppssjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

40. gr.

Með mál, sem rís út af brotum á samþykt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. apríl þ. á.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. febrúar 1928.

Jónas Jónsson.

Sigfús M. Johnsen.

AUGLÝSING

9
29. febr.

um

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykt fyrir Patreksfjarðarkauptún.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykt fyrir Patreksfjarðarkauptún, sem hreppsnefndin hefir samið og samþykt.

HEILBRIGÐISSAMÞYKT

fyrir

Patreksfjarðarkauptún.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykt þessi hefir gildi fyrir Patreksfjarðarkauptún.

2. gr.

Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu er formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni: einn maður kosinn af hreppsnefndinni og annar, sem sýslunefnd tilnefnir af íbúum kauptúnsins. Skulu þeir kosnir til þriggja ára, og kosning þeirra fara fram að afloknum hreppsnefndarkosningum.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fundi, þegar honum þykir þurfa, eða hinir tveir nefndarmenn óska þess — eða hjeraðslæknir — þó ekki sjaldnar en þrisvar á ári, í mars-, júní- og septembermánuði. Hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundarbók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi brjefaskriftir og annast um að fyrirskipunum nefndarinnar sje hlýtt. Rísi ágreiningur milli nefndarmanna, er rjett að skjóta málinu undir úrskurð hreppsnefndar.

Hjeraðslæknir á rjett á að sitja fundi nefndarinnar og taka þátt í umræðum, en ekki atkvæðagreiðslu, nema hann sje nefndarmaður.

Ritfangakostnað skal greiða úr sveitarsjóði eftir reikningi.

9 29. febr.

4. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gætur á að heilbrigðissamþyktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni skal heimilt að rannsaka, eða láta rannsaka, alt það, er um ræðir í samþykt þessari og þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almanna færi eða einstakra manna eign. Ef nokkur nefndarmaður, annar en formaður, krefst inngöngu í hús manna, skal hann hafa skriflegt umboð frá formanni nefndarinnar.

Heilbrigðisnefnd skal færa inn í fundarbók alt það, er hún finnur aðfinsluvert, samkvæmt þessari samþykt. Jafnframt skal hún fyrirskipa hlutaðeigendum skriflega að bæta úr því, sem að er, og sjá um, að það verði gert. Skal það bókað í fundarbókina, þegar umbæturnar hafa átt sjer stað.

5. gr.

Ef heilbrigðisnefndin telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarbót, sem hefir kostnað í för með sjer, skal hún leggja málið fyrir hreppsnefnd og fara fram á, að fjeð sje veitt úr sveitarsjóði. Neiti hreppsnefnd slíkri fjárveitingu, er heibrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar.

6. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu, og skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni, sem býr í húsinu, að vera húsráðandi. Skal húsráðandi gegna öllum þeim skyldum, með tilliti til húseignarinnar, sem annars hvíla á húseiganda, samkvæmt samþykt þessari. Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd, hver sje húsráðandi. Ef þessu er ekki fylgt, hvílir ábyrgðin bæði á húseiganda og leigjendum, og getur nefndin þá haldið sig að hvorum sem hún vill, eða báðum.

II. Um íbúðarhús.

7. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar, skulu vera svo gerð, að unt sje að halda þeim hreinum. Gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti einn í hverju herbergi, nema önnur loftræsting sje viðhöfð. Moldar-, aur- eða malargólf má ekki vera í nokkru íbúðarherbergi.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda húss, að ræstuð sjeu herbergi, ef þau eru svo óhrein, að nefndin telji húsbúum hættu búna af því.

8. gr.

Nú er íbúðarhús svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd telur heilsu manna hættu búna af íbúðinni, getur þá

nefndin bannað íbúðina. Skal hún tilkynna eiganda hússins bannið skriflega og færa rök fyrir, og skal þá fólkið fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, verði húsið ekki bætt á þeim tíma svo nefndinni þyki viðunandi. Eigi hjeraðslæknir ekki sæti í nefndinni, skal hún ætíð fá hann til að skoða hús, sem hún telur ekki íbúðarhæft, og fá umsögn hans um málið, áður en hún leggur íbúðarbann á húsið. 9 29. febr.

9. gr.

Kjallara má ekki nota til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndar. Kjallara undir íbúðarhúsum skal verja því, að vatn standi í þeim nokkurn tíma.

III. Um skóla.

10. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða, eða láta skoða, öll skólahús, hvort heldur eru opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti í byrjun hvers skólaárs.

Hver sá, sem tekur 10 börn eða fleiri til kenslu, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd og skólanefnd, hvar hann ætli að kenna.

11. gr.

Hver kenslustofa handa börnum skal vera svo stór, að 3,5 rúmmetrar komi á hvert barn, að minsta kosti. Allir gluggar skulu vera á hjörum. Gólf skal þvo á hverjum degi, en ekki sópa.

12. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður vör við í skóla nemanda eða kennara, sem hafa næman sjúkdóm, þá skal hún tilkynna hjeraðslækni nöfn og heimili þeirra, sem sjúkir eru. Ef heilbrigðisnefnd og lækni þykir ástæðu til, má banna, að kennarinn eða nemandinn komi í skólann, þangað til sótthættu er lokið.

IV. Um brauðgerðarhús.

13. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gát á öllum brauðgerðarhúsum og skipa bökurum að þvo gólf, loft og veggi, hvenær sem óhreint er.

Þeir menn mega ekki vinna að brauðgerð, sem tæringu hafa nje nokkurn annan næman sjúkdóm, eða opin sár eða útbrot á líkamanum. Deig má ekki hnoða með fótum. Öll tóbaksnautn er bönnuð í bakarastofum, og enginn má sofa í stofunum.

9 29. febr.

V. Um sölubúðir og samkomuhús.

14. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eftirlit með sölubúðum og samkomuhúsum og sjá um, að þar sje ræstað og þvegið eins oft og hún telur þess þörf. Vilji hlutaðeigendur ekki sætta sig við fyrirmæli nefndarinnar, geta þeir leitað álits hjeraðslæknis, sem þá ræður úrslitum.

VI. Um fráræslu.

15. gr.

Eldhússkólp og þvottaskólp má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sje á að jarðvegurinn saurgist. Öllu skólpi skal veita í lokuðum, þjettum ræsum burtu frá húsunum, svo langt sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa. Öll skólpræsi, hvort heldur á almannafæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn, að hvergi geti stýflast í þeim rensli. Skólptrog má ekki setja í samband við fráræslu, nema með vatnslás, sem heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi.

Undantekning frá ræslugerðinni má heilbrigðisnefnd gera, ef viðkomendur kjósa heldur að bera alt skólp svo langt í burtu, sem nefndin telur hættulaust.

16. gr.

Ef skólpveita er gerð á opinberan kostnað, skulu þeir, sem hús eiga nærri veitunni, skyldir að gera skólpræsi, hver frá sínu húsi, út í þá veitu, og skulu þau ræsi ekki miður gerð en aðalveitan.

VII. Um vatnsból.

17. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum. Bannað er að láta í þau fara eða að þeim koma rensli úr skólpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða peningshúsum, má ekki láta í þau fara eða nærri þeim koma neinskonar saurindi, sorp, slor, eða hræ, og ekki þvo í þeim eða fast við þau, hvorki fatnað, fisk, ull nje neitt annað, er óhreinkað getur vatnið. Bannað er að leggja gólfmottur, poka eða húðir í bleyti í vatnsból, eða nærri þeim.

18. gr.

Brunn eða vatnsþró má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að millibilið sje 12 metrar, og á jafnsljettu eða undan brekku ekki nær en svo, að millibilið sje 100 metrar. Brunn eða vatnsþró má ekki gera nema í samráði við heilbrigðisnefnd. Hún

getur einnig bannað að taka vatn úr brunnum eða þróm og lækjum um stundarsakir, ef hún telur vatnið óheilnæmt, og skipað fyrir um að fylla brunna og vatnsþrær, sem ekki verður gert við. 9 29. febr.

19. gr.

Með vatnsveitum í kauptúninu skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit og sjá um, að vatnsþrær sjeu hreinsaðar nægilega, og umbúnaður um þær sje nægur og góður.

VIII. Um peningshús, hauga og forir.

20. gr.

Stórgripi, geitfje, sauðfje eða hey má ekki hafa í mannahúsum.

21. gr.

Vilji einhver reisa peningshús eða gera for eða haughús, skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart áður en hann byrjar verkið. Skal hún þá gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara á eftir.

Ekkert peningshús, haughús eða for má setja nær vatnsbóli, íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 12 metrum (sbr. þó 18. gr. um vatnsból á jafnsljettu eða undan brekku).

Forir skulu gerðar úr grjóti og steinlími, svo að bæði botn og veggir sjeu vel vatnsheldir, og skulu þær vera lokaðar með nægilega sterkum hlerum. Forarveggir skulu ná að minsta kosti 0,5 metra upp úr jörðu. Opin haugstæði eru bönnuð.

22. gr.

Valdi peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en þessi samþykt, miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarinnar greinar, en heimilt er þó viðkomanda að skjóta skipun nefndarinnar undir úrskurð hjeraðslæknis.

IX. Um salerni.

23. gr.

Hverju íbúðarhúsi skal fylgja sjerstakt salerni, er sett sje á þeim stað, sem heilbrigðisnefnd ákveður í hverju einstöku tilfelli. Gólf í salerni skal vera steinlímt eða úr hefluðum og plægðum borðum, og liggi gólfið hærra en jarðvegurinn í kring. Hafa skal í salerninu saurkagga vel vatnsheldan, er falli vel að setunni. Hafa má salerni innan húss í sjerstökum klefa, ef góður loftsúgur er í klefanum, og saurílátin tæmd daglega. Ef vatnsheld þró er hjá húsi, má hafa

9 29. febr. salerni yfir henni, þannig útbúið, að saurindin fari jafnóðum í forina, en loftræsting skal þá vera góð í salerninu.

24. gr.

Í salernum skulu seta og gólf vera vel hrein, og saurílátin tæmd áður en þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja fyrir um, hvar láta megi saur úr salernum.

25. gr.

Ef engin salerni fylgja húsum þeim, sem eldri eru en þessi samþykt, eða þau eru illa gerð og óþrifaleg, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir geri salerni samkvæmt 23. gr.

Heimilt er heilbrigðisnefnd að láta byggja salerni til almenningsafnota. Kostnaður við byggingu þeirra og hirðingu greiðist úr sveitarsjóði.

X. Um sorp og önnur óhreinindi.

26. gr.

Sorpgryfjur má ekki hafa nær íbúðarhúsum, vatnsbólum eða alfaravegi en nemi 12 metrum, og skal frá þeim gengið eins og heilbrigðisnefnd fyrirskipar. Annars skal flytja alt sorp burtu daglega á þann stað, er heilbrigðisnefnd ákveður. Sorphaugar eru bannaðir.

27. gr.

Það er skylda sjómanna að flytja alt slor og fiskúrgang samdægurs á sjó út, ekki skemur en 200 faðma undan fjöruborði, nema því sje safnað í gryfjur með ráði heilbrigðisnefndar, borið á tún eða hagnýtt á annan hátt, og sje þá einnig gert samdægurs. Öll fjara eða aðgerðarstöðvar, fiskreitir og áhöld öll, sem notuð eru við aðgerð eða þvott á fiski, skulu hreinsuð í hvert sinn, er þau hafa verið notuð.

Þegar lóðir eru stokkaðar upp eða beittar, skal þess vandlega gætt, að öllu rusli af lóðunum og beituúrgangi sje safnað saman í ílát og flutt burtu jafnóðum, með slorinu. Sama gildir um skeljar utan af skelfiski, sem hafður er til beitu.

Formenn og bátaeigendur bera ábyrgð á, að ákvæðum þessarar greinar sje hlýtt.

28. gr.

Ef óhreinindi safnast fyrir, svo að fýlu leggur af, eða daunílt rensli fer út á alfaraveg eða inn á land þeirra, er næstir búa, getur heilbrigðisnefnd skipað þeim, er óþrifnaðinum veldur, að flytja óhreinindin burtu tafarlaust.

29. gr. 9

Hver sá iðnaður, sem óþrifnaður eða óhollusta fylgir, svo sem 29. febr.
lýsisbræðsla, sútun, fiskþvottur o. fl., skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrirmælum hennar, að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

XI. Um slátrun.

30. gr.

b. Af veðskuldarbrjefum	—	45	00		
c. Af innstæðu í Söfnunarsjóði	—	355	02		
d. Af innstæðu í sparisjóði	—	22	80		
				—	530 82
				Kr.	10588 23

Gjöld:

1. Auglýsing í Lögbirtingablað				kr.	14 00
2. Eign í árslok 1927:					
a. Veðdeildarbrjef	kr.	2400	00		
b. Veðskuldarbrjef	—	1000	00		
c. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	6372	35		
d. Innstæða í sparisjóði	—	640	58		
e. Hjá reikningshaldara	—	161	30		
				—	10574 23
				Kr.	10588 23

Biskupinn yfir Íslandi,

Reykjavík, 17. febrúar 1928.

Jón Helgason.

30. dag maímánaðar 1928. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h.f.

40

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Dalhoffs-legats árið 1927.

Tekjur:

Eign í árslok 1926:			
a. Innstæða í sparisjóði	kr.	2497	65
b. Vextir af veðdeildarbrjefum	—	67	50
c. Vextir af innstæðu í sparisjóði	—	1	49
d. Gróði á brjefakaupum	—	202	35
	Kr.	2768	99

Gjöld:

Eign í Árslok 1927:			
a. Veðdeildarbrjef	kr.	2700	00
b. Inneign í sparisjóði	—	68	99
	Kr.	2768	99

Reykjavík, 17. febrúar 1928.

Biskupinn yfir Íslandi,

Jón Helgason.

AUGLÝSING

41
31. mars

um

staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á lögreglusamþykt fyrir Vestmannaeyjakaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67, 28. nóvember 1919, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, er hjermeð staðfest eftirrituð

LÖGREGLUSAMÞYKT

fyrir

Vestmannaeyjar.

I. KAFLI.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sjer stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sje fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða er ætlað til almennings afnota, svo sem leikvellir, torg, bryggjur, bólvirki o. s. frv.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa, eða annarsstaðar, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer efir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Allir, sem fara um götur bæjarins utan gangstjetta, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, í vagni, í bifreið, á hjólum, eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sjer, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstjettarbrún, sem auðið er. Við krossgötur skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem er til vinstri handar. Þeir, sem fara um gangstjettir, skulu jafnan víkja til vinstri handar, en eru þó ekki skyldir til að víkja á akbraut, sje hún til vinstri handar.

41 4. gr.
31. mars Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt, eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjar reglu, eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

5. gr.

Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllum eða hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

6. gr

Á fjölförnum götum eða þar sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, stikk eða klink, ekki gera rennibrautir, renna sjer á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Lögreglan ákveður jafnan, hvaða götur þetta á við. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum, sleðum eða bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

7 gr.

Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannafæri eða Innrihöfn. Enginn má nota skotvopn, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra, sem einnig getur svift menn slíku leyfi. Á almannafæri má eigi kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gera með sjersttöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að allrar varúðar sje gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum nje annarsstaðar, þar sem hætta stafar af.

8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, eða í búningi, sem misbýður velsæmi, eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sjer hneykslanlega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn ókurteisum orðum eða ósæmilegum, eða með því að sýna af sjer ósæmilegt látbragð, svo sem að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt, hafa í frammi ölæðislæti eða vera ósjálfbjarga fyrir drykkjuskap, o. s. frv.

Þá menn, sem sökum ölæðis hafa í frammi háreisti á almannafæri, gjöra einhvern óskunda, barsmíð eða áreitni, má setja í varðhald og skulu þeir sæta sektum eigi minna en kr. 50.00.

9. gr. 41

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins 31. mars
eða annarsstaðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafið sjer til aðstoðar hvern fulltíða karlmann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI.

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema hann þurfi að gera vart við eldsvoða. Brot gegn þessari grein varða sektum, er ekki sjeu lægri en 50 krónur.

13. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sje slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, sem leyfið tiltekur. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum, 8 ára eða eldri, heimilað að selja dagblöð og frjettablöð, og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki, er gilda fyrir sjerstaka hátíðisdaga.

14. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húsriðum, í garðshliðum eða á öðrum stöðum, þar sem inn er gengið í hús, eða á húslóðir, nje fara inn í híbýli hans í söluerindum.

41 31. mars

15. gr.

Stjettir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Eftir þeim má eigi fara með sleða, reiðhjól, hjólburur, vagna nje önnur aktól nema barnavagna, og eigi bera, draga, velta eða á annan hátt flytja með sjer fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur, hey eða annað, sem tálmar umferðinni. Ljái, gaddhrífur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotist af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um þá búið, að engin hætta stafi af þeim. Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins eða annarsstaðar á almannafæri. Byssur skal ávalt bera þannig að opið viti upp.

16. gr.

Á almannafæri má eigi leggja eða setja neitt það, er tálmar umferðinni. Þó mega þeir, sem flytja að sjer vörur, eldivið, hey eða annað slíkt, og eigi geta lagt það frá sjer á sjálfs síns lóð, leggja það á torg og götur meðan á flutningnum stendur, en gæta skal þess, að það geri sem minstan farartálma. Að flutningnum loknum skulu þeir hreinsa vandlega götuna eða torgið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstjettum. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem notaðar eru til fólks- og vöruflutninga, og setur sjerstakar reglur þar að lútandi.

17. gr.

Á almannafæri má eigi vinna neina þá vinnu, er hindrar umferðina eða gerir hana hættulega, t. a. m. gera að fiski, draga af línu, höggva grjót, járna hesta eða því um líkt. Á almannafæri og á veggsvölum eða í gluggum, sem vita að almanna færi, má eigi hrista gólfdúka, viðra sængurföt, hengja föt til þerris, herða fisk eða annað þesskonar.

18. gr.

Vöruskápa, sjálfsala, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þesskonar, má eigi hengja utan á hús þannig, að óþægindi verði að á almannafæri, að dómi lögreglunnar. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi láta standa jurtapotta eða neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

19. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, nöglum, fiskúrgangi, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þesskonar á almannarfæri nje heldur skvetta þar vatni eða öðru, er haft getur í för með sjer hættu, óþrifnað eða óþægindi fyrir vegfarendur.

20. gr. 41

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, 31. mars
að tilhlýðilegt eftirlit sje haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára, mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 10 á kvöldin á tímabilinu frá 1. september til 14. maí, og ekki seinna en kl. 12 frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum. — Bannað getur lögreglustjóri börnum, sem ekki ganga þar til vinnu eða eiga erindi, að vera á bryggjum bæjarins eða við fiskhúsin, þegar farið er þar með fisk.

21. gr.

Enginn má gera skurð í gangstjettir, götur eða torg bæjarins, nje raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi veganefndar og samþykki lögreglustjóra. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minstur farartálmi sje að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur sjeu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kvöldi til þess bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

22. gr.

Þegar nýtt hús er bygt eða eldra hús rifið og bygt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda þess, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sjer á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandinn færa burtu, er húsagerðinni er svo langt komið, að því verði við komið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið burt, án þess að annað sje gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

41 31. mars

23. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þesskonar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir, sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera að minsta kosti 20 cm. há brík og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þesskonar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur.

Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimt er orðið.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

24. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta það svo sem þörf gerist til að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðstafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trjevegg eða annari girðingu liggur við hruni eða falli.

25. gr.

Nú álítur veganefnd, að bryggjum, pöllum eða öðrum mannvirkjum sje svo áfátt, að aðgerðar þurfi við, svo sem t. d. þegar göt eru á pöllum, eða mannvirkin eru svo fúin eða sprungin, að hætta getur af því stafað, að áliti veganefndar, fyrir þá, sem um fara, þá getur bæjarstjórn heimtað af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim, sem bæjarstjórn telur þurfa, svo hættulaust sje.

Nú er aðgerðin ekki framkvæmd svo fljótt, sem bæjarstjórn telur þurfa, og getur hún þá látið aðgerðina fram fara á kostnað eigandans, og má taka kostnaðinn lögtaki hjá eiganda mannvirkisins og hvílir aðgerðin sem lögveð á eigninni á undan öðrum veðböndum.

Nú er eigandi eða umráðamaður mannvirkis, sem aðgerða þarf, ekki viðstaddur í bænum eða ekki næst til hans hjer á landi, og er þá bæjarstjórn heimilt að framkvæma aðgerðina á kostnað eigandans án tilkynningar.

26. gr.

Vindur og önnur áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja að almannafæri, skulu vera nægilega traustar, og þeir, sem nota þær, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

27. gr. 41

Nú gengur kjallaragangrið út að stjett eða götu og lengra fram 31. mars
en húshliðin og skal þá vera handrið úr járni eða öðrum málmi beggja megin við þau og lögreglustjóri getur auk þess krafist, að kjallaraopið sje byrgt með hlemm eða hlera frá því að dimma tekur að kvöldi uns bjart er að morgni.

Í kringum birtugrófir við stjett eða götu skal setja handrið úr járni eða öðrum málmi, eða nægilegar sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stjettinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 sentimetrar.

28. gr.

Um þakrennur og rensli frá húsum í göturæsin eða rennurnar, skal svo um búið, sem fyrir er mælt í byggingarsamþykt kaupstaðarins.

29. gr.

Eigi má kasta í Daltjörnina, höfnina eða fjöruna, grjóti, möl, sandi, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskúrgangi nje öðru slíku, og ekki skilja neitt slíkt þar eftir.

III. KAFLI.

Um reið, lestaflutning og akstur á götum bæjarins.

30. gr.

Þeir sem ríða eða aka um götur bæjarins, skulu gæta tilhlýðilegrar varkárni, einkum þegar þeir fara fyrir götuhorn, yfir þvera götu eða fram úr hliðum. Þeir eru skyldir að nema staðar þegar í stað, þegar lögreglan gefur þeim merki til þess.

Á almannafæri má ekki ríða eða aka harðara en á hægu brokki og þar sem mikil er umferð, gatan mjó eða farartálmi á veginum, skal aðeins farið fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún raðað þeim eða skipað þeim að nema staðar um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga.

Eigi má ríða eða aka um gangstjettir bæjarins.

31. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum eða svo horuðum að ekki hafi þeir

41 fullan þrótt. Hestar sem bíta eða slá, skulu auðkendir á þann hátt, að
31. mars áberandi skúfur sje festur í ennistopp eða tagl.

32. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götum fyrir vögnum er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunum en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

33. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sje hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig, að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, er notaðir eru til mjólkurflutnings eða til annars flutnings, sjerstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að vera mælt í sjerstökum reglugjörðum.

Aktýgin skulu vera haldgóð og hesturinn vel girtur við vagninn.

Sæti ökumannsins á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel fram undan sjer og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðarmikið, að það byrgi útsýnið, er ökumanni skylt að ganga vinstra megin við vagninn og teyma eykinn.

34. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nógu sterkir[1] og þroskaðir til þess starfa, enda hafi þeim verið kent að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum eða ólarsvipum. Vírsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára.

35. gr.

Vagnhlassið má ekki vera þyngra en svo, að vagninn beri það og hestunum veiti ljett að draga það. Því á að vera vel komið fyrir á vagninum og fest svo að það ekki haggist. Það má hvorki ná langt út af vagninum nje dragast með jörðu. Um málmvarning skal svo búið, að sem minstur hávaði hljótist af.

36. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengslaðir sjeu saman. Það er og bannað að festa sleða eða handvagna við aktól, sem hestum er beitt fyrir.

Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má nema einn maður ríða við hliðina á vagni.

---

[1]) Sjá reglugj. nr. 129, $^{17}/_{11}$ '16 Stjrt. B.

37. gr. 41

Með vagna og hesta má aðeins fara eftir þeim hluta strætisins, 31. mars
sem ætlaður er til aksturs, en ekki eftir gangstjettum nje vegum, sem ætlaðir eru til annarar sjerstakrar notkunar. Ef gata í bænum er þröng eða mjög mikil umferð um hana, getur lögreglustjóri bannað alla vagnaumferð um hana, enda sje það auglýst með spjaldi á gatnamótum.

38. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegabrún eða gangstjett til vinstri handar, sem auðið er. Um götuhorn skal aka í kröppum boga, ef snúið er við til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagn eða hest, sem á undan fer.

39. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

40. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða vagna, heldur skal það gert sem næst gangstjettinni eða götujaðri og skal þá snúa vagninum þannig, að hlið hans sje jafnhliða gangstjettinni eða götujaðrinum. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða vagn heldur kyrru fyrir beint á móti hinumegin á götunni. Ennfremur er bannað að nema staðar með hest eða vagn á gatnamótum, eða fast við þau.

41. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri nema annar maður haldi í taumana eða hesturinn sje bundinn tryggilega. Á almannafæri má ekki taka beisli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið.

42. gr.

Um sleða, er hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna. Ennfremur gilda framanskráðar reglur um vagna einnig fyrir hjól og bifreiðar, eftir því sem við á, auk sjerreglna þeirra, sem hjer fara á eftir.

43. gr.

Slökkviliðið er undanþegið framanskráðum ákvæðum um vagna. Skulu allir víkja úr vegi fyrir því svo fljótt sem þeim er auðið. Sama gildir um sjúkravagna.

41
31. mars

IV. KAFLI.

Um bifreiðar.

44. gr.

Bifreið nefnist í samþykt þessari hvert það ökutæki, sem knúð er áfram af aflvjel í ökutækinu sjálfu og ætlað er til að flytja fólk eða varning. Samþyktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

45. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álíst hættuleg eða til sjerlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri bannað eða takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlægi.

46. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir 3., 6., 10. og 12. gr. í lögum um notkun bifreiða, nr. 88 frá 14. nóv. 1917 og reglugjörð um bifreiðar 28. apríl 1915, eða þeim lögum og reglugjörðum sem síðar kunna að verða settar þar að lútandi.

Ljós á bifreiðum skal tendra ekki seinna en á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á götuljóskerum.

47. gr.

Sjerhver bifreiðareigandi, sem búsettur er hjer í bænum, skal senda lögreglustjóra tilkynningu um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Lögreglustjóri lætur skoða bifreiðina og greiðir bifreiðareigandi kostnaðinn. Fullnægi bifreiðin ákvæðum þessarar samþyktar, skrásetur lögreglustjóri hana og afhendir eiganda merki með áletruðu V. E. og tölumerki, sem festa skal aftan á bifreiðina, svo að sjáist greinilega og má ekki taka það af henni, eða hylja á nokkurn hátt, meðan bifreiðin er notuð. Engin önnur merki mega vera aftan á bifreið, sem skrásett er hjer í bænum. Verði eigendaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra.

Lögreglustjóri ákveður hve margir menn megi í einu vera í bifreið, ef hún er ætluð til að flytja farþega fyrir borgun, og mega aldrei vera í henni fleiri menn, enda skal bifreiðarstjóri ávalt hafa meðferðis skírteini lögreglustjóra, er tiltekur farþegafjölda. Í hverri slíkri bifreið skulu og vera til sýnis öll gildandi ákvæði laga og reglugjörða um bifreiðar, svo og gjaldskrá.

48. gr. 41

Enginn má stýra bifreið nema hann sje fullra 21 árs að aldri og 31. mars
hafi ökuskírteini, er heimili honum að stýra bifreið.

Bifreiðarstjóri skal hafa einkennishúfu á höfði og framan á henni skulu standa skrásetningarstafir þess umdæmis, þar sem hann hefir fengið ökuskírteini og tölumerki skírteinis hans.

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðaakstur.

49. gr.

Ökuhraða bifreiða skal ávalt tempra svo, að komist verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sje ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 18 kílómetrar á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sjer skamt frá sjer, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur og þar sem mikil umferð er, skal gæta sjerstakrar varúðar, og má þar aldrei aka harðara en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sje for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur nje á gangstjettir.

50. gr.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar sem hinir komast fram hjá henni.

51. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð þegar hætt er við árekstri, og ávalt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak.

Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða óróir og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlægi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum; þeir bera og ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða.

52. gr.

Bannað er að nota til eldsneytis á bifreiðar steinolíu eða annað, sem reykur stafar af.

53. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiða, skal bifreiðarstjóri þegar stöðva bifreiðina, skýra frá nafni

41 sínu og heimilisfangi, ef þess er krafist, og hjálpa þeim, sem slasast
31. mars hefir, ef þörf gerist.

Ef hestur fælist eða verður órór, skal bifreiðarstjóri þegar í stað stöðva bifreið sína og gangvjel hennar.

Bifreiðarstjóri skal og ávalt stöðva bifreið, ef lögreglan gefur honum merki um að nema staðar.

54. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðarlaganna og reglugjörðum þeim, sem settar eru eða settar verða samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

V. KAFLI.

Um reiðhjól.

55. gr.

Þeir sem fara á reiðhjólum um götur bæjarins, skulu gæta þess er hjer segir:

a. Á hjólum mega ekki í senn vera fleiri menn, en hjólin eru gerð fyrir. Sá, er stýrir hjólum, skal ætíð halda að minsta kosti annari hendi um stýrið og hafa bafa báðar fætur á stigsveifum. Enginn má flytja með sjer á hjólum hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað umferðina.

b. Á hverjum hjólum skal vera bjalla, sem gefur hvelt hljóð, en ekki horn, og skal hjólamaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri, og ætíð áður en hann fer fyrir götuhorn eða yfir gatnamót.

c. Á hverjum hjólum skal þegar dimt er vera tendrað ljósker, er snúi fram og lýsi framundan sjer. Ljós skal tendrað eigi síðar en á þeim tíma, sem ákveðinn er til tendrunar á götuljóskerum bæjarins.

d. Ökuhraði á hjólum má ekki vera meiri en 18 kílómetrar á klukkustund og þar sem hjólamaður sjer skamt frá sjer í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil umferð er og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sjerstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðara en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sje for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, nje á gangstjettina. Skylt er hjólamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því að hestur fælist eða gerist órór.

e. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstjettum nje yfir þær og ekki inn eða út úr hliðum.

f. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og

heimilisfangi, ef þess er krafist og hjálpa þeim, sem slasast hefir, ef þörf gerist. 41 31. mars

Hjólamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það.

Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykt þessari, ef hann lánar þau þeim, sem er yngri en 15 ára.

VI. KAFLI.

Um rekstur gripa og fjenaðar um götur bæjarins o. fl.

56. gr.

Alifugla má eigi hafa á kaupstaðarlóðinni frá 1. maí til 15. sept. nema þeir sjeu í afgirtu svæði eða öruggri vörslu. Dúfur skulu altaf hafðar í öruggri gæslu, svo þær geti ekki flogið um óhindraðar.

57. gr.

Sauðkindur mega ekki ganga lausar á götum bæjarins.

Bannað er að flytja kindur bundnar í vögnum um bæinn.

Ákvæði þessarar greinar ná einnig til geitfjár.

58. gr.

Á almennafæri mega hestar ekki ganga lausir. Hesta sem ráfa umhirðulausir um götur bæjarins, skal lögreglan hýsa og fóðra á kostað eigenda þeirra.

Hestaeigendur eru skyldir að eiga hús fyrir hesta sína og hýsa þá í vondum veðrum.

VII. KAFLI.

Um friðun almenningseigna o. fl.

59. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almenningsafnota eða til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, síma, rafleiðslutæki, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þesshátta má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur ata eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum, múr- og trjegirðingum, sem liggur að almannafæri.

41 31. mars

60. gr.

Enginn má skemma girðingar, sem eru við almannafæri, nje setjast á þær eða klifra yfir eða upp um þær.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjágarða, hvort sem eru girtir eða ógirtir.

61. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sjer stað. Trje eða jurtir, sem gróðursettar eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa burtu, nje spilla eða saurga grafreitina á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sjer hund inn í kirkjugarðinn. Skepnum má eigi beita í kirkjugarðinum.

Börn yngri en 14 ára mega eigi vera í kirkjugarðinum, nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferða þeirra.

VIII. KAFLI.

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

62. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin þar sem þurfa þykir. Töluspjöldum, sem bæjarstjórnin hefir látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð skulu húseigendur halda við á sinn kostnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

63. gr.

Bæjarstjórnin ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldunum og öðrum stjórnvöldum, og skal hún á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld í því skyni svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleiki, samsöngva, sýningar og aðrar skemtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Aðrar auglýsingar má og festa upp með leyfi húsráðanda, þá er lögreglustjóra hafa verið sendar þær samkvæmt prentfrelsislögunum.

Á rafmagns eða símastaura má engar auglýsingar festa.

64. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglega uppfestar auglýsingar má enginn rífa niður eða gjöra ólæsilegar á annan hátt.

IX. KAFLI.

Um veitingahús, skemtistaði og almennar skemtanir.

65. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala, matar og drykkja eða gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sjerstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau, sem notuð eru í sambandi við veitingarnar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

66. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur ekki sýna af sjer ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta drukknum manni í tje neinskonar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitinga- eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefir á hendi veitingasölu, matar og drykkja, eða selur gistingar, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að neitt fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi.

67. gr.

Allir veitingastaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem eigi hafa náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, og heimilt skal fjelögum að halda samkvæmi, dansleiki eða aðrar skemtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en fjelagsmenn og gestir þeirra. Ennfremur mega brúðkaup og önnur boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma.

68. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. ákveður bæjarstjórnin hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

69. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinberar skemtanir, án leyfis lögreglustjóra. Án leyfis lögreglustjóra má og ekki kveikja skotelda eða ganga með logandi blys.

41 31. mars

70. gr.

Hver sá, sem samkvæmt framanskráðu hefir fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng eða einhverja þá skemtun eða sýningu, sem talin er hjer að framan, er skyldur að sjá um að ekkert það fari þar fram, sem brýtur í bág við reglur og velsæmi. Ef brestur verður á þessu er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við það eru staddir, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

71. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá, er leyfi hefir fengið til að halda skemtanir samkvæmt 68. og 69. gr. noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis er sjerhverjum, sem hefir sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemtanir, sem háreysti er að, sjeu hafðar svo nærri húsi hans að hætta eða tjón geti af því hlotist.

72. gr.

Við hvert veitingahús eða alment samkomuhús skal eigandinn láta gera náðhús og salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal veitingamaður eða húseigandi sjá um að því sje ávalt haldið vel hreinu.

X. KAFLI.

Um alment hreinlæti og þrifnað o. s. frv.

73. gr.

Á almannafæri má enginn fleygja hræjum, rusli eða öðrum óhreinindum. Eigi má heldur fleygja neinu slíku í Daltjörnina. Í ræsi má eigi kasta neinu því, er stíflað getur vatnsrásina.

Sorpi, slori, ösku eða öðrum óhreinindum má eigi kasta í fjöruna nje út að bryggjum eða bólvirkjum og eigi má heldur skilja þar eftir neitt það, er valdið getur óþrifnaði eða óheilnæmi.

74. gr.

Hey, þang, kolasalla, mold eða þesskonar, sem slæðist eða hrynur niður við flutning um almannafæri, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs.

75. gr. 41

Áburður og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja 31. mars
um götur bæjarins í lokuðum vögnum vel þjettum. Má eigi fylla þá svo að neitt hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur.

76. gr.

Á húshliðar eða gafla, eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neinskonar fiskiföng nje annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur. Eigi má heldur hafa fisktrönur við almannafæri. Lifrarbræðslu eða aðra vinnu, sem óþrifnaði veldur eða óhollustu, má eigi hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefndin ákveður.

77. gr.

Á tún, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

78. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má eigi hafa í nánd við almannafæri, nema í steinlímdum gryfjum vandlega birgðum, enda veiti heilbrigðisnefnd samþykki til þess.

79. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að sjá um, að haldið sje hreinum portum og annari óbygðri lóð kringum hús hans, eða óbygðri lóð, þar á meðal rústum, sem liggja að götu.

Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka að slíkt berist inn á lóðina. Hver sem gerist sekur um slíkt skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafarlaust burtu á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhreinindin berist af lóð hans á lóð annars manns.

80. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu út í göturæsið og skal leiða alt skólp frá því út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsum á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsið eða rennum þeim er liggja kunna út í göturennur og sjá um að afrensli í þeim stíflist ekki.

81. gr.

Götur bæjarins og göturæsin skal hreinsa á bæjarins kostnað svo oft sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

41
31. mars

XI. KAFLI.

82. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir Vestmannaeyjar, en skal, nema hitt sje beint fram tekið, því aðeins beitt utan kaupstaðarins að það þyki við eiga, eða því verði við komið.

83. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál.

84. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 15 ára drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

85. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans, samkvæmt samþyktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra, að vanræksla valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot gegn samþyktinni, greiðir bæjarsjóður, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu.

86. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykt þessari, og eigi verður krafinn af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

87. gr.

Með samþykt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykt fyrir Vestmannaeyjar frá 4. ágúst 1915.

Samþykt þessi öðlast gildi 15. apríl 1928.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. mars 1928.

Jónas Jónsson.

St. Gunnlaugsson.

SAMÞYKT

42
2. apríl

um

sýsluvegasjóð Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Með samþykt þessari er stofnaður sýsluvegasjóður Austur-Húnavatnssýslu, og skal úr honum greiða kostnað við þær vegabætur og vegaviðhald, sem að lögum hvíla á sýslufjelaginu.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

1. Vindhælisvegur, frá Laxárbrú að Höfnum.
2. Norðurárdalsvegur, frá Laxárbrú að Þverá.
3. Refasveitarvegur, frá þjóðveginum að Laxárbrú, og tilheyrir brúin á Laxá að jöfnu þessum vegi og Vindhælisvegi.
4. Laxárdalsvegur, frá Refasveitarvegi um Mýrar, og skamt fyrir sunnan Skrapatungu að Kirkjuskarði.
5. Auðólfsstaðaskarðsvegur af Langadalsvegi upp fyrir Gautsdal.
6. Svartárdalsvegur, frá Bólstaðarhlíð að Bergsstöðum.
7. Blöndudalsvegur, frá Langadalsvegi að Eyvindarstöðum.
8. Svínvetningabraut, frá þjóðveginum við Blöndubrú að Guðlaugsstöðum, með hliðarálmu frá Tindum um Reyki austur fyrir Svínadalsá.
9. Svínadalsvegur, frá Svínvetningabraut fram um Ljótshóla.
10. Reykjabraut, frá þjóðveginum rjett sunnan Þúfnalæks að Reykjum.
11. Vatnsdalsvegur, af þjóðveginum vestan Vatnsdalsár að Grímstungu.
12. Hagavegur, af þjóðveginum vestan Vatnsdalsár að Klofasteini.
13. Bryggjuvegur, frá þjóðveginum norðan Blöndu, út að bryggju.
14. Ferjuvegir:
    a. Frá Langadalsvegi um Holtastaðaferju á Svínvetningabraut sunnan Kagaðarhóls.
    b. Frá Blöndudalsvegi um dragferjuna á Svínvetningabraut.

Um legu og gerð þessara vega, sem enn eru ólagðir, skal fara eftir tillögum vegamálastjóra.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fásteignum í sýslunni, sem greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kaup-

42 2. apríl

túnum. Þó er hreppsfjelögum heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði, ef ⅔ hlutar lögmæts sveitarfundar óskar þess, og tilkynning er komin til sýslumanns fyrir 1. apríl. Sýslunefndin ákveður fyrir 1 ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera. Má hann ekki lægri vera en 1,5 ‰ af verði skattskyldra fasteigna eftir fasteignamati, og ekki hærri en 6 ‰, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. Skal skatturinn miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbættri eyðslu umfram áætlun undanfarið ár, en að frádregnu áætluðu tillagi vegafjelaga, hreppsfjelaga og ríkissjóðs. Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

4. gr.

Jafnhátt hundraðsgjald skal lagt á alla hreppa sýslunnar, nema Blönduóshrepp, er fær helmingseftirgjöf á skattinum.

5. gr.

Það er skilyrði fyrir fjárveitingu úr sýsluvegasjóði til lagningar akfærs sýsluvegar, að hlutaðeigandi vega- eða hreppsfjelag leggi jafnmikið til vegarins og sýslusjóður leggur til af vegaskattinum.

6. gr.

Undanskildar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

7. gr.

Í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög fyrir sig, skal hálfur skatturinn renna í sveitarsjóð, ef hreppsfjelagið ver til vegagerðar í hreppnum á því ári að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði sem hálfum vegaskattinum nemur, auk hreppsvegagjaldsins, sem það hefir til umráða það ár, og hafi hreppsvegagjaldið þá verið ákveðið með hámarki þeirrar upphæðar á hvern verkfæran mann, sem lög heimila.

8. gr.

Allir sýsluvegir skulu gerðir reiðfærir á kostnað sýsluvegasjóðs, svo fljótt sem ástæður leyfa. Sömuleiðis skal árlega hæfilegri fjárhæð úr sýsluvegasjóði varið til lagningar akfærra vega, uns því er lokið að fullu.

9. gr.

Sýslunefndin hefir á hendi alla stjórn sýsluvegasjóðsins, og yfirumsjón með vegagerðum og viðhaldi þeirra, enda er henni skylt að hlíta tillögum vegamálastjóra um skipun verkstjóra.

10. gr. 42

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. 2. apríl
Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþyktar og gilda þar um sömu reglur, og sýslusjóðsreikninginn. Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðsins yfir standandi ár. Afrit af sýsluvegasjóðsreikningnum, ásamt áætluninni, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

11. gr.

Sýsluvegasjóðurinn skal fá tillög úr ríkissjóði eftir því, sem ákveðið er í 8. gr. laga nr. 10, 20. júní 1923, og lögum nr. 28, 31. maí 1927.

12. gr.

Umsjón með vegagerðum og viðhaldi þeirra er falin stjórn vegafjelaga á þeim svæðum, er þau ná yfir. Annars hlutaðeigandi hreppsnefnd, eftir samráði við vegamálastjóra.

13. gr.

Gjöldum samkvæmt samþykt þessari fylgir lögtaksrjettur.

14. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða alt að 200 kr. sektum, er renna í sýsluvegasjóð, og fer með mál út af slíkum brotum sem almenn lögreglumál.

15. gr.

Með samþykt þessari eru feld úr gildi öll eldri ákvæði um sýsluvegi, er koma í bága við samþykt þessa.

16. gr.

Á samþykt þessari skal leita staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Samþykt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykt, samkvæmt lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. apríl 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

43 10. apríl **STAÐFESTING KONUNGS** á skipulagssskrá fyrir Gullbrúðkaupssjóð Einars Hjaltasonar og Ingibjargar Sigurðardóttur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 10. apríl 1928. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Gullbrúðkaupssjóð Einars Hjaltasonar og Ingibjargar Sigurðardóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Gullbrúðkaupssjóður Einars Hjaltasonar og Ingibjargar Sigurðardóttur", og er stofnaður í október 1927 í Vík í Mýrdal.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður af gjöfum frá vinum og velunnurum nefndra hjóna til minningar um 50 ára hjúskap þeirra, og er nú að upphæð kr. 910,00. Er ætlast til að honum geti, auk tilfallandi vaxta, hlotnast tekjur af tillögum, er menn kynnu að vilja láta honum í tje.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að úr honum megi með tímanum, samkvæmt eftirfarandi reglum, veita verðlaun þeim, sem fram úr skara í túnrækt og sauðfjárrækt (aðallega góðri meðferð á sauðfje), á svæði því, er núverandi Hvammshreppur í Vestur-Skaftafellssýslu nær yfir.

4. gr.

Fje sjóðsins skal geymast og ávaxtast í Landsbankanum í Reykjavík, og skulu vextir árlega leggjast við sjóðseign, en helmingi þeirra má verja samkvæmt 3. gr., þó þannig, að eigi má byrja á veitingu úr sjóðnum fyr en árið 1950. Sjálfa sjóðseignina má aldrei skerða, en þegar hún er orðin 5000 kr., má verja öllum vöxtum samkvæmt 3. gr., ef það þyktir henta. Eigi má veita einum manni hærri verðlaun úr sjóðnum en 100 kr., þótt fje sje meira fyrir hendi, nje lægri en 30 kr., og skal hin veitta upphæð ávalt standa á tug. Veita má sama manni úr sjóðnum oftar en einu sinni, en eigi oftar en á 8 ára fresti.

5. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd, er skulu vera: Sá af afkomendum Einars Hjaltasonar og Ingibjargar Sigurðardóttur,

er lengst hefir á jörð búið; ef tveir eða fleiri hafa jafnlengi búið, þá 43
sá, er eldri eða elstur er að aldri, eða ef eru jafnir að áratölu, þá 10. apríl
ræður hlutkesti. Ef ekki er um jarðarábúanda að tala, þá tekur sá, er elstur er af afkomendum sæti í stjórninni, og kona ef eigi er karl; utansýslubúi, ef enginn er innan sýslu. Meðan Einar Hjaltason er á lífi, er hann sjálfkjörinn stjórnarnefndarmaður. Annar maður í stjórn skal vera oddviti Hvammshrepps, en hinn þriðja tilnefnir sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu, til 10 ára í senn, og skal hann vera búsettur í greindum hreppi.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn sjóðsins hafa lokið reikningum hans fyrri hluta janúarmánaðar ár hvert. Skulu þeir síðan sendir endurskoðendum sjóðsins, sem eru 2 menn, annar hreppstjóri Hvammshrepps, hinn tilnefndur af Búnaðarfjelagi Hvammshrepps á 5 ára fresti.

7. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari. Breytingar á ákvæðum hennar síðar skulu því aðeins gildar, að stjórn sjóðsins leggi þær til, sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu gefi þeim samþykki sitt og konungur staðfesti þær á venjulegan hátt.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir minningar- 44
sjóð Jóhannesar Sigtryggssonar, útgefin á venjulegan hátt að man- 12. apríl
datum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12. apríl 1928. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

minningarsjóð Jóhannesar Sigtryggssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir minningarsjóður Jóhannesar Sigtryggssonar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja þá, sem sjúkir eru af berklaveiki, eða þeim öðrum sjúkdómum, er geislalækninga þarfnast, og eiga heimili eða sveitfesti í Akra- eða Viðvíkurhreppi, þegar þeir þurfa læknishjálpar vegna veikinda sinna. Þó skal ekki veita þeim styrk, sem annað-

44 hvort hafa þegið sveitarstyrk, sem ekki er endurgoldinn, eða eru svo vel
12. apríl efnum búnir, að stjórn sjóðsins telur þá ekki í þörf fyrir styrk.

3. gr.

Stofnfje sjóðsins er að upphæð kr. 1200,00 — tólf hundruð krónur. Það er gefið af vinum og vandamönnum Jóhannesar sál. Sigtryggssonar frá Framnesi í Skagafirði, er druknaði í Hjeraðsvötnum 23. júní 1919.

4. gr.

Ekki kemur til úthlutunar úr sjóðnum fyr en hann er orðinn kr. 2400,00 — tvö þúsund og fjögur hundruð krónur. Þá má úthluta alt að ¾ hlutum ársvaxtanna, en afgangurinn legst við höfuðstólinn, þar til hann hefir náð kr. 5000,00 — fimm þúsund krónum. Úr því koma allir ársvextirnir til úthlutunar, ef þörf gerist, annars leggjast þeir — ásamt öðru, er sjóðnum kann að hlotnast — við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.

5. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóði Sauðárkróks — ásamt þeim hluta árlegra vaxta, er ekki gengur til úthlutunar — þar til reist verður önnur lánsstofnun innan Skagafjarðarsýslu, er borgar hærri innlánsvexti, enda sje þar jöfn trygging fyrir vexti og viðhaldi sjóðsins, að áliti stjórnarnefndar.

6. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjón og eftirliti þriggja manna stjórnar, er þannig sje skipuð: Formaður hennar sje hjeraðslæknirinn á Sauðárkróki, og meðstjórnendur hreppstjórarnir í Akra- og Viðvíkurhreppi, eða þau stjórnarvöld, er kunna að koma í þeirra stað.

7. gr.

Stjórnin hefir á hendi úthlutun úr sjóðnum, og þarf ekki að senda henni umsóknir. Henni ber að senda árlega reikninga sjóðsins sýslunefnd Skagafjarðarsýslu til endurskoðunar, eða því stjórnarvaldi, er kann að koma í hennar stað. Stjórnin fær enga borgun fyrir störf sín.

8. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Framnesi, 16. maí 1927.

Sigurlaug Jóhannesdóttir.

BYGGINGARSAMÞYKT

45
26. apríl

fyrir

Akraneskauptún.

I. KAFLI.

VERKSVIÐ SAMÞYKTAR OG STJÓRN BYGGINGARMÁLA.

1. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir Akraneskauptún, innan þess svæðis, er skipulagsuppdráttur nær yfir. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, þegar byggingarnefnd og hreppsnefnd mæla með því.

2. gr.

Samþyktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafist breytinga á því, sem þegar hefir verið gert. Ennfremur nær samþyktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Byggingarnefnd úrskurðar í hvert skifti, hverjar aðgerðir skulu teljast höfuðbreytingar.

3. gr.

Stjórn byggingarmála er í höndum hreppsnefndar. Hún getur synjað um byggingarleyfi, sem byggingarnefnd hefir samþykt, enda sje það gert áður en mánuður er liðinn frá því að byggingarnefnd gerði tillögu sína (sbr. 48. gr. 5.). Hreppsnefnd getur ekki veitt byggingarleyfi án samþykkis byggingarnefndar.

Hreppsnefnd getur gefið byggingarnefnd umboð til þess að veita byggingarleyfi, án þess að borið sje undir hreppsnefnd.

Byggingarnefnd gerir tillögu um öll byggingarleyfi og hefir umsjón þess, að byggingarsamþyktinni sje fylgt.

Ef lóðarleigjanda, lóðareiganda eða húseiganda þykir rjetti sínum hallað með úrskurði hreppsnefndar, eða byggingarnefndar, getur hann skotið honum til ráðuneytisins.

4. gr.

1. Í byggingarnefnd eiga sæti: Hreppsnefndaroddviti, er sje formaður, og fjórir atkvæðisbærir hreppsbúar, er hreppsnefnd kýs. Tveir nefndarmenn ganga úr nefndinni á hverjum þriggja ára fresti, fyrsta sinn eftir hlutkesti.

45 26. apríl

2. Nefndin velur sjer ritara og heldur sjerstaka gjörðabók yfir athafnir sínar og ályktanir; undirskrifa allir viðstaddir nefndarmenn hana í hver fundarlok.
3. Nú er ágreiningur meðal nefndarmanna og atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði formanns úrslitum. Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktun meiri hluta, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.
4. Gjörðabók skal fylgja glögg skrá eða registur svo gert, að greiðlega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um hverja einstaka eign, er til hennar tekur.
5. Ennfremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll brjef og brjefabók.
6. Byggingarnefndarfundur er lögmætur, ef minst þrír nefndarmenn sitja hann.
7. Hreppsnefnd skal skipa byggingarfulltrúa og setja honum erindisbrjef með ráði byggingarnefndar. Hann skal vera vanur húsasmiður eða á annan hátt fengin vissa fyrir, að hann sje starfinu vaxinn. Í erindisbrjefinu má ákveða hæfilega þóknun fyrir þau störf, sem hann leysir af hendi, sem eftirlitsmaður með byggingamálum í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Þessi gjöld, svo og gjöld fyrir byggingarleyfi, skulu hafa lögtaksrjett og renna í sveitarsjóð, en byggingarfulltrúi skal hafa þóknun fyrir starf sitt úr sveitarsjóði. Byggingarfulltrúi skal hafa á hendi framkvæmd byggingarmála og eftirlit samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar.
8. Nefndin getur gefið byggingarfulltrúa umboð til að veita upp á sitt eindæmi ýms smávægileg byggingarleyfi, eftir því, sem nefndin kveður nánara á um. Skal byggingarfulltrúi rita úrskurð sinn á umsóknarskjalið og leggja málið svo fyrir byggingarnefnd á næsta fundi hennar.
9. Skylt er byggingarfulltrúa að sækja fundi byggingarnefndar, þótt eigi sje hann í nefndinni og hafi því eigi atkvæðisrjett á fundum hennar, en hinsvegar á hann þar tillögurjett.
10. Byggingarnefnd getur heimilað þeim, sem hefir hagsmuna að gæta, að koma á fund nefndarinnar og skýra ástæður sínar.
11. Byggingarnefnd leitar aðstoðar sjerfræðinga í þeim málum, er hana varðar, en brestur sjerþekkingu á.

5. gr.

Samkvæmt lögum nr. 55, 27. júní 1921, ásamt viðaukalögum nr. 27, 15. júní 1926, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, verður gerður skipulagsuppdráttur af kauptúninu, og fer um skipulag þess

samkvæmt ákvæðum þeirra laga og uppdráttum, sem gerðir verða samkvæmt þeim. 45 26. apríl

3. Tilkynna ber nágranna, ef mannvirki það, sem reisa skal, snertir hagsmuni hans. Ber yfirlýsing í þessa átt að fylgja umsókninni og tekið fram, hverja nágrannaeign sje átt við.

4. Á alla uppdrætti skal draga mælikvarða uppdráttarins í metramáli. Allir uppdrættir skulu undirskrifaðir af þeim, sem gerði þá. Sá, sem verkið er unnið fyrir, ber ábyrgð á, að það verði gert samkvæmt byggingarsamþykt og eins og uppdrættir sýna.

5. Eftir að byggingarfulltrúinn hefir kynt sjer umsóknina, leggur hann málið fyrir byggingarnefnd ásamt umsögn sinni. Ef fleiri nefndum ber að fjalla um málið, skal byggingarfulltrúi fyrst leggja málið fyrir þær nefndir. Þegar byggingarnefnd hefir gert tillögu sína, skal málið lagt fyrir hreppsnefnd, sem veitir byggingarleyfið, sbr. þó 3. gr.

Byggingarnefnd leggur annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafn sitt, en endursendir umsækjanda hitt eintakið með árituðum úrskurðum, að jafnaði innan hálfsmánaðar frá fyrsta fundi byggingarnefndar eftir að umsókn var afhent henni. Sje synjað um leyfið eða breytingar gerðar að samþyktarskilyrði, skal greina ástæður þess.

Öll byggingarleyfi skulu veitt með því skilyrði, að umsjón verksins og ábyrgð sje í höndum manns, sem byggingarnefnd telur til þess hæfan fyrir kunnáttu sakir og áreiðanleika.

6. Ekki má í neinu víkja frá samþyktum uppdráttum nema fengið sje leyfi byggingarnefndar til þess. 45 26. apríl
7. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við hendina nothæft á vinnustaðnum meðan á smíðinni stendur. Byggingarfulltrúa, svo og einstökum mönnum úr byggingarnefnd, sje jafnan heimill aðgangur að uppdráttunum og byggingunni meðan hún er í smíðum.
8. Húseigandi skal tilkynna byggingarfulltrúa með tveggja daga fyrirvara:
   a. hvenær byrjað verður á undirstöðum,
   b. hvenær rakavarnarlög verða lögð í veggi,
   c. hvenær þak verður reist á steinhúsi eða grind í timburhúsi,
   d. hvenær gólf verða lögð á bita eða járn í steypuloft.
9. Hreppsnefnd ákveður gjöld fyrir byggingarleyfi. Gjaldið rennur í sveitarsjóð.
10. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.

Um byggingarleyfi, sem fer í bág við samþykt þessa.

49. gr.

Nú veitir hreppsnefnd byggingarleyfi, en síðar kemur í ljós að mannvirkið fer í bága við samþyktina, þá getur byggjandi krafist sanngjarnra skaðabóta úr sveitarsjóði, svo framarlega sem það, er fer í bága við samþyktina, hafi sjest ljóslega í umsókn hans og á uppdráttum og sýnilegt sje, að hann hafi farið eftir bestu vitund, enda skal hann skyldur að breyta verkinu, svo það verði samþykt og reglum samkvæmt.

Um leyfi til þess að flytja í ný hús.

50. gr.

Eigi má taka hús til afnota fyr en fengið er vottorð byggingarfulltrúa að húsið fullnægi byggingarsamþyktinni.

Eftirlit með gömlum byggingum, forgörðum o. fl.

51. gr.

Byggingarnefnd skal sjá um, að öll mannvirki, girðingar, auglýsingarspjöld („skilti") og annað það er henni ber að líta eftir, geti eigi valdið hættu og sje ekki til óprýði. Byggingarfulltrúi hefir eftirlit þetta á hendi, en ef eigandi vanrækir að fullnægja kröfum hans, getur hreppsnefnd látið lagfæra það, sem byggingarnefnd telur með þurfa, á kostnað eiganda.

45 26. apríl

Nú er íbúð eða einstök herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, svo illa á sig komin, að þau, að áliti byggingarnefndar, sjeu óheilnæm eða eigi örugg til íbúðar, þá skal hún leita umsagnar hjeraðslæknis. Sje hann á sama máli og nefndin, getur hún krafist þess, að eigandi lagi gallana innan ákveðins tíma. Verði hann eigi við þessu, getur hreppsnefnd eftir tillögum byggingarnefndar úrskurðað, að ekki megi búa í íbúðinni.

Ef ekki er unt að flytja úr íbúðinni, vegna þess, að eigi er mögulegt að ná í aðra fyrir sæmilegt verð, ber hreppsnefnd að sjá um, að útvega íbúð jafnskjótt og hægt er.

IV. KAFLI.

SEKTARÁKVÆÐI OG BREYTING Á SAMÞYKT.

52. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum frá 50—500 krónur, og skal sekta bæði smið og eiganda, er hlut eiga að máli. Sektirnar renna í sveitarsjóð. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað rífa niður það, er fer í bág við ákvæði samþyktarinnar eða reglur þær, sem byggingarnefnd setur samkvæmt samþyktinni. Ella sje það rifið á hans kostnað. Sje um brot á 50. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sjerstakt leyfi byggingarnefndar, hafið án þess að leyfið sje fengið, skal lögreglustjóri undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkinu sje haldið áfram, fyr en fengið er leyfi byggingarnefndar.

Með mál út af brotum á samþykt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

53. gr.

Til þess að breyting á samþykt þessari geti öðlast gildi, þarf umræður hreppsnefndar á tveim fundum hennar, samþykki hreppsnefndar á breytingunni, og staðfestingu ráðuneytisins.

Samþykt þessi, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir samið og samþykt er hjer með staðfest samkvæmt lögum nr. 19. 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 55, 27. júní 1921, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. apríl 1928.

Magnús J. Kristjánsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ

46
1. maí

um

veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafjelagsins Fákur.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 1 kr., 2. kr., 5 kr. og 10 kr., sem greiðast veðmálastofunni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um það, hver hestur verður hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum skal skift þannig:

a. 80% skal skift hlutfallslega á þá upphæð, er veðjað hefir verið um, á þann hest er vinnur.
b. Afganginum (20%) sje varið til reksturs kappreiðanna, viðhalds og umbóta á skeiðvelli fjelagsins, og til reiðvegar Reykvíkinga. Tillagið til reiðvegarins má þó aldrei vera minna en 10% af hagnaði fjelagsins af starfsemi þessari.

4. gr.

Að hverju hlaupi loknu skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst, og vinningar borgaðir þegar í stað, gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Enginn upphæð, verður endurgreidd, ef hestur hleypur upp eða fer ekki af stað, og komi, af þeim eða öðrum orsökum, ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum fjelagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt, endurgreiðist veðfje aftur að frádregnum 20%.

46
1. maí

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgst, að innskot fáist að fullu aftur.

8. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu sem öllu háðir kappreiðareglum fjelagsins og úrskurði dómnefndar, t. d. þegar knapi er dæmdur úr leik missir hestur hans rjett til veðfjár o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klukkustund eftir síðasta hlaup, og því aðeins, að þeir sjeu með læsilegum tölum.

10. gr.

Unglingar innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugjörð þessi gengur í gildi þegar í stað og gildir til 5 ára.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum nr. 45, 31. maí 1927, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. maí 1928.

Jónas Jónsson.

St. Gunnlaugsson.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir „Mæðra- **47**
sjóð", útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju- 10. maí
málaráðherra 10. maí 1928. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Mæðrasjóð.

Jeg undirrituð gef hjermeð 2000 — tvö þúsund — krónur til sjóðstofnunar í minningu móður minnar, húsfrú Guðrúnar L. Ólafsdóttur frá Minni-Vatnsleysu, með eftirgreindum skilyrðum:

1. Sjóðurinn skal heita „Mæðrasjóður".
2. Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóðnum og má aldrei skerða höfuðstólinn, heldur auka hann á þann hátt, er nú skal greina:
   a. Með því að leggja árlega ¼ allra vaxta við höfuðstólinn.
   b. Með því að leggja við höfuðstólinn gjafir, sem sjóðnum kunna að berast, og er þá sjerstaklega gert ráð fyrir að ýmsir kynnu að vilja minnast á þann hátt mæðra sinna eða annara vandamanna eða vina. Skulu slíkar gjafir færast í sjerstaka bók, og gjafanna getið í ársreikningnum.
3. ¾ af vöxtum sjóðsins skal halda sjer og sje þessu varið til styrktar við að koma upp eða festa kaup á samkomuhúsi fyrir Trúboðsfjelag kvenna í Reykjavík. Eftir að slík bygging er orðin skuldlaus eign fjelagsins, þó ekki síðar en eftir 20 ár, skal fyrgreindum ¾ af vöxtum sjóðsins varið til styrktar farand trúboðs á evangelisk-lútherskum grundvelli, hjer á landi eða erlendis.
4. Stjórn sjóðsins sje skipuð 3 mönnum: Dómkirkjuprestinum í Reykjavík og 2 konum, sem Trúboðsfjelag kvenna í Reykjavík kýs til 5 ára í senn.
5. Leggist Trúboðsfjelag kvenna í Reykjavík niður, eða hætti að starfa í evangelisk-lútherskum grundvelli, leggjast allir vextirnir við höfuðstólinn, þar til slíkt kvennfjelag yrði stofnað á ný á sama grundvelli.
6. Á skipulagsskrá þessari skal beiðast konungsstaðfestingar.

Stóru-Vatnsleysu, 30. ágúst 1927.

Elín Sæmundsdóttir.

48 10. maí **STAÐFESTING KONUNGS** á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Margrjetar Sölvadóttur og Regínu Margrjetar Jónasdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 10. maí 1928. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Margrjetar Sölvadóttur og Regínu Margrjetar Jónasdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Margrjetar Sölvadóttur og Regínu Margrjetar Jónasdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af nokkrum vinkonum og Sigríði Sigfúsdóttur og Sölva Vigfússyni hreppstjóra, foreldrum Margrjetar Sölvadóttur f. á Arnheiðarstöðum í Fljótsdal 18. desember 1891 d. á Eiðum 13. jan. 1927 — og Hansínu Benediktsdóttur og Jónasi Kristjánssyni hjeraðslækni á Sauðárkrók, foreldrum Regínu Margrjetar Jónasdóttur f. á Brekku í Fljótsdal 30. apríl 1905 d. á Sauðárkrók 31. ágúst 1924.

3. gr.

Stofnfje sjóðsins er kr. 1270,00 sem ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, eða öðrum stað er stjórn sjóðsins telur tryggan.

4. gr.

Markmið sjóðsins er aðallega að gleðja og styrkja sjúklinga þá er dvelja í sjúkrahúsinu á Brekku í Fljótsdal.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins sjeu: Hjeraðslæknirinn í Fljótsdalshjeraði, kona úr Fljótsdalshreppi og kona úr Vallahreppi, sem kosnar sjeu á almennum sveitarfundum í þessum tveim hreppum til 6 ára í senn.

6. gr. 48

Sjóðurinn gefur út minningarspjöld, og skal selja þau í öllum 10. maí
kirkjusóknum læknishjeraðsins af mönnum sem stjórn sjóðsins felur það starf og skulu þeir gera skilagrein fyrir fje því er safnast á þann hátt, fyrir lok septembermánaðar ár hvert. Sömuleiðis skulu stjórnendur sjóðsins selja minningarspjöldin.

7. gr.

Verja skal fje því er safnast árlega fyrir minningarspjöld og gjafir til jólagjafa handa sjúklingum þeim er dvelja í sjúkrahúsinu á Brekku um jólin. Og skal stjórn sjóðsins sjá um allar framkvæmdir á því. Gjafirnar sjeu bækur eða aðrir eigulegir munir, sem eru merktir: Gjöf úr minningarsjóði Margrjetar Sölvadóttur og Regínu Margrjetar Jónasdóttur. Komi eitthvað ár meiri peningar inn en stjórn sjóðsins álítur þörf á til jólagjafa, ráðstafar hún afgangi peninganna til næstu jóla.

8. gr.

Jólagleðningur þessi má aldrei falla niður sje nokkur sjúklingur á sjúkrahúsinu.

9. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins verður orðinn að upphæð kr. 5000,00, skal verja ½ af ársvöxtum hans til að styrkja fátæka sjúklinga sem dvelja í sjúkrahúsinu á Brekku, en leggja ½ ársvexti við höfuðstól þar til sjóðurinn verður kr. 10000,00; frá þeim tíma og þar til sjóðurinn verður kr 20000,00 skal taka ⅔ af ársvöxtum, og þar til sjóðurinn verður kr. 30000,00 ¾ ársv. eftir það $^{9}/_{10}$ og leggja eftir það ætíð $^{1}/_{10}$ við höfuðstól

Þau ár, sem engin styrkþurfi er, leggjast allir ársvextir við höfuðstól. Þó skal stjórn sjóðsins heimilt að taka alt að ½ árstekjum sjóðsins áður en hann hefir náð áður greindri upphæð, til jólagjafa sjúklinga fáist eigi fje til þeirra á þann hátt sem um getur í 7. grein.

Höfuðstólinn má aldrei skerða.

10. gr.

Sjóðurinn starfar aðeins innan takmarka Fljótsdalslæknishjeraðs.

11. gr.

Sjeu engir fátækir sjúklingar á sjúkrahúsinu eftir að farið verður að veita styrk úr sjóðnum, skal hann veittur fátækum sjúkling-

48 10. maí um úr læknishjeraðinu sem þurfa að leita sjer læknishjálpar lengra burtu, eftir því sem stjórnin ákveður.

12. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ár hvert skal stjórnin birta gjörðir og reikninga hans á almennum sveitafundum í þeim hreppum sem sjóðurinn starfar.

13. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa á aðfangadag jóla 1927.

14. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Arnheiðarstöðum, 1. júlí 1927.

Sigríður Sigfúsdóttir. *Sölvi Vigfússon.*

Hansína Benediktsdóttir. *Jónas Kristjánsson.*

SAMÞYKT

49
25. apríl

um

lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað.

1. gr.

Allar sölubúðir í Akureyrarkaupstað, að undanskildum þeim sölubúðum, sem eingöngu versla með brauð og mjólk, skulu vera lokaðar eftir því, sem ákveðið er í 2. og 4. gr.

2. gr.

Sölubúðir skulu ekki opnaðar fyr en kl. 9 árdegis.

3. gr.

Sölubúðum skal lokað eigi síðar en kl. 7 að kvöldi alla virka daga ársins. — Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. — Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 11 síðdegis.

4. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum, eða annarsstaðar utan sölubúða kaupmanna, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verslunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og skipsforða handa skipum, og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum kaupmanna.

6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verslun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum, 20—500 kr., og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

18. dag júlímánaðar 1928.

Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h.f.

49 25. apríl

8. gr.

Með samþykt þessari er úr gildi numin samþykt um lokunartíma sölubúða á Akureyrarkaupstað frá 10. júlí 1923.

Samþykt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. apríl 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKT

um

50 6. júní

þyngd bakarabrauða brauðgerðarhúsa í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Þyngd bakarabrauða, bakaðra frá brauðgerðarhúsum innan lögsagnarumdæmis Siglufjarðar skal vera sem hjer segir:

1.	Rúgbrauð heil	3000 gr.
2.	Rúgbrauð hálf	1500 —
3.	Hveitibrauð (franskbrauð) heil	500 —
4.	Hveitibrauð (franskbrauð) hálf	250 —
5.	Sigtibrauð, heil	500 —
6.	Sigtibrauð, hálf	250 —
7.	Súrbrauð, heil	500 —
8.	Súrbrauð, hálf	250 —
9.	Landbrauð, heil	500 —
10.	Landbrauð, hálf	250 —
11.	Normal og hálfsigtibrauð, heil	2500 —
12.	Normal og hálfsigtibrauð, hálf	1250 —
13.	Hveitihleifar	1500 —

2. gr.

Óheimilt er að selja brauð þau, er að ofan greinir, með minni þyngd en segir í 1. gr., er þau eru vegin nýbökuð, en þó kólnuð svo, að

að vel megi handleika þau berum höndum. Brauðin mega ekki hafa meira vatn í sjer en 38%, þó skal það eigi teljast brot þótt einstöku brauð sjeu 3% ljettari en ákveðið er, en á þyngd 20 brauða má mismunurinn aðeins vera 1%. 50 6. júní

3. gr.

Brot á reglugjörð þessari varða sektum, alt að 100 kr., sem rennur í bæjarsjóð Siglufjarðar.

4. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 11, 16. mars 1917, um þyngd bakarabrauða, staðfestist hjermeð.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júní 1928.

Magnús J. Kristjánsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ 51 8. júní

um

eyðing refa í Borgarfjarðarsýslu.

I. KAFLI.

1. gr.

Á sameiginlegum fjallskilafundi hvers leitarsvæðis, skulu viðkomandi hreppsnefndir kjósa 1 mann til þess að hafa yfirumsjón refaeyðingarmála á leitarsvæðinu, og kallast hann refaeyðingarstjóri.

2. gr.

Hver búandi maður, er árlega skyldur að leita grenja í heimalandi ábýlisjarðar sinnar, (sbr. 8. gr. fjallskilareglug.). Á afrjettum og fjalllöndum skal leita grenja einu sinni eða tvisvar á vori hverju,

51 8. júní

og kveður refaeyðingarstjóri menn til þess, og skal skotmaður ávalt vera með í förinni. Finnist gren, sem refir eru við, í grenjaleit, skal skotmaður strax leggjast á grenið, en sá eða þeir er skotmaður kveður til þess, útvega honum þá aðstoð og hjálp sem til þess þarf. Finnist gren utan grenjaleitar, skal finnandi strax gera refaeyðingarstjóra aðvart, og gerir hann þá þegar nauðsynlegar ráðstafanir.

3. gr.

Með skotmanni skal ætíð vera vökumaður á grenjum, og skal hann ef mögulegt er líka vera skytta. Skulu þeir liggja þrjá sólarhringa á greninu, ef ekki eru áður unnin þau fullorðin dýr, sem þar eiga heima og yrðlingum náð. Vinnist gren ekki að fullu skal skotmaður sjá um að eitrað agn sje skilið eftir í greninu, og má hann þá ekki frá hverfa fyr en sólarhring eftir að eitrað var, ef yrðlingar eru í greninu. Gren má ekki rjúfa nje bræla.

4. gr.

Skotmaður fær 15 kr. fyrir hvert fullorðið dýr, enda sanni hann fyrir refaeyðingarstjóra, að hann hafi unnið dýrið. Auk þess fær hann 8 kr. fyrir hvern yrðling sem hann nær og lógar. Skotmaður og vökumaður fá dagkaup sem um semur.

5. gr.

Refaeyðingarstjóri skal halda bók yfir eyðing refa og gera skýrslu um það eftir fyrirmynd er stjórnarráð Íslands setur. Auk þess skal þar lýsa öllum grenjum á leitarsvæðinu, með stuttri en glöggri lýsingu, svo finna megi grenið af henni. (Best væri að kort herforingjaráðsins fylgi og væru grenin merkt á það).

6. gr.

Eitra skal fyrir refi árlega í hagfeldum stöðum og á hentugum tíma, og skal svo með farið, að sem minst hætta stafi af fyrir menn og búfje. Refaeyðingarstjóri skal brýna það fyrir þeim er hann felur að eitra, að sjeu rjúpur eitraðar, þá sje skylt að auðkenna eitruðu rjúpurnar með því að stýfa af þeim hálfan hægri væng. Til eitrunar skal nota „stryknin“ eða annað eitur ekki ósterkara, og skal refaeyðingarstjóri jafnan sjá um að nægar birgðir af því sjeu fyrir hendi. En gæta skal hann þess að eitrið komi í einskis manns hendur, nema þess er hann felur að eitra.

7. gr.

Allan kostnað við eyðingu refa skal greiða úr fjallskilasjóði þess leitarsvæðis sem landið liggur í. Þar sem hreppar eiga afrjett

utan sýslu, skal refaeyðingarkostnaður greiðast af fjallskilasjóði við- 51
komandi hreppa. 8. júní

8. gr.

Þeim skotmanni, sem sama vor vinnur sex fullorðin dýr, greiðir sýslunefnd 100 kr., sem verðlaun fyrir dugnað hans. Verðlaunin greiðast úr sýslusjóði, enda sanni skotmaður fyrir oddvita sýslunefndar með vottorði refaeyðingarstjóra að hann hafi unnið dýrin.

II. KAFLI.

9. gr.

Hver sem óskar að ala upp yrðlinga, verður að fá leyfi til þess hjá sýslumanni á hverju ári, áður en eldi byrjar. Fyrir leyfið greiðast 5 kr. er renna í sýslusjóð. Auk þess greiðir leyfishafi 5 kr. í sýslusjóð fyrir hvern belg sem hann sýnir og söluhæfir eru. Sama gildir um lifandi dýr sem seld eru. Fyrstu beiðni skal fylgja úttektargjörð sú, sem um getur í 10. gr.

10. gr.

Yrðlingaeldi skal banna, nema þeir sjeu hafðir í öruggu byrgi, er varið sje í hólf og gólf með sterku stálneti eða steinsteypu. Skal hlutaðeigandi hreppstjóri með lögskipuðum úttektarmanni taka byrgi þessi út, og meta hvort tryggilega sje frá þeim gengið. Sje þeim í nokkru áfátt að þeirra dómi og bæti eigandi það eigi þegar, skal hreppstjóri þegar kæra það fyrir sýslumanni.

Sá sem elur refi skal borga þessar úttektargjörðir svo sem venja er um aðrar úttektir.

11. gr.

Hreppstjóri hefir eftirlit með refaeldi í sínum hreppi. Skal hann hið fyrsta eftir að grenjavinsla er hjá liðin, og yrðlingaeldi er komið á, fara til og telja yrðlinga þá sem á eldi eru, og sjá um að tryggilega sje um þá búið. Þegar eldi er lokið og refir drepnir, skal hreppstjóri fara til og telja skinnin hjá refaeldismanni. Vanti nokkuð í tölu þeirra yrðlinga er teknir voru á eldi að sumrinu, sektast refaeldismaður, fyrir hvern yrðling sem á vantar, svo sem hann hefði sloppið, nema full sönnun komi fyrir að svo hafi ekki verið. Eftirlitsferðir hreppstjóra borgist honum af þeim sem yrðlingana elur, svo sem fyrir er mælt um ferðakostnað úttektarmanna.

12. gr.

Fyrir hvern yrðling sem sloppið hefir frá refaeldismanni greiðir hann 75 kr. í sekt. Sama gildir um hvern yrðling sem sleppur í flutn-

51 8. júní

ingi frá grenjum eða á annan hátt. Sekt greiðir sá er yrðlingana átti eða hafði þá í vörslum.

13. gr.

Hafi hreppstjóri refaeldi með höndum, eða sje nákominn refaeldismanni í sínum hreppi, skipar sýslumaður annan mann í hans stað, til þess að hafa á hendi eftirlit með refaeldi í hreppnum.

14. gr.

Brot gegn þessari reglugjörð varða sektum frá 10—500 kr. er renna í fjallskilasjóð.

Mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samið og samþykt, staðfestist hjermeð samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, samanber lög nr. 48, 28. nóv. 1919, til að öðlast gildi 1. júlí 1928 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1928.

Magnús J. Kristjánsson.

Vigfús Einarsson.

52 8. júní

REGLUGJÖRÐ

um

breyting á fjallskilareglugjörð Borgarfjarðarsýslu frá 9. ágúst 1920.

1. gr.

14. gr. fjallskilareglugjörðar breytist þannig:

Á eftir orðunum „og notar eigi sinn eigin afrjett“ bætist inn í greinina: „er honum þó skylt að gera fjallskil á afrjett sinn.“

2. gr.

24. gr. 2. liður orðist þannig:

Oddstaðarjett. Leitarsvæði: Að leitartakmörkum Rauðgilsrjettar frá Hvítá eins og Flókadalsá ræður alt að Oki, með Oki suður að Kalda-

dal og svo vestur sýslumót í Kvígindisfell. Úr Kvígindisfelli í upptök Tunguár og svo ræður Tunguá þar til bein lína fæst í Eiríksvatn, framanvert við bæjarrústirnar í Vörðufelli. Síðan ræður Fitjaá, Skorradalsvatn og Andakílsá til sjávar. 52 8. júní

Fyrsta Oddstaðarjett skal vera miðvikudaginn í 22. viku sumars, önnur miðvikudaginn í 23. viku, þriðja miðvikudaginn í 25. viku.

3. gr.

24. gr. 3. liður orðist svo: Hrafneyrarrjett. Leitarsvæði: Að norðan ráða leitartakmörk Oddstaðarjettar alla leið frá sjó til Kvígindisfells. Þaðan ráða landamerki Stóra-Botns til sjávar.

Fyrsta Hrafneyrarrjett skal vera miðvikudaginn í 22. viku sumars, önnur miðvikudaginn í 23. viku sumars, þriðja miðvikudaginn í 25. viku sumars.

Á þessu svæði skulu sundurdráttarrjettir vera í Efstabæ, Hreppsrjett, Leirár- og Melahreppi og Innri-Akraneshreppi. Úrtíningur úr öllum þessum rjettum rekist til Hrafneyrarrjettar.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samið og samþykt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júlí 1928.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1928.

Magnús J. Kristjánsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

um 53 8. júní

staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á samþykt um breytingu á og viðauka við heilbrigðissamþykt fyrir Siglufjarðarkaupstað frá 16. júní 1920.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvember 1905 um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjer með staðfest eftirfarandi samþykt um breytingu og viðauka á heilbrigðissamþykt fyrir Siglufjarðarkaupstað frá 16. júní 1920, sem bæjarstjórnin hefir samið og samþykt.

53 8. júní

Samþykt um breyting á og viðauka við heilbrigðissamþykt fyrir Siglufjarðarkaupstað frá 16. júní 1920.

I. KAFLI.

Um mjólkursölu.

1. gr.

Öll mjólkursala skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, og getur nefndin bannað mjólkursölu á eða frá heimili, ef næmur sjúkdómur gengur á heimilinu eða ástæða er til að ætla að kýrnar sjeu veikar.

Berklaveikir menn mega hvorki hirða kýr, mjólka eða hafa með höndum þá mjólk er selja skal.

Heilbrigðisnefnd getur og bannað mjólkursölu ef óþriflega er farið með mjólkina eða hreinlæti í fjósum og hirðing kúnna í svo löku standi að erfitt verði að forðast að mjólkin óhreinkist.

Mjólk má ekki selja í öðrum sölubúðum, en brauðbúðum eða sjerstökum búðum, þar sem eingöngu er verslað með mjólkurafurðir, enda fullnægi þá búð sú kröfum heilbrigðisnefndar um útbúnað og alla umgengni.

II. KAFLI.

Um sláturhús og kjötbúðir.

2. gr.

Enginn má slátra skepnum til að selja, nema hann hafi til þess fengið skriflegt leyfi bæjarstjórnar, og skal hún veita slíkt leyfi, ef fullnægt er þeim ákvæðum um tilhögun á sláturhúsum, sem hjer fara á eftir. Bæjarmönnum er þó heimilt að slátra fyrir sig heima hjá sjer, en ávalt skal það gert innan húss, nema heilbrigðisnefnd leyfi annað, og fylgja ber fyrirmælum heilbrigðisnefndar um þrifnað og hreinlæti.

3. gr.

Sláturhús má ekki reisa annarsstaðar en þar sem hægt er að koma afrensli til sjávar, eða í neðanjarðar göturæsi (Kloak).

Gólfið í húsunum skal vera steypt, og skal því halla að skólpopum, en frá skólpopum skulu liggja ræsi neðanjarðar til sjávar, eða neðanjarðar göturæsi, ef til eru.

Veggir skulu vera kalkaðir, gluggar skulu vera á tveimur hlið-

um mótsettum, og þá hægt að opna alla. Hólfa skal húsið í tvent að minsta kosti. Í einu hólfinu skal drepa skepnuna og gera til, í öðru hleypa úr innýflum. Skal vera sjerstakt skólpop á gólfi í hverjum klefa. Fast við innýflaklefann skal vera vatnshelt gorílát eða gorgryfja og skal hún gerð vatnsheld úr góðri steinsteypu og má aldrei vera opin svo að mönnum eða skepnum geti stafað hætta af. Hafa skal vatnshana í hverjum klefa í húsinu. 53 8. júní

Heilbrigðisnefnd getur fyrst um sinn leyft sláturhús, þó eigi fylgi öllum þessum ákvæðum.

4. gr.

Stíur, rjettir eða port, sem sláturfje er geymt í skulu vera flórlagðar og yfirbygðar.

5. gr.

Ekki má hafa sláturhús nær íbúðarhúsum, en nemi 10 álnum og ekki nær vatnsbóli, en nemi 15 álnum. Sama gildir um stíur, rjettir eða port, sem sláturfje er geymt í.

6. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að sláturhús sjeu vel þrifuð. Gólf skal skola hreint á hverjum degi, þá er slátrað er, jafnóðum og þau óhreinkast. Gorgryfjurnar skal tæma jafnóðum og þær fyllast. Rjettir skal moka daglega, þegar skepnur eru geymdar í þeim, og skal alt gor, áburður og úrgangur, strax flutt á þann stað, sem heilbrigðisnefnd ákveður. Hundum má ekki hleypa inn í sláturhús, og ekki kasta sullum úr skepnum þar sem hundar geta náð í þá, heldur skal brenna þá. Slátrarar skulu vera hreinlegir til fara og hafa ermar brettar upp fyrir olnboga. Bæjarstjórn getur tekið slátrunarleyfi af hverjum þeim, er vanrækir þessi þrifnaðarfyrirmæli.

7. gr.

Það er skylda hvers þess, er slátrar nautum, hestum, svínum eða kindum, að ráðfæra sig við dýralækni, þegar grunur leikur á, að einhver sjúkleiki finnist í kjötinu eða innýflum dýranna, sem óttast má að valdi sjúkdómi í mönnum ef neytt er.

Enginn má hafa til matar kjöt eða slátur af sjálfdauðum skepnum eða þeim, sem drepnar eru vegna sjúkleika, nema dýralæknir sje tilkvaddur og dæmi það ósaknæmt.

8. gr.

Öllum sölubúðum, þar sem nýtt kjöt er haft á boðstólum, skal haga eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Í slíkum búðum má eigi hafa

53 8. júní aðra vöru, en kjöt og matvæli, sem kjöt er haft í, reykt og niðursoðið fiskmeti, grænmeti, allskonar niðursoðnar vörur, egg og feitmeti, og skulu þær að minsta kosti fullnægja þeim skilyrðum, er hjer fara á eftir, enda má ekki taka þær til afnota, fyr en fengið er skriflegt leyfi heilbrigðisnefndar.

1. Gólf skal vera steinsteypt eða steinlagt, vatnshelt og á því skólpop og frá opinu skólpræsi.
2. Búðin skal vera 4 álnir undir loft. Loft skal gipsa. Veggi skal fóðra með gleruðum flögum.
3. Hafa skal í búðinni vatnshana, birtu sem mesta og loftrás í góðu lagi.
4. Á borðum, sem kjöt er lagt á, skulu vera marmarahillur, flögusteinsþynnur, zinkþynnnur eða annað jafngott efni.
5. Nikkelhúð eða zinkhúð skal vera á öllum snögum, sem kjöt er hengt á.

9. gr.

Öll matvælagerð af kjöti (bjúgu, kæfa o. s. frv.) skal háð eftirliti heilbrigðisnefndar, ef selja á matvælin. Að því er húsnæði snertir til matvælagerðar getur heilbrigðisnefnd fyrirskipað þann útbúnað, sem til er tekinn í 8. gr. 1.—5. lið.

10. gr.

Þeim mönnum, er slátra til sölu eða selja kjöt eða gjöra matvæli af kjöti til sölu, getur bæjarstjórn veitt undanþágu frá ákvæði 3., 5., 8. og 9. gr.

11. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að banna sölu á kjöti, nema skoðað sje og stimplað af manni, sem hefir vottorð dýralæknis um að hann sje fær um að framkvæma skoðunina.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. júlí 1928.

Þetta er hjer með gert heyrum kunnugt.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júní 1928.

Jónas Jónsson.

Sigfús M. Johnsen.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningar- 54
sjóð Jórunnar ljósmóður Jónsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að 21. júní
mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 21. júní 1928. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Jórunnar ljósmóður Jónsdóttur frá Rauðanesi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Jórunnar ljósmóður Jónsdóttur frá Rauðanesi". Stofnfje sjóðsins er 450.00 (fjögur hundruð og fimtíu) krónur.

2. gr.

Sjóðurinn tekur við hverskonar gjöfum og áheitum, og ennfremur fje sem inn kemur fyrir minningarspjöld, ef þau skyldu verða útgefin.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að líkna fátækum sængurkonum í Borgarhreppi hinum gamla (Borgar og Borgarneshreppum), sem var síðasta umdæmi hennar. Ef ástæður sjóðsins síðar leyfðu, og stjórn sjóðsins áliti það hægt, án þess að höfuðtilgangi sjóðsins sje hnekt, þá má einnig láta munaðarlaus börn njóta styrks af honum.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, eða að nokkru leyti í tryggum sparisjóði.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal jafnan skipuð 3 konum, sem kosnar eru til 3 ára af kvenfjelaginu „Líknarhöndin". Sundrist það fjelag, þá af þeim konum í Borgarhrepp, sem atkvæðisrjett hafa í sveitarmálum.

Stjórnarkonur skifta sjálfar með sjer verkum, og vinna kauplaust.

6. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn 2000 krónur, má verja helming vaxtanna samkvæmt ákvörðun 3. greinar; en þegar hann er orðinn 5000 krónur þá má verja ⅔ vaxtanna á sama hátt.

54 21. júní

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikning sjóðsins endurskoði 2 hreppsnefndarmenn Borgarhrepps, sem stjórnarkonur sjóðsins tilnefna. Svo skulu reikningarnir með umsögn endurskoðenda sendir sýslunefnd Mýrasýslu til fullnaðarsamþyktar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda sjerstaka gjörðabók, sem í sjeu bókaðar allar framkvæmdir sjóðstjórnarinnar, svo sem úthlutun styrktarfjár, kosningar, ársreikningar og sjerhvað annað, sem snertir hag sjóðsins.

9. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Ölvaldsstöðum, 25. apríl 1928.

Elísabet Fjeldsted. Ragnhildur Erlendsdóttir. Guðfríður Jóhannesdóttir.

55 21. júní

REGLUGJÖRÐ

um

notkun vatns og vatnsskatt í kauptúninu í Keflavík.

1. gr.

Hreppsnefnd Keflavíkurhrepps sjer um, að jafnan sjeu til í kauptúninu nægileg og trygg vatnsból til afnota fyrir íbúa þess.

Skal þar til kjörin vatnsnefnd annast um viðhald þeirra, en notendur greiði vatnsskatt eins og hjer segir:

a. Af öllum íbúðarhúsum, samkomuhúsum og sölubúðum á vatnsbólasvæðinu, er hreppsnefnd ákveður fyrir 1 ár í senn, skal greiða í vatnsskatt $2\frac{1}{2}{}^{0}/_{00}$ af fasteignarmatsverði þeirra, af íshúsum, gufubræðsluhúsum og brauðgerðarhúsum $3\frac{1}{2}{}^{0}/_{00}$ og af öllum öðrum húsum $1\frac{1}{4}{}^{0}/_{00}$.
b. Fyrir hverja kú greiðist kr. 2.00.
c. Fyrir hvern hest greiðist kr. 1.00.
d. Mótorbátar er hafa vatnsvjelar greiði kr. 10.00 hver.
e. Skip er kynnu að taka vatn, greiði kr. 0.50 fyrir hverja tunnu (120 lítra).

f. Brauðgerðarhús greiði aukagjald kr. 15.00 auk gjalds samkvæmt fasteignarmatsverði. 55 21. júní

g. Fyrir sjerstaka notkun vatnsins, fyrir hvern sem er, svo sem til húsabygginga, þvotta á verslunarvörum o. s. frv., greiðist sjerstakt gjald eftir ákvæðum vatnsnefndar, í hvert sinn og með áður fengnu leyfi hennar til notkunar vatnsins.

Gjald það, sem ákveðið er í staflið a—f er vatnsnefnd heimilað að hækka eða lækka eftir þörfum, um alt að 25% fyrir 1 ár í senn.

2. gr.

Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

3. gr.

Þeir er leiða vatn úr vatnsbólum kauptúnsins heim til sín, eru skyldir að greiða sama gjald og aðrir íbúar kauptúnsins.

4. gr.

Verði nokkur tekjuafgangur, þegar greitt hefir verið árlegt afgjald og annar kostnaður við vatnsbólin, skal hann lagður í varasjóð.

5. gr.

Skylt er hverjum íbúa kauptúnsins á vatnsbólasvæðinu að nota vatnsból kauptúnsins og greiða hinn ákveðna skatt, nema samningar komist á milli hreppsnefndar og þess er undanþágu leitar, um notkun vatnsbólanna og skattgreiðsluna, sem því aðeins getur komið til mála, að umsækjandi hafi áður átt vatnsból, er hann eingöngu notar.

6. gr.

Verði nokkur uppvís að því að skemma vatnsbólin, eða það, sem þeim tilheyrir, af kæruleysi eða ásettu ráði, skal hann bæta það að fullu eftir mati þar til kvaddra manna, enda sæti hegningu ef miklar sakir eru.

7. gr.

Hreppsnefndin kýs þrjá menn í vatnsnefnd sem hefir alla umsjón með vatnsbólunum, og skulu notendur snúa sjer til þeirrar nefndar um alt það, er vatnsbólunum verður ábótavant.

Vatnsnefnd kýs einn mann úr sínum flokki til þess að annast um innheimtu skattsins, og afhendir hann hreppsnefndinni fjeð, ásamt fullum reikningsskilum fyrir kostnaði við árlegt viðhald vatnsbólanna.

Innheimtumaður hefir 5% af upphæðinni, en ber jafnframt ábyrgð á innheimtu skattsins, að svo miklu leyti sem hann virðist gjaldkræfur.

55 21. júní

8. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti er 15. júlí og 15. október, og má taka hann lögtaki samkvæmt lögum 16. desember 1885.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Keflavíkurhrepps hefir samið og samþykt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. júlí 1928 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. júní 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

56 21. júní

KONUNGLEG STAÐFESTING á skipulagskrá fyrir minningarsjóð Kristrúnar Haraldsdóttur útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 27. júní 1928. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Kristrúnar Haraldsdóttur.

Sjóður þessi er stofnaður árið 1923 með 250 kr., sem Ungmennafjelag Hrunamanna gaf til minningar um dóttur okkar, er andaðist 29. desember 1922. — Árið sem leið höfum við bætt það miklu við sjóðinn, að hann var 1000 kr. í byrjun þessa árs.

Ungmennafjelagið fól okkur að ráðstafa sjóðnum og gerum við það þannig:

1. gr.

Sjóðurinn skal vera eign Lestrarfjelags Hrunasóknar, eða þess lestrarfjelags, sem Hrunasókn öll á aðgang að, þótt það hafi annað nafn eða nái yfir stærra svæði.

2. gr.

Lestrarfjelagsstjórnin skal annast um, að sjóðurinn sje ávaxt-

aður haganlega og tryggilega, og hafi á hendi stjórn hans og reikningsfærslu. 56 27. júní

Ef lestrarfjelagið legst niður einhvern tíma, þá er hreppsnefnd Hrunamannahrepps falin umsjón sjóðsins þar til er lestrarfjelag er aftur stofnað.

3. gr.

Höfuðstólinn má aldrei skerða, nje það sem við hann verður lagt hjer eftir. Í lok hvers árs skal ávalt leggja við höfuðstólinn ekki minna en tuttugasta hluta vaxtanna.

4. gr.

Ef lestrarfjelag er starfandi í Hrunasókn, og í því eru ekki færri en 20 fjelagar, sem greiða a. m. k. 2 króna árstillag hver, þá má verja í þarfir fjelagsins af vöxtum sjóðsins alt að 30 krónum á ári næstu 10 ár, í fyrsta sinn í ársbyrjun 1928, því næst alt að 40 kr. önnur 10 ár, og svo koll af kolli, þannig að tillagið hækki um alt að 10 kr. eftir hver 10 ár. — Ef ekkert það lestrarfjelag er til í Hrunasókn, sem fullnægi þeim skilyrðum, er hjer eru sett, þá skal leggja alla vextina við höfuðstólinn meðan svo stendur.

5. gr.

Ákvæðum 1. greinar og 3. greinar má aldrei breyta. En öðrum ákvæðum skipulagsskrár þessarar má stjórn lestrarfjelagsins breyta eftir vild, þegar sjóðurinn er orðinn 10.000 krónur — tíu þúsund krónur — enda skal leita konungsstaðfestingar á breytingunni, eins og á skipulagsskrá þessari.

Hrafnkelsstöðum, 10. október 1927.

Haraldur Sigurðsson. *Guðrún Helgadóttir.*

SAMÞYKT

57 28. júlí

um

sölu á lóðum bæjarsjóðs Reykjavíkur til íbúðarhúsabygginga.

1. gr.

Þegar einhver óskar að fá keypta lóð, sem er eign bæjarsjóðs, til að byggja á henni íbúðarhús, skal lóðin — ef bæjarstjórnin vill selja hana — seld með þeim kjörum, sem fyrir er mælt í eftirfarandi greinum.

57
28. júlí

2. gr.

Lóðin skal seld með þeirri kvöð, að byrjað verði að byggja íbúðarhús á henni innan eins árs og að húsið verði fullgert og íbúðarfært eiga síðar en 2 árum eftir dagsetningu kaupsamnings þess, sem gerður verður þegar kaupandi fær umráð yfir lóðinni. Verði kvöð þessari ekki fullnægt fellur lóðin aftur til bæjarsjóðs án endurgjalds, og án þess að afturkræft sje það fje, sem greitt hefir verið upp í andvirði hennar. Þó skal kaupandi fá endurgoldinn eftir óvilhallra manna mati þau verk, er hann hefir unnið til umbóta á lóðinni.

Brenni íbúðarhús á lóðinni, eða verði rifið, skal það vera kvöð á lóðinni, að íbúðarhús verði reist á henni aftur innan tveggja ára, nema bæjarstjórn banni að byggja aftur á lóðinni eða öðruvísi um semjist. Farist fyrir að reisa aftur íbúðarhús á tilsettum fresti, skal bæjarstjórninni heimilt að kaupa lóðina handa bæjarsjóði fyrir 4/5 hluta hins upprunalega söluverðs, auk endurgjalds fyrir verk, sem unnin hafa verið til umbóta á lóðinni, og skal bæjarsjóður greiða eiganda andvirði þeirra eftir mati óvilhallra manna.

3. gr.

Söluverð lóðar skal ákveðið af matsnefnd þeirri, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 59, 3. nóvember 1915 um mat á lóðum og löndum í Reykjavík, og eftir þeim reglum, sem þau lög ákveða.

Um söluna skal gera kaupsamning og greiðir kaupandi við undirskrift samningsins 1/5 — einn fimta — hluta söluverðsins. Afsal fyrir lóðinni skal gefa þegar hús er fullgert á henni og íbúðarhæft. Við afsal skal kaupandi greiða aftur 1/5 — einn fimta — hluta söluverð og gefa út skuldabrjef fyrir þeim 3/5 — þrem fimtu — hlutum söluverðsins, sem þá er ógreitt, með veði í húsi og lóð næst á eftir veðskuldum, sem sjeu ekki hærri en 3/5 — þrír fimtu — hlutar af virðingarverði eignarinnar, eins og hún er metin til veðdeildar eða annarar slíkrar lánstofnunar.

Sá hluti söluverðs lóðar, sem skuldabrjef verður gefið fyrir, skal greiðast með jöfnum árlegum greiðslum á ekki lengri tíma en 15 árum og vexti skal greiða 5 — fimm — af hundraði á ári af eftirstöðvum skuldarinnar, eins og hún er á hverjum gjalddaga. Vextir greiðast eftir á og gjalddagi vaxta og afborgana skal vera 1. apríl ár hvert.

Sjeu vextir og afborganir eigi greidd áður en tveir mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal skuldunautur greiða bæjarsjóði dráttarvexti, er nemi 1 — einni — krónu af hverjum 100 krónum fyrir hvern mánuð, eða hluta úr mánuði, er líður frá gjalddaga uns greiðslan fer fram og skulu dráttarvextir einnig trygðir með veðinu. Í skuldabrjefi skal ákveða að ganga megi að veðinu án undangengis dóms eða sáttar.

Allar greiðslur fara fram í skrifstofu bæjargjaldkerans í Reykjavík.

4. gr.

Frá því að, kaupsamningur er gerður skal kaupandi greiða alla skatta og gjöld til opinberra þarfa, sem lögð eru, eða verða á hina seldu lóð, þar á meðal lóðargjald til bæjarsjóðs. 28. júní

Kaupsamning má ekki veðsetja eða afhenda öðrum fyr en byrjað er á byggingu húss á lóðinni, nema leyfi bæjarstjórnar fáist til þess.

Kaupandi greiði kostnað við þinglestur kaupsamnings, afsals og skuldabrjefs og öll stimpilgjöld, sem kaupunum eru samfara.

5. gr.

Sje að ræða um sölu á lóð, sem áður hefir verið leigð samkvæmt samþykt um leigu á lóðum til íbúðarhúsabygginga og búið er að byggja á íbúðarhús, þá skal farið eftir ákvæðunum í undanfarandi greinum, að öðru leyti en því, að kaupsamning skal ekki gera, heldur gefa afsal fyrir lóðinni um leið og leigusamningur er feldur úr gildi. Skal þá kaupandi greiða $\frac{2}{5}$ — tvo fimtu — hluta söluverðs við afsal, en gefa skuldabrjef fyrir eftirstöðvunum.

6. gr.

Andvirði lóða sem bæjarsjóður selur samkvæmt þessari samþykt, skal að $\frac{1}{3}$ — einum þriðja — hluta renna í skipulagssjóð Reykjavíkur, sem stofnaður er með samþykt 7. nóvember 1927 um leigu á lóðum bæjarsjóðs Reykjavíkur til íbúðarhúsabygginga.

Heimilt skal bæjarstjórn að verja af fje Skipulagssjóðsins til kaupa á lóðapörtum, heilum lóðum og húseignum, svo sem þörf krefur vegna framkvæmda á breyttu skipulagi í bænum, enda setji bæjarstjórn reglugjörð um sjóðinn, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfesti.

Samþykt þessi, sem bæjarstjórnin í Reykjavík hefir samið samkvæmt 31. gr. tilskipunar 20. apríl 1872, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júlí 1928.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. júní 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

58 29. júní KONUNGLEG STAÐFESTING á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Brynjólfs Magnússonar, organista á Prestsbakka á Síðu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 29. júní 1928. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Brynjólfs Magnússonar, organista, frá Prestsbakka á Síðu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Brynjólfs Magnússonar, frá Prestsbakka á Síðu.

2. gr.

Sjóðurinn er gefinn af prófasti Magnúsi Bjarnarsyni á Prestsbakka á Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu, til minningar um son hans.

3. gr.

Stofnfje sjóðsins er 2000 — tvö þúsund — krónur. Sjóðurinn ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands. Höfuðstól hans má aldrei skerða, nje það, sem við hann er lagt, hvort heldur það stafar af viðlögðum vöxtum, áheitum, gjöfum eða öðru, er fellur honum til aukningar. Er alt slíkt jafnt háð ákvæðum skipulagsskrár þessarar, sem frumstofninn, og má aldrei hafa að eyðslufje. Sjóðurinn er æfinleg eign Síðuhreppa — Hörgslands og Kirkjubæjar —, innan Kirkjubæjarklaustursprestakalls í Vestur-Skaftafellssýslu.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er sá, að skógskrýða þessa hreppa, svo sem verða má, og nytsemd og prýði er að. Áhersla skal lögð á, að gróðursetning og ræktun skógar sje ger af framsýni, forsjá og undir umsjón skógfræðings, sem starfar fyrir það opinbera að skógrækt Íslands, svo að hún verði staðgóð og varanleg, en verði eigi spilt af völdum búpenings, nje vanhirðu eða átroðningi manna.

5. gr.

Þar til skógræktarsjóri Íslands telur annað girðingarefni hentugra, skal girða svæði þau, sem tekin verða til skógræktar, með traustum vírnetsgirðingum.

6. gr. 58

Stjórn sjóðsins skipa: sóknarprestur Kirkjubæjarklausturs- 29. júní
prestakalls, hreppstjórar Síðuhreppa og 2 menn, karlar eða konur, kosnir til 5 ára í senn á vorhreppaþingi; annar úr Hörglandshreppi, hinn úr Kirkjubæjarhreppi. Stjórnin kýs sjer formann, ritara og gjaldkera til 5 ára í senn. Formaður kveður til funda og stýrir þeim. Honum sendast og umsóknir um styrk úr sjóðnum. Ritari ritar fundargjörðir í fundarbók, annast brjefaskriftir stjórnarinnar, varðveitir viðskiftabók og önnur skjöl, er sjóðinn snerta. Gjaldkeri varðveitir viðskiftabók sjóðsins við Söfnunarsjóðinn, hefir reikningshald sjóðsins á hendi, varðveitir fje það, sem árlega útborgast úr Söfnunarsjóðnum til skógræktar, útborgar styrki til skógræktarinnar og önnur gjöld, er verða, eftir ávísun formanns og ritara, og semur árlegan reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins, sem samþykkist og undirritist af allri stjórninni. Reikningurinn sendist sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu, er endurskoðar hann og úrskurðar. Stjórnin öll ákveður styrkveitingar úr sjóðnum og ráðstafar því, er þörf krefur í þágu hans. — Yfirstjórn skógræktar þessarar hefir skógfræðingur Íslands eða þau völd, er í hans stað kunna að koma.

7. gr.

Til ársins 1938 leggjast allir vextir við höfuðstól minningarsjóðsins. Frá því ári til ársins 2000 falla til útborgunar $\frac{2}{3}$ ársvaxtanna; eftir þann tíma $\frac{3}{4}$, og sje svo jafnan síðan.

8. gr.

Nú sækir búandi eða landhafi, einn eða fleiri, þeirra hreppa, er áður segir, um styrk til skógræktar úr sjóðnum, og skal hann þá, eða þeir, er fleiri eru, fyrir 1. nóv. árið áður, senda formanni sjóðsins skriflega umsókn. Skal þar ger full grein fyrir, hvern veg hann hugsar sjer að nota styrkinn, og hve stórt svæði hann ætlar að taka til skógræktar, og skuldbinding um að vandlega sje frá öllu gengið. Að öðru jöfnu skulu þeir, sem sitja á jörðum, sem erfiðleikar eru á að nota raforku, sitja fyrir, ef þeir ætla að græða upp skóg til eldsneytis, og sömuleiðis þeir, sem hlutfallslega leggja mest fram af eigin fje móti styrknum úr sjóði þessum. Þá skal og gæta nokkurs jafnaðar milli hreppanna við styrkveitingar. — Sjerhver, sem styrks nýtur, geri stjórninni glögga skýrslu, hvernig fjenu hefir verið varið. — Stjórn sjóðsins úrskurðar og tilkynnir skriflega fyrir nýár, hvort styrkur veitist, hverjum og hve mikill. — Nú sækir eitthvert ár enginn um styrk úr sjóðnum, og falla þá allir vextir sjóðnum til aukningar.

58 9. gr.
29. júní 10. hvert ár skal skógfræðingur, eða sá maður, er skógræktarstjóri tilnefnir, skoða alla skóga á skógræktarsvæðinu, og gefa stjórn sjóðsins skýrslu um, í hvaða ástandi sjerhvert skógræktarsvæði sje. Finnist hjá einhverjum vanræksla á settum skilyrðum fyrir styrkveitingunni eða vanhirða á skóginum, eða öðru, er að skógræktinni lýtur, skal stjórnin áminna hann um að ráða bót á því, sem áfátt er, og eigi veita honum framhaldsstyrk til aukinnar skógræktar, fyr en hann hefir kipt því í lag, sem áfátt var. Skógræktarstjóri eða umboðsmaður hans, setja reglur um skógarhögg yfir höfuð, og sjerstaklega til eldsneytis. — Veita má, þegar ástæða þykir, einkum þeim, er mikið leggja hlutfallslega fram til skógræktar af eigin fje, styrk oftar en í eitt skifti, þó fleiri eða færri hreppsbúum hafi eigi þegar verið veittur styrkur til skógræktar, þegar þeir hafa sýnt áhuga og alúð við skógræktina.

10. gr.

Þá er sjóðurinn hefir tæmt upprunalegt starfssvið sitt, má með breytingu á skipulagsskrá þessari, á almennum hreppsfundi beggja hreppanna, þar sem ¾ hlutar búendanna eru mættir, víkka starfssvið hans til annara nytsemdar fyrirtækja í Síðuhreppum. Þó skal jafnan varið nokkru fje til viðhalds skóganna og girðinga umhverfis þá. Atvinnumálaráðuneytið samþykkir breytingu þessa.

Skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Vjer undirritaðir Þorlákur Vigfússon, hreppstjóri Hörgslandshrepps, Björn Runólfsson. hreppstjóri Kirkjubæjarhrepps, og Magnús Bjarnarson, sóknarprestur Kirkjubæjarklaustursprestakalls, lýsum því hjermeð yfir, að vjer munum takast á hendur þau störf, sem framanrituð skipulagsskrá leggur oss á herðar.

Þorlákur Vigfússon. Björn Runólfsson. Magnús Bjarnarson.

Að sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu taki að sjer að endurskoða reikninga framangreinds minningarsjóðs, samþykkist hjermeð.

F. h. sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu.

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 1. okt. 1927.

Gísli Sveinsson.

59
6. júlí

REGLUGJÖRÐ

um

skoðun á síld og ýmsar framkvæmdir Síldareinkasölu Íslands.

Samkvæmt lögum nr. 8, 15. apríl 1928 hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sett eftirfarandi ákvæði um skoðun á síld og um nánari framkvæmdir Síldareinkasölu Íslands.

I. KAFLI.

Framkvæmdarstjórn, prókúra o. fl.

1. gr.

Ekkert skip má afgreiða frá íslenskri höfn, er hefir meðferðis til útlanda síld, saltaða, kryddaða eða verkaða á annan hátt, nema þá, sem útflutt er að tilhlutun, eða með leyfi „Síldareinkasölu Íslands". Undanskilin er aðeins sú síld, er innlendar verksmiðjur senda út í loftþjettum dósum, beinlausa, eða lagða í olíu eða krydd.

2. gr.

Útflutningsnefnd hefir yfirstjórn á öllum framkvæmdum einkasölunnar. Til þess að skuldbinda einkasöluna þarf undirskrift minst þriggja nefndarmanna.

Nú getur útflutningsnefndarmaður ekki mætt á fundi, eða ekki næst til hans, þegar taka þarf einhverja ákvörðun, og skal þá kveðja til varamann hans.

3. gr.

Þrír framkvæmdarstjórar, kosnir af útflutningsnefnd, hafa á hendi alla daglega stjórn og umsjón einkasölunnar samkvæmt því, sem nánar er tilgreint í 4. gr. einkasölulaganna, sbr. 5. og 7. gr. þeirra. Framkvæmdarstjórar eru jafnir að völdum og hafa hver um sig prókúruumboð fyrir einkasöluna.

4. gr.

Heimili einkasölunnar og varnarþing er á Akureyri.

Útflutningsnefnd er sakaraðili í málum, er einkasöluna varða, og er löglegt að birta stefnu formanni hennar.

59 6. júlí

5. gr.

Nú verður einkasalan skaðabótaskyld, og greiðast þá skaðabætur úr varasjóði einkasölunnar, meðan til hrekkur. Nægi varasjóður ekki, greiðast bæturnar til bráðabirgða af óskiftu andvirði seldrar síldar það ár, sem skaðabæturnar falla til útborgunar, ef annað fje er ekki fyrir hendi, en endurgreiðast eigendum þeirrar síldar, að nokkru eða öllu leyti, eftir nánari ákvörðun útflutningsnefndar, þegar varasjóður verður greiðslufær. Nú hefir skaðabótakrafa verið gerð og er þá einkasölunni heimilt að leggja til hliðar fje til skaðabótagreiðslunnar, af andvirði seldrar síldar það ár, er tildrög til skaðabótanna urðu. En komi ekki til skaðabótagreiðslunnar, skal geymslufjenu úthlutað síðar til þeirra síldareigenda, er frádráttinn urðu að þola.

6. gr.

Nú verður einhver skaðabótaskyldur einkasölunni fyrir samningsrof, og renna þær skaðabætur þá í varasjóð.

II. KAFLI.

Umboðsmenn.

7. gr.

Aðalumboðsmenn einkasölunnar skulu vera fimm. Hefir einn þeirra heimili á Akureyri, eða fast aðsetur þar, meðan þörf krefur. Hefir hann til yfirsóknar svæðið frá Langanesi til Ólafsfjarðarmúla. Annar hefir heimili á Siglufirði, eða fast aðsetur, og hefir til yfirsóknar svæðið frá Ólafsfjarðarmúla til Hornbjargs. Þriðji hefir heimili á Vestfjörðum og hefir til yfirsóknar svæðið frá Hornbjargi til Dyrhólaeyjar. Fjórði hefir heimili á Austfjörðum og hefir til yfirsóknar svæðið frá Dyrhólaey til Langaness.

Auk þess skal einkasalan hafa einn sjerfróðan aðalumboðsmann, er hefir aðsetur á Siglufirði eða Akureyri. Skal hann hafa umsjón með þeirri síld, sem er krydduð, sykursöltuð, eða verkuð að einhverju leyti öðruvísi en venjuleg saltsíld.

8. gr.

Aðalumboðsmenn skulu hafa sjerstaklega góða þekkingu á síld og öllu, er að síldarverkun lýtur, svo og á kröfum síldarneytenda í helstu síldarmarkaðslöndum, til þessarar vöru. Sje eigi kostur manna með slíka sjerþekkingu, getur útflutningsnefndin sjeð þeim mönnum, er hún að öðru leyti telur sjerstaklega vel til þess starfa fallna, fyrir fræðslu í þessum greinum, og má til þess verja alt að hálfum kostn-

aði úr markaðsleitarsjóði, gegn hinum hluta kostnaðarins annarsstaðar frá. 59 6. júlí

9. gr.

Útflutningsnefnd gefur aðalumboðsmönnum erindisbrjef, og ákveður laun þeirra. Þeir skulu rita undir eiðstaf, um að hlýða nákvæmlega öllum þeim ákvörðunum, er settar eru og settar kunna að verða, um störf þeirra.

10. gr.

Aðalumboðsmenn geta í samráði við framkvæmdarstjóra og útflutningsnefnd, og með samþykki þeirra, tekið sjer aðstoðarmenn, svo marga sem nauðsyn er á, til þess að gegna þeim störfum, er aðalumboðsmönnum vinst eigi tími til að inna af hendi. Aðalumboðsmenn bera ábyrgð á umboðsstörfum aðstoðarmanna sinna.

Framkvæmdarstjórar, í samráði við útflutningsnefnd, geta látið aðalumboðsmenn skiftast á um eftirlit í umdæmunum, til að fá sem best samræmi í matið um alt land, þar sem síld er flutt út.

11. gr.

Á hverri þeirri verstöð, utan heimilis aðalumboðsmanns, er herpinótasíld, landnótasíld eða netasíld er verkuð á, skal vera aðstoðarmaður. Er honum skylt að gegna matsstörfum tafarlaust, þegar þess er óskað, og öðrum störfum aðalumboðsmanns, eftir fyrirmælum hans.

12. gr.

Laun aðstoðarmanna ákveða aðalumboðsmenn, í samráði við útflutningsnefnd, og teljast þau með öðrum kostnaði við einkasöluna. Þó skal þóknun fyrir mat á nýrri síld og dómarastörf greidd af þeim sjerstaklega, er þessi störf eru unnin fyrir. Þóknun þessa innheimtir einkasalan.

13. gr.

Aðalumboðsmenn og aðstoðarmenn eru trúnaðarmenn einkasölunnar.

14. gr.

Þessi eru störf aðalumboðsmanna:

a. Að ákveða, í samráði við framkvæmdarstjóra og útflutningsnefnd, alla meðferð síldarinnar, flokkun eftir gæðum, umbúðir, merkingu o. fl. að svo miklu leyti, sem þetta er ekki fastákveðið í lögum eða reglugjörðum. Má enga síld salta, krydda eða verka á annan hátt til útflutnings, nema með leyfi þeirra.

59 6. júlí

b. Að hafa nákvæmt eftirlit með því, að fylgt sje öllum reglum, sem settar eru, eða settar kunna að verða, um flokkun síldar, umbúðir um hana og alla meðferð hennar, þangað til hún er flutt úr landi.
c. Að safna daglega, hver úr sínu umdæmi, skýrslum um afla frá hverju skipi, er stundar síldveiði til söltunar með herpinót reknetum eða á annan hátt, svo og um landnótasíld, lagnetasíld o. s. frv., og tilkynna skrifstofunni á Akureyri jafnóðum, svo og hvað saltað er, kryddað eða verkað á annan hátt, og ætlað er til útflutnings, alt eftir nánari tilgreiningu á þar til gerðum eyðublöðum.
d. Að leiðbeina öllum þeim, er þess óska og við síldarverkun fást, í öllu því, er að síldarverkun lýtur og kenna þeim nýjar verkunaraðferðir, sem útflutningsnefnd og framkvæmdarstjórar telja líklegar til aukins og betri markaðar, og þess vegna æskilegt að kendar verði. Krefjast má þóknunar fyrir leiðbeiningar í nýjum verkunaraðferðum, og rennur hún í markaðsleitarsjóð.
e. Að leiðbeina útgerðarmönnum í útbúnaði skipa til síldveiða, svo að hagfelt sje til varnar skemdum á síldinni.
f. Að meta síldina, segja fyrir um flokkun hennar og merkingu og veita henni viðtöku fyrir einkasölunnar hönd, samkvæmt settum reglum, og gefa vottorð um hana á farmskírteini til útflutnings.
g. Að skera úr ágreiningsmálum milli seljanda og kaupanda um það, hvort ný síld sje verkunarhæf markaðsvara til manneldis, eða samkvæmt því, sem samningar standa til.
h. Að halda árlega námsskeið, í samráði við útflutningsnefnd, fyrir þá menn, er gerast vilja trúnaðarmenn einkasölunnar, í öllum þeim greinum, er slíkum mönnum er nauðsyn á að kunna.

III. KAFLI.

Síldarmat og umbúðir.

15. gr.

Enga síld, er einkasölulögin ná yfir, má flytja úr landi, nema hún hafi áður verið verkuð, skoðuð, metin og merkt, samkvæmt ákvæðum þessarar reglugjörðar.

16. gr.

Tunnurnar skulu vera hreinar og þjettar, úr góðu efni, vel bentar, með hæfilega breiðum og þykkum járngjörðum, eða járn- og trjebentar. Ákveða aðalumboðsmenn í samráði við framkvæmdarstjóra hvað taka skuli gilt, ef ágreiningur verður um stærð og ásigkomulag.

Útflutningsnefnd getur sett sjerstakar reglur um efni í tunnur, þykt á stöfum og botnum, gerð gjarða svo og um rúmtak á tunnum og mæling þeirra. Fara skal eftir fyrirmælum trúnaðarmanna einkasölunnar um það, í hve margar hæðir megi hlaða síldartunnum í skip til útflutnings. 59 6. júlí

17. gr.

Einkasalan hefir heimild til að setja sjerstakar reglur um fitumagn síldar til útflutnings.

18. gr.

Síld þá, sem er krydduð, sykursöltuð, flött, eða verkuð öðruvísi en venjuleg saltsíld, er einkasalan því aðeins skyld að taka til sölu, að fyrirmælum sjerfræðings hennar í þeim efnum, hafi verið fylgt og hún telji hana hæfa fyrir erlendan markað.

19. gr.

Nú hefir einhver síldarframleiðandi fengið leyfi til að verka síld til útflutnings samkvæmt 7. gr. einkasölulaganna og getur hann þá fengið metna nýja þá herpinótasíld, landnótasíld og netasíld, er hann ætlar að verka til útflutnings, ef hann sendir aðalumboðsmanni þess umdæmis, er hann ætlar að verka síldina í, beiðni um það, með nægum fyrirvara, og tilkynnir jafnframt, hve mikla síld hann óskar að láta meta nýja, og á hvaða tíma vertíðarinnar.

20. gr.

Síld, sem metin hefir verið ný, má flytja út án endurmats, innan 8 sólarhringa frá því að hún var metin, enda hafi hún allan þann tíma verið undir eftirliti trúnaðarmanns einkasölunnar, og að hans dómi ekki orðið fyrir neinum skemdum eða hróflun, frá því matið fór fram. Gæta skal þess vandlega, að tunnurnar sjeu vel þjettar og pækilfullar. Á matsvottorðinu skal þess getið, að síldin sje aðeins frummetin.

21. gr.

Alla síld, sem ekki hefir verið metin ný, og flutt út innan 8 sólarhringa frá söltun, skal meta áður en hún er flutt út, þó ekki fyr en hún hefir legið 14 daga í salti. Skoða skal nákvæmlega gæði og stærð 5—25% síldarinnar, eða meira, ef þörf krefur, eftir því hve jöfn eða misjöfn hún reynist.

Nú reynist síld, að dómi aðalumboðsmanns, eigi útflutningshæf, en þó eigi lakari en svo, að sumt af henni megi telja útflutningshæft, ef valið er úr, og getur þá aðalumboðsmaður leyft þetta, enda á eigandi síldarinnar þá rjett á aðstoð trúnaðarmanns einkasölunnar til starfsins. Kostnað við þetta greiðir eigandi síldarinnar.

59 6. júlí

22. gr.

Nú dregst útflutningur síldar 10 daga eða lengur, frá því er matinu lauk, og skal þá endurmeta hana, áður en hún er flutt út, nema henni að dómi trúnaðarmanns hafi verið haldið svo vel við, að hún hafi ekki getað orðið fyrir skemdum.

23. gr.

Enga síld má flytja um borð í skip, til útflutnings, nema trúnaðarmaður einkasölunnar sje viðstaddur, og líti eftir að allar tunnur sjeu vel lagarfullar, þjettar, hreinar og að öllu leyti í góðu ásigkomulagi.

24. gr.

Til söltunar á venjulegri síld, skal nota nýtt og hreint, hæfilega malað Trapanisalt, eða aðra tilsvarandi tegund. Salt í hverja tunnu skal mælt eða vegið og skal fyrir venjulega stórsíld ætla um 27 kíló í hverja tunnu.

IV. KAFLI.

Flokkun og merking.

25. gr.

Alla síld, sem söltuð er, eða verkuð á annan hátt, til útflutnings, skal merkja með firmamerki einkasölunnar, og skal það brent á báða botna tunnanna.

26. gr.

Flokka skal alla saltaða hafsíld eftir stærð í þrjá flokka, þannig:

1. flokkur: Stór hafsíld. Í þeim flokki skal að jafnaði engin síld vera ljettari en 300 gr. fullsöltuð, og ekki yfir 3 síldir í kíló, að meðaltali í hverri tunnu.
2. flokkur: Hafsíld. Í þeim flokki skal að jafnaði engin síld vera þyngri en 335 gr., nje ljettari en 225 gr.
3. flokkur: Smá hafsíld. Í þeim flokki skal að jafnaði engin síld vera þyngri en 270 gr., nje ljettari en 190 gr.

Um flokkun á smærri síld, getur stjórn einkasölunnar sett reglur, eftir því sem við á, á hverjum tíma.

27. gr.

Merkja skal síld þá, er flokka skal eftir stærðum. Heita þau merki stærðarmerki. Skal þau merkja neðan undir firmamerkinu, þannig:

1. flokkur: St. H. 2. flokkur: H. 3. flokkur: Sm. H.

28. gr.

Flokka skal hvern flokk eftir gæðum í tvo flokka. Merkja skal þessa flokka gæðamerki, með rómverskri tölu, fyrir aftan stærðarmerkin, betri síldina með I. en lakari síldina með II. Flokkun þessa framkvæma trúnaðarmenn einkasölunnar, eftir nánari fyrirmælum framkvæmdarstjóra.

29. gr.

Umboðsmenn ákveða, í samráði við útflutningsnefnd og framkvæmdarstjóra, hvernig merkja skuli kryddaða og sykursaltaða síld til aðgreiningar frá venjulegri saltsíld, svo og síld, sem söltuð er á annan hátt, magadregin, höfuðskorin, flött o. s. frv.

30. gr.

Framkvæmdarstjórar í samráði við útflutningsnefnd skulu láta gera tilraunir með nánari stærðarflokkun en ákveðið er í reglugjörð þessari. Nú verður einum hinna ákveðnu stærðarflokka skift í fleiri undirflokka og skal þá merkja hvern þeirra fyrir sig með aukamerki. Aðalumboðsmenn ákveða í samráði við framkvæmdarstjóra, hvernig merkja skuli.

31. gr.

Reynist ekki unt að fá síldina flokkaða eftir stærðum, frekar en ákveðið er í þessari reglugerð, á kostnað síldarsaltenda, má gera það á kostnað markaðsleitarsjóðs. Skal þá reikna þeim er síldina leggur til, verð hennar, eftir meðalverði þess flokks, er hún heyrði undir áður, en markaðsleitarsjóður tekur eða greiðir þann verðmismun, er hin aukna flokkun kann að hafa í för með sjer.

32. gr.

Einkasalan hefir rjett til að krefjast þess af saltendum, að þeir magadragi 10% af þeirri síld, sem þeir verka til útflutnings, eða meira ef þörf krefur.

33. gr.

Nú vill framkvæmdarstjórn láta reyna nýjar verkunaraðferðir, og ekki er völ á hæfum manni til þess að gera það fyrir eigin reikning, má þá gera það á kostnað markaðsleitarsjóðs.

59
6. júlí

V. KAFLI.

Ýms ákvæði.

34. gr.

Framkvæmdarstjórn skal stöðugt halda nákvæmar skýrslur um alla síld, sem söltuð hefir verið, krydduð, eða verkuð á annan hátt til útflutnings. Framkvæmdarstjórnin skal og jafnan, svo sem unt er afla upplýsinga um þá síldveiði í öðrum löndum, er áhrif gæti haft á sölu íslenskrar síldar, og yfir höfuð kynna sjer allar markaðshorfur eftir föngum.

35. gr.

Brot gegn reglugerð þessari, varða sektum frá 1000 til 50000 krónum. Ef brot er ítrekað getur einkasalan neitað að taka síld til sölu og útflutnings, frá þeim er brotið hafa.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist hjer með til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júlí 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

60
11. júlí

SAMÞYKT

um

síldarveiði með herpinótum á fjörðum inn úr Húnaflóa.

1. gr.

Innan beinna lína, er hugsast dregnar frá Drangaskörðum í Ljetthöfða, þaðan í Skriflusker og frá Skrifluskeri í Veturmáfasker, er öllum óheimil síldarveiði, með herpinót, á hvaða tíma árs sem er.

2. gr.

Hreppstjórunum í þeim hreppum, sem liggja að samþyktarsvæðinu, er sjerstaklega falin umsjón með að samþykt þessari sje hlýtt, og skulu þeir fá endurgjald fyrir útlagðan kostnað, vinnutap, bátsleigu og annað, er af eftirliti þessu kann að leiða, eftir reikningi

úrskurðuðum af oddvita sýslunefndar, ef ágreiningur verður. Kostnaður þessi greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, er hlutaðeigandi hreppstjóri á heima í. 60 11. júlí

3. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 500 krónum, og skal helmingur þeirra falla til uppljóstrarmanns, en hinn helmingur í sveitarsjóð þess hrepps, er liggur að því svæði, er brot er framið á. Sje uppljóstrarmaður fenginn til eftirlits gegn sjerstakri borgun, samkv. 2. gr., skulu allar sektirnar falla í sveitarsjóð þess hrepps, er eftirlitið kostar.

4. gr.

Með brot gegn samþykt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykt þessi, sem samin er og samþykt samkvæmt lögum nr. 85, 14. nóv. 1917, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. júlí 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

HAFNARREGLUGJÖRÐ 61 18. júlí

fyrir

Siglufjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, hefir ráðuneytið gefið út eftirfarandi hafnarreglugjörð fyrir Siglufjarðarkaupstað:

I. KAFLI.

Takmörkun hafnarinnar.

1. gr.

Siglufjarðarhöfn tekur yfir Siglufjörð innan línu, sem hugsast dregin úr Siglunestá í Djúpavog norðan Landsenda.

61
18. júlí

II. KAFLI.

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar hefir á hendi stjórn hafnarmálefnanna undir yfirumsjón stjórnarráðsins.

Hafnarnefndin hefir á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sjer um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

3. gr.

Bæjarstjórn velur hafnarvörð eftir tillögum hafnarnefndar.

4. gr.

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarvörður í samráði við hafnarnefnd. Til aðstoðar hafnarnefnd skulu vera svo margir starfsmenn, sem þurfa þykir. Bæjarstjórnin skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarnefndar, og setur þeim erindisbrjef, en hafnarnefndin getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

III. KAFLI.

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarvörður sjer um, að gætt sje reglu á höfninni og á landi hennar.

Er öllum skylt að hlýða boði hans og banni og ennfremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sjer órjettur ger af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir lögreglustjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

6. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða öðrum störfum, sem þar eru framin.

7. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum

á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós, nema í eldavjel skipsins og á lögboðnum ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu eða affermingu. 61 18. júlí

Álíti hafnarvörður, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, uns gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisolíu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar.

8. gr.

Á landi hafnarinnar má ekki smíða ný skip nje þjetta gömul skip eða gera við þau á annan hátt, nema með leyfi hafnarvarðar, og með þeim skilmálum, sem hann ákveður. Bannað er að leggja skipum upp í hafnarfjöruna, nema með hans leyfi.

9. gr.

Ekki má kasta útbyrðis seglfestu, ösku, kolum eða neinu öðru, er valdið getur skemdum á höfninni, frá skipum, er þar liggja, nje flytja það úr landi út í höfnina.

Í lögsagnarumdæmi Siglufjarðar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki við höfnina, nje breyta þeim mannvirkjum, sem nú eru, og ekki heldur fylla upp nje dýpka út frá landi, nema leyfi bæjarstjórnar komi til.

IV. KAFLI.

Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

10. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki nje afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að tálmi affermingu annara skipa og skulu þau í hvert skifti skyld að hlýða boðum hafnarvarðar eða starfsmanna hafnarinnar um hvar þau megi liggja eða leggjast. Aldrei mega nein skip liggja svo nærri bryggjunum, að eigi sje nægilegt pláss fyrir önnur skip að komast að og frá.

Skipum eða bátum má ekki leggja svo, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina.

Nú tregðast eigandi við að hlýða boðum hafnsögumanns eða starfsmanna hafnarinnar um að flytja skip sitt, bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

61 18. júlí

11. gr.

Í sjerhverju skipi að undanskildum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til að liggja mannlaus í lagi á höfninni, skal jafnan vera einn maður að minsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skipið eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

12. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringana eða við festarstólpana. Festum skal þannig fyrir komið, að þær hindri sem minst umferð á bryggjunni eða bólvirkinu. Þyki þess eigi nægilega gætt, má krefjast, að bætt sje úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggar hlífar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafist er.

13. gr.

Gufuskip og önnur vjelaskip mega ekki láta vjelarnar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarvirkjunum stafi hætta af því.

Ekki má hleypa vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

14. gr.

Ef skip lendir á grynningu eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarnefndar tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt, sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eigandans, og er honum heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Kostnaðinn má taka lögtaki.

V. KAFLI.

Notkun hafnarbryggjunnar.

15. gr.

Venjulega er skipum heimilt að leggjast við bryggju hafnarinnar í þeirri röð, sem þau koma. Þó skulu skip að öðru jöfnu, sem sigla eftir fyrirfram ákveðinni og auglýstri ferðaáætlun og flytja póst, hafa rjett til þess að leggjast að bryggju, þótt önnur skip liggi þar fyrir, og verða þau að víkja meðan hin eru afgreidd. Samskonar rjett hafa vjelskip fram yfir seglskip. Sje fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða, að áliti hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðrum skipum, ef hann krefst þess. Ennfremur getur hafnarvörður vísað skipum frá bryggjunni, álíti hann það nauðsynlegt veðurs vegna. Ef

ágreiningur rís, ræður hafnarvörður í hverri röð skip koma að bryggj- 61
unni. 18. júlí

16. gr.

Ef nauðsyn ber til, að skipum, sem ferma eða afferma við bryggjur eða bólvirki, sje lagt hverju við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, sem utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabrúm. Svo er og skipshöfn og farþegum þeirra skipanna, sem utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför þeirra skipanna, er nær liggja.

17. gr.

Við uppskipun og útskipun á kjölfestu, sandi og öðru slíku, er skylt að hafa nægilega sterka hlýfidúka milli skips og bólvirkis, bryggjunnar eða bátanna, svo að ekkert falli fyrir borð. Sje þess eigi gætt, getur hafnarvörður stöðvað verkið, uns bætt hefir verið úr því, sem áfátt er.

Kjölfestu má eigi láta annarsstaðar á lóðir eða mannvirki hafnarinnar en þar, sem hafnarvörður vísar til.

18. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal afgreiðslumaður eða skipstjóri, ef þörf gerist, láta ræsta bryggju þá eða bólvirki, sem notuð hefir verið; farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um, að það sje gert, en afgreiðslumaður eða skipstjóri greiði allan kostnað, sem af því leiðir. Kostnaðinn má taka lögtaki hjá afgreiðslumanni og eiganda skips.

19. gr.

Þeir munir eða vörur, sem affermdar eru eða látnar í skip, mega ekki liggja á bryggju eða bólvirki og eigi annarsstaðar á landi hafnarinnar, en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sjerstöku leyfi hafnarvarðar. Skal flytja burtu muni og vörur jafnskjótt og hann krefst þess.

VI. KAFLI.

Um geymsluskip og skip, sem lagt er í lagi.

20. gr.

Sjerstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum, sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lagi, og skal eigandi láta taka skipið upp, ef það sekkur, eða láta sprengja það sundur eða taka af grunni, svo að það skemmi eigi höfnina, og sje

61 18 júlí

því eigi fullnægt innan hæfilegs frests, getur hafnarnefndin látið gera það á kostnað eiganda. Slíkan kostnað má taka lögtaki. Vanræksla á að hlýða skipun hafnarnefndar í þessum efnum er ennfremur brot á hafnarreglugjörðinni. Hafnarvörður ákveður í hvert sinn, hvar slíku skipi skuli lagt, hve traust legufærin skuli vera og hvernig þeim skuli fyrir komið. Nú sannar eigandi geymsluskips með vottorði tveggja óvilhallra manna, er útnefndir sjeu af hafnarnefnd, að skip hans sje svo þjett, að ekki stafi nein hætta af, hvað leka snertir, þó að það sje mannlaust, þá er honum leyfilegt að leggja skipinu og láta það liggja, án þess að menn sjeu í því á þeim tíma árs, er ekki verður heimtað ljós á skipum. Skylt er eiganda að flytja skipið úr stað, ef hafnarnefnd eða hafnarvörður krefst þess.

Ljós skulu tendruð á skipum þessum, þegar hafnarvörður krefst þess.

21. gr.

Meðan skip liggur mannlaust á höfninni, skal ekki sjaldnar en einu sinni á viku fara út í það, til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað, og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt, sem auðið er.

Eigi ber hafnarsjóður ábyrgð á skipum þeim, sem lagt er í lagi á höfninni.

VII. KAFLI.

Um lestargjald og ljósgjald.

22. gr.

a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Siglufirði og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestargjald einu sinni á ári, 50 aura fyrir hverja smálest.
b. Innlend fiskiskip greiði 10 aura fyrir hverja smálest í hvert skifti sem þau koma til hafnar, þó aldrei minna en 2 kr.
c. Öll önnur skip, sem koma til hafnar, nema herskip, varðskip, skip sem hafa skírteini sem skemtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip, sem leita hafnar vegna sjóskemda, er sannast í sjóprófi, sem haldið er, skulu greiða 20 aura í lestargjald fyrir hverja smálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar. Þó er hafnarnefnd heimilt að lækka gjald þetta, eða fella burtu, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.
d. Af íslenskum geymsluskrokkum og veiðiskipum, þar sem unnið er úr sjófangi, t. d. síldarsöltun, og bræðsluskipum, skal gjalda aukagjald 75 aura af hverri smálest. Sama aukagjald skal gjalda af

íslenskum skipum, sem á höfninni safna í sig síld, sem ætluð er til bræðslu, og af íslenskum dráttarskipum slíkra skipa. Erlend skip (ef leyft yrði að safna í þau síld til verksmiðjuiðnaðar), svo og dráttarskip slíkra skipa, greiði þrefalt aukagjald. 61 18. júlí

23. gr.

Ef flutningaskip liggur lengur á höfninni en 6 daga, skal það greiða lestargjald að nýju fyrir hverja 6 daga eða brot úr þeim. Þó skulu flutningaskip, sem bíða eftir síldarfarmi, og búsettur maður eða maður, sem á síldarstöð í kaupstaðnum, hefir á leigu eða á, ekki greiða gjaldið fyr en eftir 10 daga.

Nú er skip veðurtept, og telst sá tími ekki með.

24. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí, — að báðum dögum meðtöldum — og hafnargjald greiða samkvæmt hafnarreglugjörðinni, skulu greiða ljósgjald, sem hjer segir:

a. Skip, sem getið er um í 22. gr. a, greiði 10 kr. á ári.
b. Skip, sem getið er um í 22. gr. b, greiði 3 kr. í hvert skifti, sem þau koma til hafnar.
c. Öll önnur skip greiði: undir 100 smálestir 5 kr., 100—200 smál. 10 kr. og yfir 200 smál. 30 kr. í hvert skifti, er þau koma til hafnar. Þó greiða farþegaskip yfir 200 smál. aðeins 1 eyri af smálest í hvert skifti. Farþegaskip, sem koma hjer við á leiðinni til Akureyrar og snúa þar við aftur til Siglufjarðar og ferma ekki nje afferma nema annað skiftið, greiða ljósgjald aðeins annað skiftið.

25. gr.

Vjelbátar 12 smálestir brúttó og minni greiði, sem hafnargjald, bryggjugjald og ljósgjald 2 kr. í hvert skifti, er þeir leita hafnar.

Vjelbátar 5 smálestir og minni, sem heima eiga á Siglufirði, greiði 5 kr. árlegt gjald.

26. gr.

Innlend skip, sem lagt er í vetrarlagi á höfninni, greiði 25 aura fyrir hverja smálest á ári. Útlend skip greiði 1 kr. fyrir hverja smálest á mánuði.

61
18. júlí

VIII. KAFLI.

Um bryggjugjald.

27. gr.

a. Gjald af hafnarbryggju hafnarsjóðs:

Hvert skip, sem leggst við bólvirki eða bryggju, eða við skip, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skal greiða bryggjugjald 4 aura af nettosmálest skipsins. Hálf smálest reiknast sem heil, en minna broti sje slept.

Gjaldið skal greiða fyrir hvern hálfan sólarhring eða hluta úr hálfum sólarhring, sama af smálest, þó aldrei minna en tvær krónur í hvert sinn.

Varðskip eru undanþegin bryggjugjaldi.

b. Gjald af bryggjum einstakra manna:

Bryggjueigendur greiða ekkert gjald af fiskiskipum.

Flutningaskip greiði hálft bryggjugjald.

Skipstjóri skips, sem fer frá bryggju án þess að greiða bryggjugjald, er sekur um brot á hafnarreglugjörðinni.

IX. KAFLI.

Um vörugjald.

28. gr.

Vörugjaldið skal greiða af öllum vörum og skepnum lifandi og dauðum, sem fermdar eru eða affermdar á höfninni, með þeim undantekningum, er síðar segir.

Vörugjaldið greiðist hvort sem vörunum er skipað á land eða í skip á Siglufjarðarhöfn.

29. gr.

Fyrir vörur, sem samkvæmt farmskrá skipsins eru ákveðnar til umhleðslu og eiga því ekki að leggjast á land, nema um stundarsakir, greiðist aðeins hálft gjald.

Af vörum, sem settar eru á land og eiga að fara aftur með sama skipi, enda sjeu þær ákveðnar það samkvæmt farmskránni, greiðist ekkert gjald.

30. gr.

Þessar vörur eru algerlega undanþegnar vörugjaldi:

a. Umbúðir, sem endursendar eru.

b. Vistir og aðrar nauðsynjar skipa og báta til eigin notkunar, sem fluttar eru úr landi. 61 18. júlí
c. Póstflutningur og farangur ferðamanna.
d. Vörur, sem eru úr herskipi eða í herskip.
e. Kornvörur, kartöflur, kálmeti, innflutningur nýs og saltaðs fiskmetis, rófur, svo og aðflutningur innlendra landbúnaðarafurða, hey, sement og kvikfje, sem sjerstakt vörugjald er ekki reiknað af.

31. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Hálf gjaldeining telst sem heil, en minna broti skal slept. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds, og er skipstjóra skylt að láta gjaldkera í tje eftirrit af farmskrá hans. Sje engin farmskrá, skal skipstjóri eða formaður báts gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem fleyta hans hefir fermt eða affermt. Þyki gjaldkera ástæða til, getur hann, hvenær sem er, látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn við rannsókn, ella hafnarsjóður. Ef ýmsar vörutegundir eru í sendingu, skal reikna vörugjaldið eftir þeirri vörutegund, sem hæst gjald skal greiða af. Minsta vörugjald skal vera 25 aurar.

Ekkert vörugjald greiðist af vörum, sem tilheyra bæjarsjóði eða þeim fyrirtækjum, sem bærinn á að meiru en helmingi.

32. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vöruskrá tiltekur og gjald greiðast eins og þar segir.

Ef vafi leikur á í hverjum flokki skuli telja einhverja vöru, úrskurðar hafnargjaldkeri, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

33. gr.

Vörugjaldsskrá.

a. Aðfluttar vörur.

1. flokkur: Gjald: 15 aurar fyrir hver 100 kg. kol, salt og aðrar vörur, sem reiknast eftir þyngd, og ekki er tekið sjerstakt vörugjald af, eða undanþegnar.
2. flokkur: Gjald: 40 aurar af hverjum 100 kg. af olíum og bensíni.
3. flokkur: Gjald: 5 aurar fyrir hverja tóma tunnu uppsetta eða óuppsetta.
4. flokkur: Gjald: 10 aurar af tómum fötum, uppsettum eða óuppsettum.
5. flokkur: Gjald: 2 aurar af hverju kílói af kryddi.

61 6. flokkur: Gjald: 1 eyrir af hverju kílói af sykri.
18. júlí 7. flokkur: Gjald:2 aurar af hverju teningsfeti af öllum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli.

b. Útfluttar vörur.

1. flokkur: Gjald: 10 aurar fyrir hver 100 kg. af saltfiski.
2. flokkur: Gjald: 15 aurar fyrir hver 100 kg. af síldarmjöli og fiskmjöli, lýsi og öðrum vörum, sem reiknast eftir þyngd og eru ekki undanþegnar vörugjaldi.
3. flokkur: Gjald: 10 aurar fyrir hverja tunnu saltsíldar.
4. flokkur: Gjald: 25 aurar fyrir hverja tunnu af kryddaðri, sykursaltaðri eða flattri síld.
5. flokkur: Gjald: 2 aurar af hverju teningsfeti af vörum, sem reiknast eftir rúmmáli.
6. flokkur: Gjald: 10 aurar af hverri sauðkind.
7. flokkur: Gjald: 50 aurar af hverjum stórgrip.

34. gr.

Viðtakandi greiðir vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjald, er affermir.

Vörugjald af vörum, sem koma til hafnarinnar, fellur í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina, og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar í skip.

Skipstjóri, formaður báts og afgreiðslumaður skips ber ábyrgð á að vörugjaldsskyldar vörur sjeu ekki afhentar, fyr en vörugjaldið er greitt, og hafnarsjóður hefir haldsrjett í vörunum uns vörugjaldið er að fullu greitt og í skipi uns hafnargjald er greitt. Ef út af bregður, er það brot á hafnarreglugjörðinni.

X. KAFLI.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

35. gr.

Bæjarstjórnin ræður hafnargjaldkera eftir tillögum hafnarnefndar. Hann sjer um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

36. gr.

Skipstjóri eða formaður báts ber ábyrgð á greiðslu hafnargjald-

anna og má taka lögtaki gjöldin hjá skipstjóra og útgerðarmanni og formanni skips. Ef enginn formaður eða skipstjóri er á fleytunni eða ef eigi næst í hann, ber eigandi hennar ábyrgð á greiðslu gjaldanna, og má taka gjöldin lögtaki hjá honum. 61 18. júlí

Gjöldin skulu greidd í hvert skifti, sem skip hafnar sig á höfninni eða leggjast við bryggju, þó getur gjaldkeri leyft skipum, sem stunda hjeðan veiðar, að borga öll gjöldin í einu, áður en þau fara hjeðan og ber þeim að semja um það við gjaldkera fyrirfram.

Skipstjóri, sem fer í óleyfi út af höfninni, án þess að borga lögmæt hafnargjöld og án þess að skilja eftir skipsskjölin hjá gjaldkera, hefir gert sig sekan um brot á reglugjörð þessari, og fer um það brot sem önnur brot á reglugjörðinni.

Nú fer skip burt af höfninni í óleyfi, án þess að greiða lögmæt hafnargjöld, og ágreiningur rís síðar um, hve oft skipið hafi hafnað sig á höfninni, og skal þá farið eftir skýrslu hafnarvarðar um það efni.

XI. KAFLI.

Ýms ákvæði.

37. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

38. gr.

Fyrir lóðir hafnarinnar, geymsluhús og tæki, sem leigð eru einstökum mönnum eða fjelögum um langan tíma, skal greiða gjald, sem ákveðið verður með samningi.

39. gr.

Nú segir gjaldandi rangt til um vörumagn, og eigi er ætlandi að um sje að kenna afsakanlegu gáleysi, og skal þá greiða ferfalt vörugjald og sekt, sem um brot á hafnarreglugjörðinni, nema um þyngri refsingu sje að ræða að lögum.

40. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum lagareglum. Hafnarvörður er rjettur sóknaraðili skaðabótamáls, nema hafnarnefnd hafi þar á gjört aðra skipun.

Ef samningum verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af 3 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila um sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gjöra skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgjörð var lokið. Yfirmat skal fram fara af 5 óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

61 18. júlí

Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem þess hefir krafist, ef matsupphæðinni verður eigi breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð. Að öðrum kosti greiðir hinn aðilinn kostnaðinn. Skip er að lögveði fyrir skaðabótum. Löglega ákveðnar skaðabætur má taka lögtaki.

41. gr.

Enginn, sem bakað hefir sjer refsingu eða skaðabótaskyldu fyrir brot á reglugjörð þessari, má fara burt úr höfninni meðan mál hans er óútkljáð, nema hann setji tryggingu, sem hafnargjaldkeri tekur gilda. Sama gildir um skaðabótaskylt skip.

42. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugjörð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er eigi á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans samkvæmt 11. gr. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

43. gr.

Seglfestu má hvergi taka við höfnina, nema með leyfi landeiganda og hafnarnefndar.

Beitutaka er bönnuð innan takmarka hafnarinnar sbr. 1. gr., nema með leyfi formanns hafnarnefndar, er ákveðið getur gjald fyrir beitutökuna í samráði við hafnarnefnd.

44. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10 til 500 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Siglufjarðarkaupstaðar.

45. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

46. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi, og eru þá úr gildi feldar allar eldri hafnarreglugjörðir fyrir Siglufjörð.

Reglugjörð þessi birtist hjer með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. júlí 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, **um takmörk verslunarlóðarinnar í Skildinganesi við Skerjafjörð.** 62 11. maí

Með brjefi, dags. 28. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað tillögur sýslunefndarinnar í Kjósarsýslu viðvíkjandi takmörkum verslunarlóðarinnar í Skildinganesi við Skerjafjörð, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verslunarlóð.

Útaf þessu er hjermeð, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verslunarhús í Skildinganesi, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti, svo sem hjer segir:

Bein stefna frá uppsprettunni Mígandi við Skerjafjörð í austurenda hins sameiginlega þvervegar Skildinganeseiganda eins og hann er ákveðinn á uppdrætti þeim, sem lagður var til grundvallar við undir- og yfirskifti Skildinganess 1916 og 1917. Síðan ræður til vesturs þvervegurinn sjálfur, þangað til hann kemur í veginn frá Skildinganesi til Reykjavíkur. Því næst ræður sá vegur að landamerkjum Skildinganess og Reykjavíkur. Þar eftir ráða þau landamerki niður í Skerjafjörð, en að öðru leyti ræður Skerjafjörður meðfram ofangreindu svæði.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal fyrir yður lagt að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til oddvitans í Geithellnahreppi **um takmörk verslunarlóðarinnar í Djúpavogskauptúni.** 63 6. okt.

Með brjefi, dags. 20. ágúst þ. á., hafið þjer, herra hreppsnefndaroddviti, sent hingað tillögur sýslunefndarinnar í Suður-Múlasýslu viðvíkjandi takmörkun verslunarlóðarinnar fyrir Djúpavogskauptún, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verslunarlóð.

15. dag desembermánaðar 1928. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h.f.

63 6. okt. Útaf þessu er hjermeð, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvember 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verslunarhús í Djúpavogi, sett eftir framangreindum tillögum og uppdrætti, svo sem hjer segir:

Að austan: Gaddavírsgirðing á járnstólpum um Bóndavörðuhraun í sjó að norðan.

Að sunnan: Úr vörðu við þessa girðingu, sjónhendingu í aðra vörðu, sem stendur ca. 60 metra sunnan við syðsta horn á túngirðingunni í Sjólyst, og þaðan beina línu eftir vörðum laust við túngirðingarnar í Ási og Borg.

Að vestan: Úr hornvörðu, sem myndar endann á suðurhlið lóðarinnar í landamerki milli túnanna í Borgargarði og Borgargerði, og þaðan beina línu í innri brún klettatanga, er gengur í sjó út í Innri-Gleiðuvík, rjett innan við túngirðinguna í Hvarfi.

Að norðan: Sjór.

Öll lóðin er 97 hektarar.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðarinnar þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

BYGGINGARSAMÞYKT

64
7. ágúst

fyrir

Eskifjarðarkauptún.

I. KAFLI.

VERKSVIÐ SAMÞYKTAR OG STJÓRN BYGGINGARMÁLA.

1. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir Eskifjarðarkauptún innan þess svæðis, er skipulagsuppdráttur nær yfir. Þó getur ráðuneytið veitt undanþágu frá ákvæðum hennar, þegar byggingarnefnd og hreppsnefnd mæla með því.

2. gr.

Samþyktin tekur til allra nýrra bygginga, sem ekki eru fullgerðar, þegar hún öðlast gildi. Þó verður ekki krafist breytinga á því, sem þegar hefir verið gert. Ennfremur nær samþyktin til höfuðbreytinga á eldri byggingum, svo og til minni breytinga, ef við verður komið án verulegs kostnaðarauka eða röskunar.

Byggingarnefnd úrskurðar í hvert skifti, hverjar aðgerðir skulu teljast höfuðbreytingar.

3. gr.

Stjórn byggingarmála er í höndum hreppsnefndar. Hún getur synjað um byggingarleyfi, sem byggingarnefnd hefir samþykt, enda sje það gert áður en mánuður er liðinn frá því að byggingarnefnd gerði tillögu sína (sbr. 48. gr. 5.). Hreppsnefnd getur ekki veitt byggingarleyfi án samþykkis byggingarnefndar.

Hreppsnefnd getur gefið byggingarnefnd umboð til þess að veita byggingarleyfi, án þess að borið sje undir hreppsnefnd.

Byggingarnefnd gerir tillögu um öll byggingarleyfi og hefir umsjón þess, að byggingarsamþyktinni sje fylgt.

Ef lóðarleigjanda, lóðareiganda eða húseiganda þykir rjetti sínum hallað með úrskurði hreppsnefndar, eða byggingarnefndar, getur hann skotið honum til ráðuneytisins.

4. gr.

1. Í byggingarnefnd eiga sæti: Hreppsnefndaroddviti, er sje formaður, og fjórir atkvæðisbærir hreppsbúar, er hreppsnefnd kýs. Tveir nefndarmenn ganga úr nefndinni á hverjum þriggja ára fresti, fyrsta sinn eftir hlutkesti.

64 7. ágúst

2. Nefndin velur sjer ritara og heldur sjerstaka gjörðabók yfir athafnir sínar og ályktanir; undirskrifa allir viðstaddir nefndarmenn hana í hver fundarlok.
3. Nú er ágreiningur meðal nefndarmanna og atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði formanns úrslitum. Heimilt er hverjum nefndarmanni, sem ekki er samþykkur ályktun meiri hluta, að láta bóka ágreiningsatkvæði sitt.
4. Gjörðabók skal fylgja glögg skrá eða registur svo gert, að greiðlega megi finna allar ákvarðanir nefndarinnar um hverja einstaka eign, er til hennar tekur.
5. Ennfremur skal nefndin halda lóðabók, dagbók yfir öll brjef og brjefabók.
6. Byggingarnefndarfundur er lögmætur, ef minst þrír nefndarmenn sitja hann.
7. Hreppsnefnd skal skipa byggingarfulltrúa og setja honum erindisbrjef með ráði byggingarnefndar. Hann skal vera vanur húsasmiður eða á annan hátt fengin vissa fyrir, að hann sje starfinu vaxinn. Í erindisbrjefinu má ákveða hæfilega þóknun fyrir þau störf, sem hann leysir af hendi, sem eftirlitsmaður með byggingamálum í þarfir einstakra manna eftir beiðni þeirra. Þessi gjöld, svo og gjöld fyrir byggingarleyfi, skulu hafa lögtaksrjett og renna í sveitarsjóð, en byggingarfulltrúi skal hafa þóknun fyrir starf sitt úr sveitarsjóði. Byggingarfulltrúi skal hafa á hendi framkvæmd byggingarmála og eftirlit samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar.
8. Nefndin getur gefið byggingarfulltrúa umboð til að veita upp á sitt eindæmi ýms smávægileg byggingarleyfi, eftir því, sem nefndin kveður nánara á um. Skal byggingarfulltrúi rita úrskurð sinn á umsóknarskjalið og leggja málið svo fyrir byggingarnefnd á næsta fundi hennar.
9. Skylt er byggingarfulltrúa að sækja fundi byggingarnefndar, þótt eigi sje hann í nefndinni og hafi því eigi atkvæðisrjett á fundum hennar, en hinsvegar á hann þar tillögurjett.
10. Byggingarnefnd getur heimilað þeim, sem hefir hagsmuna að gæta, að koma á fund nefndarinnar og skýra ástæður sínar.
11. Byggingarnefnd leitar aðstoðar sjerfræðinga í þeim málum, er hana varðar, en brestur sjerþekkingu á.

5. gr.

Samkvæmt lögum nr. 55, 27. júní 1921, ásamt viðaukalögum nr. 27, 15. júní 1926, um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, verður gerður skipulagsuppdráttur af kauptúninu, og fer um skipulag þess

samkvæmt ákvæðum þeirra laga og uppdráttum, sem gerðir verða samkvæmt þeim. 64 7. ágúst

Á svæði því, sem skipulagsuppdráttur nær yfir, skal öllum byggingum hagað í samræmi við hann. Utan þess svæðis ræður byggingarnefnd götum og húsaskipun, með samþykki hreppsnefndar.

II. KAFLI.

ÁKVÆÐI UM HÚSAGERÐ.

Húsalínur.

6. gr.

Þar sem húsalína er ákveðin, skal að minsta kosti ein hæð af framhlið hússins fylgja henni.

Framskot og innskot getur byggingarnefnd leyft, ef æskilegt er vegna húsasniðsins.

Lóðagirðingar.

7. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að komið sje upp og haldið við sæmilegri girðingu um lóðir og óbygð lönd þeim megin, er að götu veit, eða vegi innan þess svæðis, sem samþykt þessi nær til.

Nefndin ákveður hvar og hvernig girðingar skulu vera.

Gaddavírsgirðingar má hvergi nota fram með götu eða vegi, og ber að nema í burtu þær gaddavírsgirðingar, er nú eru, og setja aðrar í staðinn, er byggingarnefnd samþykkir, innan eins árs frá þeim degi, er samþykt þessi gengur í gildi. Sbr. ennfremur 63. gr. lögreglusamþyktar Ytri-Akranesshrepps.

Hornsneiðingar.

8. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, ef henni þykir nauðsynlegt vegna umferðar, að hús, sem reist eru á götuhornum og mynda hvassara horn en 135° við götu, veg eða torg, verði sniðin á horni. Sniðið sje eigi minna en 2,00 metrar, og myndi jafnstórt horn við báðar hliðar, er að liggja. Horn má og gera bungumyndað, ef bungan á miðju nær ekki lengra fram úr fyrgreindum sniðfleti en 0,50 metra.

Byggingarnefnd getur einnig veitt leyfi til, að hornsneiðing sje með öðru sniði en fyr er greint, ef það er álitið æskilegt vegna húsasniðsins.

64
7. ágúst

Framskot.

9. gr.

Grunnbrún („Sökkulband") má ekki ná lengra en 0,15 metra út í götu.

Framskot bæði opin og lokuð, má gera út úr framhlið húss, ef æskilegt er talið vegna sniðsins.

Ef húsalína og götulína fara saman, má ekki leyfa önnur framskot, sem bygð eru frá grundvelli, en súlur og undirstöðupalla, og mega þau eigi án leyfis byggingarnefndar ná lengra en 0,50 metra út frá vegg. Ef hús stendur innan götulínu, má framskotið vera stærra, en þó má það eigi ná lengra fram frá húshlið en nemi helmingi bilsins milli húshliðar og götulínu. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessu, ef sjerstakar ástæður mæla með.

Veggsvalir og framskotsgluggar mega ekki ná lengra út frá húshlið en 0,80 metra, og eigi má skemra vera frá stjett eða stíg upp undir slík framskot en 3,00 metrar. Standi hús innan húsalínu, fellur ákvæði þetta burtu.

Samanlögð breidd framskota má ekki fara fram úr þriðjungi af lengd húshliðar þeirrar, sem þau eru á, og ekki nær nágranna en 1½ sinnum dýpt þeirra.

Framskot mega ekki vera úr eldfimara efni en húsið, sem þau eru á. Þó getur byggingarnefnd leyft, með sjerstökum skilyrðum, ef æskilegt er vegna hússniðsins, framskot, sem ekki fullnægja þessu skilyrði.

Gólf í öllum framskotum skulu vera þjett og vatni veitt frá þeim í rennu sem frá þökum.

Án leyfis byggingarnefndar mega veggbrúnir eða nokkur hluti þeirra hvergi ná lengra en 0,80 metra út frá ytri brún veggjar.

Inngöngurið og birtugrófir.

10. gr.

Inngöngurið mega ná alt að 0,50 metra út í götu. Ef gangstjett er mjó, getur byggingarnefnd leyft eitt þrep, alt að 0,30 metra breitt. Nema skal hornin af neðsta þrepi á inngönguriði, er nær út í götu.

Byggingarnefnd getur heimilað fleiri þrep, ef sjerstakar ástæður mæla með því, t. d. ef ný inngöngurið eru sett við gömul hús.

Inngöngurið í kjallara má ekki setja nema með leyfi byggingarnefndar, og mega þau ekki ná lengra út í götu en fyr er sagt um inngöngurið. Um þau skal svo búið, að umferð stafi ekki hætta af.

Birtugrófir má setja fram með hlið húsa, og mega ekki ná lengra út á gangstjett en 0,60 metra. Yfir þær skal setja málmgrind

jafnháa gangstjettinni og nægilega sterka, og skal op milli teina eigi stærra en 0,03 metra. Að öðrum kosti skal setja málmhandrið kringum birtugrófina ekki lægra en 0,75 metra, og svo gert, að börn geti ekki dottið í hana. 64 7. ágúst

Handrið, stólpar o. fl.

11. gr.

Handrið, stólpa o. þ. h. má ekki setja í götur eða gangstjett, nema með leyfi byggingarnefndar.

Um hæð húsa.

12. gr.

1. Ef hæð húsa er ekki ákveðin á skipulagsuppdrætti, skal vegghæð húsa hvergi meiri vera en hálf götubreidd milli húsalína. Þó má hæðin aldrei fara fram úr 10,00 metrum á steinhúsum, en 8,00 metrum á timburhúsum, nema leyfi ráðuneytisins komi til.

   Ef götu hallar fram með húsi, skal tekin meðalhæðin. Hæð húsa á gatnamótum má, ef göturnar eru misbreiðar, miða við breiðari götuna, einnig á þeirri hlið, er veit að mjórri götunni, en þó eigi lengra frá horni (skurðpunkti húsalínanna) en framhlið hússins er með breiðari götunni.
2. Vegghæð húsa mælist frá gangstjett eða götu upp í skurðlínu þaks og veggflatar að utan. Ef húsið stendur ekki við götu, skal miða hæðina við beina línu milli jaðra þeirra gatna, sem næst liggja húsinu á báðar hliðar, svo fremi ekki eru miklar mishæðir á jarðvegi. Sjeu mishæðir miklar, skal vegghæð miðuð við jarðveginn umhverfis húsið.

   Standi hús við opið svæði, ákveður byggingarnefnd, við hvaða stað vegghæðin skuli miðuð.

   Ef byggingarnefnd álítur æskilegt vegna útlits, að veggbrún haldi áfram í sömu hæð, getur hún veitt undanþágu frá ákvæði greinar þessarar um vegghæðina fyrir einstakt hús eða hluta af því.
3. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að byggja turna, kvisti, gafla og þesskonar til skrauts. Þó má ekki samanlögð breidd slíkra útbygginga nema meiru en 2/5 hlutum af lengd þeirrar húshliðar, sem þær eru á.

   Gluggakvistir mega ekki vera nær nágrannamörkum en breidd þeirra nemur eða hæð, þó ekki nær en 1,50 metra. Að öðrum kosti sje eldvarnarveggur á kvistinum á þann veg, er veit að nágrannalóð. Stórir kvistir mega ekki vera nær lóðarmörkum

64 7. ágúst

en 3,15 metra, nema eldvarnarveggur sje á þeirri hlið kvistsins, er veit að nágrannahúsi.

Þakhalli.

13. gr.

Rishalli á þökum þeirra húsa, sem bygð eru með þeirri veghæð, sem frekast er leyfð (sbr. 12. gr.), má ekki vera meiri en nemi 45° horni við lárjettan flöt.

Á húsum þeim, sem eru vegglægri en fyr er nefnt, má þakhalli og lögun vera á hvern þann hátt sem er, ef útlit að öðru leyti óprýðir hvorki húsið eða nágrannahúsin. Þó má enginn hluti þaksins ná lengra út frá vegg en 0,80 metra.

Byggingarnefnd getur þó ákveðið þakhalla eftir því, sem best þykir fara við svip götunnar eða nauðsyn þykir af öðrum ástæðum.

Íbúðarhæðir.

14. gr.

Í húsum úr steini eða steinsteypu má vera íbúð á tveimur hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) og þakhæð, ef ekki mæla aðrar ástæður á móti. Gólf í þakhæð má ekki liggja fyrir ofan skurðlínu þaks og veggflatar og ekki meira en 1,25 metra fyrir neðan hana.

Í timburhúsum má íbúð vera á tveim hæðum, og auk þess í kjallara (sbr. 33. gr.) eða þakhæð. Sömu ákvæði gilda um gólf í þakhæð og í steinhúsum.

Óbygð lóð og aðgangur að bakhúsum.

15. gr.

Ef ekki er sýnt á skipulagsuppdrætti hlutfallið milli lóða og bygginga, er á þeim eru reistar, skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

1. Hverju íbúðarhúsi skal fylgja óbygð lóð, eigi minni en sjálft hússtæðið. Jafnframt skal þess gætt, að ákvæði 11. gr. skipulagslaganna um fjarlægð milli húshliða sje fullnægt.

   Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum.

   a. Þegar lóð skerðist að nokkrum mun við götubreikkun.
   b. Ef um lóð er að ræða, sem áður er bygt á og liggur að tveimur götum eða nær ekki lengra inn frá húslínu en 15,00 metra.
   c. Í bæjarhverfum, sem bygð eru að mestu eða öllu, ef brýnar ástæður mæla með því, þó því aðeins, að íbúðarherbergi fái nægilega birtu.
2. Bakhliðar húsa mega ekki hærri vera en tekið er fram í 12. gr. um götuhliðar, þó getur byggingarnefnd leyft, ef hússtæðið hall-

ast, að veggbrún götuhliðar haldi lárrjettri stefnu fyrir gafla og bakhlið, ef hæðarmunur götuhliðar og bakhliðar fer ekki fram úr 2,50 metrum. 64 7. ágúst

3. Óþrifalega, óreglulega og þrönga stíga yfir lóðir getur byggingarnefnd bannað.
4. Hreppsnefnd getur ákveðið, að óbygða lóðin skuli vera minni en fyr er sagt, í þeim kauptúnshlutum, þar sem eingöngu eru reist verslunarhús, geymsluhús eða verksmiðjur.
5. Ekki má gera þak yfir óbygða lóð nema með leyfi byggingarnefndar.
6. Að bakhúsum og hliðarhúsum skal vera greiður gangur frá götu, eigi mjórri en 2,00 metrar. Sjeu fleiri bakgarðar á sömu lóð, skal að hverjum vera aðgangur sem fyr segir, nema þeir að öðru leyti sjeu í jafngreiðu sambandi hver við annan.

Fjarlægð frá glugga að næsta húsi.

16. gr.

1. Á aðalsólarhlið húsa skal fjarlægð frá glugga í íbúðarherbergjum, skrifstofum, vinnustofum eða eldhúsi að næsta húsi andspænis nema að jafnaði að minsta kosti tvöfaldri vegghæð þess húss fyrir ofan gólfhæð herbergisins, er um ræðir (sbr. 11. gr. c. skipulagslaganna). Ef næsta hús andspænis sólarhlið snýr gafli að, skal vegghæð þess talin upp í mitt ris.

   Ekki má setja glugga nær lóðarmörkum nágranna en 3,15 metra.
2. Gæta ber þess, ef gömul hús eru hækkuð, að fullnægt verði ákvæðinu í 1. lið.

Sameiginleg óbygð lóð.

17. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að mjög óregluleg lóðamörk milli nágrannahúsa sjeu jöfnuð, svo að hverju húsi fylgi sæmilega heilleg lóð.

Lóðareigendum ber að jafna á milli sín verðbreytingu þeirri, er þessi nýja lóðarskifting kann að hafa í för með sjer. Ef samkomulag næst ekki, skera dómkvaddir menn úr deilumálum.

Skólpveita.

18. gr.

Ef skólpveita er í götu (sjá vatnalög nr. 15, 20. júní 1923), er öllum þeim, er við götuna búa, skylt að leggja fullnægjandi skólpveitu — frá húsi sínu í götuveituna — á sinn kostnað.

64 7 ágúst

Undanþágu frá ákvæði þessu getur hreppsnefnd veitt, ef byggingarnefnd álítur kostnaðinn við veituna óhæfilega háan, eða skólpinu er veitt í lagarhelda safnþró á lóðinni.

Ekki má veita skólpi inn á annars manns lóð án hans samþykkis. Þó má leggja skólpveitu í lokræsi gegnum annars manns lóð, ef byggingarnefnd telur það nauðsynlegt. Allan skaða, sem stafa kann af lagningu veitunnar, er húseigandi skyldur að bæta.

Skólpveita skal vera algerlega þjett og þannig gerð, að ekki stafi óheilnæmi frá henni. Á hana skulu settir vatnslásar og annað, sem með þarf, svo ekki komi óloft frá holræsinu.

Sambygging.

19. gr.

Í sambygðum húsaröðum skulu öll hús bygð að lóðamörkum, nema skipulagsuppdráttur sýni annað.

Byggingarnefnd getur bannað, að hús sjeu sambygð með lágum millibyggingum.

Undirstöður.

20. gr.

Grafa skal undirstöður útveggja og burðarveggja innanhúss niður á fastan jarðveg og ekki grynnri en 1,00—1,50 metra í jörð niður, eftir ákvörðun byggingarnefndar, þar sem föst klöpp er ekki ofar.

Ef hús er reist fast að nágrannalóð, skal grafa undirstöður eldvarnarveggs og 1 metra af hliðarveggjum, er frá honum liggja, niður fyrir væntanlega kjallaradýpt nágrannahúss.

Aðrar undirstöður grafist niður eftir þörfum. Undirstöður íbúðarhúsa og allra húsa, sem tvílyft eru, skal hlaða úr grjóti og leggja í steinlím eða gera þær úr steinsteypu. Undirstöður steinhúsa skal gera þannig frá föstum jarðvegi, en undirstöður timburhúsa má gera úr lausagrjóti, þó ekki hærra upp en svo, að ekki sje grynnra á lausagrjótið en 0,70 metra.

Undirstöður úr lausagrjóti einu getur byggingarnefnd leyft undir litlum og lágum timburhúsum, eða þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi og næg trygging fyrir að óhult sje.

Varnarlög.

21. gr.

Rakavarnarlag skal leggja í undirstöður allra húsa, nema lítilla geymsluhúsa. Þar sem kjallari er gerður, skulu lögin vera tvö; skal hið neðra lagt í alla kjallaraveggi 5 sentimetrum fyrir neðan yfirborð kjallaragólfs, en hið efra í alla útveggi 10—20 sentimetra fyrir ofan

jarðflöt eða fyrirhugaða hæð hans. Skulu útveggir jarðbikaðir utan á milli laganna eða á annan hátt varðir jarðraka. 64 7. ágúst

Þar sem íbúð er í kjallara með steypugólfi, eða steypugólf í kjallaralausum íbúðarhúsum, skulu vera örugg rakavarnarlög í gólfinu.

Þar sem ekki er kjallari, nægir eitt rakavarnarlag, og má það koma ofan á undirstöður, en ávalt neðar en allir gólfviðir. Ef gólf er úr timbri og ekki nægilega varið jarðraka, skal vera minst 0,40 metra autt bil frá jarðlagi upp að gólfi, og á múrnum vera loftop, minst eitt á tveimur andstæðum veggjum.

Rakavarnarlög skulu gerð úr sementi og sandi til helminga og sje að þykt 1—2 sentimetrar eftir staðháttum, og jarðbikað að ofan, þegar steypan er orðin þur. Í stað jarðbiks má nota þakhellur lagðar í sement eða annað vatnshelt efni, sem byggingarnefnd samþykkir.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, ef um „skúta" eða lítil útihús er að ræða.

Eldvarnarveggir.

22. gr.

1. Eldvarnarvegg má ekki gera að jafnaði nema þar sem ákveðið er að reisa sambygð hús, þannig að bygt verði að honum síðar.
2. Alla útveggi, sem eru nær nágrannalóð en 3,15 metra, skal gera sem eldvarnarveggi.
3. Við hús, sem nú stendur nær nágrannalóð en 3,15 metra, skal gera eldvarnarvegg, þegar höfuðaðgerð fer fram á því.
4. Eldvarnarveggi skal gera úr steinsteypu eða grjóti lögðu í sementsblöndu. Þeir skulu ná 0,16 metra upp fyrir þak, eða fast upp að ysta lagi á þaki (bárujárni, hellum, o. þ. h., sjá 11. lið þessarar gr.), og mega hvergi þynnri vera en 0,20 metra, en að öðru leyti ákveður byggingarnefnd þykt þeirra í hvert skifti. Á þeim mega hvorki vera gluggar nje önnur op.
5. Eldvarnarveggur getur verið sameiginlegur fyrir tvö hús, ef hann er áfastur við bæði húsin og tekur 0,16 metra upp fyrir þak hærra hússins.
6. Þak má ekki hallast að eldvarnarvegg nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar, enda segi hún fyrir um umbúnaðinn.
7. Timburveggur eða innri brún reykháfs má ekki koma nær úthlið eldvarnarveggs en að 0,23 metra sjeu fyrir utan. Langbönd til að festa þakið með má þó steypa í vegginn.
8. Sementsdraga ber eldvarnarveggi, er ekki verður bygt upp að um langan tíma að dómi byggingarnefndar, og ef útlit er fyrir, að eldvarnarveggur standi þannig um ófyrirsjáanlega langan tíma, ber að ganga svo frá honum, að útlit hans verði ekki lakara en útveggja úr steini.

64 7. ágúst

9. Ef tvö hús eru saman um einn eldvarnarvegg, skal þinglesin skuldbinding um, að hvorugur eigandi geti rifið vegginn meðan annaðhvort húsið stendur.
10. Eldvarnarveggir skulu, ef um timburhús er að ræða, bundnir við grind og þakviði, á þann hátt er byggingarnefnd tekur gilt.
11. Í sambygðum húsaröðum, skal eldvarnarveggur vera í báða enda á hverju húsi, og skulu þeir alstaðar ná fast upp að ystu húð þaksins (bárujárni, hellum o. þ. h.) en ekki þurfa þeir að ná upp fyrir þak þjettara en á 20,00 metra millibili.
12. Eldvarnarveggi má ekki gera úr holsteini, nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar, og má samanlögð þykt steypunnar aldrei minni vera en 0,18 metra.

Þök.

23. gr.

1. Sperrur og skammbitar mega ekki grennri vera en 10×10 sentimetrar (4″×4″), þegar hafið er alt að 3,15 metrum. Hafið skal mælt á loftbita beint niður undan sperrum og skammbitum. Við hverja 0,32 metra sem hafið vex, skulu þessir viðir vera 1,3 sentimetrum gildari á hvern veg. Nota má viði af öðrum gildleik en hjer er tiltekið, ef samur er styrkleikinn.

   Bilið á milli sperra, talið af miðju og á miðju, má vera alt að 1,25 metra, undir málm- og pappaþök á timbursúð, en alt að 0,95 metra undir torf, hellu og steinþök.
2. Á sperrur skal leggja súð úr borðum, er ekki sjeu þynnri en 2½ sentimetrar (1″) og þar yfir bárujárn ekki þynnra en 24 B. W. G., eða annað óeldfimt efni, sem byggingarnefnd tekur gilt. Sje súðin óplægð eða íbúð á þakhæð, skal setja þakpappa utan á hana undir járnið.
3. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir járnakkerum í þakvið og studdir af þeim.
4. Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar eða ívilnanir, þegar um útihús er að ræða.

Trjebitar, trjególf og milligólf.

24. gr.

1. Trjebitar í gólfum og loftum íbúðarherbergja skulu ekki strjálli en svo, að bilið á milli þeirra, mælt af miðju á miðju, sje að meðaltali ekki yfir 0,95 metra og hvergi meira en 1,05 metri.

   Þar sem milligólf er, skulu trjebitar ekki grennri vera en 0,16 metra (6″) á hæð og 0,13 metra (5″) á breidd, þegar bitahafið er alt að 3,15 metrar, og skal hæð þeirra vaxa um ekki minna en

2,5 sentimetra, og breidd um 1,3 sentimetra, fyrir hverja 0,63 metra, sem hafið er fram úr 3,15 metrum. 64 7. ágúst

Þar sem ekki er milligólf, mega bitar vera 1,3 sentimetrum grennri en hjer er ákveðið.

Nota má bita með öðrum gildleik en hjer er ákveðið, ef styrkleikinn er samur eða meiri, þó má hlið bita ekki vera meiri en tvöföld breidd þeirra, nema því aðeins að bitarnir sje skorðaðir hver gegn öðrum með krossböndum milli efri og neðri brúnar á víxl. Bilið milli skorðanna ákveður byggingarnefnd í hvert sinn.

2. Sjeu húsveggir gerðir úr steini eða steypu, skal að minsta kosti þriðji hver biti festur við veggina í báða enda með sterkum járnakkerum. Gaflveggir úr steini eða steypu skulu bundnir með járnakkerum á 3 metra bili inn í bitalög.

3. Timburgólf skal vera úr plægðum borðum, ekki þynnri en 3,2 sentimetra (1¼″).

Í loftum má ekki nota striga eða pappa neðan á bita í staðinn fyrir þiljur.

Í gólfi og lofti íbúðarherbergja skal vera milligólf úr borðum, ekki þynnri en 2 sentimetra (¾″), er fest sje annaðhvort á sterka lista, sem negldir eru á bitana, eða í mót í hlið þeirra, enda sjeu þeir þá að dómi byggingarnefndar þeim mun sterkari en að framan er ákveðið, sem til þess þarf. Ofan á borðin komi 5 sentimetra þykt lag af deigulmó, móhellu, þurrum mó, steinsteypu eða öðru efni, sem ekki er lakara nje veldur óheilnæmi eða fúa, og sje það þurt áður en gólfborð eru lögð yfir. Sje gólftróðið úr efni, sem hætt er við að valdi ryki, skal leggja pappa undir tróðið. Í loftum milli íbúðarherbergja má í sömu íbúð, með samþykki byggingarnefndar, sleppa milligólfi. Að öðru leyti getur byggingarnefnd veitt ívilnanir um milligólf, þegar gild ástæða þykir til. Þar sem milligólf er undanfelt, skal gólfið vera tvöfalt, annaðhvort þiljað neðan á bita eða á milli þeirra, eða í þess stað sett annað jafngott lag, sem byggingarnefnd tekur gilt.

4. Þar sem bitar ganga út í steypu- eða steinveggi, skal bera á þá rakaverjandi efni.

Stigar.

25. gr.

Í öllum þeim húsum, sem reist eru úr eldfimu efni og eru yfir eina hæð, skal vera óhindraður aðgangur að tveimur stigum (aðalstiga og bakstiga), ef fjarlægð frá neðri brún á glugga að jörðu er yfir 5,00 metra.

Í húsum úr eldtraustu efni má hafa einn stiga, ef íbúðirnar, sem að honum liggja, eru ekki fleiri en 6, þar með taldar íbúðir í þakhæð.

64 Í húsum úr eldtraustu efni, sem að dómi byggingarnefndar eru
7. ágúst aðallega notuð til verslunarbúða, má hafa einn stiga, þó hærri sjeu en 2 hæðir. Ekki má hafa íbúð á lofthæð í slíkum húsum nema milliveggir og þak sje gert eldtraust.

Frá herbergjum, sem notuð eru til íbúðar og hafa aðgang að einum stiga, má fjarlægð frá stiga að herbergi ekki vera yfir 25 metrar.

Greiður gangur skal vera úr hverri íbúð og öllum herbergjum hennar að stiga, eða báðum, ef tveir eru, án þess að þurfa að fara um nokkurt herbergi eða hluta annarar íbúðar. Frá lögskipuðum stiga sje greiður útgangur ekki þrengri en stiginn.

Undanfarandi ákvæði um stiga taka ekki til herbergja, sem um getur í 34. gr., ef byggingarnefnd viðurkennir annan aðgang fullnægjandi.

1. Stigar skulu vera í sjerstökum lokuðum stigahúsum, sem hafa nægilega birtu og loft. Gluggar mega eingöngu vera á útveggjum eða yfir forstofu eða yfir ganghurð eða í hurðinni. Byggingarnefnd getur leyft glugga á veggjum aðliggjandi herbergja, ef þeir eru úr eldtraustu gleri.

   Ef stigahúsið er úr steini eða steypu, skal setja glerið í múrgreypta járnumgerð.

   Stigi, sem tengir saman tvö herbergi í sömu íbúð, þarf ekki að vera í sjerstöku stigahúsi.

   Þak og gólf í eldtraustu stigahúsi skulu vera eldtraust, eða varin með eldtraustu efni. Í slíku stigahúsi má ekki gera skápa úr trje eða þiljur á veggjum, nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar.
2. Allir trjestigar skulu hafa steinlímshúð aftan á baki og neðan á pöllum, eða eldvarðir á annan tryggilegan hátt.
3. Ef stigar eru hafðir hvor við hliðina á öðrum, skal vera heill veggur á milli þeirra, ekki þynnri en 0,32 metra, og ekki minna en ein hurð skrálæst á leiðinni frá öðrum stiganum til hins í hverri íbúð. Veggir, sem stigar úr steini eða steypu eru hlaðnir eða steyptir í, þannig að veggurinn ber stigann, skulu svo þykkir sem sagt er í 35. gr., 3, c.
4. Aðalstigi má ekki mjórri vera en 0,80 metra og bakstigi ekki mjórri en 0,66 metra; þó getur byggingarnefnd leyft, að í minni húsum sje aðalstigi 0,75 metra á breidd, ef íbúðarherbergi eru aðeins á tveimur hæðum (ekki þakhæð).
5. Á öllum stigum skulu vera handrið, um 0,70—0,80 metra há, með svo þjettum spölum, að ekki sje hætta á að barn falli niður milli þeirra.
6. Breidd stiga, sem um ræðir í samþykt þessari er gangbreidd milli veggjar og handriðs eða milli handriða, ef tvö eru.

Ef veggir eru beggja megin að stiga má ekki mjórra vera á milli þeirra en 0,80 metra í smáum húsum og 1,00 metri í stærri húsum. 64 7. ágúst

Ganghæð stiga má að jafnaði hvergi minni vera en 2,00 metrar, og skal hafa vídd stigagata eftir því. Þó getur byggingarnefnd leyft minni ganghæð í litlum húsum, ef nauðsyn þykir.

7. Stigar skulu vera svo gerðir, að hvert skref í þeim sje 0,60—0,65 metra. Skref í stiga skal talið eitt framstig og tvö uppstig samanlögð. Framstig er þrepsbreidd lárjett milli brúna, mælt á ganglínu, er liggur í miðjum stiga og fylgir frammeið í jafnri fjarlægð, en þó ekki fjær ytri brún hans en 0,50 metra, þótt stiginn sje breiðari en 1,00 metri. Uppstig er hæðin af þrepi á þrep. Framstig í aðalstiga má ekki mjórra vera en 0,21 metra nema með sjerstöku leyfi byggingarnefndar, og bakstigum ekki mjórri en 0,17 metra.
8. Ef sjerstakir örðugleikar eru á því að fullnægja ákvæðum þessarar greinar, getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá einstökum ákvæðum, ef íbúunum stafar engin hætta af.
9. Ákvæði þessarar greinar ná ekki til herbergja þeirra, sem eigi eru notuð til íbúðar og ekki mikill umgangur um, t. d. vörugeymsluhús og skemmur, og ákveður þá byggingarnefnd í hvert sinn, hvernig stigum skuli hagað.

Eldtraustur umbúnaður.

26. gr.

Eldtraustur umbúnaður er það:

a. Að allir veggir, loft og gólf sjeu úr eldtraustu efni, eða klædd efni, er ráðuneytið telur eldtraust.

Hurðir, veggþiljur, listar og gluggaumgerðir mega vera úr trje.

b. Að allir stigar og stigagöng, og göng sem tengja íbúðir við stiga, götu, bakgarða eða akdyr, sjeu úr steini, steinsteypu eða öðru eldtraustu efni. Handrið og fóður á framstiga má vera úr trje.
c. Að stigagöng og göng að þeim sjeu ekki í beinu sambandi við búð, vörugeymslu eða verkstæði.

Gluggaop, hurðaop og önnur op í útveggjum.

27. gr.

Öll op í útveggjum skulu vera lokuð með hlera, grind, hurð eða glugga, nema byggingarnefnd veiti undanþágu frá því.

Hurðir eða gluggar, sem opnast út á opið svæði eða götu, mega

64 eigi ná lengra fram en 0,30 metra út fyrir götulínu þegar opnað er.
7. ágúst Þó nær þetta ekki til glugga, sem eru hærra frá götu en 2,10 metra.

Á samkomuhúsum skulu vera nægilega margar og góðar útidyr. Allar hurðir í umferðardyrum skulu falla út og svo umbúnar, að umferð stafi enginn háski eða hindrun af.

Byggingarnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæði þessarar greinar, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

Þakgluggar.

28. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að á stórum húsum, tveggja hæða eða hærri, sje að minsta kosti einn þakgluggi, sem má opna, að stærð ekki minni en 0,50×0,50 metra; bæði glugginn og karmurinn sje úr járni eða klætt eldtraustu efni.

Þakrennur.

29. gr.

Á öllum þeim húsum, sem framvegis eru reist innan þess svæðis, sem samþykt þessi nær til, skal setja þakrennur með veggrennum svo löngum, að op þeirra sje í mesta lagi 0,16 metra fyrir ofan gangstjett eða götu, þar sem gangstjett er fast að húsi. Sje holræsi frá húsinu, skal þakvatni götumegin veitt í það neðanjarðar, nema byggingarnefnd geri aðra skipun.

Ef nauðsynlegt er vegna umferðar eða viðhalds á götu, getur byggingarnefnd krafist þess, að settar sjeu þak- og veggrennur á hús, sem reist eru áður en samþykt þessi gengur í gildi.

Reykháfar og sóphurðir.

30. gr.

1. Allir reykháfar frá eldstæðum skulu vera úr eldtraustu efni og standa á eldtraustri undirstöðu á föstum jarðvegi, eða að öðrum kosti hvíla á eldtraustri múrhvelfingu eða palli milli tveggja steinveggja, en aldrei mega þeir standa á trjebitum.
2. Loftrás má aldrei setja í reykháf, nema sjerstakar ástæður komi til greina og leyfi byggingarnefndar sje fengið í hvert sinn.
3. Hliðar reykháfsins skulu að minsta kosti vera 0,12 metra á þykt, og vídd hans að innanmáli eigi minni en 0,23 metra á hvern veg eða að þvermáli. Þó má leyfa 0,18 metra vídd, ef eldstæði eru ekki fleiri en 3.
4. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring, og eins þar sem hann gengur í gegnum þak, og skal vera að minsta kosti 0,17 metra bil milli þeirra hliða hans, sem inn snúa, og viðanna.

Þó má sleppa járnklæðning, ef bil er gert milli reykháfs og viða, ekki minna en 0,23 metra og skal þá múrað eða steypt milli reykháfs og viða. Ekki má þilja reykháf utan nje klæða hann borðum eða láta um hann veggfóður, sem límt er á lista. Byggingarnefnd getur aðeins leyft að láta einfalda fótlista og loftlista liggja utan um reykháfinn. 64 7. ágúst

5. Reykháfur má hvergi hallast meira en 45° frá lóðrjettri línu; skal hann þá hvíla á múr eða trjeskorðu, og vera múrað milli skorðu og reykháfs, svo innanmál hans sje ekki nær skorðunni en 0,23 metra. Reykháfur má ekki hallast fram yfir stiga. Hornin, sem myndast við beygjuna, skulu kringd.
6. Reykháfur skal ná að minsta kosti 0,65 metra upp fyrir húsmæni, en komi hann upp úr þakhlið, ákveður byggingarnefnd í hvert sinn hæðina, en sje þó ekki minni en 1,00 metri upp frá þaki.
7. Inn í 0,23 metra víðan reykháf má ekki setja reykpípur frá fleiri eldfærum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfum utan um hverja pípu, þannig gerðan, að pípan geti ekki ýtst inn í reykháfinn. Reykháfur sje þeim mun víðari, sem honum er ætlað að leiða reyk frá fleiri eldstæðum en hjer er talið.
8. Innanhúss má sjerstæður reykháfur standa óstuddur á alt að 8 sinnum meiri hæð en breidd hans nemur minst að utanmáli.
9. Ef svo mikill reykur á að fara um reykháf, að byggingarnefnd telji líklegt að óþægindi stafi af honum fyrir þá, er nærri búa, skal gera reykháfinn svo háan, sem byggingarnefnd ákveður. Ef byggingarnefnd álítur að hæð sú, er ákveðin hefir verið, nægi eigi framvegis, getur hún krafist þess, að reykháfurinn sje svo gerður, að unt sje að hækka hann síðar.

   Ef reykháfur veldur óþægindum þeim, er nærri búa, er eigandinn skyldur að hækka reykháfinn, eftir skipun byggingarnefndar, án tillits til þess, hvenær reykháfurinn var gerður.
10. Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópop, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnumgerð. Undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar getur byggingarnefnd leyft, ef sjerstakar ástæður koma til greina og engin eldhætta stafar af.

Eldstæði, miðstöðvarupphitun og reykpípur.

31. gr.

1. Eldstæði má því aðeins setja í herbergi, að veggir sjeu þjettir (t. d. ekki rimlaveggir). Ef herbergið er lægra en 2,00 metrar, skal loft, gólf og veggir vera úr eldtraustu efni.

64 7. ágúst

2. Ofna og eldavjelar má ekki setja nær timburvegg en svo, að 0,21 metra sje á milli.
3. Pípur frá ofnum og eldavjelum mega ekki koma nær trje en svo, að 0,21 metra sje á milli. Þær skulu liggja í reykháf, og mega ekki liggja um herbergi, sem eldfim efni eru geymd í.
4. Ef eldstæði eru nær trjevegg en 0,21 metra, skal setja minst 0,12 metra þykkan vegg úr steini eða steypu í staðinn fyrir trjevegginn, á ekki minna svæði en svo, að hvergi sje skemra en 0,21 metra frá eldstæði að timbri.
5. Eldavjelar má setja á trjególf, ef að minsta kosti 0,11 metra eru frá gólfi upp að botni á eldavjel og á milli sjeu tvö lög af tígulsteini, hlöðnum í binding og steinlím eða steypugólf, jafnþykt, eða að gólfið sje þakið járnþynnum, eða öðru eldtraustu efni.
6. Ofnar skulu standa á múruðum eða steyptum fæti, eða á járnfæti, sem annaðhvort er opinn eða fyltur múr eða steypu. Sje rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum, og skal þá undir skúffunni vera járnþynna, er fyllir út í holið minst 5 millimetra frá gólfi.
7. Þar sem ofnar eða eldavjelar standa á trjególfi, skal gólfið fram undan eldstæðum þakið eldtraustu efni, járnþynnu eða öðru ekki lakara. Skal járnþynnan eða það, sem notað er í hennar stað, ná að minsta kosti 0,32 metra fram á gólfið fram fyrir ofninn eða eldavjelina, til hliðar og aftur fyrir, nema veggir sjeu nær.
8. Í herbergjum, sem ætluð eru fyrir katla til miðstöðvarhitunar, skulu gólf, loft og veggir gerðir úr steini eða steypu. Þó má leyfa trjeloft með steinlímshúð að neðan. Ketillinn skal standa á grunnmúr eða járnbentu steingólfi, sem hvílir á traustum steinveggjum. Ef um mjög litla miðstöðvarkatla er að ræða, getur byggingarnefnd leyft, að þeir sjeu í herbergi með gólfi, veggjum og lofti úr trje, en ætíð skal svo um búið, að byggingarnefnd telji örugt fyrir eldshættu frá miðstöðvarkatlinum.
9. Reykpípur mega aldrei liggja út úr útvegg, en skulu ætíð ganga í reykháfinn. Eigi má reykpípan, á leið út í reykháf, liggja gegnum annað herbergi á lengra svæði en 4,00 metrum, og er þá bilið talið frá ofni að reykháfi. Skal pípan þá ætíð vera úr steypujárni. Reykpípa má eigi vera nær trje en 0,21 metra. Ef hún liggur gegnum trjevegg eða þak, skal múrað kringum hana, svo að ytri hlið hennar verði eigi nær trje en 0,21 metra.

   Ef hnje er á reykpípu, skal það vera með spjaldi, sem hægt er að taka af til að hreinsa pípuna.

Íbúðarherbergi.

32. gr.

Íbúðarherbergi og herbergi, sem dvalið er í mikinn hluta dags, skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Útveggir á herbergjum skulu svo gerðir, að þeir veiti nægilega vernd gegn kulda og raka.
2. Lofthæð skal vera minst 2,50 metrar; þó getur byggingarnefnd leyft, ef sjerstakar ástæður koma til greina, alt að 0,20 metra minni lofthæð. Ef loftbitar eru sýnilegir, skal lofthæð mæld upp að neðri brún þeirra.

   Í gömlum húsum má leyfa minni hæð, sömuleiðis í þakherbergjum; þó má hæðin aldrei minni vera en 2,15 metrar.
3. Ef herbergi er undir súð, verður að minsta kosti helmingur af gólffleti þess, og aldrei minna en 6 fermetrar, að hafa lofthæð 2,50 metra; byggingarnefnd getur þó veitt sömu undanþágu, sem um getur í 2. lið.
4. Ekkert herbergi má mjórra vera en 1,70 metrar, og gólfflöturinn minst 6 fermetrar.
5. Á hverju herbergi skal vera gluggi, er veit út að götu eða opnum garði. Ljósmál glugga má minst vera $^1/_{12}$ af gólffletinum, og skal vera hægt að opna hann.
6. Byggingarnefnd getur leyft að hafa eingöngu ofanljós, ef ekki er hægt að koma glugga fyrir á herbergi á annan hátt, og skal glugginn þá vera svo gerður, að hæglega megi opna hann.

Kjallaraíbúð.

33. gr.

1. Kjallara má ekki nota til íbúðar nema byggingarnefnd leyfi og gluggar viti út að götu eða opnum garði. Ekki má nota herbergi til íbúðar, sem aðeins hefir glugga móti norðri, nema það sje hluti af íbúð, sem hefir glugga móti öðrum áttum og nýtur nokkurrar sólar.
2. Lofthæð herbergja skal eigi minni vera en 2,30 metrar, og í minsta lagi helmingur af rúmmáli hvers herbergis skal vera ofanjarðar. Þó má byggingarnefnd leyfa, að einstök íbúðarherbergi í kjallara hafi aðeins 2,20 metra lofthæð, ef þau fylgja íbúð á öðrum hæðum í húsinu, ná ekki lengra en 1,00 metra niður í jörðu og eru ekki minna en 9 fermetrar að flatarmáli.
3. Glerflötur glugga ofanjarðar sje eigi minni en nemi $^1/_{12}$ af gólffleti herbergis.
4. Gólfið skal gert úr steinsteypu eða öðru álíka vatnsheldu efni, og sje trjególf þar ofan á, eða annað gólf ekki lakara.

64 7. ágúst

5. Gólfið sje að minsta kosti 0,30 metra fyrir ofan hæsta stórstraumsflóð, og skal þurka jarðveginn undir því með fráræsi, eftir fyrirmælum byggingarnefndar, svo að jarðvatn nái aldrei upp að gólfi.
6. Veggi skal verja raka á þann hátt, er byggingarnefnd mælir fyrir um. Hvert íbúðarherbergi skal vera hægt að hita.

Herbergi, sem notuð eru um stundarsakir.

34. gr.

Þvottahús, forstofur, búr, baðherbergi og snyrtiklefar skulu hafa nægilegt ljós og birtu og vera varin gegn raka. Ekki má leyfa þvottahús með glugga að götu, nema byggingarnefnd telji, að ekki stafi mikil óþægindi af vatnsgufu frá því fyrir þá, sem um götuna fara. Í þvottahúsum skal vera þjett steypugólf; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá því, ef nauðsyn þykir.

Hæfilega mörg salerni skulu fylgja hverju húsi, og skal gólfflötur þeirra eigi minni en 0,80 × 0,70 metra.

Veggir steinhúsa.

35. gr.

1. Veggir steinhúsa sjeu hlaðnir úr settu og höggnu grjóti, lögðu í steinlím, eða gerðir úr steinsteypu. Steinsteypuveggir í íbúðarhúsum ofan kjallara og einnig í kjöllurum, sem ætlaðir eru til íbúðar, skulu gerðir úr vandaðri steypu og ekki veikari að blöndu en 1:4:7 (þ. e. 1 hluti sements móti 4 hlutum sands og 7 hlutum grjótmulnings eða malar eða hvorstveggja). Aðra veggi og undirstöður má gera úr steypu 1:4:8.

   Ef notuð er önnur gerð steypu en fyr er sagt, t. d. holsteinar, skal byggingarnefnd leita sjer upplýsinga hjá húsameistara ríkisins um gerð þeirra og notagildi áður en hún samþykkir að hús sjeu bygð úr þeim.

   Drýgja má steypu í undirstöðum, kjöllurum og húsum, sem ekki eru hærri en 1 hæð auk kjallara, með hreinu, sterku grjóti, hrjúfu eða brotnu (hraungrjót má því aðeins nota, að það sje sæmilega sterkt). Þó má enginn steinn vera stærri en nemi alt að helmingi veggþyktar. Ekki skulu steinar þjettari en svo, að auðvelt sje að þjappa steypunni á milli þeirra svo holulaus verði. Alstaðar skal vera smágerð steypa á milli steinanna, og að öðru leyti svo sterk, sem fyr segir.

   Öll steypuefni sjeu sterk, hrein, ófúin og að öllu óskemd, laus við mold og lífræn efni. Grjótmulningur og steypumöl sje

ekki stórgerðari en svo, að stærstu molarnir fari greiðlega gegnum 6 sentimetra víðan hring. 64 7. ágúst

2. Þykt útveggja, sem gerðir eru úr ekki veikari steypublöndu en 1:4:7, skal vera sem hjer segir:

a. Þykt hliðarveggja þeirra eða útveggja, sem eru burðarveggir í vanalegum íbúðarhúsum með lofti og gólfi úr járnbentri steinsteypu, skulu í einlyftum húsum eða á efstu hæð vera 0,22 metra á þykt, á næstu hæð fyrir neðan 0,25 metra og næstu hæð þar fyrir neðan (í kjallara) 0,32 metra á þykt. Ef gólf eru úr timbri, skulu veggþyktir vera 0,24, 0,30 og 0,34 metra.

Ef húsið er portbygt, skal portið hafa sömu þykt og veggurinn á næstu hæð fyrir neðan, ef hæð þess fer ekki fram úr 0,70 metra. Sje portið hærra, skal það gert með veggþykt sem full hæð væri.

Ef byggingarnefnd telur, að svo langt sje milli burðarveggja eða þverveggja úr sama efni, að ekki fáist nægur bindingur í húsið, getur hún krafist þess, að burðarveggir sjeu gerðir svo traustir, sem hún álítur með þurfa.

Ef um hús er að ræða með mjög stórum herbergjum eða sölum, t. d. samkomuhús, verslunarhús o. þ. h., eða ef vegghæð fer fram úr 3,00 metrum af gólfi á gólf, getur byggingarnefnd krafist, að styrkleiki allra burðarveggja sje ákveðinn af sjerfróðum manni.

b. Gaflveggir, sem járnbent steypugólf hvíla á, og á eru gluggaeða dyraop, skulu hafa sömu þykt og burðarveggir, og reiknast þá allur veggurinn fyrir ofan efsta gólf (hjer með talið risið) með sömu þykt og efsta hæð. Gaflveggir, sem aðeins bera sinn eigin þunga (ef loft eru úr trje), mega vera 0,21 metra þykkir á öllum hæðum, nema í kjallara. Þar skulu þeir ekki þynnri vera en 0,32 metra.

c. Byggingarnefnd getur leyft aðra þykt útveggja en hjer segir, t. d. ef járn er í steypunni eða veggir tvöfaldir. Einnig getur byggingarnefnd krafist, að veggþyktin sje önnur en fyr er sagt, ef um holsteina er að ræða.

Byggingarnefnd getur leyft þynnri útveggi en fyr er sagt, ef um mjög stutt haf er að ræða, t. d. í stigaskútum, og veggirnir bera aðeins sinn eigin þunga.

Í smáskútum (skúrum) og geymsluhúsum má nota þynnri veggi en fyr er sagt; þó verður byggingarnefnd að ganga úr skugga um, að engin hætta geti stafað af.

Undir gluggum en ofan gólfs mega veggir vera 0,19 metra þykkir, þó þeir sjeu þykkri milli glugga. Í kjallara skal þrep undir gluggum aldrei þynnra vera en 0,26 metra.

64 7. ágúst

3. a. Burðarveggir innanhúss sjeu á þykt í efstu hæð 0,16 metra, og þar fyrir neðan aukist þykt veggjarins við hverja hæð um 3 sentimetra. Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa þynnri burðarveggi, ef um mjög lítil hús er að ræða, eða ef tveir burðarveggir eru samhliða og bilið á milli þeirra er mjög stutt, t. d. göng. Þó má enginn burðarveggur þynnri vera en 0,14 metra.

Ef burðarveggir hafa, að dómi byggingarnefndar, ónógan stuðning af þverveggjum, eða á þeim eru stórar dyr með mjóum millibilum, getur byggingarnefnd krafist, að veggþyktin sje aukin eða styrkleiki veggjarins aukinn á annan hátt, sem henni þykir nauðsyn til.

b. Innri veggir úr steini eða steypu, sem hvorki eru burðarveggir nje stigar hvíla á, skulu ekki vera minni en 0,12 metra þykkir. Sje hafið stutt, má þyktin þó vera alt að 0,08 metra.

c. Veggir þeir, sem stein eða steypustigar eru festir í, þannig að veggirnir bera stigann, skulu í efstu stigahæð eigi þynnri vera en 0,18 metra, og við hverja hæð þar fyrir neðan aukist þykt veggjarins um 3 sentimetra. Stigahúsveggir, sem liggja að trjestiga, skulu eigi þynnri vera en sagt er í þessum lið.

d. Ekki má skerða þykt veggjar, sem um getur í a-, b- og c-lið á þann hátt að leggja í þá áframhaldandi vegglægjur; þó er leyfilegt að setja þaklægur („múrlektur") undir þverbita í þaki.

e. Samanlögð breidd glugga og dyratófta má ekki vera meiri en helmingur af allri lengd veggjarins. Byggingarnefnd getur þó veitt undanþágu frá þessu, ef veggir eru járnbentir. Enginn veggstöpull má mjórri vera en $\frac{1}{3}$ af samanlagðri breidd beggja tóftanna báðumegin við hann, nje á neinn veg þynnri en samsvari $\frac{1}{8}$ af hæð hans, nema í honum sje járnbendingur, eða á annan hátt gerður með þeim styrkleika, sem byggingarnefnd er kunnugt um að sje nauðsynlegur.

4. Byggingarnefnd getur fyrirskipað meiri veggþykt en fyr er ákveðið, þar sem gerðar eru stórar veggbrúnir, eða annað það, sem eykur áreynslu á veggina eða rýrir styrkleik þeirra. Ef þykt veggjar er aukin á einhverri hæð, skal hún einnig aukin þar fyrir neðan, eftir því sem byggingarnefnd telur þurfa. Byggingarnefnd getur ákveðið, að veggir úr járnbentri steinsteypu eða steypu, sem er sterkari og þjettari en hjer hefir verið miðað við, megi vera þynnri en ákveðið er í þessari grein, ef járngrindin og gerð veggjarins að öðru leyti er eftir fyrirsögn sjerfróðs manns og byggingarnefnd telur vegginn fulltraustan.

5. Veggir hlaðnir úr höggnum grásteini, tígulsteini eða öðrum steini, skulu gerðir með sama styrkleik og hjer er sagt um steypuveggi. Byggingarnefnd dæmir um, hvort þeirri kröfu sje fullnægt.

6. Útveggi úr steini eða steypu skal sljetta utan með sementshúð ofan jarðar. Þó nægir að bursta veggi utan með sementsblöndu, ef byggingarnefnd samþykkir.
7. Innan við alla einfalda útveggi íbúðarherbergja, sem steyptir eru eða hlaðnir úr grásteini, steyptum steini eða holsteini, skal setja innri skjólvegg úr steini eða steypu með tróði á milli, eða úr timbri, korki eða öðru ekki lakara efni, sem byggingarnefnd tekur gilt.
8. Ekki má múra eða steypa húsveggi, undirstöður eða gólf, ef frost er 2° C. eða meira.

64 7. ágúst

Steypuloft og steypustigar.

36. gr.

Byggingarnefnd getur því aðeins leyft að gera loft og stiga úr steypu, að sjerfróður maður hafi gert áætlun um styrkleika þeirra; þó getur byggingarnefnd veitt undanþágu frá þessu, ef um mjög lítið gólf er að ræða. Maður sá, er vinnur að verkinu, skal að dómi byggingarnefndar vera hæfur til þess.

Veggir timburhúsa.

37. gr.

1. Undirstöður og útveggir í kjallara timburhúsa skulu að þykt vera ekki undir 0,24 metra, en burðarveggir innanhúss ekki undir 0,20 metra; ef um stærri hús er að ræða, getur byggingarnefnd aukið þykt veggjanna frá því, sem fyr um getur, ef henni þykir nauðsyn til.
2. Timbur, sem notað er til húsabygginga, skal vera vandað og óskemt.
   a. Í timburhúsum, þar sem lofthæð er alt að 3,00 metrum og herbergisdýpt alt að 4,50 metrum, mega stafir í útveggjum á efsta lofti og efri hæð eigi vera grennri en 10×10 sentimetrar (4×4″), á neðri hæð 10×13 sentimetrar (4×5″) og hornstafir 13×13 sentimetrar (5×5″). Sje hæðin meiri, eða alt að 4,00 metrum, og herbergja dýpt alt að 5,50 metrum, skal þykt stafstafanna út og inn aukin að minsta kosti um 2½ sentmetra (1″). Í stærri húsum ákveður byggingarnefnd gildleika stafanna.

   Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að hafa annan gildleik á stöfum en fyr er sagt, ef hún álítur, að styrkleikinn verði nægur.

   Stafir skulu ekki vera strjálli en svo, að í minsta lagi komi einn stafur á hverja 1,25 metra að meðaltali í lengd veggj-

64
7. ágúst

arins, og hvergi má vera lengra á milli þeirra en 1,60 metrar, nema byggingarnefnd leyfi sjerstaklega.

Milli allra stafa skulu vera skorður („lausholt") og í hverjum vegg eigi minni en tvær spyrnur („skáskífur"). Spyrnur skulu ekki mynda minna horn en 30° við lóðrjetta línu. Skorður skulu ekki vera grennri en stafir.

Í útveggjum þeim, sem bita bera, skal undir bitaendum liggja aurstokkur á grunni, ekki grennri en stafir eru í veggjum. Byggingarnefnd getur þó leyft, að aurstokkur sje ekki gildari en 13 × 13 sentimetrar (5 × 5"), þó að stafir í veggjum sjeu gildari.

Ofan á bitaendana komi staflægjur („undirstokkar"), jafnbreiðar stöfum og eigi þynnri en 6½ sentimetri (2½"). Niður undan stöfum skal fella trje á milli aurstokks og undirstokks.

Ofan á stafi skal fella syllur, á hvorugan veg grennri en stafir eru út og inn, sem undir þeim standa.

Stafi skal festa saman um hæðamót, og á neðri hæð við aurstokk með sterkum járnklóm og reknagla í staflægjur og aurstokk.

Aurstokkur skal festur með járnum í undirstöður, eða að öðrum kosti vera vel múrað upp með honum.

b. Utan á grind íbúðarhúsa skal koma þil úr borðum 2½ sentimetra (1") þykkum, og skal negla þau vandlega á alla viði grindarinnar.

Utan á þil skal settur pappi og síðan bárujárn eða annað efni ekki lakara, er byggingarnefnd samþykkir. Milli járns og pappa komi 1½ sentimetra (½") þykkir listar. Bárujárn á veggjum má ekki þynnra vera en 26 B. W. G. Þó má hafa þil í stað bárujárns á veggjum, ef húsin standa sjerstæð og að dómi byggingarnefndar engin eldhætta starfar af þeim. Þar sem pappi er settur utan á grind undir þiljur, þarf eigi lista.

Innan á grind skal settur pappi og þil, ekki þynnra en 2 sentimetrar (¾"), eða annað lag ekki lakara.

c. Grind burðarveggja innanhúss skal gera úr viðum eigi grennri en 10 × 10 sentimetra (4 × 4") á neðri hæð, og 8 × 10 sentimetra (3×4") þar fyrir ofan. Í smærri húsum má þó nota grennri viði, ef byggingarnefnd álítur, að styrkleikinn sje nógur. Byggingarnefnd getur krafist gildari viða, ef um stór hús er að ræða og henni þykir ástæða til.

Að öðru leyti gilda sömu ákvæði sem um útveggi að því er snertir staflægjur, stafi, skorður og spyrnur.

d. Aðrir timburveggir mega ekki, ef þeir eru á milli íbúðarher-

bergja, vera lakari að gerð en svo, að þil úr borðum 2 senti- 64
metra (¾″) þykkum, eða annað lag ekki lakara, sje hvoru 7. ágúst
megin, og 3,2 sentimetra (1¼″) þykkir renningar á milli. Jafnvænir skulu veggir vera, sem stigar liggja upp að, nema byggingarnefnd telji þörf á meiri styrkleik. Veggi, sem tveir stigar liggja að, skal gera jafnvæna burðarveggjum (sbr. lið c.).

e. Í útihúsum og skútum, sem eru aðeins ein hæð, má gera grind úr plönkum („battingum").

f. Í timburveggjum sje samanlögð breidd glugga og dyraopa mæld á milli stafa ekki meira en hálf lengd veggjar, nema byggingarnefnd veiti sjerstakt leyfi til.

g. Nota má máttarviði með öðrum gildleika en til er tekið í þessari grein, ef samur er styrkleikinn eða meiri.

Fjarlægð húsa frá nágrannalóð.

38. gr.

Ekkert steinhús má vera nær nágrannalóð en 3,15 metra, nema eldvarnarveggur snúi að lóðinni (sbr. 22. gr.). Timburhús án eldvarnarveggs má eigi vera nær nágrannalóð en helmingur af hæsta vegg, er að nágranna veit, þó eigi nær en 5,00 metra. Byggingarnefnd getur veitt ívilnanir niður í 4,00 metra, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

Stærð timburhúsa.

39. gr.

Ekkert timburhús má stærra vera en 150 fermetrar að flatarmáli, að meðtöldum tilheyrandi útihúsum, og aldrei mega fleiri timburhús vera sambygð en svo, að flatarmál þeirra fari ekki fram úr 350 fermetrum. Þó getur hreppsnefnd fært bæði þessi hámörk niður.

Skemmur og vörugeymsluhús.

40. gr.

Skemmur og vörugeymsluhús eru engum ákvæðum bundin um tölu hæða, og þurfa þær ekki hærri að vera en 2,00 metra. Þó má veggháeð, mæld upp að skurðarlínu þaks og veggjar, ekki vera yfir 8,00 metra. Ef geymd eru eldfim efni í skemmu eða vörugeymsluhúsi úr trje, skulu þau vera í sjerstöku herbergi með eldtraustum veggjum, gólfi og lofti.

Torfbæir.

41. gr.

Torfbæir teljast þær byggingar, þar sem veggir, eða þak og veggir, eru að öllu eða miklu leyti þakið torfi.

64 7. ágúst

Byggja má torfbæi á þeim stöðum, er skipulagsuppdráttur nær ekki yfir og þar sem ekki er útlit fyrir, að reist verði stærri hús í náinni framtíð.

Torfbæir skulu að öllu leyti vandaðir að frágangi og hlíta þeim skilyrðum, er byggingarnefnd setur í því efni.

Glugga- og dyraumgerð.

42. gr.

Glugga- og dyraumgerð skal að jafnaði vera gerð úr plönkum, ekki þynnri en 5 sentimetra (2″). Þeir skulu í steypuveggjum roðnir karbólíni, eða öðru efni ekki lakara, á þá hlið, er veit að steini eða steypu. Með þeim skal, í útveggjum, sjerstaklega í steinhúsum, troða vandlega hampi, eða öðru ekki lakara efni, bæði að utan og innan.

Viðhald húsa.

43. gr.

Byggingarnefnd getur krafist þess, að húsum sje haldið sæmilega við, svo eigi verði þau til lýta fyrir bæinn eða umhverfi þeirra.

Um byggingaraðferðir og efni, sem ekki er tilgreint í samþykt þessari.

44. gr.

Ef nota skal byggingaraðferð eða byggingarefni, sem ekki er tilgreint í samþykt þessari, ber umsækjanda að geta þess, er hann sækir um byggingarleyfi. Einnig skal hann skyldur til að gefa þær upplýsingar þessu viðvíkjandi, sem byggingarnefnd álítur nauðsynlegar.

Byggingarnefnd getur á kostnað umsækjanda látið gera þá rannsókn á byggingarefni, sem hún álítur nauðsynlega, til að ganga úr skugga um, að aðferð og efni fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í samþykt þessari.

Hús þar sem farið er með eldfim efni.

45. gr.

Öll hús, þar sem unnið er að einhverju, sem sjerstök eldhætta stafar af, skulu gerð úr steini eða steypu, nema þau sjeu svo langt frá öðrum húsum, að engin eldshætta stafi frá þeim fyrir nágranna; þá getur byggingarnefnd leyft, að þau sjeu úr timbri.

Allir veggir í smiðjum skulu vera úr eldtraustu efni, að minsta kosti 1,00 metra frá gólfi; ennfremur skal gólfið vera úr eldtraustu efni.

Í smíðahúsum trjesmiða má aðeins setja lokuð eldstæði. Utan um þau skal setja járnkassa, sem nær minst 0,20 metra til allra hliða út fyrir eldstæðið og er á hæð 0,30 metra frá gólfi. Loft og veggir slíkra húsa skal vera úr eldtraustu efni, eða ef það er úr timbri, þá klætt innan með járnþynnum á listum eða öðru efni jafn eldtraustu. 64 7. ágúst

Flatarmál bygðrar lóðar og fjarlægð frá lóðarmörkum.

46. gr.

Þegar mældur er flötur bygðrar lóðar, skulu veggsvalir og önnur framskot talin með, ef þau eru með þaki og undirstöður ná frá jörðu. Fjarlægð frá lóðarmörkum mælist ætíð frá þeim hluta hússins, sem nær lengst út.

Verkpallar o. fl.

47. gr.

Verkpallar, útbúnaður allur og tæki við húsasmíði og mannvirki skal traust og í góðu lagi, svo ekki valdi slysum eða tjóni. Byggingarfulltrúa er heimilt að gera um þetta þær ráðstafanir, er duga mega, á kostnað eiganda, ef nauðsyn þykir, eða stöðva verkið að öðrum kosti, þar til bót er á ráðin.

III. KAFLI.

BYGGINGARLEYFI. FRAMKVÆMD VERKSINS. EFTIRLIT.

48. gr.

1. Áður en byrjað er á húsi eða öðru mannvirki, sem samþykt þessi nær til, skal senda skriflega beiðni um það til byggingarnefndar og fá samþykki hennar til að framkvæma verkið.

   Ekki má ríf a hús, nema skrifleg tilkynning um það sje send til byggingarnefndar.

   Umsækjandi má ekki byrja á verkinu fyr en hann hefir fengið tilkynningu frá byggingarnefnd að leyfið sje veitt.
2. Beiðninni skal fylgja nákvæm lýsing af öllu því, sem nauðsynlegt er til sönnunar því, að verkið sje samkvæmt byggingarsamþykt. Þar að auki skal fylgja í tveim eintökum:
   a. Lóðaruppdráttur eftir mælikvarða að minsta kosti 1:500, með árituðum stærðarhlutföllum; skal á honum sýna mannvirki þau, er reisa skal, ásamt þeim er fyrir kunna að vera á lóðinni, ennfremur afstöðu gagnvart götum, er að liggja, og nágrönnum. Flatarmál lóðar og mannvirkja skal ritað á uppdráttinn.
   b. Uppdrættir eftir mælikvarða að minsta kosti 1:100, með árit-

64
7 ágúst

uðum stærðarmálum, og skulu þeir svo greinilegir, að glögglega megi af þeim sjá alla gerð, stærð og lögun mannvirkis þess, er um ræðir, og til hvers herbergi eru notuð, þegar um hús er að ræða.

Við breytingu á eldra húsi skulu uppdrættir og lýsing glögglega sýna hlutfallið bæði fyrir og eftir breytinguna.

Sýna skal á húsuppdráttum þykt allra burðarveggja og gildleik máttarviða.

c. Áður en leyft er að byggja hús í sambygðri húsaröð, getur byggingarnefnd krafist, að gerður sje lauslegur uppdráttur af hliðum allra sambygðu húsanna, á kostnað lóðaeigenda.

d. Þá hluta húsa eða mannvirkja, sem að gerð eru frábrugðin almennri venju, eða verða að vera það sökum áreynslu eða annara orsaka, skal sýna á uppdráttum, ef byggingarnefnd óskar, og eftir mælikvarða að minsta kosti 1:20. Skal glögg lýsing fylgja og styrkleikaútreikningur látinn í tje, ef þess er krafist.

e. Lýsing á lóðinni og ásigkomulagi grundvallar. Ef um nýtt hús er að ræða eða gagngerða breytingu á eldra húsi, skal sýna, hvernig ætlast er til, að sjeð verði fyrir afrensli frá húsi og lóð og vegi að húsinu, ef það stendur ekki við götu.

3. Tilkynna ber nágranna, ef mannvirki það, sem reisa skal, snertir hagsmuni hans. Ber yfirlýsing í þessa átt að fylgja umsókninni og tekið fram, hverja nágrannaeign sje átt við.

4. Á alla uppdrætti skal draga mælikvarða uppdráttarins í metramáli. Allir uppdrættir skulu undirskrifaðir af þeim, sem gerði þá. Sá, sem verkið er unnið fyrir, ber ábyrgð á, að það verði gert samkvæmt byggingarsamþykt og eins og uppdrættir sýna.

5. Eftir að byggingarfulltrúinn hefir kynt sjer umsóknina, leggur hann málið fyrir byggingarnefnd ásamt umsögn sinni. Ef fleiri nefndum ber að fjalla um málið, skal byggingarfulltrúi fyrst leggja málið fyrir þær nefndir. Þegar byggingarnefnd hefir gert tillögu sína, skal málið lagt fyrir hreppsnefnd, sem veitir byggingarleyfið, sbr. þó 3. gr.

Byggingarnefnd leggur annað eintak umsóknarskjalanna til geymslu í skjalasafn sitt, en endursendir umsækjanda hitt eintakið með árituðum úrskurðum, að jafnaði innan hálfsmánaðar frá fyrsta fundi byggingarnefndar eftir að umsókn var afhent henni. Sje synjað um leyfið eða breytingar gerðar að samþyktarskilyrði, skal greina ástæður þess.

Öll byggingarleyfi skulu veitt með því skilyrði, að umsjón verksins og ábyrgð sje í höndum manns, sem byggingarnefnd telur til þess hæfan fyrir kunnáttu sakir og áreiðanleika.

6. Ekki má í neinu víkja frá samþyktum uppdráttum nema fengið sje leyfi byggingarnefndar til þess. 64 7. ágúst
7. Hið endursenda eintak af uppdráttum og lýsingu byggingar skal jafnan vera við hendina nothæft á vinnustaðnum meðan á smíðinni stendur. Byggingarfulltrúa, svo og einstökum mönnum úr byggingarnefnd, sje jafnan heimill aðgangur að uppdráttunum og byggingunni meðan hún er í smíðum.
8. Húseigandi skal tilkynna byggingarfulltrúa með tveggja daga fyrirvara:
   a. hvenær byrjað verður á undirstöðum,
   b. hvenær rakavarnarlög verða lögð í veggi,
   c. hvenær þak verður reist á steinhúsi eða grind í timburhúsi,
   d. hvenær gólf verða lögð á bita eða járn í steypuloft.
9. Hreppsnefnd ákveður gjöld fyrir byggingarleyfi. Gjaldið rennur í sveitarsjóð.
10. Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.

Um byggingarleyfi, sem fer í bág við samþykt þessa.

49. gr.

Nú veitir hreppsnefnd byggingarleyfi, en síðar kemur í ljós að mannvirkið fer í bága við samþyktina, þá getur byggjandi krafist sanngjarnra skaðabóta úr sveitarsjóði, svo framarlega sem það, er fer í bága við samþyktina, hafi sjest ljóslega í umsókn hans og á uppdráttum og sýnilegt sje, að hann hafi farið eftir bestu vitund, enda skal hann skyldur að breyta verkinu, svo það verði samþykt og reglum samkvæmt.

Um leyfi til þess að flytja í ný hús.

50. gr.

Eigi má taka hús til afnota fyr en fengið er vottorð byggingarfulltrúa að húsið fullnægi byggingarsamþyktinni.

Eftirlit með gömlum byggingum, forgörðum o. fl.

51. gr.

Byggingarnefnd skal sjá um, að öll mannvirki, girðingar, auglýsingarspjöld („skilti") og annað það er henni ber að líta eftir, geti eigi valdið hættu og sje ekki til óprýði. Byggingarfulltrúi hefir eftirlit þetta á hendi, en ef eigandi vanrækir að fullnægja kröfum hans, getur hreppsnefnd látið lagfæra það, sem byggingarnefnd telur með þurfa, á kostnað eiganda.

64 Nú er íbúð eða einstök herbergi, sem ætluð eru til íbúðar, svo
7. ágúst illa á sig komin, að þau, að áliti byggingarnefndar, sjeu óheilnæm eða eigi örugg til íbúðar, þá skal hún leita umsagnar hjeraðslæknis. Sje hann á sama máli og nefndin, getur hún krafist þess, að eigandi lagi gallana innan ákveðins tíma. Verði hann eigi við þessu, getur hreppsnefnd eftir tillögum byggingarnefndar úrskurðað, að ekki megi búa í íbúðinni.

Ef ekki er unt að flytja úr íbúðinni, vegna þess, að eigi er mögulegt að ná í aðra fyrir sæmilegt verð, ber hreppsnefnd að sjá um, að útvega íbúð jafnskjótt og hægt er.

IV. KAFLI.

SEKTARÁKVÆÐI OG BREYTING Á SAMÞYKT.

52. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum frá 50—500 krónur, og skal sekta bæði smið og eiganda, er hlut eiga að máli. Sektirnar renna í sveitarsjóð. Auk þess skal eigandi á sinn kostnað rífa niður það, er fer í bág við ákvæði samþyktarinnar eða reglur þær, sem byggingarnefnd setur samkvæmt samþyktinni. Ella sje það rifið á hans kostnað. Sje um brot á 50. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sjerstakt leyfi byggingarnefndar, hafið án þess að leyfið sje fengið, skal lögreglustjóri undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkinu sje haldið áfram, fyr en fengið er leyfi byggingarnefndar.

Með mál út af brotum á samþykt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

53. gr.

Til þess að breyting á samþykt þessari geti öðlast gildi, þarf umræður hreppsnefndar á tveim fundum hennar, samþykki hreppsnefndar á breytingunni, og staðfestingu ráðuneytisins.

Samþykt þessi, sem hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps hefir samið og samþykt, er hjermeð staðfest samkvæmt lögum nr. 19, 20. okt. 1905, sbr. lög nr. 55, 27. júní 1921, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. ágúst 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ

65
10. ágúst

um

notkun og meðferð rafmagns í Stykkishólmi.

1. gr.

Rafveitan er eign Stykkishólmshrepps og hefir hreppsnefndin á hendi yfirstjórn hennar. Hún kýs tvo menn í rafveitunefnd til þriggja ára í senn, og er hreppsnefndaroddviti sjálfkjörinn formaður nefndarinnar.

2. gr.

Rafveitan selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar rafveitunnar ná yfir, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir, samkvæmt reglugjörð þessari.

3. gr.

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar. Þó má rafveitunefndin selja til annara afnota afl það, sem stöðin getur framleitt umfram það ,sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt truflar rekstur stöðvarinnar til ljósa.

4. gr.

Reksturstími stöðvarinnar til ljósaframleiðslu er alt árið, og má ekki taka strauminn af, nema nauðsyn beri til, og þá svo stuttan tíma sem unt er.

5. gr.

Aðalálmur og húsálmur leggur rafveitan á sinn kostnað, þó ekki húsálmur lengri en 40 metra, en það, sem umfram er, kostar húseigandi.

6. gr.

Hver, sem óskar að fá hús sitt raflagt, eða breytt eldri raflögn, skal senda rafveitunefnd skriflega beiðni um það. Rafveitunefnd ákveður því næst, hvort raflögnin eða breytingin skuli leyfð, og skal hún hafa tekið ákvörðun um það og tilkynt umsækjanda innan þriggja vikna frá því hún fjekk umsóknina.

7. gr.

Rafveitan hefir einkasölu á öllum raftækjum og efni til raflagningar á rafveitusvæðinu.

65
10. ágúst

8. gr.

Húsveitur skal gjöra af löggiltum rafvirkja á kostnað húseiganda. Enginn nema sá eða þeir, sem hreppsnefnd, eftir tillögum rafveitunefndar, hefir löggilt til þess, má framkvæma slík verk eða breyta neinu, er rafveitunni tilheyrir innanhúss eða utan.

9. gr.

Nú hefir hús verið raflagt, áhöld sett í húsið eða breytt eldri raflögn, og má þá ekki taka húsveituna til afnota fyr en sá er gætir stöðvarinnar, hefir skoðað og reynt hana og vottað, að hún sje fullnægjandi. Álítist raflögnin ófullnægjandi, skal hlutaðeigandi rafvirki laga hana, svo hún sje fullnægjandi.

10. gr.

Allir rafmagnsnotendur skulu hafa straummæla, er þeir sjálfir leggja til, eða fá leigða hjá rafveitunni fyrir það gjald, er rafveitunefnd ákveður.

11. gr.

Enginn má án leyfis rafveitunefndar taka rafmagn úr taugakerfi rafveitunnar nje aðhafast neitt það, er valdið geti skemdum á raftaugum eða öðrum raftækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar hvort heldur er í húsi eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri hegning liggi við samkv. lögum.

12. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur til að sjá um, svo sem honum er unt, að lögn hans sje jafnan í góðu lagi. Komi ólag á raftaugar eða tæki í húsi, þannig að skemdum geti valdið á taugum eða áhöldum rafveitunnar, t. d. öryggi hrökkvi í sundur eða bilun sjáist á einangrun á lögn, skal húsráðandi tafarlaust tjá það rafveitunefnd. Varast skal að taka sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv.

13. gr.

Rafveitunefnd er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna gamla lampa og önnur áhöld, sem að hennar áliti eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

14. gr.

Rafveitustjórn og sá, er gætir rafstöðvarinnar, skulu ætíð hafa frjálsan aðgang, þar sem eru taugar eða áhöld, sem standa í sambandi við aðaltaugar stöðvarinnar, til þess að ganga úr skugga um, hvort alt sje í góðu lagi.

15. gr. 65

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem á honum hvíla sam- 10. ágúst
kvæmt reglugjörð þessari, eða virði að vettugi fyrirskipanir hreppsnefndar, er rafveitunefnd heimilt að slíta sambandi við hann til bráðabirgða, og að fullu með samþykki hreppsnefndar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

16. gr.

Rafveitunefnd skal hafa nákvæmt eftirlit með rekstri stöðvarinnar; sjá um, að jafnan sje til nægilegt efni til reksturs stöðvarinnar o. s. frv. Hún skal halda bók yfir tekjur og gjöld rafveitunnar, svo og eignir og skuldir. Ársreikning miðaðan við áramót skal hún semja fyrir 15. janúar ár hvert og afhenda hann hreppsnefndinni, sem kýs tvo menn til að endurskoða reikninginn og úrskurðar hann síðan.

17. gr.

Hreppsnefnd semur, í samráði við rafveitunefnd, gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins og leitar samþykkis atvinnumálaráðuneytisins á henni.

18. gr.

Rísi ágreiningur útaf einstökum ákvæðum reglugjörðar þessarar, sker hreppsnefndin úr, en úrskurði hennar má áfrýja til atvinnumálaráðuneytisins.

19. gr.

Reglugjörð þessari og gjaldskrá, sem sett verður samkvæmt 17. gr. hennar, má breyta með samþykki atvinnumálaráðuneytisins.

20. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að kr. 200,00 — tvö hundruð krónum — nema þyngri hegning liggi við, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefnd Stykkishólmshrepps hefir samið og samþykt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. september 1928 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. ágúst 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

66
10. ágúst

GJALDSKRÁ

fyrir

rafveitu í Stykkishólmi.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa skal fyrst um sinn vera kr. 1,50 fyrir kílówattstund.

Verð þetta breytist í hlutfalli við það, sem stöðin ber sig, og eftir því, sem rafveitunefndin ákveður í hvert skifti.

2. gr.

Rafmagnið greiðist mánaðarlega, og fellur mánaðargjaldið í gjalddaga síðasta dag hvers mánaðar. Sje gjaldið eigi greitt innan 5 daga eftir gjalddaga, má slíta sambandi við hlutaðeigandi notanda eftir skriflegri tilkynningu til hans eða húseiganda. Húseigandi ber ábyrgð á, að gjaldið sje greitt í tæka tíð.

Gjöld til rafveitunnar má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Stykkishólmshrepps hefir samið og samþykt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. september 1928, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. ágúst 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

REGLUGJÖRÐ

67
24. ágúst

um

sölu og veitingar vína þeirra, er ræðir um í lögum nr. 3 frá 1923.

Samkvæmt 45. gr. í lögum nr. 64 frá 1928 eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði um varnir gegn misbrúkun við sölu og veitingu vína þeirra, er ræðir um í lögum nr. 3, frá 1923, og um hæfilegan skipsforða af vínum þessum.

1. gr.

Áfengisverslun ríkisins hefir aðsetur sitt í Reykjavík og útbú í Reykjavík, Hafnarfirði, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri, Siglufirði og Ísafirði.

2. gr.

Áfengisverslun ríkisins má ein flytja vínin inn.

3. gr.

Áfengisverslunin selur vínin, eftir því sem nánara er ákveðið í reglugjörð þessari og gildandi lögum.

Verslunin skal jafnan hafa forða í Reykjavík af vínum.

4. gr.

Áfengisverslunin selur vínin þeim, er hjer segir:

1. Veitingastöðum, sem veita mega vínin samkvæmt reglugjörðinni.
2. Læknum, er rjett hafa til lyfjasölu, og lyfsölum, þó aðeins þau vín, sem talin eru í lyfsöluskrá, og aðeins til lyfja.

5. gr.

Áfengisverslunin ákveður útsöluverð vínanna. Er henni heimilt að leggja 25—75% á þau, miðað við verð þeirra að tolli meðtöldum, þegar þau eru komin í hús í Reykjavík. — Á hverri flösku skal tilgreint útsöluverðið.

6. gr.

Dómsmálaráðuneytið ræður forstöðumenn útbúanna og ákveður kjör þeirra. Skulu þeir fara nákvæmlega eftir ákvæðum þessarar reglugjörðar, gildandi lögum og þeim frekari ákvæðum, er ráðuneytið kann að setja um söluna yfirleitt eða sjerstaklega fyrir hvern sölustað.

67
24. ágúst

7. gr.

Forstöðumönnum útbúanna skal skylt að færa í frumbækur (tvíritunarbækur) sjerhverja afhendingu og geta nafns kaupanda og dagsetningar í hvert skifti. Að öðru leyti er forstöðumanni áfengisverslunar í samráði við dómsmálaráðuneytið skylt að mæla fyrir um, hvernig bókfærslu og skilum útbúanna skuli hagað.

8. gr.

Útsölustaðir skulu vera lokaðir frá hádegi á laugardögum til kl. 9 árdegis á mánudögum.

9. gr.

Veitingu vína (þ. e. sölu til neyslu á staðnum) má aðeins hafa um hönd í þeim veitingahúsum, sem dómsmálaráðuneytið veitir heimild til þess. Skyldur er veitingasali að fara eftir þeim reglum, sem ráðuneytið setur honum. Í engu veitingahúsi má veita áfengi nema með mat í borðsal veitingahússins, og ekki nema á tímabilinu frá kl. 11 árdegis til kl. 1½ síðdegis, og frá kl. 6 síðdegis til kl. 9 síðdegis. Frá kl. 2 síðdegis til kl. 6 síðdegis, og eftir kl. 9½ síðdegis má alls ekki neyta víns í veitingahúsi.

10. gr.

Enginn má hafa með sjer vín í veitingahús eða hafa það með sjer þaðan. Veitingamanni er skylt að gæta þess, að ekki sje brotið gegn þessu.

11. gr.

Óheimilt er áfengisversluninni, útbúum hennar og veitingastöðum að selja vín:

1. þeim, sem eru yngri en 21 árs;
2. þeim, sem vín sjer á, er þeir beiðast kaupa;
3. þeim, sem á 6 mánaða tímabili á undan kaupbeiðninni hafa orðið brotlegir við áfengislöggjöfina. Skal lögreglustjórum og dómurum skylt að tilkynna áfengisversluninni og næsta útbúi hennar þegar í stað, ef einhver gerist brotlegur, en áfengisverslunin tilkynnir útbúum sínum brotið, svo og veitingastöðum þeim, er vínsöluleyfi hafa.

12. gr.

Áfengisverslunin setur merki sitt á hverja flösku, sem verslunin lætur úti. Hver, sem notar eftirmynd af merkjunum eða misbrúkar þau á nokkurn hátt, sæti refsingu samkvæmt lögum.

13. gr.

Hæfilegur skipsforði, er hafa má óinnsiglaðan, telst vera 1 lítri á dag handa hverjum þremur skipverjum, á meðan skipið er hjer við land, og sje eingöngu miðað við þá, sem náð hafa 21 árs aldri. Af skipsforða má ekki selja og ekki gefa öðrum en skipverjum. 67 24. ágúst

14. gr.

Um brot gegn reglugjörð þessari fer eftir fyrirmælum laga nr. 64 og laga nr. 69 frá 1928.

15. gr.

Reglugjörð þessi gengur þegar í gildi, og er jafnframt úr gildi feld reglugjörð nr. 65 frá 1922.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. ágúst 1928.

Jónas Jónsson.

St. Gunnlaugsson.

GJALDSKRÁ

68
28. ágúst

fyrir

notkun rafmagns í Húsavíkurhreppi.

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa í íbúðarhúsum, samkomuhúsum, skólum, búðum, skrifstofum, verksmiðjum og öðrum húsum, sem ekki eru sjerstaklega tiltekin í gjaldskránni, er um hemil 40 krónur á ári fyrir hver 100 watt, en um mæli 30 aurar fyrir hverja kílówattstund.

Til suðu og hitunar svo og til vjela í verksmiðjum eða annarsstaðar, ákveður hreppsnefndin verðið fyrir hverja kílówattstund eftir atvikum, þó ekki hærra en 20 aura. Til lýsingar á bryggjum og til annara utanhússljósa einstakra manna og fjelaga, í sjóbúðum án fastrar íbúðar, í geymsluhúsum, sem engin íbúð er í, fer um gjaldið eftir samkomulagi við hreppsnefnd.

Gjaldið fyrir straum um hemil og mæli, er hreppsnefndinni þó heimilt að hækka alt að 20% en lækka alt að 40% frá því, sem það er sett hjer að framan, og fyrir götuljós og ljós til húseigna hreppsins, ákveður hreppsnefndin sjálf gjaldið.

68
28. ágúst

2. gr.

Leiga eftir hemil er á ári kr. 2,00, þar sem ekki er notaður meiri straumur en 50 watt í húsi, ella 4 kr. Leiga eftir mæli skal ekki vera hærri en 6 — sex — krónur á ári.

3. gr.

Reikningsár rafstöðvarinnar er almanaksárið. Gjalddagi fyrir rafmagn, hvort heldur er um hemil eða mæli, er 30. apríl og 21. des. Hafi gjaldandi árangurslaust verið krafinn og ekki greitt gjaldið 15 dögum eftir gjalddaga, er stöðinni heimilt að slíta sambandi við hlutaðeiganda eftir skriflegri tilkynningu til hans. Taka má gjaldið lögtaki. Gjaldið greiðist til þess manns, er hreppsnefndin felur innheimtuna. Húsráðandi eða straumnotandi sá, er hefir hemil eða mæli fyrir sig, greiðir gjaldið.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Húsavíkurhrepps hefir samið og samþykt, staðfestist hjermeð, samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. ágúst 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Páll Pálmason.

69
20. sept.

REGLUGJÖRÐ

um

meðferð og notkun rafmagns í Neskauptúni í Norðfirði.

1. gr.

Hreppsnefnd Neshrepps stofnar til Rafmagnsstöðvar Norðfjarðar á kostnað sveitarsjóðs, í þeim tilgangi að veita raforku um bæinn frá Bakkabæ að Strandahúsi og selja hana til heimilisnotkunar og annara þarfa, og hefir rafveitan einkasölu á rafmagni á þessu svæði.

2. gr.

Hreppsnefnd hefir á hendi yfirstjórn rafstöðvarinnar. Hún kýs í rafveitunefnd til þriggja ára í senn og gilda um kosningu þessa og

starfstímatakmörk sömu reglur og um aðrar fastanefndir bæjarins. 69
Rafveitunefnd er skipuð oddvita og tveim hreppsnefndarmönnum. 20. sept.
Ræður hún starfsmenn við stöðina og ákveður laun þeirra.

3. gr.

Rafmagnið er einkum ætlað til lýsingar, þó má rafveitunefnd selja til annara afnota afl það, sem stöðin getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt truflar rekstur stöðvarinnar til ljósa.

4. gr.

Rekstrartími stöðvarinnar er frá 1. ágúst til 15. maí og má ekki á þeim tíma taka strauminn af, nema brýna nauðsyn beri til. Þó skal stöðin láta straum til hleðslu rafgeyma 1 sólarhring í hvorum mánuði, júní og júlí.

5. gr.

Rafveitan lætur leggja heimtaugar frá aðallögnum inn fyrir húsvegg að stofnvari og eru heimtaugar eign hennar, en umsækjandi skal að verkinu loknu greiða tengingargjald, er hreppsnefnd ákveður. Umsækjandi skal láta einhvern löggiltan rafvirkja leggja húsveiturnar en sjálfur stendur hann straum af kostnaðinum.

6. gr.

Hreppsnefnd löggildir, eftir tillögum rafveitunefndar, þá menn, til lagninga á húsveitum, er sýnt hafa, að þeir sjeu hæfir til þess með því að fullnægja löggildingarskilyrðum. Þessir menn verða nefndir löggiltir rafvirkjar og skal rafveitunefnd ákveða löggildingarskilyrði og setja reglur um frágang og tilhögun á verkum þeim, er falla undir verksvið þeirra. Brjóti rafvirki reglur þessar í nokkru, getur hreppsnefnd svift hann löggildingu. Engir aðrir en þeir, sem löggiltir eru, mega taka að sjer lagningu á húsveitum eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir taugakerfi rafveitunnar.

Hreppsnefnd getur, eftir tillögum rafveitunefndar, ákveðið verðlag á efni og vinnu rafvirkja, þegar henni þykir ástæða til. Heimilt skal rafstöðinni að taka einkasölu á glólömpum og öryggjum.

7. gr.

Allir rafmagnsnotendur skulu hafa straummæla er rafveitan leggur til. Eru mælarnir eign rafveitunnar og leigir hún þá út fyrir ákveðið gjald.

69
20. sept.

8. gr.

Þegar hús hefir verið raflýst, áhöld sett í húsið eða breytt eldri raflagningu má ekki taka húsveituna til afnota fyr en rafveitunefnd hefir látið skoða hana og úrskurða hana gilda.

9. gr.

Enginn má án leyfis rafveitunefndar taka straum úr taugakerfi rafveitunnar, nje aðhafast neitt það, er valdið geti skemdum á raftaugum eða öðrum raftækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess. Brjóti nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sje verkið ekki þannig vaxið að þyngri refsing liggi við að lögum.

10. gr.

Sjerhver rafmagnsnotandi er skyldur til að sjá um, svo sem honum er unt, að hústaugar hans sjeu jafnan í góðu lagi. Komi ólag á raftaugar eða tæki í húsi þannig að skemdum geti valdið á taugum eða áhöldum, skal húsráðandi tafarlaust tilkynna það rafstöðvarstjóra eða rafveitunefnd. Skylt er öllum þeim, sem nota rafvjelar innan takmarka rafveitusvæðisins, hvort sem er til að framleiða rafmagn eða nota það sem aflgjafa, að hafa á vjelum sínum þjettara (Kondensatora) svo þær trufli ekki víðvarpsnotendur.

11. gr.

Heimilt er rafveitunefnd að banna notkun gamalla lampa og annara áhalda, sem að hennar áliti eru ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

12. gr.

Mælitöflur skal setja þar í húsi hverju, sem greiður er aðgangur, þurt er og rakalaust. Rafveitunefnd skal jafnan hafa frjálsan aðgang þar að, sem taugar eða áhöld eru, sem standa í sambandi við aðaltaugar stöðvarinnar, til þess unt sje að ganga úr skugga um að alt sje í góðu lagi. Heimilt er rafveitunefnd að fela rafstöðvarstjóra eða öðrum hæfum manni alt slíkt eftirlit.

13. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem á honum hvíla samkvæmt reglugerð þessari, greiði hann ekki gjöld sín til stöðvarinnar á tilteknum tíma eða virði að vettugi fyrirskipanir rafveitunefndar skal slíta sambandi við hann til bráðabirgða og að fullu ef ekki er úr bætt.

14. gr. 69

Rafveitunefnd skal hafa nákvæmt eftirlit með rekstri stöðvar- 20. sept.
innar. Hún skal sjá um að nægilegt hreinlæti sje viðhaft í meðferð vjelanna og að ávalt sje nóg efni fyrir hendi til reksturs stöðvarinnar. Hún skal og annast alt reikningshald rafveitunnar. Ársreikningur rafveitunnar skal fylgja sveitarsjóðsreikningum og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

15. gr.

Hrökkvi tekjur rafstöðvarinnar ekki fyrir kostnaði má greiða það, sem vantar á úr sveitarsjóði.

16. gr.

Hreppsnefnd semur, í samráði við rafveitunefnd, gjaldskrá yfir notkun rafmagnsins, og leitar samþykkis atvinnumálaráðuneytisins á henni.

17. gr.

Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum reglugjörðar þessarar sker hreppsnefndin úr, en úrskurði hennar má skjóta til atvinnumálaráðuneytisins.

18. gr.

Reglugjörð þessari og einnig gjaldskránni má breyta með samþykki stjórnarráðsins.

19. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum, alt að 1000 krónum, nema þyngri hegning liggi við, og skal fara með mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Sektir renna í sveitarsjóð Neshrepps.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefndin í Neshreppi hefir samið og samþykt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. okt. 1928, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. september 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

70 2. okt. STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Sjúkrasjóð sjera Magnúsar Helgasonar og Boga Th. Melsteðs handa nemendum Kennaraskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 2. október 1928. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um

Sjúkrasjóð sjera Magnúsar Helgasonar og Boga Th. Melsteðs handa nemendum Kennaraskóla Íslands.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður í fyrstu með fje því, sem fjekkst fyrir sölu á Stuttri kenslubók í Íslendingasögu eftir Boga Th. Melsteð, 3. útg., er hann gaf til þess. Sjera Magnús Helgason sá um söluna og gaf 500 — fimm hundruð — kr. í sjóðinn, svo nú er fjárupphæð hans 1018 kr. 00 au.

Sjóður þessi skal heita Sjúkrasjóður sjera Magnúsar Helgasonar og Boga Th. Melsteðs handa nemendum Kennaraskóla Íslands.

2. gr.

Markmið sjóðsins er fyrst og fremst að hjálpa nemendum Kennaraskólans, þá er þeir eru sjúkir, með því að kosta læknishjálp, hjúkrun, dvöl í sjúkrahúsum og heilsuhælum.

Nú vex sjóðurinn svo, að eigi þarf að nota eyðslueyrinn allan (sbr. 3. gr.) til þess að styrkja sjúka nemendur skólans, og skal þá verja því, er afgangs verður, til þess að styrkja á sama hátt alþýðuskólakennara, konur þeirra eða ekkjur og börn, og þar næst fátækar ekkjur og börn, þá er sjóðurinn síðar kann að verða fær um það.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, aðaldeild hans. Allar gjafir til sjóðsins skulu lagðar við höfuðstólinn og einnig allir ársvextirnir, uns sjóðurinn er orðinn 4000 — fjögur þúsund — kr., þá má fara að veita styrk úr honum, en ávalt skal þó leggja þrjá fjórðu af ársvöxtunum við höfuðstólinn; einungis einn fjórðungur þeirra er eyðslueyrir.

Þá ársvexti sjóðsins, sem er eyðslueyrir, skal ávaxta í tryggilegum sparisjóði, meðan þeir eru eigi notaðir sjúklingum til styrktar.

4. gr.

Skólastjóri Kennaraskólans hefir stjórn sjóðs þessa á hendi og veitir styrk úr honum. Hann gefur árlega kenslumálaráðuneytinu skýrslu um hann, enda skal sjóðurinn vera undir yfirumsjón þess. Ársreikningur sjóðsins sje birtur árlega í skýrslum skólans. 70 2. okt.

5. gr.

Stjórnandi sjúkrasjóðsins skal fá konunglega staðfestingu á skipulagsskrá þessari.

Kaupmannahöfn, 6. sept. 1928. Reykjavík, 25. sept. 1928.

Bogi Th. Melsteð. *Magnús Helgason.*

AUGLÝSING

um

staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á heilbrigðissamþykt fyrir Flatey á Breiðafirði. 71 10. okt.

Samkvæmt lögum nr. 64. frá 10. nóvember 1905, um heilbrigðissamþyktir fyrir bæjar- og sveitarfjelög, er hjermeð staðfest eftirfarandi

HEILBRIGÐISSAMÞYKT

fyrir

Flatey á Breiðafirði.

I. Almenn ákvæði.

1 gr.

Samþykt þessi gildir fyrir Flatey á Breiðafirði.

2. gr.

Meðan hreppstjóri er ekki búsettur í Flatey, er hreppsnefndaroddviti formaður heilbrigðisnefndar. Auk hans eiga sæti í nefndinni: einn maður er hreppsnefnd kýs til tveggja ára og annar er sýslunefnd tilnefnir til jafnlangs tíma. Skulu báðir þessir menn vera búsettir í Flatey.

71 10. okt. Formaður kveður til fundar, er honum þykir þurfa eða hinir nefndarmennirnir óska þess — eða hjeraðslæknir krefst þess.

Nefndin skal halda fundarbók og innfæra í hana allar athuganir sínar og tillögur.

Rísi ágreiningur milli nefndarmanna, er rjett að skjóta málinu undir úrskurð sýslumanns.

Andvirði bóka og ritfanga, svo og kostnað er hlýst af brjefaskriftum, skal greiða úr sveitarsjóði eftir reikningi.

Hjeraðslæknir á heimtingu á að sitja á nefndarfundum og skal formanni skylt að gera honum aðvart um fundarhöldin.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþyktin sje haldin og henni hlýtt í öllum greinum.

Nefndinni er heimilt að rannsaka eða láta rannsaka alt það, er samþyktin ræðir um og þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almanna færi eða á eign einstakra manna eða fjelaga.

Alt það sem nefndin finnur aðfinsluvert skal inn færast í fundarbók og síðan skriflega skipa þeim, er í hlut á, hvað honum beri að gera til umbóta og sjá um, að það verði gert.

Skal það bókað í fundargerðabókina þegar þær umbætur hafa farið fram.

4. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarbót, sem hefir kostnað í för með sjer, og er þess eðlis, að ekki er unt að heimta af neinum sjerstökum lóða- eða húsráðanda að kosta hana eða framkvæma, þá skal nefndin leggja það mál fyrir hreppsnefnd og fara fram á að hún veiti fje úr hreppssjóði. Vilji hreppsnefnd ekki veita fjeð, er heilbrigðisnefndinni heimilt að skjóta málinu undir úrskurð sýslunefndar.

5. gr.

Nú býr eigandi ekki í húsi sínu, skal hann þá fela einhverjum fullveðja manni, er býr í húsinu að vera húsráðandi, skal húsráðandi gegna öllum þeim skyldum, með tilliti til húseignarinnar, sem annars hvíla á eiganda. Eigandi skal tilkynna heilbrigðisnefnd hver sje húsráðandi. Ef þessu er ekki fylgt hvílir ábyrgðin bæði á eiganda og leigjendum og getur nefndin haldið sig að hvorum, sem hún vill eða báðum.

II. Um íbúðarhús.

6. gr.

Öll hús, sem notuð eru til íbúðar skulu vera svo gerð, að unt sje að halda þeim hreinum, gluggar skulu vera á hjörum, að minsta kosti

einn í hverju herbergi, nema önnur loftræsing sje viðhöfð. Trjególf skulu vera í öllum íbúðarherbergjum. 71 10. okt.

Heilbrigðisnefnd getur heimtað af eiganda og leigjanda húss, að ræstuð sjeu herbergi, sjeu þau svo óhrein að íbúum geti stafað hætta af.

7. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefnd álítur hættulegt fyrir heilbrigði manna að búa í því, þá getur nefndin bannað að nota það til íbúðar eða einstök herbergi, nefndin skal þá tilkynna eiganda eða leigjanda hússins bannið skriflega og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi, ef húsið er ekki bætt á þeim tíma svo nefndinni líki, þó er húseiganda frjálst innan 8 daga, að skjóta úrskurði nefndarinnar til sýslumanns, en hann leitar álits hjeraðslæknis og leggur úrskurð á málið svo fljótt, sem unt er.

8. gr.

Kjallara má ekki nota til íbúðar nema með leyfi heilbrigðisnefndar.

Nefndin getur bannað íbúð í kjöllurum, ef þeir eru rakir, dimmir og þröngir.

III. Um skóla.

9. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skoða skólahús eða kenslustofur eyjarinnar, hvort heldur eru opinber eða einstakra manna eign, að minsta kosti í byrjun skólaársins.

Hver sá, er tekur til kenslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd eða skólanefnd hvar hann ætli að kenna.

10. gr.

Hver kenslustofa skal vera svo stór að 80 rúmfet komi á hvert barn, að minsta kosti. Allir gluggar skulu vera á hjörum, gólf, borð og bekki skal þvo daglega, en ekki sópa.

11. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður vör við að í skólanum sje einhver nemandi eða kennari, sem hefir næman sjúkdóm, þá skal hún tilkynna hjeraðslækni nöfn og heimilisfang þeirra, er sjúkir eru. Ef lækni þykir ástæða til má hann banna að nemandi eða kennari komi í skólann þar til sótthættu er lokið.

71
10. okt.

IV. Um fráræslu.

12. gr.

Eldhússkólp eða þvottaskólp má ekki láta síga í jörð svo nálægt íbúðarhúsinu að hætta sje á að jarðvegurinn í kringum það saurgist, skal veita skólpi burt frá húsum í opnum eða lokuðum ræsum, svo langt, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

Öll skólpræsi, hvort heldur eru á almannafæri eða einstakra manna eign, skulu vera svo víð og hallajöfn að hvergi standi í þeim pollar eða hætta sje á að þau stýflist svo út úr flói, og skal hreinsa þau svo oft, að ekki leggi ódaun af þeim.

Telji heilbrigðisnefnd nauðsynlegt að vatnsheldur botn sje gerður í ræsi, getur hún heimtað slíka aðgerð.

Undantekning frá ræsagerðinni má heilbrigðisnefnd gera, ef hlutaðeigendur heldur kjósa að bera skólp svo langt burtu, að heilbrigðisnefnd telur hættulaust.

13. gr.

Ef ræsi er gert á opinberan kostnað skulu þeir, er hús eiga þar nærri, skyldir að gera skólpræsi hver frá sínu húsi út í aðalræsið ef heilbrigðisnefnd krefst þess, skulu þau ræsi eigi miður gerð en aðalræsið.

V. *Um vatnsból.*

14. gr.

Öll vatnsból, skulu varin hvers konar óhreinindum. Er bannað að láta í þau fara eða að þeim koma, rensli úr skólpræsum, forum, haugstæðum, salernum eða peningshúsum, og má ekki láta í þau fara eða nærri þeim neinskonar saurindi, sorp, slor eða hræ, og ekki þvo í þeim eða fast við þau, hvorki fatnað, fisk, ull eða neitt það annað, er óhreinkar vatnið eða getur valdið óhollustu.

Bannað er að leggja húðir í bleyti nálægt vatnsbólum.

15. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að millibilið sje 12 metrar eða meira eftir því sem heilbrigðisnefnd ákveður

16. gr.

Neytsluvatnsbrunnar verða að vera steinlímdir, að minsta kosti ½ metra upp úr jörð og aveg vatnsheldir og lokaðir að ofan.

Til þess að taka vatn úr brunnum skal nota dælur, en ekki fötur eða ausur, sem sökt sje niður í vatnið.

Þar, sem strjálbygð er og engin óhreinindi í nánd, má heilbrigð- 71
isnefnd leyfa að brunnar sjeu opnir og vatn tekið úr þeim með ausum, 10. okt.
en steinlímdir skulu þeir vera.

Að öðru leyti skal farið eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar með tilhögun brunna.

17. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað, að taka vatn úr brunnum, um stundarsakir, ef hún álítur vatnið óheilnæmt. Reynist vatnið að vera skaðvænlegt, og ekki hægt að fyrirbyggja að svo verði framvegis, skal heilbrigðisnefnd fyrirskipa að leggja brunninn niður. Nefndin getur ennfremur látið fylla brunninn upp ef henni sýnist þörf.

18. gr.

Engin vatnsból mega vera nær kirkjugarði en 75 metra.

VI. Um peningshús, hauga og forir.

19. gr.

Búpening má ekki hafa í manna húsum.

20. gr.

Vilji einhver reisa peningshús eða gera for, haugstæði eða haughús, skal hann gera heilbrigðisnefnd aðvart áður en verkið er hafið. Skal hún gæta þess, að haldin sjeu fyrirmæli þau, er hjer fara á eftir.

Ekkert peningshús má setja nær vatnsbólum en er nemur 12 metrum.

Fjós má ekki setja nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 10 metrum.

For má ekki gera og haug ekki hafa nær íbúð eða alfaravegi en nemi 12 metrum, og ekki nær vatnsbólum eða brunnum en nemi 12 metrum.

Forarveggir skulu vera, að minsta kosti ¼ m. yfir jörð, og skulu forir jafnan vera svo þjettar að ekki geti runnið úr þeim og svo vel frá gengið að ofan, að hvorki menn nje skepnur detti ofan í þær.

Þar sem íbúðarhús standa mjög þjett, getur heilbrigðisnefnd bannað forir, þótt lengra sje frá íbúðarhúsum en 12 metrar.

21. gr.

Valdi peningshús, haugstæði eða forir, sem eldri eru en samþykt þessi, miklum óþrifnaði má heilbrigðisnefnd beita fyrirmælum undanfarandi greinar.

71 10. okt. Hlutaðeigendur geta þá skotið fyrirmælum nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann leiti álits hjeraðslæknis, og leggi síðan úrskurð á málið.

VII. Um salerni.

22. gr.

Hverju íbúðarhúsi skal fylgja sjerstakt salerni.

Gólf í salernum skal vera steinlímt eða úr hefluðum og plægðum gólfborðum og liggi gólfið hærra en jarðvegurinn í kring.

Hafa skal í salernum saurílát vel vatnsheld, er falli fast að setunni.

Hafa má salerni innanhúss í sjerstökum klefa, ef góður loftsúgur er í honum, og saurílátin tæmd daglega.

Yfir vatnsheldum forum má hafa salerni þannig að saurindi falli jafnóðum niður í þær, en loftræsing skal þá vera góð í salenrinu.

23. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hreint, og saurílát tæmd áður en fyllast.

Heilbrigðisnefnd skal segja fyrir hvar láta megi saur úr salernum.

24. gr.

Ef engin salerni fylgja húsum þeim, er eldri eru en þessi samþykt eða ef þau eru illa gerð og óþrifaleg, þá getur heilbrigðisnefnd heimtað af húseigendum, að þeir geri ný salerni samkvæmt 22. gr.

25. gr.

Kaupmenn og aðrir vinnuveitendur skulu skyldir að reisa salerni til afnota fyrir viðskiftamenn sína og verkamenn og sjá um þrifnað á þeim undir eftirliti heilbrigðisnefndar.

VIII. Um sorp og önnur óhreinindi.

26. gr.

Hverju íbúðarhúsi, sem ekki hefir safnþró, skal fylgja vatnsheldur sorpkassi og skal hann gerður að fyrirsögn heilbrigðisnefndar.

Í sorpkassa þessa skal safna öllu sorpi, ösku og rusli, er til fellur frá húsinu. Húsráðendur bera ábyrgð á að sorpinu sje safnað í kassana, og það flutt burt jafnóðum og þeir fyllast, á þann stað, er nefndin ákveður.

Sjerhver húsráðandi er skyldur að láta hreinsa af sinni lóð alt sorp, rusl og fiskúrgang. Ef misbrestur verður á því, getur heilbrigðisnefnd látið framkvæma það á kostnað þeirra er lóðarumráð hafa. 71 10. okt.

Sje fyrirmælum heilbrigðisnefndar um sorpkassa ekki fylgt fyrir 1. jan. 1929, getur nefndin látið smíða kassana á kostnað hlutaðeigenda.

27. gr.

Það er skylda sjómanna að varpa öllu slori og fiskúrgangi samdægurs í sjó, nema því sje safnað í gryfjur, að ráði heilbrigðisnefndar, og borið á tún eða hagnýtt á annan hátt, og sje það þá einnig gert samdægurs.

Fiskpalla, aðgerðarstaði og fjörur þar sem ekki nær sjór til næsta sjávarfall, skal hreinsa í hvert skifti eftir notkun.

Formenn og útgerðarmenn bera ábyrgð á að þessu ákvæði sje hlýtt.

28. gr.

Hver sá iðnaður er óþrifnaður fylgir eða óhollusta, skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar, og fyrirmælum hennar, að því er hreinlæti snertir, bæði utan húss og innan.

29. gr.

Bannað er að bera saur, þvag, ösku eða önnur óhreinindi í svo nefndan Grýluvog.

IX. Um slátrun.

30. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa strangar gætur á, að viðhaft sje fullkomið hreinlæti og þrifnaður við slátrun á sauðfje og öðrum gripum, og líta eftir að nauðsynlegs þrifnaðar sje gætt á slátursvæðinu eða kring um það og skulu allir, sem við slátrun fást vera skyldir að hlýða fyrirmælum nefndarinnar í þessu efni, hvaðan að sem þeir kunna að vera.

Ávalt skal hafa á blóðvelli sjerstakt ílát fyrir sulli og skulu þeir brendir eða grafnir í jörð, ennfremur skal vera handbært ílát fyrir blóðlifrar og annan úrgang, er sjeu tæmd jafnótt og fyllast. Vatn til kjötpæklunar skal jafnan taka úr neytsluvatnsbrunni.

71
10. okt.

X. Um matvæli.

31. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa eftirlit með því að ekki sje höfð á boðstólum matvara, sem skemd er eða skaðleg heilsu manna.

Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn hjeraðslæknis aða annara er vit hafa á, að einhver matvæli eru skemd eða svikin og ekki nýtileg til manneldis, skal þá lóga vörunni eða á einhvern hátt gera hana óskaðlega heilsu manna, á kostnað þess, er vöruna hefir á boðstólum.

XI. Um næma sjúkdóma.

32. gr.

Ef upp kemur hættuleg farsótt á svæði því, er samþyktin nær yfir, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja, um stundarsakir, strangari fyrirmæli, en í samþykt þessari felast, um hreinlæti, utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv., skulu fyrirmæli þau sett í samráði við hjeraðslækni.

XII. Um sektir o. fl.

33. gr.

Brot gegn samþykt þessari og vanræksla á ákvæðum þeim, er heilbrigðisnefnd kann að setja samkvæmt henni, varðar alt að 200 kr. sektum, er renni í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, sem vanrækt hefir verið, er henni heimilt að láta vinna það á kostnað þess, sem vanrækt hefir, og má þá greiða kostnaðinn — til bráðabirgðar — úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. nóvember 1928.

Þetta er hjer með gert heyrum kunnugt.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. október 1928.

Jónas Jónsson.

St. Gunnlaugsson.

SAMÞYKT

72
19. okt.

um

silungs- og laxveiði í Laugarvatni og ám þeim, sem renna í það og úr því.

Sýslunefndin í Árnessýslu hefir, samkvæmt lögum nr. 5, 19. febrúar 1886 um friðun á laxi og lögum nr. 55, 30. júlí 1909 um samþyktir um friðun silungs og veiðiaðferðir í vötnum, gert eftirfarandi samþykt um silungs- og laxveiði í Laugarvatni og ám þeim, sem renna í það og úr því.

1. gr.

Samþykt þessi nær til alls Laugarvatns og áa þeirra, er renna í það og úr því, innan Laugardalshrepps.

2. gr.

Í vatninu mega landeigendur að vatninu hafa lagnet á hvaða tíma árs sem er, þó ekki meira en 200 faðma hver. Stærð möskva skal vera minst 3¼ sentímetrar. Enginn má leggja net á riðbletti í vatninu frá nóvember byrjun til janúarloka ár hvert.

3. gr.

Öll ádráttarveiði er bönnuð í vatninu og ám þeim, sem í það renna og úr, allan ársins tíma. Þó getur veiðistjóri leyft slíka veiði, ef hún telst nauðsynleg til silungs- -og laxaklaks í hreppnum.

4. gr.

Öllum þeim sem rjett eiga til silungs- og laxveiði í vatninu eða ám þess, er skylt að byggja klakhús fyrir silung og lax á næsta hausti, þar sem heppilegast þykir. Kostnaði við slíka byggingu og rekstur klaksins skal jafnað niður á þá, sbr. 5. gr.

5. gr.

Á aðalfundi, sem haldinn skal árlega í aprílmánuði, skal kjósa veiðistjóra og tvo meðstjórnendur. Gildir kosning þeirra til þriggja ára. Atkvæðisrjett við þessar kosningar hafa allir þeir, er veiðirjett eiga á svæði því, er samþykt þessi nær til. Þó kemur atkvæði landsdrottins, ef hann kemur til fundar, í stað leiguliða.

Veiðistjóri heldur bók til að rita í veiðiskýrslur, svo og reikninga yfir kostnað við klakhús o. fl. Hann sjer og um að veiðisamþykt

72 19. okt. þessi sje haldin. Fyrir ritföng og annan nauðsynlegan kostnað og fyrirhöfn fær hann þóknun. Skal kostnaður allur greiðast að öðrum helmingi eftir fasteignamati hlutaðeigandi jarða en að hinum helmingi úr sveitarsjóði Laugardalshrepps.

6. gr.

Á aðalfundi skulu lagðir fram til samþyktar reikningar og skýrslur veiðisamþyktarsvæðisins fyrir næsta ár á undan.

7. gr.

Veiðisamþykt þessari má breyta, ef $^3/_5$ atkvæða á aðalfundi samþykkja.

8. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 100 kr., er renna að helmingi í sveitarsjóð hlutaðeigandi hrepps, en að helmingi til uppljóstrarmanns.

Samþykt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. okt. 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

VATNSVEITUSAMÞYKT

73
25. okt.

fyrir

Vatnsveitufjelag Skildinganesskauptúns.

1. gr.

Nafn fjelagsins er Vatnsveitufjelag Skildinganesskauptúns.

2. gr.

Heimilisfang fjelagsins er í Skildinganesskauptúni og varnarþing þess í Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu.

3. gr.

Verkefni fjelagsins er að sjá fjelagsmönnum fyrir nægu og góðu vatni, með því að leggja vatnsæð frá vatnsveitu Reykjavíkurkaupstaðar um vegi og óbygð svæði að lóðum fjelagsmanna, halda vatnsveitunni við og annast rekstur hennar.

Vatnsveitufjelagið hefir einkasölu á vatni til hverra þarfa sem er á fjelagssvæðinu (sbr. 4. gr.), svo og á hafnarsvæðinu fram undan fjelagssvæðinu.

4. gr.

Fjelagssvæðið er landsvæði þau, sem á uppdrætti þeim, sem lagður var til grundvallar við undir- og yfirskifti jarðarinnar Skildinganess 1916 og 1917, staðfestum af sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu 28. sept. 1917 eru merkt með bókstöfunum a_2, b_3, b_4, c_2, c_3, d_2, d_3, e_1, e_2, f_2, en landsvæði þessi takmarkast frá sjó af norðausturtakmörkum lóðar H/f. Shell á Íslandi, veginum (svonefndum Shellvegi), sem liggur frá þeirri lóð norður að hinum sameiginlega þvervegi landeigenda, síðan af þverveginum þar til hann kemur á veginn frá Skildinganesi til Reykjavíkur, síðan ræður sá vegur að landamerkjum gagnvart Reykjavík, þaðan ráða landamerki milli Reykjavíkur og Skildinganess að landi Þormóðsstaða en síðan landamerkin milli Skildinganess og Þormóðsstaða til sjávar. Eigendur landareigna á þessu svæði og þar með fjelagar í vatnsveitufjelaginu eru þeir, sem tilgreindir eru á sjerstakri skrá.

5. gr.

Nú óska nýir menn inntöku í fjelagið og skulu þeir þá senda stjórn fjelagsins skriflega umsókn þar um. Telji stjórnin, að skylt sje

73 samkvæmt landslögum að veita umsækjendum inntöku, getur hún gert
25. okt. það, ef umsækjendur skuldbinda sig til að hlýta samþykt fjelagsins og þeim sjerstöku skilyrðum, er fjelagsstjórn kann að setja umsækjendum. Að öðrum kosti skal stjórnin leggja umsóknir um inntöku í fjelagið fyrir fjelagsfund.

6. gr.

Um úrsögn úr fjelaginu fer sem segir í 111. gr. vatnalaga nr. 15, 20. júní 1923.

7. gr.

Lögmætir fjelagsfundir hafa æðsta vald í öllum fjelagsmálum með þeim takmörkunum, sem samþykt þessi setur. Fjelagsfundir eru lögmætir þegar löglega hefir verið til þeirra boðað, án tillits til þess hve margir sækja fundi, nema öðruvísi sje sjerstaklega ákveðið í samþykt þessari.

8. gr.

Aðalfundur fjelagsins skal haldinn á fjelagssvæðinu í síðasta lagi í febrúarmánuði ár hvert. Skal stjórnin boða til hans annaðhvort með ábyrgðarbrjefum til fjelagsmanna eða auglýsingu í 2 dagblöðum í Reykjavík. Skal fundarboðið birt fjelagsmönnum með að minsta kosti viku fyrirvara, sem telst frá og með næsta degi eftir að ábyrgðarbrjef til fjelagsmanna eru sett á póst í Reykjavík eða auglýsing kemur út í blöðunum. Dagskrár samkvæmt 13. gr. sje getið í fundarboðinu.

9. gr.

Aukafundi skal halda þegar stjórn fjelagsins þykir við þurfa, samkvæmt fundarályktun eða þegar þess er krafist skriflega af að minsta kosti 10 fjelagsmönnum. Skal jafnframt kröfunni um fundinn skýrt frá því, í hvaða tilgangi fundarins er krafist. Skal stjórnin þá boða fundinn innan 14 daga frá því krafan kom henni í hendur, ella geta fjelagsmenn gert það sjálfir.

Aukafundir skulu haldnir á fjelagssvæðinu og skal til þeirra boðað með sama fyrirvara og á sama hátt og til aðalfundar, sbr. 8. gr. Dagskrár sje getið í fundarboðinu, enda verður aðeins tekin ályktun um þau mál, sem nefnd hafa verið í fundarboðinu, nema að minsta kosti 5/6 fundarmanna samþykki annað.

10. gr.

Fjelagsmenn geta falið öðrum fjelagsmönnum að fara með atkvæði sín á fundum. Þó geta stjórnendur fjelagsins eigi farið með umboð fyrir aðra. Hver fjelagsmaður hefir eitt atkvæði á fundum fjelagsins.

11. gr. 73

Aðaltillögur þær, sem koma eiga fram á fjelagsfundum, skulu 25. okt.
vera til sýnis hjá formanni fjelagsins þrem dögum fyrir fundinn. Þó má gera undantekningar frá þessu á fundum með 5/6 greiddra atkvæða. Viðauka- og breytingartillögur við aðaltillögur, sem löglega eru fram komnar, má bera upp á fundinum sjálfum, þó fjelagsmönnum hafi eigi verið gefinn kostur á að kynna sjer þær.

Þrem dögum fyrir hvern aðalfund skal reikningur fjelagsins fyrir hið liðna ár ásamt athugasemdum endurskoðenda, svörum fjelagsstjórnar og tillögum endurskoðenda til úrskurðar vera til sýnis fyrir fjelagsmenn hjá formanni fjelagsins.

12. gr.

Fjelagsfundum stjórnar fundarstjóri, sem fundurinn kýs, og kveður hann sjer fundarritara. Fundarstjóri sker úr öllu, sem snertir lögmæti fundarins, form umræðnanna, meðferð málanna á fundum og atkvæðagreiðslur, sem þó skulu fara fram skriflega, ef einhver fundarmanna krefst þess.

13. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

a. Stjórn fjelagsins skýrir frá gjörðum sínum og framkvæmdum á liðnu starfsári og leggur fram til úrskurðar endurskoðaða rekstrarreikninga fyrir hið liðna ár og efnahagsreikning með athugasemdum endurskoðenda, svörum fjelagsstjórnar og tillögum til úrskurðar frá endurskoðendum.
b. Kosið skriflega í stjórn fjelagsins samkvæmt 16. gr.
c. Kosnir endurskoðendur samkvæmt 23. gr.
d. Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur mál, sem upp hafa verið borin löglega.

14. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum á fjelagsfundum, nema tveir eða fleiri fái jafn mörg atkvæði við kosning stjórnenda eða endurskoðenda því þá skal hlutkesti ráða. Þó verður samþykt fjelagsins eigi breytt nema á fundi sjeu 2/3 fjelagsmanna, og breytingar á samþyktinni samþyktar með 3/4 hlutum greiddra atkvæða á fundinum. Ef eigi sækja nógu margir slíkan fund, skal innan 14 daga boðað til nýs fundar á sama hátt sem segir í 8. gr. Ræður sá fundur málinu til lykta með 3/4 greiddra atkvæða, án tillits til þess, hve margir fjelagsmanna sækja fundinn. Tillögur um breytingar á samþykt fjelagsins má eigi taka til meðferðar á fundi, nema þess hafi verið sjerstaklega getið í fundarboði, að slíkar tillögur komi fyrir fundinn.

73 25. okt.

15. gr.

Í sjerstaka gjörðabók skal rita allar fundarsamþyktir og stutta skýrslu um annað, er gjörist á fjelagsfundum. Fundargjörðin skal lesin upp í fundarlok og borin undir atkvæði og undirskrifuð af fundarstjóra og fundarritara. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, er farið hefir fram á fundinum.

16. gr.

Stjórn fjelagsins skipa 3 fjelagsmenn, kosnir á aðalfundi. Hin fyrsta stjórn fjelagsins skal kosin á stofnfundi. Stjórnendur skulu kosnir til þriggja ára í senn, þó þannig, að einn stjórnenda gangi úr árlega á aðalfundi, en hann má endurkjósa. Fyrstu tvö árin ræður hlutkesti, hver ganga skuli úr stjórninni en síðan ganga menn úr stjórn á hverjum aðalfundi eftir kjöraldri. Ef sæti verður autt í stjórninni milli aðalfunda, kýs stjórnin annan fjelagsmann í staðinn til að vera í stjórninni til næsta aðalfundar, ef henni þykir þess þurfa. Næsti aðalfundur kýs því næst mann í skarðið fyrir þann, sem frá fór. Kjörtími hans nær ekki lengur en til þess tíma, sem sá átti að fara frá, er hann er kosinn í staðinn fyrir.

17. gr.

Stjórnin kýs sjer formann, gjaldkera og ritara og skiftir með sjer störfum að öðru leyti. Ræður afl atkvæða í fjelagsstjórninni. Nú eru jöfn atkvæði og ræður þá atkvæði formanns. Stjórnin heldur fundi þegar formanni þykir við þurfa, en auk þess er formanni skylt að boða til fundar, þegar annarhvor meðstjórnenda krefst þess. Það, sem gjörist á stjórnarfundum, skal bóka í gjörðarbók fjelagsins og ritar stjórnin undir.

Ályktanir á stjórnarfundum eru því aðeins löglegar, að minst tveir stjórnendur sjeu á fundi. Stjórnin ræður öllum fjelagsmálum milli funda og getur skuldbundið fjelagið og eignir þess með ályktunum sínum og samningum, þar á meðal veðsett þær. Þó þarf samþykki allra stjórnarmanna til veðsetningar. — Stjórnin hefir umráð vatnsveitunnar og annast öll framkvæmdarstörf. Meðal annars hefir hún vald til þess að semja við Reykjavíkurkaupstað um það, hvar og með hvaða kjörum vatn verði tekið úr vatnsæðum kaupstaðarins, ákveða hvar og hvernig vatnsæðar skuli lagðar, semja um kaup á öllu efni og áhöldum til vatnsveitunnar og alla vinnu við hana. Fjelagsstjórnin hefir og vald til þess að taka lán fyrir vatnsveitufjelagið og veðsetja eignir þess þeim til tryggingar, svo sem fyr segir. Gjaldkeri innheimtir vatnsskatt og allar aðrar tekjur fjelagsins og kvittar fyrir.

18. gr. 73

Fjelagsstjórnin setur þær reglur, sem hún telur við þurfa um 25. okt.
notkun vatnsins og meðferð svo og um meðferð á vatnsæðum og tilhögun húsæða, efni í þær og vídd þeirra. Til þess að vatnsæð verði lögð frá aðalvatnsveitunni í hús, þarf skriflegt samþykki fjelagsstjórnar og mega engir framkvæma það starf nje heldur lögn húsæða, breytingar eða aðgjörðir á þeim, aðrir en þeir, sem löggiltir eru sem vatnsvirkjar í Reykjavíkurkaupstað, eða þeir, sem fjelagsstjórnin löggildir sem vatnsvirkjara fyrir vatnsveitufjelagið.

19. gr.

Fjelagsstjórnin eða eftirlitsmönnum, sem hún skipar, er heimilt að fara í hús fjelagsmanna til þess að athuga vatnsæðar og tæki þau, sem sett eru í samband við þær. Nú þykir fjelagsstjórn eða eftirlitsmanni útbúnaði ábótavant að einhverju leyti og skal þá fjelagsmaður tafarlaust bæta úr því á þann hátt og innan þess tíma, sem fjelagsstjórn eða eftirlitsmaður leggur fyrir, að öðrum kosti getur fjelagsstjórn látið framkvæma verkið á kostnað fjelagsmanns.

20. gr.

Fjelagsstjórn er heimilt að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem eigi greiða vatnsskatt á rjettum gjalddaga, vanrækja aðgjörðir samkvæmt 19. gr. eða eftir ítrekaðar áminningar eyða vatni að óþörfu eða nota það svo óþrifnaði valdi, hvorttveggja að dómi fjelagsstjórnar. Sama er og ef fjelagsmaður vanrækir að halda vatnsæðum sínum vel við að áliti fjelagsstjórnar, vanrækir að gera við þær, ef þær bila, eða gætir þess ekki að forðast að frjósi í vatnsæðunum.

Fullan vatnsskatt ber að greiða einnig þann tíma, sem vatnsæðum er lokað.

21. gr.

Starfsár vatnsveitufjelagsins og reikningsár þess er almanaksárið.

22. gr.

Til þess að standast kostnað þann, sem fjelagsskapurinn hefir í för með sjer, skulu fjelagsmenn greiða vatnsskatt samkvæmt gjaldskrá, sem fjelagsstjórnin setur. Vatnsskattinn má taka lögtaki og skal hann trygður með lögveðrjetti í hlutaðeigandi fasteign næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgöngurjetti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði. Gjalddagi á vatnsskatti skal vera 1. apríl ár hvert. Þó má í gjaldskrá gjöra undantekningar frá þessu.

73 25 okt.

23. gr.

Tveir skulu vera endurskoðendur fjelagsins, kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Fer annar frá á aðalfundi ár hvert. Fyrsta árið ræður hlutkesti, hver frá fer. Ennfremur skal einn varamaður kosinn á aðalfundi til eins árs. Stofnfundur kýs hina fyrstu endurskoðendur og varaendurskoðanda.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal gjaldkeri hafa lokið við reikning fjelagsins undanfarið starfsár og afhent hann endurskoðendum. Með útgjöldum skulu í reikningum taldar þær upphæðir til frádráttar á bókuðu eignarverði fjelagsins, sem fjelagsstjórn ákveður. Endurskoðendur skulu ljúka endurskoðun innan 14 daga frá því reikningurinn kom þeim í hendur og afhenda hann formanni fjelagsstjórnar með athugasemdum sínum. Síðan skal fjelagsstjórn tafarlaust svara athugasemdum endurskoðenda og endursenda endurskoðendum, sem innan viku skulu gjöra tillögur til úrskurðar og fá síðan formanni fjelagsstjórnar aftur reikninginn.

Endurskoðendur skulu jafnan hafa aðgang að öllum bókum, skjölum og sjóði fjelagsins til eftirlits.

24. gr.

Aðalfundur getur ákveðið að leggja í endurnýjunar- og varasjóð tekjuafgang fjelagsins að öllu eða nokkru leyti og má fjelagsstjórn eigi nota það sjóðfje nema með samþykki fjelagsfundar.

25. gr.

Brot fjelagsmanna á ákvæðum þessarar vatnsveitusamþyktar varðar, auk skaðabóta, sektum alt að 500 kr., sem renna í fjelagssjóð.

Með sektamál skal fara að hætti almennra lögreglumála. Mál skal því aðeins höfða, að fjelagsstjórnin, sá, er sjerstaklega er röngu beittur, eða ráðherra krefjist þess.

Sömu sektum sæta þeir, sem brjóta gegn einkarjetti fjelagsins til vatnssölu og gilda sömu reglur um þau sektamál.

26. gr.

Hver, sem skemmir vatnsæðar fjelagsins eða önnur mannvirki þess, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta sektum, alt að 200 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt hinum almennu hegningarlögum.

27. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta fjelaginu og fer þá um tillögur hjeraðlútandi sem um breytingar á samþyktinni. Fjelaginu skal og slíta samkvæmt ákvæðum 112. gr. vatnalaga nr. 15, 20.

júní 1923. Fundur sá, sem ákveður að slíta fjelaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafað skuli eignum fjelagsins og um borgun skulda. Jafnframt skal fara eftir fyrirmælum 113. gr. tjeðra laga eftir því sem við á. 73 25. okt.

28. gr.

Nú rís ágreiningur um fjelagsmálefni milli einstakra fjelaga eða milli fjelagsstjórnar og einstaks eða einstakra fjelaga, og skal þá, ef báðir aðiljar óska gjörðardóms, skorið úr slíkum ágreiningi með gjörðardómi, sem sje skipaður þrem mönnum dómkvöddum af sýslumanninum í Kjósarsýslu. Þetta nær þó eigi til sektamála, sem ræðir um í 25. gr.

Samþykt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, til að öðlast gildi 1. nóvember 1928 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. okt. 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

GJALDSKRÁ 74 25. okt.

um

vatnsskatt í Vatnsveitufjelagi Skildinganesskauptúns.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum, er fá vatn leitt úr vatnsveitu fjelagsins, skal greiða vatnsskatt árlega er sje 5‰ — fimm af þúsundi — af fasteignarmatsverði húsanna.

Auk þessa gjalds greiðir húseigandi 3 kr. árlega fyrir hvert vatnssalerni, sem í húsinu er, og 6 kr. fyrir hvern vatnskrana utanhúss.

2. gr.

Vatnsskattur fyrir verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisþarfa, skal venjulega ákveðinn með samningi við fjelagsstjórn-

74 25. okt

ina. Náist ekki samkomulag um upphæð skattsins, skal hann innheimtur eftir mæli. Greiðist þá af ársnotkun hverri 2 — tvær — kr. fyrir hverja 100 hektólítra upp að 10 þúsund hektólítrum, en minna fyrir það, sem umfram er eftir nánari ákvörðun fjelagsstjórnarinnar og eftir því hve mikið er notað. Notandi leggur til mæli, sem fjelagsstjórnin tekur gildan. Vatnshreyfivjelar má ekki setja í samband við vatnsæðarnar.

3. gr.

Fyrir vatn til skipa greiðist 2 — tvær — kr. fyrir hverja smálest eða hluta úr smálest, þó eigi minna en 5 kr. í hvert skifti, og greiðist gjaldið strax við vatnstökuna.

4. gr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaaukningu svarar, þótt leigan hafi áður verið ákveðin.

5. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti, öðrum en þeim, sem ræðir um í 3. gr., skal vera 1. apríl ár hvert fyrir yfirstandandi almanaksár. Jafnframt skal þá einnig greiddur vatnsskattur hlutfallslega fyrir þann hluta síðastliðins almanaksárs, sem notandi hefir orðið gjaldskyldur fyrir eftir gjalddaga þess árs.

Fjelagsstjórnin getur samið um annan gjalddaga á vatnsskatti samkvæmt 2. gr.

6. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann trygður með lögveðrjetti í hlutaðeigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgöngurjetti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. nóvember 1928 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. okt. 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ

75
26. okt.

um

kynbætur nautgripa.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 27, 7. maí 1928, um kynbætur nautgripa, eru hjermeð settar eftirfarandi reglur:

1. gr.

Bannað er að láta naut, eldri en 8 mánaða, ganga laus í heimahögum eða afrjettum, nema heimild til þess felist í reglugjörð þessari.

2. gr.

Í hverjum hreppi skal vera nautgripakynbótanefnd, skipuð þrem mönnum. Þar sem nautgriparæktarfjelag er, er stjórn þess sjálfkjörin nautgripakynbótanefnd, en annarsstaðar skal kjósa nefndina eftir sömu reglum og gilda um kosningu hreppsnefnda.

3. gr.

Skylt er kynbótanefnd að sjá um:

a. að til sjeu, innan hrepps eða utan, hæfilega mörg naut, kyngóð og efnileg, til undaneldis í hreppnum, og er öllum óheimilt að nota önnur naut til undaneldis en þau, sem kynbótanefnd hefir til þess valið.
b. að öll naut, sem hún velur til undaneldis, sjeu merkt á hægra eyra með aluminium merki, er á sjeu letraðir stafirnir K.n. (sbr. 6. gr.).
c. að ákvæðum 1. gr. sje hlýtt.
d. að tilkynna hreppsbúum, bæði á haust- og vorhreppaskilum, hvaða naut hún hefir valið (eða viðurkent sbr. 3. a.) til undaneldis.
e. að láta þau naut sitja fyrir vali til undaneldis, sem hlotið hafa verðlaun á nautgripasýningu, sem Búnaðarfjelag Íslands hefir styrkt.
f. að semja um kaup eða leigu á kynbótanautum, fóðrun þeirra og hirðingu og geymslu að öllu leyti.
g. að halda alla reikninga um kostnað, er af nautahaldinu leiða, og tekjur, og leggja þá fyrir hreppsnefnd til endurskoðunar.

4. gr.

Heimilt er kynbótanefnd:

a. að veita einstökum hreppsbúum, sem vegna afstöðu sinnar eiga óhægt með að nota kynbótanautin, undanþágu frá að nota þau, og

75 26. okt.

undanþiggja þá þeim skyldum og rjettindum, sem kynbótastarfseminni fylgja.

b. að veita einstökum kúamörgum bændum heimild til að halda naut sjálfir á eigin kostnað, fyrir sínar kýr, enda samþykki nefndin val þeirra nauta og hlutaðeigendur skuldbindi sig til að lána nautin þeim, sem nefndin telur það hentugt, og eigi við hærra verði en þá gildir alment í hreppnum.

c. að veita leyfi til að kynbótanaut gangi laus, ef örugt þykir að ekki hljótist skaði af. Þó ber sá er leyfið fær ábyrgð á, ef skaði hlýst af.

d. að vinna með kynbótanefnd eða kynbótanefndum annara hreppa, eftir því sem ástæður og atvik gera haganlegt, t. d. með því að nota sömu naut, sömu nautagirðingar, sama eftirlitsmann, o. fl.

e. að ákveða gjalddaga nautstolla, eftir því sem henni þykir best henta fyrir kynbótastarfsemina.

5. gr.

Nú telur kynbótanefnd nauðsynlegt að kaupa kynbótanaut, eða koma upp kynbótagirðingu, en skortir fje til þess. Skal hún þá leita til hreppsnefndar um fjárframlög í þessu skyni, annaðhvort af sjóði hreppsins eða með lántöku á ábyrgð hreppsnefndar ef þörf gerist. Afborganir og vextir af lánsfje, er kynbótanefnd kann að fá á þennan hátt til kynbótastarfseminnar, skal telja með kostnaði við nautahaldið, og lánið endurgreiðast svo fljótt og að svo miklu leyti, sem tekjur af kynbótastarfseminni leyfa (sbr. 9. gr.).

6. gr.

Öll kynbótanaut, sem kynbótanefnd velur, svo og þau sem hlotið hafa verðlaun á sýningu, sem Búnaðarfjelag Íslands hefir haldið eða styrkt, skal merkja með aluminium merki, er á sjeu mótaðir stafirnir K.n. og skal kynbótanefndin sjá um, að þau merki sjeu ætíð glögg.

Merki einstakir menn önnur naut samskonar merki, varðar það sektum (sbr. 11. gr.). Taka má slík naut hvar sem þau hittast utan gripheldrar girðingar, svo og ómerkt naut, sem ekki eru í öruggri vörslu, og ráðstafa þeim sem óskilafje og selja án innlausnarfrests.

7. gr.

Öll naut, eldri en 8 mánaða, sem ekki eru ætluð til undaneldis, skal gelda eða halda í öruggri vörslu vor hvert, þegar kýr eru leystar út (sbr. þó 4. gr. c.).

8. gr.

Nú hittist naut merkt K.n. í hægra eyra, gæslulaust án heimildar (4. gr. c.) hvort heldur er innan eða utan þeirrar sveitar eða svæðis,

er það var valið fyrir sem undaneldisnaut, og skal þá taka það í örugga 75
gæslu og ef þörf gerist á fóður, á kostnað eiganda eða umráðamanns, 26. okt.
en gera skal honum aðvart svo fljótt sem unt er.

Ef nautsins er eigi vitjað og eigi greiddur áfallinn kostnaður, áður en liðnar eru 2 vikur frá því að það var tekið, má ráðstafa því sem óskilagrip og selja með fjögra vikna innlausnarfresti.

9. gr.

Hreppaskilafundur ákveður þóknun fyrir starf kynbótanefndar.

Öllum árlegum kostnaði við kynbæturnar, svo og þóknun til kynbótanefndar, leigu eftir kynbótanaut, fóður þess og hirðingu, kostnað við girðingu, afborgun og vexti af girðingaláni eða nautakaupaláni o. s. frv., jafnar nefndin niður á allar þær kýr, sem bera í hreppnum á því ári. Þó má gjald þetta aldrei verða hærra en 8 — átta — krónur, fyrir hverja kú. Eigendur, en svo teljast þeir, sem kýrnar hafa undir höndum, hvort sem um eignar- eða leigugripi er að ræða, eru skyldir til að greiða gjald þetta eða nautstolla til nefndarinnar, eða þeirra er hún felur innheimtu þess, á þeim gjalddaga er hún ákveður (sbr. 4. gr. e.) og er gjaldið lögtakskræft. Verði kostnaður við kynbæturnar hærri en 8 krónur á hverja kú, borgar hreppssjóður mismuninn.

Verði ágreiningur um gjald þetta sker atvinnumálaráðuneytið úr.

10. gr.

Halda skal nautakynbótanefndin gerðabók, þar sem hún bókar allar ályktanir sínar og aðrar gerðir, reikninga, brjef o. fl.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á nefndarfundum og eru þeir lögmætir og ályktunarfærir þó einn nefndarmann vanti, sjeu hinir tveir sammála.

Formaður nefndarinnar gerir reikning eftir hver áramót. Reikninginn skal endurskoða af hreppsnefnd og leggja fram á vorhreppaskilaþingi.

11. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum, 50—500 kr., er renna að hálfu í sveitarsjóð þar sem brotið verður uppvíst, en að hálfu í sveitarsjóð þar sem sá seki á heima.

12. gr.

Mál, sem rísa útaf brotum gegn reglugerð þessari, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

75 26. okt.

Ákvæði til bráðabirgða:

Fyrsta reikningsár telst frá því starfsemi hefst samkvæmt lögum nr. 27, 7. maí 1928 og reglugerð þessari, til 31. des. 1929.

Reglugjörð þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 27, 7. maí 1928 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. okt. 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

76 26. okt.

REGLUGJÖRÐ

um

holræsi og holræsagjald fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórn hefir látið leggja holræsi í götu, vegi eða á opnu svæði, er hverjum húseiganda, er lóð hans telst til, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji alt skólp frá húsinu út í aðalræsið. — Regnvatn af húsi og lóð skal einnig að svo miklu leyti sem hægt er, leitt í húsræsið. — Ef maður vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er bæjarstjórn tiltekur, eða vatnsveitunefnd fyrir hennar hönd, skal verkið unnið á hans kostnað. —

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra verkfræðing bæjarins eða þeim, er vatnsveitunefnd felur umsjón á lagningu holræsanna í bænum, frá því, og fá samþykki þar til. — Lega, halli, stærð og gerð pípna, brunna, vatnslása og yfir höfuð als þess, sem skólplögninni innan- og utanhúss tilheyrir, skal ákveðið í samráði við umsjónarmann. — Hann skal og hafa umsjón með verkinu, og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur. — Sje um stórt hús að ræða, eða mikla lögn, má umsjónarmaður vatnsveitunefndar krefjast uppdráttar, er sýni

glögglega alla tilhögun lagningarinnar. Rísi ágreiningur á milli um- 76
sjónarmanns og húseiganda út af holræsalögn, skal vatnsveitunefnd 26 okt
skera úr. —

3. gr.

Bæjarstjórn löggildir menn, er teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá holræsum, bæði utanhúss og innan, enda sýni þeir eða sanni fyrir vatnsveitunefnd, að þeir sjeu til þess færir. Þeir einir, er bæjarstjórn löggildir til holræsalagninga, skulu hafa rjett til að leggja og ganga frá skólpræsum, sem standa í sambandi við holræsanet bæjarins.

4. gr.

Kostnaður við holræsagerð bæjarstjórnar greiðist úr bæjarsjóði, en til þess að standast útgjöld þau, er stafa af lagning holræsanna, ber hverjum þeim, er hús á eða lóð við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefir verið lagt í, að greiða árlega til bæjarsjóðs 2 af þúsundi af fasteignamatsverði húss og lóðar, og ennfremur 1 kr. fyrir hvern metra lóðar sem telst til hlutaðeigendi götu, vegar eða opins svæðis húsræsismegin, hvort heldur er um framlóð eða baklóð að ræða. — Nú leggur húseigandi holræsi frá húsisínu í annað aðalræsi, en holræsi þeirrar götu, vegar eða þess opins svæðis, er hús hans telst til, og greiðir hann þá metragjaldið af þeirri hlið lóðar sinnar, sem hann leggur húsræsið út frá. —

Sjerstaka ívilnun eða undanþágu má þó veita, ef lóð er svo háttað að erfiðara er að koma skólpi eða afrensli frá henni í aðalræsið, en frá öðrum lóðum yfirleitt, og einnig má leggja sjerstakt aukagjald, ef skólp frá einhverri lóð er svo á sig komið, að telja má meiri útgjöld stafa af því, en öðru skólpi.

5. gr.

Holræsagjald greiðist af lóðareiganda og hefir hann einn ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefir lögtaksrjett, og er það trygt með lögveðrjetti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrjetti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 1. júlí, en kostnaður við lagning holræsa greiðist að lögn lokinni.

6. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum, alt að 200 krónum, er renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

76 26. okt. Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykt staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. nóvember 1928 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. okt. 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

77 27. okt.

AUGLÝSING

um

meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum til 14. maí 1931, samkvæmt lögum nr. 15, 31. maí 1927.

1. *Reykjavíkurkaupstaður.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	270 kr.
—	—	9	—	—	.....	215 —
—	—	14	—	—	.....	250 —
—	—	16	—	—	.....	60 —

2. *Hafnarfjarðarkaupstaður.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	270 kr.
—	—	9	—	—	.....	215 —
—	—	14	—	—	.....	250 —
—	—	16	—	—	.....	60 —

3. *Gullbringusýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	250 —
—	—	9	—	—	.....	200 —
—	—	14	—	—	.....	225 —
—	—	16	—	—	.....	50 —

4. *Kjósarsýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	250 —
—	—	9	—	—	.....	200 —
—	—	14	—	—	.....	150 —
—	—	16	—	—	.....	50 —

77
27. okt.

5. *Borgarfjarðarsýslu.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	220 kr.
—	—	9	—	—	.....	175 —
—	—	14	—	—	.....	180 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

6. *Mýrasýsla.*

Í Borgarneshreppi:

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	250 —
—	—	9	—	—	.....	200 —
—	—	14	—	—	.....	180 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

Í öðrum hreppum sýslunnar:

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	200 —
—	—	9	—	—	.....	175 —
—	—	14	—	—	.....	150 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

7. *Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	220 —
—	—	9	—	—	.....	170 —
—	—	14	—	—	.....	200 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

8. *Dalasýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	200 —
—	—	9	—	—	.....	175 —
—	—	14	—	—	.....	150 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

9. *Austur-Barðastrandarsýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	200 —
—	—	9	—	—	.....	175 —
—	—	14	—	—	.....	150 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

10. *Vestur-Barðastrandarsýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	200 —
—	—	9	—	—	.....	175 —
—	—	14	—	—	.....	150 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

77
27. okt.

11. *Norður-Ísafjarðarsýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	220 kr.
—	—	9	—	—	.....	175 —
—	—	14	—	—	.....	150 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

12. *Vestur-Ísafjarðarsýslu.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	220 —
—	—	9	—	—	.....	175 —
—	—	14	—	—	.....	150 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

13. *Ísafjarðarkaupstaður.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	270 —
—	—	9	—	—	.....	215 —
—	—	14	—	—	.....	250 —
—	—	16	—	—	.....	60 —

14. *Strandasýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	200 —
—	—	9	—	—	.....	150 —
—	—	14	—	—	.....	100 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

15. *Vestur-Húnavatnssýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	200 —
—	—	9	—	—	.....	150 —
—	—	14	—	—	.....	100 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

16. *Austur-Húnavatnssýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	200 —
—	—	9	—	—	.....	150 —
—	—	14	—	—	.....	100 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

17. *Skagafjarðarsýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	200 —
—	—	9	—	—	.....	150 —
—	—	14	—	—	.....	125 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

18. *Eyjafjarðarsýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	175 kr.
—	—	9	—	—	.....	150 —
—	—	14	—	—	.....	100 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

19. *Akureyrarkaupstaður.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	225 —
—	—	9	—	—	.....	200 —
—	—	14	—	—	.....	200 —
—	—	16	—	—	.....	40 —

20. *Siglufjarðarkaupstaður.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	270 —
—	—	9	—	—	.....	215 —
—	—	14	—	—	.....	250 —
—	—	16	—	—	.....	60 —

21. *Norður-Þingeyjarsýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	200 —
—	—	9	—	—	.....	150 —
—	—	14	—	—	.....	150 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

22. *Suður-Þingeyjarsýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	200 —
—	—	9	—	—	.....	150 —
—	—	14	—	—	.....	150 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

23. *Norður-Múlasýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	200 —
—	—	9	—	—	.....	150 —
—	—	14	—	—	.....	150 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

24. *Seyðisfjarðarkaupstaður.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	250 —
—	—	9	—	—	.....	200 —
—	—	14	—	—	.....	225 —
—	—	16	—	—	.....	40 —

77
27. okt.

25. *Suður-Múlasýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	250 kr.
—	—	9	—	—	.....	200 —
—	—	14	—	—	.....	175 —
—	—	16	—	—	.....	40 —

26. *Austur-Skaftafellssýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	160 —
—	—	9	—	—	.....	140 —
—	—	14	—	—	.....	130 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

27. *Vestur-Skaftafellssýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	200 —
—	—	9	—	—	.....	150 —
—	—	14	—	—	.....	175 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

28. *Rangárvallasýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	200 —
—	—	9	—	—	.....	150 —
—	—	14	—	—	.....	175 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

29. *Vestmannaeyjakaupstaður.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	270 —
—	—	9	—	—	.....	215 —
—	—	14	—	—	.....	250 —
—	—	16	—	—	.....	60 —

30. *Árnessýsla.*

Til	fullra	4	ára	aldurs	.....	220 —
—	—	9	—	—	.....	150 —
—	—	14	—	—	.....	175 —
—	—	16	—	—	.....	30 —

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. október 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ

78
21. nóv.

um

sölu áfengis til verklegra nota, suðuvökva o. fl., sett samkvæmt lögum nr. 64 og lögum nr. 69 frá 1928.

1. gr.

Í reglugjörð þessari táknar „áfengi til verklegra nota" hverskonar vínanda eða áfengisvökva, blandaðan eða óblandaðan, sem notaður er til iðnþarfa. Er þetta áfengi ýmist fullmengað, hálfmengað eða ómengað.

2. gr.

Fullmengaður er sá vínandi, sem mengaður er með 0,5%, af pyridinbösum og 2% af óhreinsuðum trjávínanda (methylalkohol), er í sjeu 20% acetone. Forstöðumenn áfengisverslunarinnar og efnarannsóknarstofunnar sjá um að mengunin sje eins og segir í reglugjörð þessari.

3. gr.

Hálfmengaður er sá vínandi, sem mengaður er með efnum, sem fremur auðvelt er að ná úr vínandanum aftur, eða þá að mengunin er þess eðlis, að vínandinn verður ekki með öllu talinn óhæfur til drykkjar. Þar til telst, til dæmis að taka, vínandi mengaður með 0,5% terpintinolíu, eða 0,5% af bergamotolíu, eða með 5,5% af skellakki.

Vínandi mengast þannig með skellakki: Í hverja 100 lítra af vínanda, skal blanda 20 lítrum af skellakksupplausn, sem búin er til úr 2 hlutum vínanda og 1 hluta skellakks.

Til vissra iðnþarfa má, ef þurfa þykir, menga vínandann með öðrum efnum en framantöldum, eftir því sem nefndir forstöðumenn telja gjörlegt.

Ilmvötn, andlitsvötn, hárvötn og slíka vökva, er fyrst um sinn, eins og hingað til, hverri verslun heimilt að flytja til landsins í glösum, sem taka alt að ¼ — fjórðung — lítra, og selja í slíkum skömtum.

Ríkisstjórnin getur hvenær sem er, tekið í sínar hendur innflutning og heildsölu þessara vökva.

78
21. nóv.

4. gr.

Áfengi til verklegra nota, telst vera:

a. Áfengi handa smiðum, aðallega til fægingar og gljáningar.
b. Áfengi til gosdrykkjagerðar, brjóstsykursgerðar og annars þvílíks.
c. Áfengi til efnarannsókna, vísindarannsókna og náttúrugripasafna.
d. Áfengi til eldsneytis.

5. gr.

Vínanda (ethylalkohol) má ekki afhenda til notkunar á áttavita frá 1. janúar 1929 að telja.

6. gr.

Hver sem þarf að fá áfengi til verklegra nota, og vill afla sjer þess, skal snúa sjer skriflega til forstöðumanns áfengisverslunar. Skal hann láta fylgja beiðni sinni vottorð frá hlutaðeigandi hreppstjóra og sóknarpresti sínum, ef áfengisbeiðandi á heima í hreppi, ella frá lögreglustjóra og sóknarpresti, um það, að beiðanda sje trúandi til að nota áfengið einungis til iðnar sinnar, en alls ekki til neyslu eða drykkjar.

Þegar forstöðumaður áfengisverslunar hefir gengið úr skugga um, að beiðandi þurfi áfengi til verklegra nota og hversu mikið, ritar hann nafn iðnaðarfyrirtækisins, iðnað mannsins eða verk vísindastofnunarinnar í sjerstaka bók, og hversu mikið og hverskonar áfengi hlutaðeigandi megi fá. Eigi gildir heimildin í hvert sinn nema til næsta nýárs. Skal forstöðumaðurinn fara í þessu efni eftir brjefi stjórnarráðsins til lögreglustjóranna frá 14. jan. 1918 (Stj.tíð. 1918, B, bls. 1) og fyrirmælum stjórnarráðsins, er síðar kunna að verða gefin.

Sje um óvenjulega áfengisbeiðni að ræða, og meira en telja má sennilegt að áfengisbeiðandi þurfi til iðnar sinnar eða rannsókna, ber forstöðumanni að gera ráðuneytinu aðvart, er leggur fullnaðarúrskurð á að hve miklu leyti skal sinna slíkri beiðni.

7. gr.

Áfengisverslunin ein lætur af hendi alt það áfengi, er um ræðir í 4. gr. a—c í reglugjörð þessari, og skal forstöðumaður gæta þess vandlega að ekki sje meira afhent en leyfilegt er samkvæmt 6. gr.

Hvert áfengisílát, sem afhent er, skal merkt nafni seljanda og tegundarheiti áfengisins. 78 21. nóv.

8. gr.

Forstöðumaður áfengisverslunar skal í byrjun hvers árs senda ráðuneytinu skýrslu um öll áfengisútlát, samkvæmt reglugjörð þessari. Skýrslu þessa lætur ráðuneytið síðan birta á prenti fyrir lok febrúarmánaðar sama ár, þannig að tilgreint sje greinilega nafn hvers þess, er áfengi hefir fengið samkvæmt þessari reglugjörð undanfarið ár, og hve mikið að lítratali.

9. gr.

Áfengi til eldsneytis (suðuvökva) skal gert óhæft til drykkjar á þann hátt, sem forstöðumenn efnarannsóknarstofunnar og áfengisverslunar ákveða.

10. gr.

Suðuvínanda má hver verslun selja eftir þessum reglum:

Innanbæjar eða innankauptúnsmönnum má ekki selja meira í einu en ¾ lítra og öðrum ekki meira en 2 lítra.

Þar sem sjerstaklega stendur á, svo sem um skip, sem eiga langa leið fyrir höndum, má selja meira en að ofan greinir.

11. gr.

Allar áfengisbækur, er gefnar hafa verið út áður en reglugerð þessi kom í gildi, eru ógildar.

12. gr.

Um brot gegn reglugjörð þessari fer eftir fyrirmælum laga nr. 64 og 69 frá 1928.

78
21. nóv.

13. gr.

Reglugjörð þessi gengur í gildi 1. jan. 1929 og er þá jafnframt úr gildi feld reglugjörð nr. 66 frá 1922 um sölu á iðnaðaráfengi, suðuvökva o. fl.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. nóv. 1928.

Jónas Jónsson.

Sigf. M. Johnsen.

Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskupsins, **um breytingu á sóknaskipun.** **79** 19. des.

Eftir móttöku brjefs yðar, háæruverðugi herra, dags. 6. f. m., um að jarðirnar Fjall, Útverk, Framnes og Ósabakki í Skeiðahreppi, en í Skálholtssókn, megi hjer eftir teljast til Ólafsvallasóknar, skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til birtingar fyrir hlutaðeigendum, að ráðuneytið samkvæmt tillögum yðar samþykkir þessa breytingu á sóknaskipuninni, enda samþykki næsti hjeraðsfundur hana.

AUGLÝSING **80** 17. des.

um

staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á lögreglusamþykt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67, 28. nóvember 1919, um lögreglusamþyktir fyrir kaupstaðina, er hjermeð staðfest eftirfarandi

LÖGREGLUSAMÞYKT

fyrir

Hafnarfjarðarkaupstað.

I. KAFLI.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega uppþot eða óspektir ekki eiga sjer stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sje fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða er ætlað til almennings afnota, svo sem leikvellir, torg, bryggjur, bólvirki o. s. frv.

31. dag desembermánaðar 1928. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h.f.

80 17. des.

2. gr.

Þegar fjölmenni safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa, eða annarsstaðar þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til að varðveita góða reglu.

3. gr.

Allir, sem fara um götur bæjarins utan gangstjetta, hvort heldur eru gangandi, ríðandi, í vagni, í bifreið, á hjólum, eða öðrum farkosti, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sjer, gripum sínum og farartækjum á vinstri helmingi akbrautarinnar eingöngu og svo nærri götubrún eða gangstjettarbrún, sem auðið er. Við krossgötur skal, ef þörf gerist, sá bíða, sem er til vinstri handar, en þeir eru þó ekki skyldir til að víkja á akbraut, sje hún til vinstri handar.

4. gr.

Á almannafæri má ekki fljúgast á, æpa, kalla, blístra, syngja hátt eða hafa í frammi annan hávaða eða ofsalegt eða móðgandi háttalag, sem raskar allsherjar reglu, eða ónáðar vegfarendur eða þá, sem búa í nágrenninu.

5. gr.

Enginn má að ófyrirsynju berja á dyr eða glugga, hringja dyrabjöllu eða hafast neitt það að, sem ónáðar húsbúendur.

6. gr.

Á fjölförnustu götum eða þar, sem hætta getur af stafað, má ekki leika knattleik, paradís, feluleik, stikk eða klink, ekki gera rennibrautir, renna sjer á skautum eða sleðum, eða hafa um hönd aðrar skemtanir eða leiki, sem hindra umferðina. Lögreglan ákveður jafnan, hvaða götur þetta á við. Sömuleiðis er bannað að hanga utan í vögnum eða sleðum og bifreiðum, sem eru á ferð um göturnar, eða festa við þá sleða, handvagna eða annað, er til óþæginda getur orðið.

7. gr.

Eigi má skjóta af byssum, skammbyssum, lyklabyssum, örvabogum eða öðrum skotvopnum á eða yfir almannafæri eða Innrihöfn, Enginn má nota skotvopn, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra, sem einnig getur svift menn slíku leyfi. Á almannafæri má eigi kveikja í púðri, skoteldum eða sprengiefnum. Nauðsynlegar sprengingar vegna mannvirkja má aðeins gera með sjerstöku samþykki lögreglustjóra og ber bæði verkstjóri og sá, sem mannvirkið er unnið fyrir, ábyrgð á, að

allrar varúðar sje gætt. Sprengiefni og önnur slík eldfim efni má hvorki geyma í íbúðarhúsum nje annarsstaðar þar, sem hætta stafar af. **80** 17. des.

8. gr.

Enginn má ganga dulklæddur á almannafæri, eða í búningi, sem misbýður velsæmi eða getur raskað allsherjarreglu. Sömuleiðis er bannað að sýna af sjer hneykslanlega hegðun, t. d. með því að ávarpa menn ókurteisum orðum eða ósæmilegum, eða með því að sýna af sjer ósæmilegt látbragð, svo sem að fletta sig klæðum, gera þarfir sínar á hneykslanlegan hátt, hafa í frammi ölæðislæti eða vera ósjálfbjarga fyrir drykkjuskap o. s. frv.

Þá menn, sem sökum ölæðis hafa í frammi háreysti á almannafæri, gjöra einhvern óskunda, barsmíð eða áreitni, má setja í varðhald og skulu þeir sæta sektum eigi minni en kr. 50,00.

9. gr.

Enginn má baða sig eða synda nakinn við bryggjur bæjarins eða annarsstaðar svo nærri landi eða skipum á höfninni, að hneyksli valdi.

10. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

11. gr.

Almenningi er skylt að hlýða öllum skipunum lögreglumanna. Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn krafið sjer til aðstoðar hvern fullgildan karlmann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri, en heimtingu eiga slíkir menn á fullum bótum úr bæjarsjóði fyrir tjón, er þeir kunna að bíða við það á fatnaði eða limum, en bæjarsjóður á aðgang að hinum seka.

II. KAFLI.

Ákvarðanir til að afstýra tálmunum og hættum fyrir umferðina.

12. gr.

Enginn má ótilkvaddur slökkva eða kveikja á götuljóskerum bæjarins.

Enginn má taka vatn úr brunahönum bæjarins eða hreyfa við þeim að neinu leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra.

Enginn má snerta við brunaboðum bæjarins, nema að þurfi að

80 gera vart við eldsvoða. Brot gegn þessari grein varða sektum, er eigi
17. des. sjeu lægri en 50 krónur.

13. gr.

Án leyfis lögreglustjóra má enginn setjast að á almannafæri til að selja vörur eða reka aðra atvinnu, og sje slíkt leyfi veitt, þá aðeins á þeim stað, sem leyfið tiltekur. Börn yngri en 14 ára mega alls ekki selja vörur á almannafæri. Þó skal börnum 8 ára eða eldri, heimilað að selja dagblöð og frjettablöð, og sömuleiðis aðgöngumiða að íþróttasýningum, dagskrár og merki, er gilda fyrir sjerstaka hátíðisdaga.

14. gr.

Án leyfis hlutaðeigandi húsráðanda má enginn láta fyrirberast á húsriðum, í garðshliðum eða öðrum stöðum, þar sem inn er gengið í hús, eða á húslóðir, nje fara inn í híbýli hans í söluerindum.

15. gr.

Stjettir meðfram götum skulu eingöngu ætlaðar gangandi mönnum. Eftir þeim má ekki fara með sleða, reiðhjól, hjólbörur, vagn nje önnur aktól nema barnavagna, og eigi bera, draga, velta eða á annan hátt flytja með sjer fyrirferðarmikla hluti, svo sem tunnur eða hey eða annað, sem tálmar umferðinni. Ljái, gaddhrífur, skotvopn og aðra hluti, sem tjón getur hlotist af, má aðeins flytja eftir götunni sjálfri, og skal svo um þá búið, að engin hætta stafi af þeim. Hlaðnar byssur má ekki bera á götum bæjarins eða annarsstaðar á almannafæri. Byssur skal ávalt bera þannig, að opið viti upp.

16. gr.

Á almannafæri má eigi leggja, hengja eða setja neitt það, er tálmar umferðinni. Þó mega þeir, sem flytja að sjer vörur, eldivið, hey eða annað slíkt, og eigi geta lagt það frá sjer á sjálfs síns lóð, leggja það á torg og götur meðan á flutningnum stendur, en gæta skal þess, að það geri sem minstan farartálma. Að flutningnum loknum skulu þeir hreinsa vandlega götuna eða torgið, sem notað var. Bifreiðar, vagnar, hjólbörur og sleðar mega ekki standa á götum lengur en nauðsynlegt er til að fylla þá og tæma, og aldrei mega þeir standa á gangstjettum. Bæjarstjórn ákveður í samráði við lögreglustjóra, hvar á götum eða torgum standa megi vagnar eða bifreiðar, sem notaðar eru til fólks- og vöruflutninga, og setur sjerstakar reglur þar að lútandi.

17. gr.

Á almannafæri má eigi vinna neina þá vinnu, er hindrar um-

ferðina eða gerir hana hættulega, t. a. m. gera að fiski, draga af línu, telgja við, höggva grjót, járna hest eða því um líkt. Á almannafæri og á veggsvölum eða í gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi hrista gólfdúka, viðra sængurföt, hengja föt til þerris, herða fisk eða annað þesskonar. **80** 17. des.

18. gr.

Vöruskápa, sjálfsala, gluggaskýlur, auglýsingaspjöld eða annað þess háttar, má eigi hengja utan á hús þannig, að óþægindi verði við á almannafæri, að dómi lögreglunnar. Í opnum gluggum, sem vita að almannafæri, má eigi láta standa jurtapotta eða neitt það, er tjóni getur valdið, ef það fellur niður.

19. gr.

Eigi má fleygja glerbrotum, steinum, snjóboltum, nöglum, fiskiúrgangi, hálmi, ávaxtahýði, pappírsrusli eða öðru þesskonar á almannafæri, nje heldur skvetta þar vatni eða öðru, er haft getur í för með sjer hættu, óþrifnað eða óþægindi fyrir vegfarendur.

20. gr.

Foreldrum og öðrum hlutaðeigendum er skylt að annast um, að tilhlýðilegt eftirlit sje haft með óstálpuðum börnum, sem eru á þeirra vegum, þegar þau eru á almannafæri. Börn yngri en 12 ára mega ekki vera á almannafæri seinna en kl. 10 á kvöldin á tímabilinu 1. september til 14. maí, og ekki seinna en kl. 12 frá 15. maí til 31. ágúst, nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum. Bannað getur lögreglustjóri börnum, sem ekki ganga þar til vinnu eða eiga erindi, að vera á bryggjum bæjarins.

21. gr.

Enginn má gera skurð í gangstjettir, götur eða torg bæjarins, nje raska þeim á neinn hátt, nema hann hafi til þess leyfi veganefndar og samþykki lögreglustjóra. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minstur farartálmi sje að, og ætíð skal þess gætt, að vegfarendur sjeu aðvaraðir um farartálmann með nægilega greinilegum ljósum, er loga skulu frá því að dimma fer að kvöldi til þess bjart er að morgni. Að öðru leyti gerir lögreglustjóri þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa, til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götuna að nokkru eða öllu leyti meðan á verkinu stendur, eða skipað fyrir um hvernig umferðinni skuli hagað. Ef slíkt verk dregst úr hófi fram, eftir að byrjað er á því, getur lögreglustjóri látið ljúka verkinu eða setja götuna í samt lag aftur á kostnað þess, sem verkið átti að framkvæma.

80 17. des.

22. gr.

Þegar nýtt hús er bygt eða eldra hús rifið og bygt upp að nokkru eða öllu leyti, er eiganda þess, ef húsið liggur við almannafæri, skylt að skýra lögreglustjóra frá, áður en verkið byrjar, og sanna fyrir honum heimild sína til verksins. Hann skal haga sjer eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglustjóri setur til að afstýra farartálma og hættu eða óþægindum fyrir vegfarendur. Verkfæri og verkefni má ekki leggja frá sjer á almannafæri, nema þar sem lögreglustjóri leyfir, og eigi má það liggja þar lengur en nauðsyn krefur. Mold, möl, leifar af verkefni og annað, er af byggingunni stafar, skal eigandi færa burt, er húsagerðinni er svo langt komið, að því verði viðkomið. Girðingar, sem kunna að hafa verið reistar til að afstýra hættu eða farartálma, skal taka burtu þegar í stað, þegar lögreglan krefst þess.

Nú brennur hús eða mannvirki, eða það er tekið í burtu, án þess að annað sje gert í staðinn, og er þá eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi hætta, óþrifnaður eða óprýði af.

23. gr.

Pallar, stoðir og annar umbúnaður þesskonar, sem notaður er við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skal vera nægilega traustur, og þeir sem nota hann, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn. Á slíkum pöllum utanverðum skal vera að minsta kosti 20 sm. há bríkk og handrið eða reipi í brjósthæð. Lausir stigar, sem notaðir eru við viðgerðir á húsum, málun, gluggaþvott eða þess konar, skulu vera nægilega traustir og kjálkarnir búnir járngöddum að neðan, ef stiginn er meira en 4 metra langur. Lausir stigar mega ekki standa við húsvegg á almannafæri eftir að dimt er orðið.

Brot á þessari grein er á ábyrgð þess, er verkið annast, eða ef hann er eigi tilgreindur, þá á ábyrgð húseiganda.

24. gr.

Nú er hús svo hrörlegt, að hætt er við að það hrynji eða einhver hluti þess, og getur lögreglustjóri þá bannað að nota húsið og lagt fyrir eigandann að rífa það eða endurbæta það svo sem þörf gerist til að afstýra hættu, innan tiltekins tíma. Ennfremur getur lögreglustjóri á kostnað eigandans gert aðrar ráðsafanir, sem hann telur nauðsynlegar til að afstýra hættu fyrir vegfarendur og aðra. Ákvæði þetta nær einnig til þess, þegar steinvegg, trjevegg eða annari girðingu liggur við hruni eða falli. —

25. gr.

Nú álítur veganefnd, að bryggjum eða öðrum mannvirkjum sje svo áfátt, að aðgerðar þurfi við, svo sem t. d. þegar göt eru á, eða mann-

virkin eru svo fúin eða sprungin, að hætta getur af því stafað, að áliti veganefndar, fyrir þá, sem um fara, þá getur bæjarstjórn heimtað af eigendum mannvirkjanna, að þeir gangi svo frá þeim, sem bæjarstjórn telur þurfa, svo hættulaust sje. 80 17. des.

Nú er aðgerðin ekki framkvæmd svo fljótt sem bæjarstjórn telur þurfa, og getur hún þá látið aðgerðina fram fara á kostnað eigandans, og má taka kostnaðinn lögtaki hjá eiganda mannvirkisins og hvílir aðgerðin sem lögveð á eigninni á undan öðrum veðböndum.

Nú er eigandi eða umráðamaður mannvirkis, sem aðgerða þarf, ekki viðstaddur í bænum, eða ekki næst til hans hjer á landi, og er þá bæjarstjórn heimilt að framkvæma aðgerðina á kostnað eigandans án tilkynningar.

26. gr.

Vindur og önnur áhöld, sem notuð eru til að hefja upp eða renna niður vörum eða öðru úr húsum, sem liggja að almannafæri, skulu vera nægilega traustar, og þeir, sem nota þær, skulu vera gætnir og áreiðanlegir menn.

27. gr.

Nú gengur kjallaragangrið út að stjett eða götu og lengra fram en húshliðin og skal þá vera handrið úr járni eða öðrum málmi beggja megin við þau og lögreglustjóri getur auk þess krafist, að kjallaraopið sje byrgt með hlemm eða hlera frá því að dimma tekur að kvöldi uns bjart er að morgni.

Í kringum birtugrófir við stjett eða götu skal setja handrið úr járni eða öðrum málmi, eða nægilega sterkar járngrindur yfir, jafnhátt stjettinni eða götunni. Handrið samkvæmt þessari grein mega ekki vera lægri en 60 sentimetrar.

28. gr.

Um þakrennur og rensli frá húsum í göturæsin eða rennurnar, skal svo umbúið, sem fyrir er mælt í byggingarsamþykt og holræsareglugjörð kaupstaðarins.

29. gr.

Eigi má kasta í höfnina og fram af bryggjum eða í fjöruna, grjóti, möl, sandi, ösku, dauðum fiski, matarleifum, fiskiúrgangi nje öðru slíku, og ekki skilja neitt slíkt þar eftir.

III. KAFLI.

Um reið, lestarflutning og akstur á götum bæjarins.

30. gr.

Þeir, sem ríða eða aka um götur bæjarins, skulu gæta tilhlýði-

80 legrar varkárni, einkum þegar þeir fara fyrir götuhorn, yfir þvera götu
17. des. eða fram úr hliðum. Þeir eru skyldir að nema staðar þegar í stað, þegar lögreglan gefur þeim merki til þess.

Á almannafæri má ekki ríða eða aka hraðar en á hægu brokki og þar sem mikil er umferð, gatan mjó eða farartálmi á veginum, skal aðeins farið fót fyrir fót. Lögreglan getur skipað svo fyrir, hvenær sem nauðsyn þykir, að fara skuli aðeins fót fyrir fót á tilteknu svæði, og þar sem margir vagnar koma saman á einn stað, getur hún raðað þeim eða skipað þeim að nema staðar um stund.

Ríðandi menn og vagnstjórar skulu í tæka tíð gera viðvart mönnum, sem á undan þeim ganga.

Eigi má ríða eða aka um gangstjettir bæjarins.

31. gr.

Það er með öllu bannað að ríða, beita fyrir vagna eða flytja farangur á höltum eða meiddum hestum eða svo horuðum að ekki hafi þeir fullan þrótt. Hestar sem bíta eða slá, skulu auðkendir á þann hátt, að áberandi skúfur sje festur í ennistopp eða tagl.

32. gr.

Ríðandi mönnum, lestamönnum og öðrum, er farangur flytja á áburðarhestum, er skylt að víkja úr vegi og jafnvel út af götum fyrir vögnum er þeir mæta, ef vagninn kemst ekki leiðar sinnar að öðrum kosti. Með áburðarhesta má ekki hafa lengri viðdvöl á götunum en nauðsynlegt er til að taka ofan eða láta upp klyfjar.

33. gr.

Vagnar skulu vera svo sterkir og vandaðir að smíði, að ekki sje hætt við bilun. Þeir mega ekki vera svo stórir um sig, að þeir hindri umferðina. Vagnar þeir, er notaðir eru til mjólkurflutnings eða til annars flutnings, sjerstakrar tegundar, skulu gerðir eins og fyrir kann að verða mælt í sjerstökum reglugjörðum.

Aktýgi skulu vera haldgóð og hesturinn vel gyrtur við vagninn.

Sæti ökumanns á vagninum skal haga þannig, að hann sjái bæði vel framundan sjer og til beggja hliða. Ef hlassið er svo fyrirferðarmikið, að það byrgi útsýnið, er ökumanninum skylt að ganga vinstra megin við vagninn og teyma eykinn.

34. gr.

Ökumenn og vagnstjórar skulu vera nógu sterkir og þroskaðir til þess starfa, enda hafi þeim verið kent að stýra hesti og vagni af æfðum ökumanni. Hesta má ekki slá með öðru en þar til gerðum keyrum

eða ólarsvipum. Vírsvipur eða prik má ekki nota. Aldrei má slá hesta í höfuð, fætur eða nára. 80 17. des.

35. gr.

Vagnhlassið má ekki vera þyngra en svo, að vagninn beri það og hestunum veitist ljett að draga það. Því á að vera vel komið fyrir á vagninum og fest svo að það ekki haggist. Það má hvorki ná langt út af vagninum nje dragast með jörðu. Ekki má flytja tómar tunnur á vögnum eða bifreiðum, nema þeim sje traustlega fest með vörpu eða neti, er nái út yfir alt hlassið. Um málmvarning skal svo búið, að sem minstur hávaði hljótist af.

36. gr.

Sami ökumaður má ekki fara með fleiri en tvo vagna, er tengslaðir sjeu saman. Það er og bannað að festa sleða eða handvagna við aktól, sem hestum er beitt fyrir.

Tveir vagnar eða fleiri mega ekki aka samhliða. Eigi má nema einn maður ríða við hliðina á vagni. —

37. gr.

Með vagna og hesta má aðeins fara eftir þeim hluta strætisins, sem ætlaður er til aksturs, en ekki eftir gangstjettum nje vegum, sem ætlaðir eru til annarar sjerstakrar notkunar. Ef gata í bænum er þröng eða mjög mikil umferð um hana, getur lögreglustjóri bannað alla umferð um hana, enda sje það auglýst með spjaldi á gatnamótum.

38. gr.

Með vagna og hesta skal fara svo nærri vegarbrún eða gangstjett til vinstri handar sem auðið er. Um götuhorn skal aka í kröppum boga, ef snúið er til vinstri handar, en í löngum boga, ef snúið er til hægri. Á götuhornum og gatnamótum er bannað að aka fram fyrir vagna eða hest, sem á undan fer.

39. gr.

Það er bannað að ríða eða aka á móti skrúðgöngum og líkfylgdum eða fram hjá þeim. Skal víkja úr vegi fyrir þeim, ef unt er, eða nema staðar meðan þær fara fram hjá.

40. gr.

Á miðri götu má ekki nema staðar með hesta eða vagna, heldur skal það gert sem næst gangstjettinni eða götujaðri og skal þá snúa vagninum þannig, að hlið hans sje jafnhliða gangstjettinni eða götujaðrinum. Ekki má nema staðar þar sem hestur eða vagn heldur kyrru

80 fyrir beint á móti hinu megin á götunni. Ennfremur er bannað að nema
17. des. staðar með hest eða vagn á gatnamótum eða fast við þau.

41. gr.

Ökumenn og ríðandi menn mega ekki yfirgefa hesta sína á almannafæri nema annar maður haldi í taumana eða hesturinn sje bundinn tryggilega. Á almannafæri má ekki taka beisli af hesti, sem beitt er fyrir vagn, nema meðan honum er gefið.

42. gr.

Um sleða, sem hestum er beitt fyrir, gilda sömu reglur og um vagna. Ennfremur gilda framanskráðar reglur um vagna einnig fyrir hjól og bifreiðar, eftir því sem við á, auk sjerreglna þeirra, sem hjer fara á eftir.

43. gr.

Slökkviliðið er undanþegið framanskráðum ákvæðum um vagna. Skulu allir víkja úr vegi fyrir því svo fljótt sem auðið er. Sama gildir um sjúkravagna.

IV. KAFLI.

Um bifreiðar.

44. gr.

Bifreið nefnist í samþykt þessari hvert það ökutæki, sem knúið er áfram af aflvjel í ökutækinu sjálfu og ætlað er til að flytja fólk eða varning. Samþyktin nær þó ekki til vagna, sem renna á spori eða ökutækja, sem notuð eru eingöngu af slökkviliði.

45. gr.

Lögreglustjóri getur takmarkað eða bannað umferð bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð álíst hættuleg eða til sjerlegra óþæginda fyrir aðra umferð. Sömuleiðis getur lögreglustjóri bannað eða takmarkað bifreiðaferðir innanbæjar að næturlægi.

46. gr.

Um gerð bifreiða fer eftir 3., 6. og 12. gr. í lögum um notkun bifreiða nr. 88 frá 14. nóvbr. 1917 og reglugjörð um bifreiðar 28. apríl 1915, eða þeim lögum og reglugjörðum sem síðar kunna að verða settar þar að lútandi.

Ljós skal tendra á bifreiðum þegar dimt er orðið, og ákveður lögreglustjóri með sjerstakri auglýsingu árlega, hvenær kveikja beri.

47. gr.

Sjerhver bifreiðareigandi, sem búsettur er hjer í bænum, skal senda lögreglustjóra tilkynningu um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar.Lögreglustjóri lætur skoða bifreiðina og greiðir bifreiðareigandi kostnaðinn. Fullnægi bifreiðin ákvæðum þessarar samþyktar, skrásetur lögreglustjóri hana og afhendir eiganda merki með áletruðu H.F. og tölumerki, sem festa skal aftan á bifreiðina, svo að sjáist greinilega og má ekki taka það af henni, eða hylja á nokkurn hátt, meðan bifreiðin er notuð. Engin önnur merki mega vera aftan á bifreið, sem skrásett er í bænum. Verði eigendaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra, skriflega. —

48. gr.

Enginn má stýra bifreið nema hann sje fullra 21 árs að aldri og hafi ökuskírteini, er heimili honum að stýra bifreið.

Bifreiðarstjóri skal hafa einkennishúfu á höfði og framan á henni skulu standa skrásetningarstafir þess umdæmis, þar sem hann hefir fengið ökuskírteini og tölumerki skírteinis hans.

Bifreiðarstjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera undir áhrifum áfengra drykkja við bifreiðarakstur.

49. gr.

Ökuhraða bifreiða skal altaf tempra svo, að komist verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sje ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 18 kílómetrar á klukkustund. Þar sem bifreiðarstjóri sjer skamt frá sjer, í kröppum bugðum við gatnamót, þar sem vegur er sleipur og þar sem mikil umferð er, skal gæta sjerstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sje for eða bleyta á götu, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur eða gangstjettir.

50. gr.

Ef bifreið mætir vögnum eða vegfarendum á stað, þar sem hvorugir komast fram hjá öðrum, skal bifreiðin aka til baka og nema staðar þar sem hinir komast fram hjá henni.

51. gr.

Bifreiðarstjóri skal gefa hljóðmerki með horni sínu í tæka tíð þegar hætt er við árekstri, og ávalt áður en farið er fyrir götuhorn eða yfir gatnamót og er hann ekur bifreiðinni aftur á bak.

Hætta skal hann að gefa hljóðmerki, ef hestar hræðast eða verða

80 17. des. óróir og ekki má hann gefa hljóðmerki um leið og bifreiðin fer fram hjá hestum.

Bifreiðarstjórar skulu gæta þess, einkum að næturlægi, að gera eigi hávaða um nauðsyn fram með hljóðmerkjum; þeir bera og ábyrgð á því, að farþegar í vögnum þeirra hafi ekki um hönd söng eða hávaða.

52. gr.

Bannað er að nota til eldsneytis á bifreiðar steinolíu eða annað, sem reykur stafar af.

53. gr.

Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun bifreiða, skal bifreiðarstjóri þegar stöðva bifreiðina, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafist, og hjálpa þeim, sem slasast hefir ef þörf gerist.

Ef hestur fælist eða verður órór, skal bifreiðarstjóri þegar í stað stöðva bifreið sína og gangvjel hennar.

Bifreiðarstjóri skal og ávalt stöðva bifreið, ef lögreglan gefur honum merki um að nema staðar.

Stranglega skal banna börnum, að hanga aftan í bifreiðum og skulu bifreiðarstjórar sæta ábyrgð fyrir að leyfa börnum það. Ekki mega bifreiðarstjórar heldur flytja börn út úr bænum, nema í farþegarúmi þar sem vel fer um þau.

54. gr.

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum bifreiðarlaganna og reglugjörðum þeim, sem settar eru eða settar verða samkvæmt þeim lögum um notkun bifreiða.

V. KAFLI.

Um reiðhjól.

55. gr.

Þeir, sem fara á reiðhjólum um götur bæjarins, skulu gæta þess er hjer segir:

a. Á hjólum mega ekki í senn vera fleiri menn, en hjólin eru gerð fyrir. Sá, er stýrir hjólum, skal ætíð halda að minsta kosti annari hendi um stýrið og hafa báða fætur á stigsveifum. Enginn má flytja með sjer á hjólum hluti, sem valdið geta hættu eða hindrað umferðina.

b. Á hverjum hjólum skal vera bjalla, sem gefur hvelt hljóð, en ekki

horn, og skal hjólamaður láta til hennar heyra, ef hætt er við árekstri, og ætíð áður en hann fer fyrir götuhorn eða yfir gatnamót. 80 17. des.

c. Á hverjum hjólum skal þegar dimt er vera tendrað ljósker, er snúi fram og lýsi framundan sjer. Ljós skal tendrað eigi síðar en á þeim tíma, sem ákveðinn verður fyrir bifreiðar.

d. Ökuhraði á hjólum má ekki vera meiri en 18 kílómetrar á klukkustund og þar sem hjólamaður sjer skamt frá sjer í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem mikil umferð er og þar sem vegur er sleipur, skal gæta sjerstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi hjólin þegar í stað. Sje for eða bleyta á götu, skal aka svo að ekki slettist á aðra vegfarendur, nje gangstjettina. Skylt er hjólamanni að nema staðar, ef reið hans veldur því að hestur fælist eða gerist órór.

e. Byrjendur mega ekki æfa sig á hjólum á götum bæjarins. Ekki má hjóla á gangstjettum nje yfir þær og ekki inn eða út úr hliðum.

f. Ef slys vill til, sem stafar af eða stendur í sambandi við notkun hjóla, skal hjólamaður þegar nema staðar, skýra frá nafni sínu og heimilisfangi, ef þess er krafist og hjálpa þeim, sem slasast hefir, ef þörf gerist.

Hjólamaður skal þegar nema staðar, ef lögreglan gefur honum merki um það.

Eigandi hjóla ber ábyrgð á brotum á samþykt þessari, ef hann lánar þau þeim, sem er yngri en 15 ára.

VI. KAFLI.

Um rekstur gripa og fjenaðar um götur bæjarins o. fl.

56. gr.

Alifugla má eigi hafa á kaupstaðarlóðinni frá 1. maí til 15. sept. nema þeir sjeu í afgirtu svæði eða öruggri vörslu.

57. gr.

Sauðkindur mega ekki ganga lausar á götum bæjarins.
Bannað er að flytja kindur bundnar í vögnum um bæinn.
Ákvæði þessarar greinar ná einnig til geitfjár.

58. gr.

Á almannafæri mega hestar ekki ganga lausir. Hesta, sem ráfa umhirðulausir um götur bæjarins, skal lögreglan hýsa og fóðra á kostnað eigenda þeirra. Hestaeigendur eru skyldir að eiga hús fyrir hesta sína og hýsa þá í vondum veðrum, sama gildir og um sauðfjenað.

80 17. des.

59. gr.

Nautgripir mega ekki ganga lausir um götur bæjarins, nema þegar þeir eru reknir í eða úr haga.

60. gr.

Um hrossarekstur eða sauðfjárrekstra, sem koma til bæjarins, getur lögreglustjóri gert þær ráðstafanir, sem honum þykja nauðsynlegar til þess að afstýra farartálma, eða hættu fyrir vegfarendur.

VII. KAFLI.

Um hundahald.

61. gr.

a. Flækingshunda, en þar til teljast allir hundar, sem ekki eru eign kaupstaðarbúa, getur lögreglustjóri látið handsama og auglýsa, og ef eigandi ekki gefur sig fram innan þriggja sólarhringa og greiðir áfallinn kostnað, má drepa slíkan hund. Sama gildir um ómerkta hunda.
b. Enginn má siga hundi á menn, eða láta fyrirfarast að aftra hundi sínum, þegar hann verður var við, að hundurinn ræðst á menn.
c. Hundar, sem áreita menn, eða ráðast á skepnur, skulu rjettdræpir.
d. Grimma varðhunda má einungis hafa, að áðurfengnu sjerstöku leyfi lögreglustjóra, og gegn því að hlíta þeim nánari ákvæðum, er hann kann að setja í hvert skifti þeim viðvíkjandi.

VIII. KAFLI.

Um friðun almenningseigna o. fl.

62. gr.

Mannvirki og hluti, hverju nafni sem nefnast, er ætlaðir eru til almenningsafnota eða til prýðis á almannafæri, svo sem minnisvarða, vatnsból, brunahana, síma, rafleiðslutæki, götuljósker, nafnspjöld og töluspjöld á götum og húsum, bekki, girðingar og annað þess háttar má enginn skemma eða færa úr stað, eigi heldur aka eða saurga, rita, rispa, tjarga, mála eða teikna á þá. Þetta á einnig við um þann hluta af húsum, múr- og trjegirðingum, sem liggur að almannafæri.

63. gr.

Enginn má skemma girðingar, sem eru við almannafæri, nje setjast á þær eða klifra yfir eða upp um þær.

Enginn má skemma eða troða ræktaða bletti, grasreiti eða trjá- **80**
garða, hvort sem eru girtir eða ógirtir. 17. des.

64. gr.

Í kirkjugarðinum mega engir leikir eða önnur ótilhlýðileg hegðun eiga sjer stað. Trje eða jurtir, sem gróðursett eru á grafreitum eða leiðum, má enginn rífa upp eða færa burtu, nje spilla eða saurga grafreitinn á nokkurn hátt. Enginn má hafa með sjer hund inn í kirkjugarðinn. Skepnum má eigi beita í kirkjugarðinum.

Börn yngri en 14 ára mega eigi vera í kirkjugarðinum, nema þau sjeu í fylgd með fullorðnum, sem ber ábyrgð á framferði þeirra.

IX. KAFLI.

Um götuspjöld, húsnúmer og uppfestar auglýsingar.

65. gr.

Bæjarstjórnin ákveður nöfn á götum og lætur festa upp nafnspjöld eða mála nöfnin á götuhornin þar sem þurfa þykir. Töluspjöldin, sem bæjarstjórnin hefir látið eða lætur festa á hús til að tákna húsaröð skulu húseigendur halda við á sinn kotnað og endurnýja, ef á þarf að halda.

66. gr.

Bæjarstjórnin ákveður hvar festa skuli upp auglýsingar frá yfirvöldunum og öðrum stjórnvöldum, og skal hún á kostnað bæjarsjóðs útvega spjöld í því skyni svo mörg, sem þurfa þykir.

Auglýsingar um sjónleika, samsöngva, sýningar og aðrar skemtanir, sem leyft er að halda, má festa upp hvar sem er með samþykki hlutaðeigandi húsráðanda. Aðrar auglýsingar má og festa upp með leyfi húsráðanda, þá er lögreglustjóra hafa verið sendar þær samkvæmt prentfrelsislögunum.

Á rafmagns- eða símastaura má engar auglýsingar festa.

67. gr.

Uppfestar auglýsingar skulu hlutaðeigendur taka niður þegar þær hafa fullnægt tilgangi sínum.

Löglegar auglýsingar má enginn rífa niður eða gjöra ólæsilegar á annan hátt.

80
17. des.

X. KAFLI.

Um veitingahús, skemtistaði og almennar skemtanir.

68. gr.

Allir staðir, þar sem höfð er á hendi almenn veitingasala, matar og drykkja eða gististaðir fyrir almenning, skulu háðir sjerstöku eftirliti lögreglustjórnarinnar og skal lögreglunni heimill umgangur um húsakynni þau sem notuð eru í sambandi við veitingar.

Á öllum gistihúsum skal haldin nákvæm gestaskrá.

69. gr.

Á almennum veitingastöðum eða samkomustöðum má enginn gerast sekur í ofsalegu atferli eða hávaða, svo að aðrir gestir, húsbóndi eða heimilisfólk eða nágrannar hafi ónæði af. Þar má heldur ekki sýna af sjer ósæmilega eða hneykslanlega hegðun eða hafa áhættuspil um hönd. Eigi er heimilt að láta druknum manni í tje neinskonar veitingar umfram lífsnauðsynjar á almennum veitingar- eða samkomustað.

Hverjum þeim, sem hefir á hendi veitingasölu, matar og drykkja, eða selur gistingu, er skylt að gera það sem í hans valdi stendur til að afstýra því, að neitt fari fram í veitingastofu hans eða gistihúsi, sem er á móti góðri reglu og velsæmi.

70. gr.

Allir veitingastaðir skulu vera lokaðir frá kl. 11½ að kvöldi til kl. 6 að morgni og allir gestir, sem eigi hafa náttstað, skulu hafa farið út eigi síðar en ½ stundu eftir að lokað er. Þó má selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er, og heimilt skal fjelögum að halda samkvæmi, dansleiki og aðrar skemtanir fram yfir lokunartíma, ef eigi taka þátt í því aðrir en fjelagsmenn og gestir þeirra. Ennfremur mega brúðkaup og boð standa fram yfir hinn tiltekna tíma. Allir veitingastaðir skulu lokaðir jóladag, nýársdag, föstudaginn langa, páskadag og hvítasunnudag.

71. gr.

Föst kvikmyndahús má ekki starfrækja í bænum nema með leyfi lögreglustjóra og bæjarstjórnar og með þeim skilyrðum að því er útbúnað og loftrými snertir, sem hún tiltekur. Ákveður bæjarstjórnin, hve mikið gjald skuli greiða í bæjarsjóð fyrir leyfið annaðhvort árlega eða fyrir hverja sýningu.

72. gr.

Enginn má fyrir borgun halda opinberar skemtanir án leyfis

lögreglustjóra. Án leyfis lögreglustjóra má og ekki kveikja skotelda eða ganga með logandi blys. **80** 17. des.

73. gr.

Hver sá, sem samkvæmt ofanskráðu hefir fengið leyfi til að halda sjónleik, dansleik, samsöng, hlutaveltu eða einhverja þá skemtun eða sýningu, sem talin er hjer að framan, er skyldur að sjá um, að ekkert það fari fram, sem brýtur í bág við reglur og velsæmi. Ef brestur verður á þessu, er lögreglunni heimilt að slíta samkomunni og skipa áhorfendum og öðrum, sem við það eru staddir, að fara í burtu. Lögreglustjóri getur og fyrirskipað skoðun á kvikmyndum og bannað sýningu á myndum, sem hann telur skaðlegar eða siðspillandi.

74. gr.

Húseigendur og húsráðendur geta bannað, að sá, er leyfi hefir fengið til að halda skemtanir, samkvæmt 68. og 69. gr., noti það á þeirra lóð. Sömuleiðis er sjerhverjum, sem hefir sjúkling á heimili sínu, eða ef aðrar gildar ástæður eru fyrir hendi, heimilt að krefjast þess, að engar almennar skemtanir, sem háreysti er að, sjeu hafðar svo nærri húsi hans, að hætta eða tjón geti af því hlotist.

75. gr.

Við hvert veitingahús eða alment samkomuhús skal eigandinn láta gera náðhús og salerni, sem gestum er heimill aðgangur að. Skal húseigandi eða veitingamaður sjá um, að því sje ávalt haldið vel hreinu.

XI. KAFLI.

Um alment hreinlæti og þrifnað o. s. frv.

76. gr.

Heilbrigðisnefnd hefir eftirlit með öllu því, sem lítur að almennum þrifnaði í bænum, eftir þeim ákvæðum, sem þar eru um gefin í heilbrigðissamþykt kaupstaðarins.

77. gr.

Skepnum má ekki slátra á eða við götur bæjarins eða á almannafæri, heldur skal það gjört á lokuðu svæði, þar sem aðrar skepnur geta ekki sjeð blóðvöllinn. Allar skepnur skulu aflífaðar með skoti. Bannað er að láta hunda koma á blóðvöllinn, þegar slátrað er, og það er stranglega bannað, að börn innan 14 ára sjeu á slátrunarstöðum, þegar slátrun fer fram.

80 17. des.

78. gr.

Ekkert hús eða herbergi í húsi má vera svo sett af mönnum, að heilbrigði þeirra sje hætta búin. En hvort svo sje, ákveður heilbrigðisnefnd.

79. gr.

Á almannafæri má enginn fleygja hræjum, rusli eða öðrum óhreinindum. Í ræsi má eigi kasta neinu því, er stíflað getur vatnsrásina.

80. gr.

Hey, þang, kolasalla, mold eða þesskonar, sem slæðist eða hrynur niður við flutning um almannafæri, skal sá, er flutningnum ræður, skyldur að hreinsa upp samdægurs.

81. gr.

Áburð og annað slíkt, sem óþef leggur af, má aðeins flytja um götur bæjarins í lokuðum vögnum vel þjettum. Má eigi fylla þá svo, að neitt hrynji úr þeim meðan á flutningnum stendur.

82. gr.

Á húshliðar eða gafla eða girðingar, sem vita að almannafæri, má eigi hengja eða festa á annan hátt neinskonar fiskiföng nje annað, sem óþrifnaður er að eða óþefur. Eigi má heldur hafa fisktrönur eða opin ílát með fiskiúrgangi við almannafæri. Lifrarbræðslu eða aðra vinnu, sem óþrifnaði veldur eða óhollustu, má eigi hafa á öðrum stöðum en þeim, sem heilbrigðisnefnd ákveður.

83. gr.

Á tún, sem liggja að almannafæri, má ekki bera nokkurn þann áburð, sem megnan óþef leggur af.

84. gr.

Sorphauga, áburðarhauga, salerni, forir eða því um líkt, má eigi hafa í nánd við almannafæri, nema í steinlímdum gryfjum vandlega byrgðum, enda veiti heilbrigðisnefnd samþykki til þess.

85. gr.

Skylt er húseiganda eða lóðareiganda að sjá um, að haldið sje hreinum portum og annari óbygðri lóð kringum hús hans, eða óbygðri lóð, þar á meðal rústum, sem liggja að götu.

Enginn má fleygja sorpi, ösku eða öðrum óhreinindum inn á lóð annars manns eða orsaka að slíkt berist inn á lóðina. Hver, sem

gerist sekur um slíkt, skal sæta sektum og flytja óhreinindin tafar- **80**
laust burt á sinn kostnað og gera ráðstafanir til að aftra því, að óhrein- 17. des.
indin berist af lóð hans á lóð annars manns.

86. gr.

Þar sem holræsi er komið í götu, skal húseiganda skylt að leggja holræsi frá húsi sínu í göturæsið og skal leiða alt skólp frá því út í göturæsið. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu út í göturæsið eða rennum þeim, er liggja kunna út í götu-rennur og sjá um, að afrensli í þeim stíflist ekki.

87. gr.

Götur bæjarins og göturæsin skal hreinsa á bæjarins kostnað svo oft, sem heilbrigðisnefnd þykir þurfa.

88. gr.

Reykháfar skulu hreinsaðir tvisvar sinnum á ári, í apríl og október. Hreinsunina framkvæma sótarar ,sem bæjarstjórnin skipar, gegn ákveðnu gjaldi.

XII. KAFLI.

Um staðgildi samþyktarinnar, hegningarákvæði, kostnað o. fl.

89. gr.

Samþykt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar-kaupstaðar.

90. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykt þessari, skal farið sem almenn lögreglumál, og skulu allar sektir fyrir brot á henni, renna í bæjarsjóð.

91. gr.

Brot gegn samþykt þessari varða sektum alt að 1000 krónum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum. Ef kenna má yfirsjón, er barn yngra en 15 ára, drýgir, skorti á hæfilegri umsjón foreldra eða annara, sem barninu ganga í foreldra stað, þá skal refsa þeim fyrir yfirsjónina, en ekki barninu.

92. gr.

Ef einhver lætur það ógert, sem er skylda hans, samkvæmt samþyktinni, má lögreglustjóri láta framkvæma það, eða gera nauðsyn-

80 17. des. legar ráðstafanir til að hindra, að vanræksla valdi tjóni. Kostnað við þetta og kostnað, sem leiðir af þeim ráðstöfunum, sem lögreglustjórinn gerir til að hindra brot gegn samþyktinni, greiðir bæjarsjóður til bráðabirgða, en skyldur er hinn seki að endurgreiða kostnaðinn að fullu og má innheimta hann með lögtaki, ef með þarf.

93. gr.

Allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd á samþykt þessari, og eigi verður krafinn af einstökum mönnum, greiðir bæjarsjóður.

94. gr.

Með samþykt þessari er úr gildi numin lögreglusamþykt fyrir Hafnarfjarðarkaupstað frá 14. desember 1908, viðauki við samþykt þessa nr. 11, 20. jan. 1911, og um breytingu á henni, nr. 67, 27. maí 1919.

Samþykt þessi öðlast gildi 1. janúar 1929.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. desember 1928.

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson.

St. Gunnlaugsson.

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Minningar- **81**
sjóð Maríu Kristínar Stephensen, útgefin á venjulegan hátt ad man- 21. des.
datum af dóms- og kirkjumálaráðherra 21. desember 1928. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Maríu Kristínar Stephensen.

Við undirrituð hjón, jeg Stephán Stephensen, og jeg Anna Sigríður Stephensen, fædd Melsted, til heimilis á Akureyri, sem með arfleiðsluskrá, dagsettri í dag, höfum ákveðið að gefa mestan hluta eftirlátinna eigna okkar, til stofnunar sjóðs, er beri nafnið:

„Minningarsjóður Maríu Kristínar Stephensen“,

höfum bæði í sameiningu gert eftirfylgjandi skipulagsskrá fyrir sjóð þennan, og þá sjóði, er síðar á að stofna af fje hans:

Stjórnarráð Íslands hefir á hendi stjórn höfuðsjóðsins og ávaxtar hann á sem tryggilegastan og hagkvæmastan hátt, helst í innlendum verðbrjefum, sem landssjóður ber ábyrgð á. Vextina ber að leggja við höfuðstólinn þangað til sjóðurinn er orðinn 60000,00 — sextíu þúsund — krónur. Skal þá taka af honum 10000 — tíu þúsund — krónur til stofnunar sjerstaks sjóðs, er beri nafnið:

„Heilsuhælissjóður Maríu Kristínar Stephensen“.

Hinn hluti höfuðsjóðsins, 50000 kr., á að standa óhreyfður og vextirnir að leggjast við höfuðstólinn þangað til hann er orðinn 300000 — þrjú hundruð þúsund — krónur. Skal þá verja 200000 — tvö hundruð þúsund — krónum af fje sjóðsins til stofnunar eftirfylgjandi sjóða:

Til „Minningarsjóðs Páls Melsted stúdents“	kr.	40000,00
— „Barnahælissjóðs Jórunnar Ísleifsdóttur Melsted“	—	40000,00
— „Söng- og hljómlistanámssjóðs Maríu Kristínar Stephensen“	—	40000,00
— „Brúðastyrktarsjóðs Maríu Kristínar Stephensen“	—	40000,00
— „Trjá- og blómræktarsjóðs Maríu Kristínar Stephensen“	—	20000,00
— „Sjúkrasjóðs Maríu Kristínar Stephensen“	—	10000,00
— „Jólagleðisjóðs Maríu Kristínar Stephensen“ ...	—	10000,00
	Kr.	200000,00

81 21. des. Afgangur höfuðsjóðsins, 100000 kr., skal standa óhreyfður og vextirnir leggjast við höfuðstólinn, þangað til hann er orðinn 1600000 — ein miljón og sex hundruð þúsund — krónur. Á þá þaðan af að verja ¾ — þremur fjórðu hlutum — ársvaxtanna árlega, fyrst og fremst til þess að koma upp fyrirmyndar kvennaskóla í Akureyrarkaupstað, og styrkja hann árlega, svo að hann samsvari fyllilega kröfum tímans. Fátækum námsmeyjum ber að veita námsstyrk, svo að skólans geti notið jafnt efnaðir og fátækir. Alþingi semur lög um stofnun skólans og ákveður alt fyrirkomulag hans, eða felur öðrum að semja reglugjörð fyrir hann.

Að öðru leyti skal verja framangreindum hluta vaxtanna árlega til framfarafyrirtækja í landinu, sjerstaklega til verklegra framkvæmda í almennings þarfir, svo og til þess að styrkja unga efnilega listamenn til náms og starfa. Ákveður Alþingi hvernig þessu fje skuli varið, innan framangreindra takmarka, fyrir jafnlangan tíma í senn og fjárlög landsins gilda. Reikninga sjóðsins skal árlega birta í Lögbirtingablaðinu.

Skipulagsskrá
fyrir „Heilsuhælissjóð Maríu Kristínar Stephensen".

Stofnfje sjóðsins er 10000 krónur.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi: *bæjarfógetinn, hjeraðslæknirinn og sóknarpresturinn í Akureyrarkaupstað*. Fje sjóðsins skal einkum ávaxta í veðskuldabrjefum, trygðum með fyrsta veðrjetti í jörðum í Eyjafjarðarsýslu.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og leggja skal árlega við hann ¼ — einn fjórða hluta — vaxtanna. Verja má alt að ¾ — þremur fjórðu hlutum — ársvaxtanna til styrktar fátækum, berklaveikum sjúklingum úr Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsýslu, er þurfa að dvelja sjer til heilsubótar á innlendu heilsuhæli. Allur árlegur vaxtaafgangur legst við höfuðstólinn. — Reikningur sjóðsins skal árlega birtur í Lögbirtingablaðinu.

Skipulagsskrá
fyrir „Minningarsjóð Páls Melsted stúdents".

Stofnfje sjóðsins er 40000 krónur.

Háskólaráðið í Reykjavík stjórnar sjóðnum og ávaxtar hann á tryggilegan hátt.

Af ársvöxtum sjóðsins má fyrst um sinn veita 1000 — eitt þúsund — krónur á ári, einum kandidat frá Háskóla Íslands, til frekara

náms í útlöndum, enda hafi hann eigi efni á því sjálfur. Styrkinn má veita sama manni alt að 4 — fjórum — árum í senn. 81 21. des.

Þegar sjóðurinn er orðinn 60000 — sextíu þúsund — krónur, má árlega veita af vöxtunum 2000 — tvö þúsund — krónur. Þegar sjóðurinn er orðinn 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur, **má árlega verja** 5/6 hlutum árvaxtanna til styrkveitinga, og má þá styrkja fleiri en einn í einu, þó þannig, að engum sje veittur minni styrkur en 1500 krónur á ári.

Það skal gert að skilyrði fyrir styrk, að styrkþegar starfi hjer á landi við þau vísindi, er þeir hafa fullkomnað sig í, fyrir aðstoð styrksins, að minsta kosti jafnlangan tíma og þeir hafa notið styrksins. Á sama tíma ber þeim að halda nokkrum sinnum opinberlega ókeypis fyrirlestra um vísindaleg efni, á þann hátt, að alþýðu manna megi gagn að verða, eða gefa út alþýðlegar fræðibækur.

Reikninga sjóðsins skal árlega birta í Lögbirtingablaðinu. Nánari reglugjörð fyrir sjóðinn semur háskólaráðið, en stjórnarráðið samþykkir.

Skipulagsskrá

fyrir „Barnahælissjóð Jórunnar Ísleifsdóttur Melsted".

Stofnfje sjóðsins er 40000 krónur.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi: *borgarstjórinn í Reykjavík, biskupinn yfir Íslandi og 3 konur.* Tilnefnir stjórnarráðið eina þeirra, aðra kýs bæjarstjórn Reykjavíkur og hina þriðju kjósa allar konur í Reykjavík, er kosningarrjett hafa í bæjarstjórn. Skulu þessar 3 konur hafa á hendi stjórnarstörfin í 6 ár í senn, þannig, að ein þeirra gangi úr stjórninni annaðhvort ár. Í fyrsta sinni ganga þær úr stjórninni eftir hlutkesti, ein eftir 2 og önnur eftir 4 ár.

Fyrst um sinn má árlega verja alt að 500 — fimm hundruð — krónum af vöxtum sjóðsins til uppeldis fátækum, munaðarlausum stúlkubörnum, fæddum í Reykjavík eða á Álftanesi í Gullbringusýslu, til 15 ára aldurs. Þetta skal gera annaðhvort á þann hátt að koma börnunum í fóstur hjá góðu fólki, eða styrkja barnahæli. — Þegar sjóðurinn er orðinn 150000 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund — krónur, má verja nokkrum hluta hans til byggingar barnahælis, er beri nafnið:

„Barnahæli Jórunnar Ísleifsdóttur Melsted",

þannig, að 4/5 — fjórir fimtu hlutar — ársvaxta afgangs sjóðsins nægi til þess að greiða allan kostnað við hælið. Eftir því sem sjóðurinn síðar eykst, skal stækka hælið.

Sjerstaklega skal leggja stund á að kenna stúlkubörnum þeim,

81 er uppalin verða á kostnað sjóðsins, öll venjuleg hússtörf og handa-
21. des. vinnu, en bóklega mentun er ætlast til, að þau fái í opinberum skólum eftir skólaskyldualdur. Nánari reglugjörð fyrir sjóðinn semur stjórn hans en stjórnarráðið staðfestir. — Reikninga sjóðsins skal árlega birta í Lögbirtingablaðinu.

Skipulagsskrá

fyrir „Brúðastyrktarsjóð Maríu Kristínar Stephensen".

Stofnfje sjóðsins er 40000 krónur.

Stjórn sjóðsins hefir *stjórnarráð Íslands* á hendi og ávaxtar hann. Verja má árlega $^{9}/_{10}$ — níu tíundu hlutum — ársvaxtanna til styrktar fátækum brúðum af embættismannastjett, er giftast í fyrsta sinn. Þó má eigi veita neinni brúður meira en 1000 — eitt þúsund — krónur. Allir vextir, sem annaðhvort eigi má eða þarf árlega að eyða, leggjast við höfuðstólinn.

Reikninga sjóðsins skal árlega birta í Lögbirtingablaðinu.

Skipulagsskrá

fyrir „Söng- og hljómlistanámssjóð Maríu Kristínar Stephensen".

Stofnfje sjóðsins er 40000 krónur.

Stjórnarráð Íslands hefir á hendi stjórn sjóðsins og ávaxtar hann. Af ársvöxtum sjóðsins má árlega verja alt að $^{3}/_{4}$ — þrem fjórðu hlutum — handa efnilegum, fátækum unglingum, til þess að fullkomna sig í söng og hljóðfæraslætti í útlöndum; þó engum lengur en tvö ár og eigi skemur en hálft ár. Styrkinn veitir stjórnarráðið eftir tillögum þriggja hinna söngfróðustu manna í Reykjavík, er umsækjendurnir hafa gefið kost á að heyra til sín. Fyrir styrkveitingunni skal gera að skilyrði, að styrkþeginn, að afloknu námi, gefi kost á kenslu gegn hæfilegri borgun, annaðhvort í Reykjavík eða á Akureyri, í jafnlangan tíma og hann hefir notið styrksins, og gefi almenningi kost á að heyra til sín opinberlega við og við, gegn vægu gjaldi eða ókeypis, ef starfskraftar leyfa. — Reikninga sjóðsins skal árlega birta í Lögbirtingablaðinu.

Skipulagsskrá

fyrir „Trjá- og blómræktarsjóð Maríu Kristínar Stephensen".

Stofnfje sjóðsins er 20000 krónur.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefir á hendi stjórn sjóðsins

og ávaxtar hann. Verja má árlega alt að ¾ — þremur fjórðu hlutum — vaxtanna til trjá- og blómræktar, fyrst og fremst í Listigarðinum á Akureyri, og því næst í öðrum opinberum görðum og blómreitum þar. Þegar þeir vextir, sem árlega má eyða, eru orðnir svo miklir, að til þess nægi, skal ráða mann með sjerþekkingu í trjá- og blómrækt, til þess að gera sjer það að aðalatvinnu að rækta og prýða Listigarðinn og aðra trjá- og blómreiti kaupstaðarins, og skal hann jafnframt veita ókeypis aðstoð og ráð til trjá- og blómræktar í Akureyrarkaupstað og Eyjafjarðarsýslu. **81** 21. des.

Skipulagsskrá

fyrir „Sjúkrasjóð Maríu Kristínar Stephensen".

Stofnfje sjóðsins er 10000 krónur.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi: *hjeraðslæknirinn og sóknarpresturinn í Akureyrarkaupstað og einn maður,* er bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar kýs til þriggja ára í senn. Veita má árlega alt að ¾ — þremur fjórðu hlutum — ársvaxtanna til hjálpar fátækum sjúklingum í Akureyrarkaupstað og Hörgárdal. Allir vextir, sem annaðhvort eigi má eða þarf árlega að eyða, leggjast við höfuðstólinn.

Skipulagsskrá

Fyrir „Jólagleðisjóð Maríu Kristínar Stephensen".

Stofnfje sjóðsins er 10000 krónur.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi: *bæjarfógetinn og sóknarpresturinn á Akureyri og 3 konur,* kosnar af kvenfjelaginu „Framtíðin" á Akureyri, en ef það fjelag skyldi leggjast niður, þá af öðru kvenfjelagi í kaupstaðnum, er sjerstaklega leggur stund á líknarstarfsemi, og bæjarstjórnin af þeim ástæðum veitir þennan kosningarrjett. Konurnar skal kjósa til 6 ára í senn, og gengur ein þeirra úr stjórninni annaðhvort ár, tvær hinar fyrstu eftir hlutkesti, hin fyrsta eftir 2 og önnur eftir 4 ár.

Verja má árlega alt að ¾ — þremur fjórðu hlutum — ársvaxtanna til þess að gleðja með gjöfum og hátíðahaldi á jólunum fátæk börn og gamalmenni í Akureyrarkaupstað.

Allir vextir, sem annaðhvort eigi má eða þarf árlega að eyða, leggjast við höfuðstólinn.

Akureyri, 30. júní 1915.

Anna Sigríður Stephensen. *Stephán Stephensen.*

81 21. des.

PÁLL EINARSSON
Notarius publicus á Akureyri

gerir kunnugt: Ár 1915, þ. 30. júní, mættu fyrir mjer og undirrituðum tilkvöddum notarialvottum, hjónin Stephán Stephensen, gjaldkeri á Akureyri, og frú hans Anna Sigríður Stephensen, er notarius þekkir bæði persónulega, og undirrituðu þau bæði í viðurvist minni og notarialvottanna, framanritaða skipulagsskrá. Gerðu þau þetta af fúsum og frjálsum vilja.

Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli svo og nöfn notarialvottanna.

Akureyri, 30. júní 1915.

Páll Einarsson.
(L. S.)

Björn Líndal.
Sigþór Magnússon.

JÚL. HAVSTEEN
Notarius publicus á Akureyri

gerir kunnugt: Ár 1920, þ. 26. júní, mætti fyrir mjer og undirrituðum tilkvöddum notarialvottum ekkjufrú Anna Sigríður Stephensen, Akureyri, er notarius þekkir persónulega og lýsti yfir því, að eftirrit þetta af skipulagsskrá dags. 30. júní 1915 skyldi koma í stað frumritsins, ef það ekki finst, og að þetta sje hennar síðasti vilji. Gerði hún þetta af fúsum og frjálsum vilja og með fullu ráði.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsigli.

Akureyri, 26. júní 1920.

Júl. Havsteen
settur.

Notarialvottar:
Herdís Þorsteinsdóttir.
Björn Ásgeirsson.

REGLUGJÖRÐ

82
24. des.

fyrir

Byggingar- og landnámssjóð.

Samkvæmt lögum nr. 35, 7. maí 1928, um Byggingar- og landnámssjóð, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Starfsfje sjóðsins er fje það, er ríkið leggur honum til samkvæmt l. og 16. gr. laga nr. 35, 7. maí 1928, um Byggingar- og landnámssjóð, og gjöld þau, er renna í sjóðinn samkvæmt 14. gr. nefndra laga.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að viðhalda býlum í landinu og fjölga þeim, með þessum hætti:

1. Með því að veita lán:
   a. til að endurreisa íbúðarhús á sveitabýlum,
   b. til að byggja nýbýli, íbúðar- og peningshús á landi, sem er í einkaeign eða í eign sveitar- eða bæjarfjelaga,
   c. bæjarfjelögum eða kauptúnum, sem eru sjerstakur hreppur, til að koma upp nauðsynlegum byggingum fyrir kúabú á ræktuðu eignarlandi bæjar- eða hreppsfjelags.
2. Með því að verja fje samkvæmt ákvörðun landsstjórnarinnar til að byggja upp nýbýli á landi, sem ríkið á eða kaupir í því skyni. Þau lönd, sem hjer geta komið til greina, eru:
   a. Þjóðjarðir og kirkjujarðir, samkvæmt 25. og 26. gr. jarðræktarlaga, nr. 43, 20. júní 1923. Búnaðarfjelag Íslands gefur stjórn Byggingar- og landnámssjóðs upplýsingar um þessar jarðir, þá er þær losna úr ábúð, og sendir tillögur um skifting þeirra og byggingu til nýbýla, ef þær þykja vel til þess fallnar,
   b. land á áveitusvæðum, er kunna að verða tekin upp í áveitukostnað, eða önnur landsvæði, er ríkið kann að eignast,
   c. sandgræðslusvæði, er ríkið á, og þar sem þörf er bygginga til eftirlits, en sem síðar geta orðið að sjálfstæðum býlum, þá er svæðin eru nægilega gróin,

Nýbýli í reglugjörð þessari telst hvert það býli, sem reist er af nýju, annaðhvort á gamalli eyðijörð eða landi, sem skift er úr jörð, sem er í ábúð, hvort sem því í upphafi fylgir nokkurt ræktað land eða ekki.

82
24. des.

3. gr.

Skilyrði fyrir láni úr sjóðnum eru:

1. Til endurbygginga, samkvæmt 2. gr. 1 a.:
   a. að lántakandi sje íslenskur ríkisborgari og fullráða,
   b. að hann sanni með vottorði tveggja skilríkra manna, sem nákunnugir eru högum hans, að hann sje duglegur, reglusamur, sparsamur og fyrir uppeldis og þroska sakir vel fallinn til landbúskapar,
   c. að hann sanni að hann eigi svo mikil efni, eða hafi þá fjárhagsaðstöðu, sem nauðsynleg er til búreksturs á jörðinni — en það telst fullnægjandi, er ætla má að gefi svo miklar tekjur, að nægilegt sje til framfærslu fjölskyldunnar —, en geti eigi af eigin ramleik reist þær byggingar, er nauðsynlegar eru fyrir ábúð á jörðinni,
   d. að ekki sje fyrirsjáanleg hætta á, að dómi trúnaðarmanna sjóðsins eða þeirra manna, er stjórn sjóðsins kveður til, að jörðin eyðist af ágangi vatna, sandfoki, sjávarflóðum eða þess háttar,
   e. að húsin sjeu gerð úr varanlegu efni og gerð þeirra innan og utan sje samþykt af stjórn sjóðsins,
   f. að húsin sjeu vátrygð fyrir upphæð, er nemi fullu kostnaðarverði þeirra,
   g. að hlutaðeigandi sveitarstjórn, eða hreppstjóri, ef sveitarstjórn á í hlut, mæli með umsókninni og telji jörðina svo vel í sveit setta, að ráðlegt sje að endurreisa íbúðarhús á henni,
   h. að sannað sje með vottorði hreppstjóra, að húsakynni sjeu óhæf til íbúðar vegna hrörnunar, eða með vottorði hjeraðslæknis, að heimilisfólki sje þar búið heilsutjón,
   i. að lántakandi setji þá tryggingu fyrir lánum, sem stjórn sjóðsins metur gilda.
2. Til nýbýla samkvæmt 2. gr. 1 b.:
   a. skilyrði þau, er greind eru undir 1. a.—g. og ennfremur:
   b. að lántakandi eigi ekki annarsstaðar jörð eða býli, sem fjölskylda geti haft lífsframfæri af,
   c. að hann standi ekki í skuld fyrir lán, er hann hefir áður fengið til húsagerðar á annari jörð eða nýbýli,
   d. að landið, þar sem húsa á, sje lagt býlinu til æfinlegra nota, sem eign eða erfðafesta, með ákveðnum landamerkjum. Landstærð nýbýlis má eigi vera minni en 20 ha. ræktanlegs lands, þar sem aðstaða er til að nota daglega markað í kauptúni eða kaupstað, en 40 ha. ræktanlegs lands ella,
   e. að býlið geti, að dómi trúnaðarmanna sjóðsins, veitt fjölskyldu sæmileg skilyrði til framfærslu, þegar helmingur af landi þess er kominn í góða rækt.
3. Skilyrði fyrir láni samkvæmt 2. gr. 1. c. er:

að kúabúið sje rekið af bænum eða hreppnum, íbúunum til nota, en ekki selt á leigu eða rekið sem gróðafyrirtæki. 82 24. des.

Lán til búa þessara geta fyrst komið til greina, þegar þau eiga minst 30 ha. af ræktuðu landi og hafa möguleika til að ferfalda það. Teikningar af húsum og reglur um fyrirkomulag og starfrækslu búa þessara þurfa að vera samþyktar af stjórn sjóðsins.

4. gr.

Lán til að endurreisa íbúðarhús á sveitabýlum, svo og til að reisa hús á nýbýlum, er hafa ræktað land að einhverju leyti, skulu, þar til annað verður ákveðið með lögum, sitja fyrir lánum til að reisa nýbýli á óræktuðu landi.

Lán samkvæmt 2. gr. 1. a. skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald sje 5% af allri lánsupphæðinni í 42 ár.

5. gr.

Lán til að reisa nýbýli á ræktuðu landi eða til að reisa býli, sem ræktað land fylgir, skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum þannig að árlegt gjald af allri lánsupphæðinni sje 3,5% í 50 ár.

Lán til nýbýla, sem reist eru á óræktuðu landi og ekkert ræktað land fylgir, eru bæði afborgunar- og vaxtalaus fyrstu 5 árin. Síðan skal endurborga höfuðstólinn með jöfnum afborgunum á 50 árum, en enga vexti greiða.

6. gr.

Lán samkvæmt 4. og 5. gr. má nema: 1) alt að verði aðfengins byggingarefnis, þar til telst þó eigi sandur, möl, steinn, torf, mór eða mosi, þótt afla verði utan landareignar. Sjóðurinn hefir heimild til að útvega alt byggingarefni samkv. 18. gr. Hjá þeim er eigi notfæra sjer aðstoð sjóðsins í þessum efnum, reiknast byggingarefnið með sama verði og sjóðurinn útvegar það fyrir. 2) Ennfremur tveim þriðju hlutum af kaupi steinsmiða og trjesmiða, er nauðsynlega þurfa að húsagerðinni að vinna, að mati stjórnar sjóðsins í samráði við húsameistara.

7. gr.

Lán samkvæmt 3. gr. 3, mega nema alt að 3/5 hlutum byggingarkostnaðar, þó ekki yfir 30 þúsund kr., og skulu ávaxtast og endurborgast með jöfnum greiðslum, þannig að árlegt gjald af allri lánsupphæðinni sje 5% í 42 ár.

8. gr.

Sá, er byggir nýbýli eða við því tekur, skal innan tveggja ára frá

82 24. des. því er það var bygt, hafa girt það land, er hann tekur til túnræktar, og innan 5 ára skal hann hafa fullræktað að minsta kosti þrjá hektara.

9. gr.

Nú verður ábúenda- eða eigendaskifti, með sölu eða erfðum, íð fasteign, sem hús hefir verið reist á fyrir lán úr Byggingar- og landnáms-sjóði, sem enn er eigi að fullu goldið, og er þá enginn ábúðar- eða kaupsamningur gildir um eignina, nema með árituðu samþykki stjórnar sjóðsins. Söluverð slíkrar fasteignar má ekki vera hærra en síðasta fasteignamat sýnir, að viðbættu virðingarverði þeirra mannvirkja, er unnin hafa verið frá því er síðasta fasteignamat fór fram. Sje um leiguábúð að ræða, má eftirgjald ekki vera hærra en sem svarar 4% landverðs að viðbættum 2% húsaverðs, miðað við síðasta fasteignamat og virðingarverð umbóta, er síðan hafa verið gerðar.

Ef fasteign er seld eða leigð með öðrum hætti en hjer segir, fellur lán það er hvílir á eigninni, í gjalddaga fyrirvaralaust. Nánari reglur um ákvæði þessarar greinar skulu sett í skuldabrjef, er lánþegar gefa sjóðnum.

Eigandi jarðar, þar sem hús á að reisa, gefur yfirlýsingu um að hann leggi þær kvaðir á jörðina, sem um getur í þessari grein og skal þess getið í skuldabrjefi.

10. gr.

Lán til bygginga má sjóðurinn greiða út í þremur hlutum, þannig:

Fyrsta hluta þegar efni til byggingarinnar er alt keypt og komið á staðinn, ef sjóðurinn sjálfur eigi annast um innkaupin, en geri hann það, sjer hann um allar greiðslur fyrir byggingarefnið og flutning þess til næstu hafnar þar er byggja á. Annan hluta þegar byggingin er komin undir þak. Þriðja og síðasta hluta þegar byggingin er fullgerð.

Skal hin útborgaða fjárhæð í hvert sinn miðuð við þann útborgaða hluta kostnaðar, sem lánshæðin fer eftir, samkv. 6. gr.

Sje um lán til byggingar peningshúsa eða útihúsa að ræða, má það útborgast í tveim hlutum, þannig að fyrri hlutinn skal greiddur þegar húsin eru komin undir þak og síðari hlutinn þegar þau eru fullgerð, og um upphæð útborgunar fer í hvert sinn eftir sömu reglum og segir í 2. málsgrein þessarar greinar.

11. gr.

Stjórn Byggingar- og landnámssjóðs skal heita verðlaunum fyrir hinar bestu teikningar og lýsingar, er gerðar verða af íbúðarhúsum og peningshúsum á sveitabýlum. Stjórn sjóðsins skipar dómnefnd til að dæma um teikningar þær og lýsingar er koma frá þeim er keppa um verðlaunin.

12. gr.

Stjórn sjóðsins ræður húsameistara og aðstoðarmenn eftir þörfum,

er hafa á hendi allar leiðbeiningar um undirbúning og gerð bygginga 82
þeirra er sjóðurinn veitir lán til, svo og eftirlit með því að byggingarnar 24. des.
sjeu framkvæmdar eftir settum reglum. Stjórn sjóðsins gefur húsameistara og aðstoðarmönnum erindisbrjef, þar sem nánar er tekið fram um störf þeirra og skyldur, svo og launakjör. Lántakendum er skylt að hlíta fyrirmælum þeirra um alt er að byggingunni lýtur. Laun húsameistara og aðstoðarmanna greiðir sjóðurinn, en gjalda skal lánþegi sjóðnum 1% af lánsupphæðinni, þá er síðasta útborgun fer fram.

13. gr.

Skylt er ábúanda að halda vel við mannvirkjum þeim, er lán hefir verið veitt til úr Byggingar- og landnámssjóði. Trúnaðarmenn sjóðsins, er stjórn hans skipar, 2 eða fleiri í hverjum hreppi, skulu hafa eftirlit með viðhaldi bygginganna og tilkynna stjórn sjóðsins, ef því er í einhverju ábótavant.

14. gr.

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

a. Gegn hverju því fasteignarveði, er stjórn sjóðsins tekur gilt.
b. Gegn afgjaldskvöð af býlum þeim, er lán er veitt til, enda sje býlið ekki veðsett með fyrsta veðrjetti.
c. Gegn ábyrgð sýslu-, bæjar- eða hreppsfjelaga, að áskyldu lögmætu samþykki æðri stjórnarvalda.

Gjalddagi lána í Byggingar- og landnámssjóði er 1. nóvember ár hvert.

Dragist greiðsla fram yfir 30. nóv. skal lántakandi greiða 1% af árgjaldinu fyrir hvern mánuð sem greiðsla dregst. Telst hluti úr mánuði sem mánuður.

Heimilt er lántakanda að greiða lánið að fullu hvenær sem er.

15. gr.

Vextir og afborganir lána og afgjaldskvaðir, svo og leiga eftir nýbýli sem eru ríkiseign, og andvirði þeirra, er seld eru, renna í Byggingar- og landnámssjóð, að svo miklu leyti sem ekki er annað ákveðið í lögum nr. 17, 13. júní 1925, eða hjer sje að ræða um eignir, sem heyra til sandgræðslu ríkisins.

16. gr.

Nýbýli, er reist verða á landi, sem er ríkiseign, skulu seld á leigu þannig, að afgjaldið sje aldrei hærra en 4% af verði lands, að viðbættum 2% af verði húsa, eftir síðasta fasteignamati.

17. gr.

Landsstjórninni er heimilt að taka lán, alt að 5 miljónum króna,

82 hvort heldur er hjer á landi eða erlendis, handa Byggingar- og landnáms-
24. des. sjóði til stuðnings þeirri starfsemi, er honum er ætlað að vinna, samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Fyrst um sinn má sjóðurinn lána ár hvert alt að 1 miljón króna. Haga skal lánveitingum þannig, að lánin komi sem jafnast niður á hina ýmsu landshluta.

18. gr.

Umsóknir um lán úr sjóðnum til bygginga, skulu vera komnar til stjórnar sjóðsins í síðasta lagi fyrir áramót hver. Stjórnin tekur þá ákvörðun um hverjar lánbeiðnir skulu teknar til greina, og tilkynnir hlutaðeigendum það. Húsameistari sjóðsins samþykkir fyrirkomulag byggingannna, eða gerir teikningar og áætlanir um fyrirkomulag þeirra. Hann reiknar og út hve mikið efni þurfi til hverrar einstakrar byggingar og allra samtals og leitar tilboða um kaup á efni og flutningum til næsta hafnarstaðar, þar sem byggja á, fyrir þá sem óska að sjóðurinn annist efniskaupin. Tilboð þau sem fást, skal leggja fyrir stjórn sjóðsins, er ákveður hverju sæta skuli. Húsameistari, með aðstoðarmönnum sínum, hefir eftirlit með öllum byggingum, er lán er veitt til, og útvegar smiði til starfa, ef þess er óskað.

19. gr.

Ef byggja á mörg býli í einu hjeraði, þar sem greitt er um samgöngur, er stjórn sjóðsins heimilt að fela húsameistara sínum að sjá um framkvæmd þessara bygginga, þó þannig að hann ræður trjesmiði og steinsmiði hæfilega marga til að vinna að byggingunum, en hlutaðeigendur sjá um alla efnisflutninga og aðra aukavinnu. Heimilt er að láta gera sterk steypumót, er nota megi við margar byggingar og að útvega vinnuvjelar er flýtt geti framkvæmd verksins.

Þyki hagkvæmara má bjóða þesskonar flokkabyggingar út fyrir ákvæðisverð. Stjórn sjóðsins, í samráði við hlutaðeigendur, tekur ákvörðun um hverjum tilboðum skuli taka.

20. gr.

Lánbeiðni til Byggingar- og landnámssjóðs skulu fylgja þau skilríki, er hjer segir:

A. Lánbeiðni til endurbyggingar samkv. 2. gr. l. a.:

I. 1. Vottorð frá trúnaðarmönnum sjóðsins um að lánbeiðandi sje íslenskur ríkisborgari og fullveðja, að hann sje duglegur og ráðdeildarsamur maður og fyrir uppeldis og þroska sakir vel fallinn til landbúskapar.

2. Vottorð sömu manna um að hann eigi svo mikil efni, sem nauðsynleg verða að teljast til búreksturs á jörðinni, en geti eigi af eigin ramleik reist þar byggingar, sem nauðsynlegar eru fyrir ábúð á henni.

3. Vottorð sömu manna um að eigi sje fyrirsjáanleg hætta á, að jörð- **82**
in eyðist af ágangi vatna, sandfoki, sjávarflóðum eða öðru þess **24. des.**
háttar.
4. Meðmæli með umsókninni frá hlutaðeigandi sveitarstjórn eða hreppstjóra, ef sveitarstjórn á í hlut, og sje þar fram tekið að jörðin sje svo vel í sveit sett, að ráðlegt sje að byggja hana upp.
5. Vottorð hreppsstjóra um að húsakynni á jörðinni sjeu óhæf til íbúðar vegna hrörnunar, eða vottorð hjeraðslæknis um, að fólki sje búið heilsutjón vegna ljelegra híbýla.
6. Fullkomnir uppdrættir, lýsing og kostnaðaráætlun um hina fyrirhuguðu byggingu, gerð af þar til hæfum manni. Vilji lánbeiðandi nota óbreytta einhverja af fyrirmyndum þeim, er væntanlega verða útgefnar af sjóðnum, nægir þó að vísa til þeirra.
7. Nákvæm lýsing á landslagi, þar sem byggja á, svo og á grundvellinum, lögun hans og gæðum og hversu djúpt sje á fastan grundvöll, að fullrannsökuðu máli. Einnig skal lýsa vatnsbóli, steypuefni (sandi, möl, grjóti) og hversu langt sje að flytja það á byggingarstaðinn. Geta skal og um aðstöðu til rafmagnsveitu, mótak og skógarhögg, ef til er og annað, sem áhrif gæti haft á húsakynnin.
8. Yfirlýsing frá lánbeiðanda um það, hvort hann óskar eftir að sjóðurinn sjái um efniskaup fyrir hann og ef þess er óskað þá jafnframt á hverja höfn skuli senda vörurnar.

II. Ef ætlast er til að lánið verði trygt með fasteignaveði, skulu ennfremur fylgja eftirfarandi skilríki:
1. Eignar- og veðbókarvottorð fyrir eign þeirri, sem veðsetja á frá hlutaðeigandi valdsmanni.
2. Virðingargerð á eigninni frá trúnaðarmönnum sjóðsins.
3. Umboð frá lánbeiðanda til sjóðsstjórnarinnar, til að annast vátryggingu á húsinu, nema því aðeins að húsið sje í skylduvátryggingu, en þá skal fylgja skilríki fyrir því.

III. Ef ætlast er til, að lánið verði trygt með ábyrgð sveitar-, sýslu- eða bæjarfjelags, skulu fylgja þessi skilríki:
1. Staðfest útskrift úr hlutaðeigandi fundarbók, er sýni, að ábyrgðin hafi verið löglega samþykt.
2. Ábyrgðaryfirlýsing.
3. Vottorð yfirvalds um, hverjir skipi hreppsnefnd þá, sýslunefnd eða bæjarstjórn, er ábyrgðina tekst á hendur.
4. Samþykki hlutaðeigandi æðra stjórnarvalds fyrir ábyrgðinni.
5. Skýrsla um efnahag þess sýslu-, sveitar- eða bæjarfjelags, er hlut á að máli.

IV. Ef um er að ræða lán gegn afgjaldskvöð á býli, sem er eign hins opinbera:

82 1. Eignarvottorð frá hlutaðeigandi yfirvaldi.
24. des. 2. Afrit af byggingarbrjefi fyrir býlinu.

B. Til nýbýla samkv. 2. gr. 1. b. sömu skjöl og að ofan greinir, eftir því sem við á, og ennfremur:

1. Vottorð frá trúnaðarmönnum sjóðsins um, að lánbeiðandi eigi ekki annarsstaðar jörð eða býli, sem fjölskylda geti haft lífsframfæri af.
2. Yfirlýsing frá lánbeiðanda, að viðlögðum drengskap, um að hann standi eigi í skuld fyrir húsagerð á öðru býli.
3. Afrit af afsalsbrjefi eða erfðafestubrjefi fyrir býlinu og sje þar nákvæmlega tilgreind stærð þess.
4. Yfirlýsing frá trúnaðarmönnum sjóðsins um, að býlið geti að þeirra áliti veitt fjölskyldu sæmileg skilyrði fyrir framfærslu, þegar helmingur af landi þess er kominn í góða rækt.

21. gr.

Handbært fje sjóðsins skal jafnan standa á vöxtum í Landsbanka Íslands eða í jarðræktarbrjefum.

22. gr.

Stjórn sjóðsins og reikningshald skal falið Ræktunarsjóði Íslands, og hefir hann sjer til aðstoðar við lánveitingar þriggja manna nefnd, sem skipuð er búnaðarmálastjóra, húsameistara sjóðsins og þriðja manni, er atvinnumálaráðherra nefnir til. Skal ekkert lán veitt úr sjóðnum nema nefndin mæli með því, enda skal leita álits nefndarinnar um allar lánveitingar. Þóknun til Ræktunarsjóðsstjórnar og nefndarinnar ákveður atvinnumálaráðherra. Um verkaskiftingu stjórnarinnar fer á sama hátt og mælt er fyrir í reglugjörð Ræktunarsjóðs.

23. gr.

Yfirskoðunarmenn landsreikninganna skulu árlega endurskoða alla reikninga sjóðsins, og skal þeim, eftir ákvæðum atvinnumálaráðherra, greidd þóknun fyrir starf sitt. Skýrsla um starfsemi sjóðsins með áritun yfirskoðunarmanna skal árlega birt í Stjórnartíðindunum.

24. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir umsjón með sjóðnum.

25. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. janúar 1929.

Heimilt er þó að lána til húsa þeirra, er reist hafa verið á árinu 1928, enda fullnægi hlutaðeigendur skilyrðum þeim, er reglugerð þessi setur

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. desember 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUR

83
27. des.

um

löggiltan skjalapappír, veðmálabækur, tilheyrandi skrár o. fl., samkvæmt lögum nr. 30 frá 1928.

1. gr.

Sá, sem vill fá skjali þinglýst, skal afhenda það í tveim samhljóða frumritum eða í frumriti og eftirriti. Skal að minsta kosti annað frumritið eða eftirritið ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmálaráðherra hefir löggilt til þess og látið merkja. Pappír þessi verður til sölu hjá sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum, hreppstjórum og bóksölum.

Ráðuneytið lætur þá, er selja pappír þenna, aðra en hreppstjórana, vita, hverjum þeir skuli gera reikningsskil og á hvern hátt. Sýslumaður gerir reikningsskil fyrir hreppstjóra sína.

2. gr.

Þannig skal rita á löggiltan skjalapappír, er binda á inn sem blöð í afsals- og veðmálabækur, að spássía, ekki mjórri en 4 sentimetrar, sje með kili, þ. e. vinstra megin á fyrstu síðu en hægramegin á annari síðu o. s. frv. á víxl. Er hentugast, að strikað sje þannig fyrir á skjalapappírnum.

Ekki skal afhenda skjal til þinglýsingar á heilörk, nema ritað hafi verið á meira en tvær síður.

3. gr.

Þau samrit eða eftirrit þinglýsingarskjala, sem dómari varðveitir, skulu, uns bundin verða í bók, geymd á tryggum stað í sjerstöku skjalahylki. Skal hylkið vera annaðhvort úr trje, leðri eða pappa. Það skal vera traust og læst, og svo stórt að ummáli, að skjölin geti legið þar óbrotin og óbeigluð, hvert ofan á öðru. Skulu skjölin tölusett og fyrsta skjal liggja neðst. Síðan skal hvert skjal lagt ofan á annað í rjettri röð. Tala skjala skal greind á viðeigandi skrá, sbr. 7. gr. laga nr. 30 frá 1928, er rita skal jafnóðum. Þegar nægilega mörg skjöl í bók eru komin, skulu þau bundin í traust skinnband. Í bók skal vera hið fæsta 250 blöð (500 síður), og eigi yfir 400 blöð.

Dómari sjer um að blaðsíður sjeu greinilega tölusettar og að bókin sje gegnumdregin og innsigluð með innsigli hans. Hann ritar yfirlýsing sína fremst í bókina um þetta og blaðsíðufjölda á venjulegan hátt.

83 27. des.

4. gr.

Um öll þinglýsingarskjöl skulu haldnar skrár. Skal í þær nota haldgóðan pappír og sem líkastan að stærð hinum löggilta skjalapappír. Í skrám þessum skal ætla hverri fasteign í lögsagnarumdæminu og hverju skipi, sem er 5 smálestir eða meira, að minsta kosti tvær blaðsíður eða opnu í skránni, og skal jafnóðum og skjal er afhent til þinglýsingar geta þess á blaði fasteignar eða skips í rjettri röð eftir afhendingu.

Ennfremur skal halda persónunafnaskrá eftir stafrófsröð, og skal ætla hverjum bókstaf hæfilega mörg blöð. Þessi skrá tekur til allra, er þinglýsingarskjöl greina sem eiganda skjals og útgefanda. Nafnaskránni skal haga þannig, að raðað sje eftir upphafstaf eiginnafns manns, nema hann hafi löglegt ættarnafn, er hann notar.

5. gr.

Þar sem það telst nauðsynlegt, skal halda sjerstaka skrá um aðrar lóðir en byggingarlóðir. Halda skal og sjerstaka bifreiðarskrá og skrá um skip minni en 5 smálestir.

Hvort skrár eru í einni eða fleiri bókum, fer eftir þörf, er hlutaðeigandi embættismaður metur.

6. gr.

Reglur þessar ganga í gildi 1. janúar 1929.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. desember 1928.

Jónas Jónsson.

Sigfús M. Johnsen.

REGLUGJÖRÐ

84
29. des.

um

sölu áfengis til lækna, dýralækna, tannlækna, lyfjabúða og annara, og um áfengisskömtun handa þeim.

1. gr.

Læknar er lyfsölurjett hafa, fá ómengað áfengi frá áfengisverslun ríkisins. Skal þeim skamtað áfengið í hlutfalli við mannfjölda í læknishjeraðinu, þannig að ekki komi yfir $^1/_{25}$ lítra á mann um árið, enda sje hjeraðslæknir einn í hjeraðinu. Þó getur heilbrigðisstjórnin veitt læknum, er sitja í kauptúnum, leyfi til viðbótar við þennan skamt svo að hann getur orðið alls alt að $^1/_{20}$ lítra á mann.

2. gr.

Embættislausir læknar, er stunda lækningar þar sem ekki er lyfjabúð, fá einnig áfengi beint úr áfengisverslun ríkisins, og ákveðst skamturinn þeim til handa þannig, að skamtur hjeraðslæknis og þeirra verði til samans um $^1/_{25}$ lítra á hvern mann í öllu læknishjeraðinu árlangt.

3. gr.

Í þeim hjeruðum þar sem lyfjabúð er rekin, ein eða fleiri, hafa þar búsettir læknar leyfi til að ávísa áfengi og áfengum lyfjum úr lyfjabúð til lækninga og fá þeir til þess hver um sig árlega alt að því 200 tölusett eyðublöð, 50 í byrjun hvers ársfjórðungs, sbr. 2., 6. og 7. gr. í í reglugjörð um sölu áfengis til lækninga.

Nú færir læknir ljósar líkur fyrir því, að hann vegna mikillar aðsóknar geti ekki komist af með 200 eyðublöð á ári, og getur heilbrigðisstjórnin þá heimilað honum viðbót, enda sje ítarlega skýrt frá ástæðum til undanþágunnar í ársskýrslunni um áfengisútlát. Læknar mega ekki af sínum eyðublöðum lána nokkuð eða afhenda á annan hátt til annara lækna. Um hver áramót skulu læknar senda landlækni það, sem þeir kunna þá að eiga afgangs af eyðublöðum, og jafnframt yfirlýsing, um að afgangur sje ekki meiri en sendur er.

4. gr.

Dýralæknar og tannlæknar geta fengið sem svarar 1 lítra á mánuði hver af hreinum vínanda hjá áfengisverslun ríkisins. Ef alveg sjerstaklega stendur á mega læknar þessir fá meira áfengi til umráða, en til þess þarf sjerstakt leyfi dómsmálaráðherra í hvert sinn. Slíkar und-

84 29. des. anþágur skulu jafnan tilgreindar í skýrslum um áfengisútlát það ár, svo og ástæður til hverrar slíkrar undanþágu.

5. gr.

Lyfjabúðir fá ómengað áfengi frá áfengisverslun ríkisins. Skal ríkisstjórnin skamta þeim áfengið, og miða við mannfjölda í því hjeraði, er sókn á að lyfjabúðinni, þannig að eigi komi meira en $^1/_{15}$ lítra áfengis á hvern mann árlega.

Nú eru fleiri en ein lyfjabúð í sama kaupstað, og skal þá miða áfengisskamt hverrar þeirrar við viðskiftamagn þeirra, einkum tölu afgreiddra lyfseðla yfirleitt.

Ef lyfjabúð telur sig afskifta um áfengisskamt, má veita henni viðbót nokkra, svo framarlega sem viðskifti hennar (lyfseðlafjöldi) hefir greinilega aukist. Svo skal og draga úr skamti lyfjabúðar, ef viðskifti hennar yfirleitt fara þverrandi.

6. gr.

Læknar, dýralæknar og tannlæknar, sem eru búsettir þar sem ekki er lyfjabúð, skulu vera bundnir við hinn ákveðna áfengisskamt og mega ekki afla sjer áfengis annarsstaðar en hjá áfengisverslun ríkisins, nema því aðeins að ís eða ótíð teppi flutninga frá Reykjavík. En þá skal í hverju einstöku tilfelli gefa áfengisverslun skýrslu um málið.

7. gr.

Ómengað áfengi skal selt læknum, dýralæknum, tannlæknum og lyfjabúðum gegn borgun út í hönd, en með kostnaðarverði.

8. gr.

Ríkisstjórninni ber skylda til að láta birta einu sinni á ári, í febrúar, ítarlega skýrslu um áfengisútlát lækna og lyfjabúða á undangengnu ári, þannig að miðað sje við áramót. Skal þar tilgreina skamt hvers læknis og lyfjabúðar, svo og fólksfjölda í hlutaðeigandi hjeraði. Ennfremur skal tilgreina að því er snertir lækna, er eiga aðgang að lyfjabúð, tölu lyfseðla hvers þeirra yfirleitt, tölu áfengislyfseðla, og samanlagt áfengismagn, er hver slíkur læknir hefir útdeilt með áfengislyfseðlum á undangengnu ári. Hafi læknir eða lyfjabúð fengið aukaskamt af vínanda, skal ítarlega skýrt frá ástæðum hverrar einstakrar undanþágu (sbr. 4. gr.).

9. gr.

Um brot gegn þessari reglugjörð fer eftir fyrirmælum laga nr. 64 og laga nr. 69 frá 1928.

10. gr. 84
Reglugjörð þessi gengur í gildi 1. janúar 1929. 29. des.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. desbr. 1928.

Jónas Jónsson.

Sigfús M. Johnsen.

REGLUGJÖRÐ 85
29. des.

um

sölu áfengis til lækninga.

Reglugjörð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, og lögum nr. 69 frá 1928.

1. gr.

1. Um innflutning lyfja, sem áfengi er í, fer eftir nefndum lögum.
2. Rjett er, að læknar, sem lyfsölurjett hafa, afli sjer áfengis og áfengra lyfja frá áfengisverslun ríkisins eða einhverri lyfjabúð hjer á landi, og sendi þá jafnan skriflega sundurliðaða kaupbeiðni. En seljandi skal geyma allar slíkar kaupbeiðnir.
3. Þá er smáskamtalæknum heimilt að kaupa smáskamtalyf með vínanda í í lyfjabúðum. En þeir skulu þá eins og hjeraðslæknar jafnan senda skriflega, sundurliðaða kaupbeiðni, og fylgi hverri slíkri kaupbeiðni meðmæli frá hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarpresti. Má vínandinn í þeim lyfjum ekki fara fram úr 3 lítrum á ári, nema landlæknir gefi leyfi til þess. Þessar kaupbeiðnir skal seljandinn geyma, sbr. 2. lið þessarar greinar.

2. gr.

„Ómengað áfengi" ("áfengi eða áfeng lyf", sbr. 21. gr. laga nr. 64 frá 1928) merkir vínanda (spíritus). Konjak (spir. vini Gallici), vín, sem lggilt er til lækninga og allskonar vínanda — konjaks- og vínblöndur, sem innihalda yfir 5% af hreinum vínanda (spiritus concentratus) — með þeim undantekningum, er hjer segir:

1. Áfengi, sem talið er fullmengað eða hálfmengað, samkvæmt gildandi reglum.

85 29. des.

2. Lyfjablöndur, sem móti 100 gr. af spiritus concentratus hafa inni að halda ferfaldan stærsta-skamt (dosis maxima) af eiturlyfjum (sbr. gildandi lyfjaskrá).

3. Extracta fluida, Liquor pectoralis, Vinum chinae ferratum og aðrar þess konar blöndur, sem áfengi er í, t. d. Liquor ferri albuminati og áþekk járnlyf, ennfremur jurtaseyði, sem að styrkleika jafngilda þunga jurtanna.

4. Lyfjablöndur, sem móti 100 gr. af spiritus concentratus hafa inni að halda þann þunga, er hjer segir af þeim lyfjum, er nú skal greina:

Acidum aceticum	10	grm.
— gallotannicum	10	—
— hydrochloratum	10	—
— salicylicum	10	—
Aetheroleum sinapis	2	—
—— terebinthinæ og aðrar ætheriskar olíur, ennfremur Eucalyptol og		
Eugenol	5	—
Aloe	2	—
Anthrasol	5	—
Benzin	20	—
Benzol	20	—
Camphora	10	—
Chininum og chininsölt	2	—
Collodium	30	—
Creolin	2	—
Chloretum ferricum	5	—
Glycerin	100	—
Ichthyol og þvílík efni	5	—
Jod	5	—
Kreosot	2	—
Kresolum crudum	2	—
Liquor carbonis detergens	5	—
— kresoli saponatus (Lysol)	4	—
Menthol	5	—
Naphtol	2	—
Oleum ricini	30	—
Phenol	2	—
Sol. subacetatis alum.	20	—
— ammoniaci	10	—
— formaldehydi	5	—
— superoxydi hydrog	100	—

Sol. subacetatis plumbici	10	grm.	**85**
Sápur, alls konar	10	—	29. des.
Thymol	5	—	
Tjörur, alls konar	5	—	

3. gr.

Lyfsölum og læknum er ekki heimilt að selja ómengað áfengi (sbr. 2. gr.) til neins annars en lækninga, sjúkdómsrannsókna og annara iðkana í læknavísindum. Er læknum stranglega bannað að afhenda, eða ávísa ómengað áfengi í þeim tilgangi, að það verði öðruvísi notað. Þetta gildir einnig um smáskamtalækna og dýralækna.

4. gr.

Ekkert ómengað áfengi (sbr. 2. gr.) má láta úti úr lyfjabúð, nema eftir löglegri beiðni, eða lyfseðli frá lækni, þar með taldir tannlæknar og dýralæknar, og ekki nema einu sinni eftir sama lyfseðli; skal honum haldið eftir í lyfjabúðinni.

Á ílát hvers áfengislyfs, sem látið er af hendi, skal jafnan, auk nafns lyfjabúðarinnar og fyrirsagnar um notkunina, einnig rita sjálfa forskriftina.

5. gr.

Í hverri lyfjabúð skal hafa tvær bækur til vitnis um áfengissöluna:

a. Vinnustofubók
(„Laboratoriumsjournal").

Í hana skal rita öll þau lyf, sem búin eru til eða sett saman í lyfjabúðinni og áfengi er í. Skal þess getið við hvert lyf, hvenær það var búið til, hve mikið af því og hve mikið áfengi (Spir. conc.) fór í það. Heilbrigðisstjórnin ræður annars fyrirkomulagi á þessari bók.

b. Eyðslubók.

Í hana skal lyfsali rita, í lok hvers mánaðar, hversu mikið hann hefir selt af ómenguðu áfengi sbr. 4. gr. og a.-lið þessarar greinar. Í þeirri bók skal þess greinilega getið, hversu mikið af áfengi og áfengum lyfjum hafi verið selt læknum, sem lyfsölurjett hafa, og tilfærð nöfn þeirra. Að öðru leyti ræður heilbrigðisstjórnin tilhögun þessarar bókar. Í lok hvers mánaðar skal hver lyfsali senda lyfjaverslun ríkisins mánaðarafrit úr þessari bók sinni. Jafnframt skal hann senda alla þá lyfseðla, sem komið hafa til afgreiðslu þann mánuð, og heyra undir ákvæði 4. gr., sbr. einnig 6. gr.

85 29. des. Ákvæði þessarar greinar taka ekki til hjeraðslækna, sem hafa rjett til lyfjasölu, en þeir skulu samt skyldir til að halda eyðslubók, um alt áfengi og áfeng lyf, er þeir láta úti. Bókin skal færð jafnóðum og úti er látið. Heilbrigðisstjórnin ræður fyrirkomulagi á þessari eyðslubók.

6. gr.

Þegar læknir gefur út lyfseðla upp á ómengað áfengi (sbr. 2. gr.) skal hann jafnan rita þá á sjerstök eyðublöð, sem landlæknir lætur úti í heftum með 50 tvöföldum, tölusettum eyðublöðum í hverju hefti. Skal læknir skrifa á hvern seðil auk nafns lyfsins og þyngdar, nákvæma fyrirsögn um notkun þess, útgáfudag seðilsins, nafn sitt og nafn og heimili sjúklingsins (í bæjum götunafn og húsnafn eða númer).

Læknir skal jafnan er hann gefur út slíkan lyfseðil, skrifa fult afrit af honum á viðfest blað í heftinu. Læknir fær því aðeins ný hefti, að hann sendi landlækni með beiðninni jafnmörg útnotuð hefti, með öllum afritunum í.

Hjeraðslæknar, sem sjálfir hafa lyfjaverslun eru, hver í sínu hjeraði, undanþegnir fyrirmælum þessarar greinar.

7. gr.

Ekki má læknir (mannalæknir) nema lög eða reglugerðir mæli öðruvísi fyrir, ávísa meira í einu hvorki sjálfum sjer nje öðrum en svarar 200 gr. af spiritus conc., eða hálfflösku (c. 325 gr.) af koníaki, eða heilflösku af öðrum vínum, sem löggilt eru til lækninga, og ekki aftur sama viðtakanda fyr en liðnar eru 3 nætur frá því að kaupin gátu átt sjer stað. Og gildir það einnig, ef læknirinn veit að sjúklingurinn hefir fengið ómengað áfengi hjá öðrum lækni, og ekki liðnar 3 nætur þar í frá (sbr. 9. gr. 2).

8. gr.

Lyfsalar og afgreiðslumenn þeirra mega ekki:

1. afhenda ómengað áfengi (sbr. 2. gr.) eftir lyfseðli, sem er eldri en 3 mánaða;
2. afhenda meira af áfengi en til er tekið á lyfseðlinum;
3. afgreiða lyfseðil, sem ekki er í samræmi við þessa reglugjörð;
4. afhenda ölvuðum manni ómengað áfengi eftir lyfseðli, nje heldur afgreiða áfengislyfseðil, ef líkur sýnast til að hann sje falsaður, en þá skal lyfsali leggja hald á seðilinn og gera viðkomandi lækni aðvart.

9. gr. 85

29 des.

Enginn má:

1. biðja lækni um áfengislyfseðil undir fölsku yfirskyni (t. d. segja rangt til nafns, heimilis eða sjúkdóms);
2. biðja lækni um áfengislyfseðil, án þess að segja frá því, ef hann hefir undanfarinn mánuð fengið einn eða fleiri áfengislyfseðla hjá öðrum lækni;
3. reyna að fá keypt meira áfengi en lyfseðill hans nefnir;
4. gefa öðrum áfengisseðil, sem hann hefir fengið.

10. gr.

Heilbrigðisstjórnin ákveður hversu mikið ómengað áfengi hverri lyfjabúð og hverjum lækni, sem rjett hefir til lyfjasölu, verði mest látið í tje árlangt og hversu miklu þeir læknar, tannlæknar og dýralæknar, sem ekki hafa rjett til lyfjasölu, megi ávísa í mesta lagi á ári (sbr. 9. gr. laga nr. 64, 1928).

11. gr.

Um brot gegn þessari reglugerð fer eftir fyrirmælum laga nr. 64 og laga nr. 69 frá 1928.

12. gr.

Þessi reglugjörð gengur í gildi 1. janúar 1929, og fellur þá úr gildi reglugjörð nr. 59 frá 1925.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. desbr. 1928.

Jónas Jónsson.

Sigfús M. Johnsen.

86
31. des.

REGLUGJÖRÐ

um

breyting á reglugjörð 2. jan. 1926, fyrir áhættu-flokkun og ákvörðun iðgjalda fyrir slysatryggingar.

Áhættuflokkun.

Upphaf greinarinnar orðist svo:

Frá 1. janúar 1929 ákveðast iðgjöld fyrir slysatryggingar samkvæmt lögum nr. 73, 3. maí 1928, um slysatryggingar, þannig:

1.	áhættuflokkur	.....	7	aurar	um viku
2.	——	.....	12	—	— —
3.	——	.....	25	—	— —
4.	——	.....	50	—	— —
5.	——	.....	100	—	— —
6.	——	.....	120	—	— —
7.	——	.....	130	—	— —
8.	——	.....	180	—	— —

Iðgjaldaskrá.

Liður 1. Sjómannatryggingin orðist þannig:

	Áhættuflokkur.	Vikugjald fyrir manninn:
Gufuskip	6.	120 aurar
Seglskip	7.	130 —
Mótorskip yfir 12 lestir	8.	180 —
Mótorbátar undir 12 lestir	8.	180 —
Róðrarbátar 12 lestir	6.	120 —

Af iðgjaldi tryggingarskyldra róðrarbáta og vjelbáta minni en 5 lestir greiðir ríkissjóður $^3/_{10}$ hluta iðgjaldsins, en af iðgjaldi róðrarbáta ekki tryggingarskyldra, greiðir ríkissjóður helming, sbr. 7. og 16. gr. laganna.

Liður 2. Iðntryggingin breytist svo sem hjer segir:

a. Á eftir „uppskipun og útskipun við bryggju og vöruflutningur á landi“ komi: Bifreiðaakstur 4. fl. 50 aura.

Iðgjaldsskráin breytist þannig alstaðar, að

b. fyrir 6 aura komi 7 aurar.
— 10 — — 12 —
— 20 — — 25 —
— 40 — — 50 —
— 80 — — 100 —

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. des. 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGJÖRÐ

87
31. des.

um

iðnaðarnám.

Samkvæmt lögum nr. 11, 31. maí 1927 hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sett eftirfarandi ákvæði.

I. KAFLI.

Um námstímann.

Námstími iðnnema skal vera, sem hjer segir:

a. 4½ ár í þessum iðngreinum: bókbandsiðn, gull- og silfursmíði, hita- og gaslagningu, ketil- og plötusmíði, leturgrefti, prentiðn og prentsetjaraiðn, rennismíði og úrsmíði.

b. 4 ár: í bakaraiðn, beykisiðn, eir- og járnsmíði, feldskeraiðn, hárskera- og rakaraiðn, húsasmíði, húsgagnafóðrun, húsgagnasmíði, klæðaskurði, kökugerð, málaraiðn, múr- og steinsmíði, myndskurði, pjátursmíði, rafvirkjun, rafvjelavirkjun, reiðtýgja- og aktýgjasmíði, sjóklæðagerð, skipa- og bátasmíði, skósmíði, steyparaiðn, sútaraiðn, tágarið, vagnasmíði og vjelavirkjun.

c. 3 ár fyrir: hárgreiðslukonur, hattara, kvenhattara, ljósmyndara, myndfaldara, netjara, saumakonur, seglsaumara, veggfóðrara og útvarpsvirkja.

II. KAFLI.

Um prófdómendur (prófnefnd) og próf.

1. gr.

Þá er námstímanum er lokið, skal nemandi ljúka prófi til þess að öðlast sveinsbrjef, og skal hann þá snúa sjer til hlutaðeigandi lögreglustjóra (sbr. 8. gr.) og fá tilnefnda þrjá samiðnarmenn sem prófdómendur (prófnefnd). Til þess má aðeins skipa meistara og sveina, sem eru starfandi í iðninni. Prófnefnd skal skipuð til þriggja ára í senn. Hún velur sjálf formann.

Nú er skipaður prófnefndarmaður návenslaður eða skyldur iðnnema, er próf vill taka, eða hann er meistari hans, og skal hann þá ekki dæma um próf hans, heldur skal lögreglustjóri skipa annan mann í hans stað eftir sömu reglum, sem fyr segir.

31. dag desembermánaðar 1928. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h.f.

87 31. des.

Aldrei mega tveir menn frá sama atvinnufyrirtæki vera prófdómendur samtímis.

2. gr.

Prófið er bæði munnlegt og verklegt.

3. gr.

Með munnlegu prófi skal athuga þekkingu iðnnema í handbrögðum, er snerta iðn hans, og efnum í iðn hans, og gildir það um allar iðngreinir. Ef meistara- og sveinafjelög hafa sett reglur um slík próf í sinni iðnaðargrein skal þessu fylgt.

4. gr.

Verklega prófið er ákveðið smíð eða verk, sbr. 5. gr., er sýni kunnáttu og handlægni nemandans í iðninni, og auk þess teikning, þar sem því verður við komið.

Skylt er að gera teikningu að verkinu í þessum iðngreinum: beykisiðn, bókbandi, eirsmíði, gull- og silfursmíði, húsa- og húsgagnasmíði, húsgagnafóðrun, járnsmíði, klæðaskurði, kökugerð, leturgrefti, málaraiðn, múrsmíði, myndaskurði, netjarið, pjátraraiðn, prentsetningu, rafvirkjun, rafvjelavirkjun, reiðtýgja- og aktýgjasmíði, rennismíði, seglasaumi, skipasmíði, sjóklæðagerð, skósmíði, steinsmíði, steyparaiðn, tágarið, úrsmíði, útvarpsvirkjun, vagnasmíði og vjelavirkjun.

Hita- og gaslagningarmenn skulu sýna, að þeir skilji teikningar og geti unnið eftir þeim.

5. gr.

Prófnefnd ákveður í samráði við lærimeistara prófsefnið. Hún ákveður hve langan tíma nemandi fær til prófsins, og hvernig umsjón með því skuli hagað. Til leiðbeiningar fara hjer á eftir verkefni, sem hæf skulu teljast til prófs:

1. Bakarar og kökugerðarmenn.

a. Í bakaraiðn leysi nemandi af hendi undirbúning brauðgerðar, og sýni verklega kunnáttu í almennri brauðgerð, svo sem með því að gera betri tegund Vínarbrauða úr 2 lítrum efnis eftir eigin geðþótta, og segi til hve marga lítra efnis þurfi í nánar ákveðna tölu og tegund brauða.

b. Kökugerðarmenn skulu undirbúa og fullgera „hátíðarhorn" úr möndludeigi, gera möndludeigskökur og rjómakökur (tertu), gera 5 kg. af blaðdeigi með 2 lítrum af vatni og búa til úr því brauðkollur (Postejer) og sniðtígla; og gera bestu tegund Vínarbrauða eftir eigin vild úr 2 lítrum.

Nemandi smíði:
1) tunnu sívala,
2) kút sporöskjulagaðan,
3) bala sporöskjulagaðan,
4) skipstunnu sívala.

3. Bókbindarar.

Nemandi bindi 4 bækur 10 arka, 19 sm. að stærð. Skal ein vera í hálfklæddu línbandi, ein í alklæddu línbandi, ein í almennu skinnbandi með djúpri lögg og sljettum kili, og ein í vönduðu skinnbandi með djúpri lögg og upphleyptu bindi. Ennfremur bindi hann eina bók, 10 arkir að stærð, og 30 sm. í hálfskinnband með bogahornum saumuðum á bendla (nótnabókarband). Tvær af bókum þessum skulu vera með almennri gyllingu á kili.

4. Eir- járn- og rennismiðir.

Í þeim iðngreinum skal prófi háttað þannig:

a. Fyrir eirsmiði: að beygja eirpípu, 5 sm. í þvermál, eða stærri, og smíða vatnsketil úr eirplötu með ákveiktum stút, og kúptu loki; að smíða pípusnígil í vatnshitara og kveikja stjettar á endana; að þynna eirplötu í pípubeygju. 20 sm. í þvermál, eða meira og kveikja saman samskeyti. Iðnnemi skal ennfremur sýna kunnáttu sína í að logsjóða, verði því við komið.
b. Fyrir járnsmiði: að smíða 1) venjulegan sigurnagla í keðju (keðjusveiflu), 2) togblökk með föstum botni, 3) stýrislykkju og krók á 30 smálesta vjelskip, 4) albeygða gálgagrímu með augabolta, 5) bátsdreka með 5 klóm, 30—75 kg. þungan, 6) keðjulás, 5 hlekki í keðju og krók, hnúthyrnu og hnútlausa hyrnu á vörpuhlera.
c. Fyrir rennismiði: að renna 1) þoll (Spindel) með vinstri- og hægrilaggar skrúfum, og tapparær á báða enda, 2) sveifarmöndul með tveimur sveifum fyrir hreyfivjel, tvöfalt hjámiðjuhjól (excentrisk Skive) á sveifarmöndul í eimvindu, 4) bullubolta með sköfu og gormi fyrir hreyfil, 5) hólk með venjulegum „Morsekonus" utan og innan, 6) „Möllerups" smurningstæki með snigilhjóli og snigli, 7) pallsveif fyrir bora með keiluhálsa, 8) tvöfalt þankefli (Rörvals) með skrúfaðan þoll, fyrir ketilpípur, 9) venjulega eimloku, og 10) venjulegan eimlás með þjettihylkjum. — Nemandi skal ennfremur látinn sýna kunnáttu sína í að renna, hefla og fræsa, smíða við eld og sverfa, svo og að hann hafi þekkingu á hersluaðferðum við stál og járn.

5. Gull- og silfursmiðir.

Nemandi smíði:

a. Úr gulli: 1) armband, 2) brjóstnál og 3) hálsmen.
b. Úr silfri: 1) stokkabelti, 2) koffur, 3) sykurker, 4) könnu, 5) bikar, og 6) kökuspaða.

6. Hárgreiðslukonur.

Nemandi á að liða hár, setja upp hár og vinna úr rothári, þvo hár, þurka og nudda hársvörð, bæði með höndum og rafmagni.

87
31. des.

7. Hárskerar og rakarar.

Nemandi skal sýna leikni sína í eftirfarandi atriðum:

Klipping: að klippa skift og uppstandandi hár með skærum og vjel, og að klippa skegg eftir því sem tískan segir.

Greiðsla: að liða og greiða hár og skegg.

Höfuðböð: að þvo hár og þurka, að nudda hársvörð með höndum og rafmagni.

Andlitsböð: að nudda andlit með höndum og rafmagni.

Rakstur: að draga á og brýna hníf, bera sápu á, og raka mann. Skal einkum aðgætt, hvernig nemandi beitir hnífnum og hvernig hann stendur að verkinu.

8. Hattarar. Nemandi skal gera: 1) venjulegan háan silkihatt, 2) vandaðan flókahatt, harðan eða linan.

9. Hitaleiðslu- og gaslagningamenn.

Í þessum iðngreinum skal nemandi inna þessi verk af hendi: *Að* setja upp baðker með blöndunaráhaldi, vatnssalerni og handlaug úr leir. Áhöld þessi þurfa ekki að vera í sama herbergi, og upphitun baðsins getur verið frá miðstöðvarofni, með gasi eða rafmagni. Leiðslur allar leggi nemandi frá grunni. Við handlaugina skal vera 1¾″ blývatnslás með hreinsitappa. *Að* beygja 90° tvíbeygju á 3″ dregna járnpípu, samkvæmt uppgefnu máli og uppdrætti, er prófdómendur útvega, og skera skrúfur á annan endann. *Að* beygja í hálfhring 60 cm. langa 1¼″ blýpípu. *Að* þjetta með hampi og blýull eða brennisteini, samskeyti á lárjettri 4″ steyptri járnpípu. *Að* kveikja saman blýpípur, blý- og eirpípur og zinkvarinn járnkraga við eirplötu. Kveikingarefnið sje ⅔ blý og ⅓ tin. *Að* smíða og herða handmeitil og múrbor af ákveðnum stærðum. *Að* sýna kunnáttu sína í miðstöðvarlagningu með því t. d. að tengja saman 4 miðstöðvarofna, er standa í hornum krossveggja með aðalpípu greyptri í vegg, og allar nauðsynlegar beygingar gerðar á sjálfar pípurnar og leiðslur allar lagðar frá katli að ofnum. *Að* setja upp og leggja að 3 ofnum eða fleirum á sömu hæð og ketill er. Ekki þurfa lagningarnar allar að vera á sama stað, eða í sama húsi. Ekki má þjetta með pípum í gólfum eða veggjum fyr en prófdómendur hafa athugað verkið, og fullvissað sig um, að lögnin standi rjett og óþvinguð. Vilji nemandi einnig fá heimild til gaslagninga, skal hann ennfremur bora gat á götuleiðslu, og tengja hana við mæli, en þó má ekki fullgera tengslin, fyr en lögnin hefir staðið fullar 20 mínútur undir þjettiprófunartæki. *Að* leggja gasleiðslu með krónum frá grunnmúr að gassuðuvjel, grind eða baðdunk ásamt nauðsynlegum vatnsleiðslum, og skila tilbúnu til notkunar. Að slípa þjettan þolllás, og þjetta almennan lás, og gera við og stilla einn eða fleiri gasbrennara. Gaslagningarpróf má taka samtímis hinum eða síðar. Uppdráttur af lögnum, skal ávalt afhentur nemanda fyrir prófið.

1½ ár af námstímanum eftir fyrsta námsárið skal nemandi vinna

við eldsmíði, rennismíði og algenga skrúfstykkisvinnu, nema hann hafi unnið við járnsmíði eitt ár eða lengur, áður en hann byrjaði á þessu námi. **87** 31. des.

Nemandi skal smíða: 1) útidyrahurð járnaða með geirnegldri umgerð, spjöldum og rúðulistum, 2) heilan stiga, beinan eða snúinn, 3) hluta af geiraþaki (Valme), 4) steypumót að *a)* þakbrún með strikum, *b)* súlu með fótstalli og hausum, *c)* handriði á svalir eða tröppur ásamt stólpa; strik og upphleypt spjöld sjeu sett á riðið, 5) skothurðir og koma þeim fyrir, 6) stofuhurð járnaða með spjöldum og geirnegldri umgerð, 7) ytri- og innriglugga þrísettan. **10. Húsasmiðir.**

Nemandi skal troða og fóðra setubekk með klæði, hægindastól með skinni eða skinnlíkingu; sauma og hengja upp dyratjöld með sveipum. **11. Húsgagnafóðrarar.**

Nemandi skal smíða: 1) skrifborð úr eik eða mahogni og gljáfægja það, 2) bókaskáp með skúffum og hurðum, 3) algengt hlaðborð (Buffet), 4) skatthol, gljáborið og gljáfægt, 5) kommóðu, gljáborna og gljáfægða. **12. Húsgagnasmiðir.**

Nemandi skal smíða: 1) botn í eimketil með stút fyrir glóðhólk utan við botnmiðjuna, 2) loftkút með kúptum botnum, öðrum hnoðuðum og „stemdum", en hinum rafsoðnum, og rafsoðnum stútum; kúturinn standist 15 kg. vatnsþrýsting á hvern fersentímetra, 3) ketil með eldholi, og lóðrjettum reykpípum, reykhatti og öskustó, hæfilegan fyrir brauðgerðarhús. 4) dufl úr 6 mm. þykku plötujárni, 5) kúpta loftpípuhettu úr 2 mm. járnplötu, 6) loftbrúsa úr 6 mm. járnplötu, 7) olíukassa eftir ákveðnu sniði, 8) reykhatt úr járnplötu fyrir skipseldavjel. — Nemandi skal sýna leikni í að logskera, bæði með gasi og rafmagni. **13. Ketil- og plötusmiðir.**

a. Í klæðaskurði skal nemandi sníða og sauma: 1) venjuleg jakkaföt á karlmann, 2) kjólföt á karlmann handstungin, 3) viðhafnar stutttreyjuföt (smoking), 4) vetrarfrakka (ulster), hálffóðraðan, og venjulegan frakka. **14. Klæðskerar og feldskerar.**

b. Í feldskurði skal nemandi: 1) sauma vandaða skinnhúfu með fóðri og broti, 2) fóðra frakka með feldum úr heilum skinnum, og setja á hann skinnkraga, 3) sauma feldkápu úr 30 heilum skinnum eða fleirum; nota skal aftursting við samsaum skinnanna, 4) sauma lausan loðkraga og loðstúku úr skunksskinnum eða marðarskinnum, og fóðra hvorttveggja með rykkingum og skrautsaum. Í loðstúkunni skulu vera fleiri en eitt skinn, ef því verður við komið.

Þeir eiga að gera 1 vetrarhatt og 1 sumarhatt fyrir fullorðna, og 1 vetrarhatt og 1 sumarhatt fyrir börn, eftir tísku þess tíma, er prófið er tekið á. Nemandi velur sjálfur alt efni í hattana. **15. Kvenhattarar.**

Nemandi skal handgrafa 4 mismunandi leturgerðir á ýmsa muni, innsigli (með eiginhandarskrift, skrifletri eða prentletri), dyraspjöld, **16. Leturgrafarar.**

87 31. des. með lakki í stöfunum, og 3 stálstimpla, einn með letri, annan með mynd og þriðja með skrauti (ornament).

17. Ljósmyndarar. Nemandi skal taka myndir í myndastofu af mönnum og gömlum myndum, bæði við dagsljós og lampaljós; framleiða mynd á plötur; taka eftir plötum (kopiera) bæði á gasljóss- og dagsljóss-pappír; stækka mynd og fullgera; blælita ýmsar pappírstegundir og fullgera myndir. Heimilt er nemanda að leggja fram við prófið plötur og myndir frá námsárum sínum, sem hann sannanlega hefir gert sjálfur hjálparlaust, og er þá prófdómendum heimilt að taka tillit til þeirra við prófið.

18. Málarar. Nemandi skal teikna og mála skrautmynd á límliti; undirbúa og mála í olíuliti, og lakka óskygt eða gljáandi sömu grunnliti og í skrautmyndinni á trjeflöt, er sje 70 × 152 sm.; undirbúa og marmaramála 2 tegundir af marmara með strikum milli umgerðar og flatar, og gljábera það á trjeflöt, sem sje 70 × 152 sm.; undirbúa, mála og lakka kommóðu, skáp, skatthol eða snyrtiborð (toiletborð) og mála á það skrautmynd; undirbúa og mála eik og lakka á trjeflöt, er sje 50 × 100 sm. Nemandi ræður lit og trjátegund. Undirbúa, mála og lakka trjeflöt, er sje 70 × 152 sm. að stærð, mála á hann 25 bókstafi, spjaldaletur og 10 tölustafi.

19. Múrarar og steinsmiðir.
a. Í múrsmíði skal nemandi: 1) múra upp 1½ steins múr með eins steins bindingu, 1,88 m. langan og 1,25 m. háan; bindinguna og öll 4 horn hennar skal sljetthýða, 2) hlaða um dyr eða glugga-op og loka að ofan með hringboga, sporöskjuboga eða oddboga. Auk þess skal nemandi sýna leikni sína í að draga loftlista og skera saman horn, leggja gólf- og veggflísar, verði því við komið, og loks að blanda, leggja og binda járnsteinsteypu eftir uppdrætti.

b. Í steinsmíði skal nemandi: 1) höggva og fullgera áttstrendan girðingarstöpul með strendan topp, 2) höggva og fullgera millistein í legstein með holboga umhverfis að ofan, 3) gera legstein með slípuðum og gljáðum framfleti og inngreyptum gyltum krossi.

20. Myndskerar. Nemendur skulu skera: 1) hurðarspjald, 2) spegilfald, 3) myndfald, 4) hillufjöl, 5) stól, 6) skáp, 7) setubekk, 8) rafmagnslampa.

21. Myndfaldarar. Nemendur skulu falda ísaumað silki, strengt á spjald, í tvöfaldan fald, falda mynd strengda á gler, falda olíumynd festa í blindfald. Prófdómendur velja myndir og falda.

22. Netjar. Nemendur eiga að gera líkingar (Model) af botnvörpu, að teikna og gera líkingu af síldarnót. Stærð líkinganna ákvarða prófdómendur.

23. Pjátrarar. Nemendur skulu gera: 1) kaffikönnu lítratæka úr látúni eða eir, 2) þakglugga úr zinkjárni og þakrennu með horni, stút, niðurfalli, botns-

stút og rennuböndum, 3) ljósker á skip, 4) kökumót eða ísmót, 5) baðker úr zinki, 6) skjalaskrín úr eir, látúni eða zinki.

a. Prentarar skulu prenta hjálparlaust venjulega bókarörk í hraðpressu, ákveða hlutföll jaðra, síðuröðun, litarmagn og „tilrjettingu"; prenta sjálfstæða auglýsingu eða strikaform í „digel"-pressu; prenta mynd (autotypi) á góðan prentpappír.

b. Prentsetjarar skulu setja og ljúka að fullu við sem svarar átta stunda verki af almennu lesmáli eftir algengu handriti, setja titil, auglýsingu, tækifærisljóð eða annað af meðalvandasömu tægi, og setja töflu, eða annað, er sjerstaklega reynir á þekkingu á leturstærðum.

a. Rafvirkjar skulu 1) leggja ljósalögn í tveggja hæða hús með 2 greinum og 10 lampastæðum með spjaldi og lömpum, samkvæmt teikningu, er nemandi hefir gert, ásamt kostnaðaráætlun, og greinargerð fyrir því, hversvegna ljósum er komið fyrir eins og sýnt er, 2) leggja vjelalögn fyrir 5 hestafla vjel, eða stærri, 3) „fasa" riðstraum, eða rakstraum, með að minsta kosti 10 metra krókóttri lögn með spjaldi, ræsi, grunntengingu og samtengingu rafvjelarinnar, við þá vjel, sem hún á að knýja eða er knúin af, t. a. m. gengið frá reim, ef reimdráttur er notaður. Lögnin skal framkvæmd eftir teikningu, spennutap reiknað, vör ákveðin og kostnaður allur sundurliðaður, 3) leggja 50 metra jarðstreng með tengihólkum á báðum endum og 2 greinihólkum, með að minsta kosti 10 kg. af lakki, bræddu á hvern hólk til jafnaðar, og skal strengurinn prófaður, og að leggja blýstrengslögn með ekki færri en 3 bræddum dósum; 4) að leggja ljósalögn frá spjaldi í vjelaskip, 20 smálestir að stærð, eða meira og setja upp alla lampa; 5) að setja upp króka og klukkur, draga út vír (10—35 qmm) og binda upp á einfaldri 1000 metra loftlínu, svo og að leggja eina heimtaug frá línunni í hús með innleiðslu í það; 6) að leggja hringingarlögn að öllu leyti með ekki færri en 5 tölum; 7) leggja innanhússíma fyrir 3 talfæri að öllu leyti og gera grein fyrir miðstöðinni.

b. Rafvirkjar skulu: 1) vefja snúð og sátur rafvjelar, gera mælingar á vafi straumvendis, og gera grein fyrir árangrinum, reikna út og gera ræsi fyrir rafvjel; 2) prófa og gera við hraðrið (háfrequens) lækningatækis og útskýra það; 3) setja upp vjelar í 10 hestafla olíuvjelastöð, eða 10 hestafla vatnsaflsstöð með lágspennu, tengja spjöld fyrir vjelar og útliggjandi línur; leggja allar lagnir í stöðinni og ganga svo frá öllu, að stöðin verði reynd í góðum gangi; 4) setja háspennutæki í 50 kw. spennistöð með straumrofa og teinrofa ásamt tengingu við spenni báðumegin, að tengja lágspennuspjald fyrir útliggjandi línur, að grunntengja stöðina, að þurka

87
31. des.

eða hreinsa olíuna, svo að spennirinn geti starfað tryggilega; 5) ganga frá straumi og spennimælum á 500 kw. háspennustöð.

c. *Útvarpsvirkjar* skulu setja saman útvarpstæki, hentugt til ákveðinnar notkunar og prófa það; setja upp útvarpstæki með loftneti og prófa það; gera grein fyrir byggingu tækisins, og fyrir því, að það henti þeim stað, sem það er sett á, eða þeirri notkun, sem því er ætluð.

26. Reiðtýgja- og aktýgjasmiðir. Iðnnemi skal smíða: 1) venjulegan einfaldan hnakk, 2) járnvirkjahnakk ísaumaðan rósum, 3) spaðahnakk með lafapúðum, 4) kragaaktýgi, 5) kvensöðul.

27. Saumakonur. Nemendur eiga að sauma: 1) kvenkápu og venjulegan kvenkjól, 2) kvenkápu og danskjól, 3) síðtreyju og pils (Dragt).

28. Seglsaumar. Nemendur eiga að sauma gaffalsegl á 60 smálesta skip eða stærra, með öllum rifgötum saumuðum (ekki „patentkósa").

29. Sjóklæðagerðarmenn. Nemendur eiga að sníða, sauma, bera í og þurka treyju, buxur og sjóhatt, og fullgera það að öllu leyti.

30. Skipa- og bátasmiðir. a. Í skipasmíði skal smíða: 1) Greypiás eða seglás, 2) mastur, 3) ljóra, 4) niðurgönguskýli, 5) lestarop með öllu, er því fylgir, 6) spjaldahurð með ásettum járnum og umgerð og í ákveðinn halla („smír"), 7) trjestýri á skip, járnað og að öllu fullgert og ásett, 8) alla trjesmíði á akkerisvindu, tvígenga, og með öllum járnum, 9) háglugga með umgerð (skylight), 10) setja stefni í skip eða bát, 11) smíða skammþilju, 30—40 fet, ásetta og festa á meginþiljur (Waterbord), 12) ytri klæðningu, 30—40 fet, og sje nokkur hluti hennar með beygju.

b. Í bátasmíði skal smíða: 1) smábát, fjögurra manna far, 2, skipsbát á togara.

31. Skósmiðir. Nemandi skal: 1) randsaumà karlmannsskó eða kvenskó að öllu leyti, 2) botna og sauma vatnsstígvjel að öllu leyti, 3) sauma og botna klofstígvjel.

32. Steyparar. Nemendur eiga að móta einhvern samsettan hlut, búa til kjarna og leggja hann í mótið, blanda síðan málminn og steypa stykkið, og útskýra blöndun.

33. Sútarar. Nemendur eiga við prófið að rota, súta, strá eða kasa og fullgera eina húð, og tvö kálfskinn (sljett, rauðsútuð); að hvítsúta fjögur loðskinn, tvö af dilkum og tvö af öðrum dýrum (fínsútuð), og tvö álúnskinn (fínsútuð). Í munnlegu prófi skal nemandi gera grein fyrir sútunaraðferðum.

34. Tágarið. Í þeirri iðn á nemandi að gera körfu-hægindastól eða koffort úr grönnum tágum.

35. Úrsmiðir. Nemendur eiga að leysa af hendi: 1) að liðka „cylinder"-úr, fóðra bæði botnhjólsgöt, renna sekúndu- eða ganghjólshreyfil, renna óróa

(„cylinder") og setja í nýja óróafjöður, svo og að setja stein í sekúndu- 87
hjólstig, 2) að renna og setja í jafnvægisás (ballans-ás), 3) að smíða og 31. des.
setja í akkerisás með steinum, 4) að smíða og setja í uppdráttarás með áskrúfaðri krónu.

Nemendur eiga að smíða: 1) framhjól á fjórhjólaða kerru og 36. Vagna-
setja möndulinn í, 2) tvíhjólakerru að öllu leyti. Eitt ár af námstím- smiðir.
anum skal nemandi vera við járnsmíði (eldsmíði).

Nemendur eiga að undirbúa súðarherbergi til málunar (striga- 37. Vegg-
leggja og pappalíma); veggfóðra herbergi með kantskornu veggfóðri, fóðrarar.
sem prófdómendur ákveða; skreyta með veggfóðri og borðum eftir ákvæðum prófdómenda; dúkleggja snúinn stiga; dúkleggja herbergi.

Nemendur eiga: 1) að tinhýða leg, steypa í þau hvítmálmi, 38. Vjel-
fella þau á möndul og höggva olíurásir, svo og sverfa tening úr járni virkjar.
eða eir, 2) að hita og beygja járnpípur 50 mm. eða stærri eftir ákveðnu máli, fyrir eim- eða vatnslögn í skip eða hús; að smíða venjulega píputöng, 3) að smíða og sverfa færanlegan skrúflykil, 4) að setja saman, kveikja, sverfa og fullgera grind í karlmannsreiðhjól með tengihólkum utan eða innan, 5) að setja saman, kveikja og fullgera enska reiðhjólgrind (með styrktarkvíslarpípu), 6) að smíða og sverfa færanlegan skrúfskera með skurðarjárnum.

Þar sem mörg tölusett verkefni eru tiltekin í sömu iðngrein, skal einungis velja eitt þeirra.

6. gr.

Nú vill nemandi fá kenslu í einhverri iðngrein, sem ekki er nefnd hjer að framan, og hæfur lærimeistari er fáanlegur til þess að kenna þessa iðngrein, og getur hann þá að loknum námstíma leyst af hendi prófsmíð eftir þeim reglum, sem prófdómendur ákveða í samráði við samiðnarmenn.

7. gr.

Nú vill nemandi vinna annað verk eða gera annan grip, en hjer er talið að framan, og er þá prófnefnd heimilt að leyfa það, ef hún telur það sýna eins mikla kunnáttu nemanda í iðn sinni, og lærimeistari hans lýsir yfir því, að nemandi kunni einnig að gera það verk, er prófnefnd hafði ákveðið.

8. gr.

Sveinspróf skal haldið tvisvar á ári, í mars—apríl og septbr. —oktbr. í lögsagnarumdæmi þess meistara, er nemandi var síðast hjá.

87 Sá skal greiða kostnað við prófið, er fær sveinssmíðina (sveinsstykk-
31. des. ið), en að öðrum kosti greiðist hann að jöfnu af meistara og nemanda.

9. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur í hvert sinn skipað eftirlitsmann við prófin af hálfu hins opinbera. Sje slíkur eftirlitsmaður skipaður, skal hann sjá um undirbúning prófs, og að nemandi vinni verkið sjálfur án nokkurrar aðstoðar.

10. gr.

Þar sem eftirlitsmaður telur ekki ástæðu til að hafa sjerstakan prófstað, skal meistarinn sjá nemanda fyrir verkstæði og verkfærum við prófið, er metið sje gilt af prófdómendum og eftirlitsmanni.

11. gr.

Þar sem iðnskóli er á staðnum, skal nemandi, áður en próf byrjar, senda vottorð frá skólanum um, að hann hafi stundað þar nám, en annarsstaðar vottorð um teiknikenslu, þar sem hennar þarf með. Námssamning skal leggja fyrir prófdómendur, áður en próf byrjar.

12. gr.

Lögreglustjóri hefir bók, er í skal rita skýrslu um öll sveinspróf, sem haldin eru í hans lögsagnarumdæmi; skal þar tilfært nafn nemanda, fæðingardagur hans, ár og staður, nöfn foreldra hans og atvinna, námstími og iðn; nafn og heimili lærimeistara, svo og einkunnir, sem nemandi fær við prófið. Skal prófbókin undirskrifuð af prófdómendum og eftirlitsmanni, hvort sem nemandi hefir staðist próf eða ekki.

13. gr.

Óheimilt er að taka mann til sveinsprófs, sem ekki hefir skriflegan námssamning, áritaðan af lögreglustjóra, og vottorð meistara um, að hann hafi lokið námi sínu samkvæmt samningi, svo og önnur tilskilin vottorð.

14. gr.

Óheimilt er nemanda að byrja á verki við prófsmíð, fyr en prófdómendur hafa samþykt verkstæði eða vinnustað prófsins, teikningar, þar sem þeirra er krafist, og annan undirbúning undir það; ákveðið hvenær verkið skuli byrja og því vera lokið, og fullvissað sig um, að nemandi sje við því búinn að inna verkið af hendi.

Eftir að próf er byrjað, ber prófdómendum að hafa eftirlit með

framkvæmd verksins eftir þörfum og ástæðum, og er þeim í því skyni heimill aðgangur að öllu því, er lýtur að verkinu. 87 31. des.

15. gr.

Þegar því verður við komið, skal verkið (sveinsstykkið) ásamt teikningum haft almenningi til sýnis nokkra daga eftir að það er fullgert.

16. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, getur atvinnumálaráðuneytið leyft að halda sveinspróf á öðrum tímum en þeim, sem að framan getur.

17. gr.

Þessar einkunnir skal gefa við prófið: ágætlega, prýðilega, dável, vel, laklega og illa; skal sjerstök einkunn gefin fyrir verkið í heild sinni, og sjerstök fyrir teikningu og fyrir munnlegt próf. Ekki má láta neinn fá sveinsbrjef, sem fær „illa" í einhverri einkunn, eða „laklega" í aðaleinkunn.

18. gr.

Lögreglustjóri leggur til eyðublöð undir sveinsbrjefið; skal það hljóða sem hjer segir:

SVEINSBRJEF
handa

.....

(nafn)

.....

(iðn)

fædd.... í .....
hinn ..... lærði .....iðn hjá
.....
.....
alls ..... ár, samkvæmt lögum nr. 11, 31. maí 1927 um iðnaðarnám, og reglugjörð þar um.

Undirrituð prófnefnd í ..... skipuð .....
hefir látið ..... gera .....
..... sem próf ..... til
þess að sýna kunnáttu ..... í iðninni, og auk þess prófað .....
munnlega í eftirfarandi atriðum:
.....
.....

87
31. des.

Við prófið hefir ..... fengið þessar einkunnir:
Í prófefninu: .....
- munnlegu: .....
- teikningu: .....

Aðaleinkunn við iðnpróf:

..... hefir / hefir ekki stundað nám í iðnskóla ..... og / en lært að teikna .....

Við burtfararpróf / bekkjarpróf úr skólanum fjekk ..... þessar einkunnir:
Í teikningu: .....
- reikningi: .....
- íslensku: .....
- burðarþolsfræði: .....
- efnisfræði: .....
- kostnaðaráætlun og bókfærslu: .....
- ástundun: .....

Aðaleinkunn:

Þar sem ..... þannig hefir sýnt, að ..... fullnægir þeim kröfum, sem gera verður til útlærðs ....., lýsum vjer yfir því, að ..... bera þau rjettindi, er sveinar í þeirri iðn hafa lögum samkvæmt.

..... (staður) ..... (dagur)

.....
formaður prófnefndar.

....
prófnefndarmaður. prófnefndarmaður.

Ofanritað sveinsbrjef er gefið út af löglega skipaðri prófnefnd, og tilfærðar einkunnir eru samhljóða prófbókum hjeraðsins og nefnds skóla. —

Þetta vottast hjermeð.

....
lögreglustjóri (hreppstjóri). skólastjóri.

Þetta birtist hjermeð til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu og samgöngumálaráðuneytið, 31. desember 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR 88

yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands árið 1926.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári		kr.	1703130 34
2.	Bætt við innstæðu vaxtaeigenda:			
	a. Innlög á árinu	kr. 106534 08		
	b. Vextir lagðir við höfuðstól	— 84419 17		
			—	190953 25
3.	Vextir af útlánum 1926		—	107207 49
4.	Borgun fyrir viðsk.bækur, dráttarvextir o. fl.		—	4961 48
5.	Vextir fyrir 1926 geymdir til útborgunar		—	12279 96
6.	Höfuðstóll geymdur til útborgunar		—	260 49
			Kr.	2018793 01

Gjöld:

1.	Vextir vaxtaeigenda fyrir 1926:			
	a. Ársvextir 5,90%	kr. 93708 41		
	b. Dagvextir 5,40%	— 2990 72		
			kr.	96699 13
2.	Kostnaður		—	6764 23
3.	Vextir fyrir 1925 er biðu útborgunar		—	10575 16
4.	Höfuðstóll:			
	a. Er beið útborgunar f. f. á.	kr. 171 80		
	b. Er fjell til útborgunar á árinu	— 19133 43		
			—	19305 23
5.	Sjóður við árslok 1926:			
	a. Veðskuldabrjef	kr. 1811227 00		
	b. Skuldabrjef sveitafjelaga	— 59450 00		
	c. Vextir útistandandi fyrir árið 1926	— 4531 70		
	d. Innst. í sparisj. Landsbankans	— 8934 83		
	e. Í sjóði hjá fjehirði	— 1305 73		
			—	1885449 26
			Kr.	2018793 01

Söfnunarsjóður Íslands.

Reykjavík, 19. febrúar 1927.

Vilhj. Briem. *Sigurður Gunnarsson.* *Guðjón Guðlaugsson.*

88

YFIRLIT

yfir efnahag Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1926.

Eignir:

1.	Veðskuldabrjef	kr.	1811227 00
2.	Skuldabrjef sveitarfjelaga	—	59450 00
3.	Ógreiddir vextir fyrir ár 1926	—	4531 70
4.	Innstæða í sparisjóði í Landsbankanum	—	8934 83
5.	Í sjóði hjá fjehirði	—	1305 73
		Kr.	1885449 26

Skuldir:

1.	Innstæða vaxtaeigenda:				
	a. Í aðaldeild	kr.	1652236 21		
	þar af í erfingjarentudeild kr. 13078 91.				
	b. Í útborgunardeild	—	120243 31		
	c. Í bústofnsdeild	—	6019 68		
	d. Í ellistyrksdeild	—	731 05		
				—	1779230 25
2.	Vextir fyrir 1926 geymdir til útborgunar			—	12279 96
3.	Höfuðstóll geymdur til útborgunar			—	260 49
4.	Varasjóður í árslok 1926			—	93678 56
				Kr.	1885449 26

Söfnunarsjóður Íslands.

Reykjavík, 19. febrúar 1927.

Vilhj. Briem. *Sigurður Gunnarsson.* *Guðjón Guðlaugsson.*

89

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands árið 1927.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári		kr.	1885449 26
2.	Bætt við innstæðu vaxtaeigenda:			
	a. Innlög á árinu	kr. 96477 18		
	b. Vextir lagðir við höfuðstól	— 94234 19		
			—	190711 37
3.	Vextir af útlánum 1927		—	118198 63
4.	Borgun fyrir viðskiftabækur, dráttarvexti o. fl.		—	5551 53
5.	Vextir fyrir 1927 geymdir til útborgunar		—	13345 98
6.	Höfuðstóll geymdur til útborgunar		—	260 49
			Kr.	2213517 26

Gjöld:

1.	Vextir vaxtaeigenda fyrir 1927:			
	a. Ársvextir 5.90%	kr. 104967 84		
	b. Dagvextir 5.40%	— 2612 33		
			kr.	107580 17
2.	Kostnaður		—	6890 94
3.	Vextir fyrir 1926 er biðu útborgunar		—	12279 96
4.	Höfuðstóll:			
	a. Er beið útborgunar f. f. á.	kr. 260 49		
	b. Sem fjell til útborgunar á árinu	— 114 06		
			—	374 55
5.	Sjóður við árslok 1927:			
	a. Veðskuldabrjef	kr. 1993127 00		
	b. Skuldabrjef sveitarfjelaga	— 62250 00		
	c. Vextir útistandandi fyrir árið 1927	— 9637 29		
	d. Innstæða í sparisjóði Landsbankans	— 17796 35		
	e. Í sjóði hjá fjehirði	— 3581 00		
			—	2086391 64
			Kr.	2213517 26

Söfnunarsjóður Íslands.

Reykjavík, 20. febrúar 1928.

Vilhj. Briem. *Guðjón Guðlaugsson.* *Sigurður Gunnarsson.*

89

YFIRLIT

yfir efnahag Söfnunarsjóðs Íslands í árslok 1927.

Eignir:

1.	Veðskuldabrjef	kr.	1993127 00
2.	Skuldabrjef sveitarfjelaga	—	62250 00
3.	Ógreiddir vextir fyrir ár 1927	—	9637 29
4.	Innstæða í sparisjóði í Landsbankanum	—	17796 35
5.	Í sjóði hjá fjehirði	—	3581 00
		Kr.	2086391 64

Skuldir:

1.	Innstæða vaxtaeigenda:			
	a. Í aðaldeild	kr.	1828486 49	
	Þar af í erfingjarentudeild kr. 16176 78.			
	b. Í útborgunardeild	—	134137 31	
	c. Í bústofnsdeild	—	6550 37	
	d. Í ellistyrktardeild	—	653 39	
				kr. 1969827 56
2.	Vextir fyrir 1927 geymdir til útborgunar			— 13345 98
3.	Höfuðstóll geymdur til útborgunar			— 260 49
4.	Varasjóður í árslok 1927			— 102957 61
				Kr. 2086391 64

Söfnunarsjóður Íslands.

Reykjavík, 20. febrúar 1928.

Vilhj. Briem. *Guðjón Guðlaugsson.* *Sigurður Gunnarsson.*

REIKNINGUR 90

yfir tekjur og gjöld Bjargráðasjóðs Íslands árið 1927.

Tekjur:

1.	Sjóður frá f. á.:			
	I. Bjargráðasjóður sveitarfjelaga:			
	a. Í lánum .. kr. 44400 00			
	b. Á hlaupareikningi í Landsb. .. — 333860 90			
		kr. 378260 90		
	II. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður:			
	a. Í lánum .. kr. 4600 00			
	b. Á hlaupareikningi í Landsb. .. — 378885 96			
		kr. 383485 96		
			kr.	761746 86
2.	Bjargráðasjóðsgjöld sveitarfjelaga ..... (Þar af ógreitt úr Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu kr. 450 25).		—	24268 00
3.	Tillag úr ríkissjóði		—	25239 00
4.	**Vextir:**			
	a. Af inneign Bjargráðasj. sveitarfjel. á hlaupareikn. í Landsb.	kr. 14714 53		
	b. Af lánum úr bjargráðasj. sveitarfjelaga	— 2220 00		
	c. Af inneign hins sameiginlega Bjargráðasj. á hlaupareikn. í Landsb.	— 16719 28		
	d. Af lánum úr hinum sameiginl. Bjargráðasjóði	— 155 00		
			—	33808 81
	Ógoldnir vextir 1927 af láni úr hinum sameiginlega Bjargráðasjóði		—	75 00
5.	Afborganir lána:			
	a. Af lánum úr Bjargráðasjóði sveitarfjelaga	kr. 1050 00		
	Flyt	kr. 1050 00	kr.	845137 67

90

	Flutt .... kr.	1050 00	kr.	845137 67
b. Af lánum úr hinum sameiginl. Bjargráðasjóði	—	725 00		
			—	1775 00
6. Til jafnaðar við gjaldlið 2			—	11100 00
7. Til jafnaðar við gjaldlið 3			—	5000 00
			Kr.	863012 67

Gjöld:

1. Kostnaður við sjóðinn			kr.	1217 75
2. Lánað úr Bjargráðasjóði sveitarfjelaga			—	11100 00
3. Lánað úr hinum sameiginlega Bjargráðasjóði			—	5000 00
4. Til jafnaðar við tekjulið 5 a. og b.			—	1775 00
I. Bjargráðasjóður sveitarfjelaga:				
a. Ógreidd Bjargráðasjóðsgjöld 1927 úr Barðastrandarsýslu (innist. sjá fyrv. sýslumanni Einari Jónassyni)	kr.	450 25		
b. Í lánum ..	—	54450 00		
c. Á hlaupareikningi í Landsb. ..	—	364563 18		
		kr.	419463 43	
II. Hinn sameiginlegi Bjargráðasjóður:				
a. Ógoldnir vextir 1927	kr.	75 00		
b. Í lánum ..	—	8875 00		
c. Á hlaupareikningi í Landsb. ..	—	415506 49		
		kr.	424456 49	
			—	843919 92
			Kr.	863012 67

Reykjavík, 10. ágúst 1928.

F. h. bjargráðastjórnarinnar.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR 91

yfir tekjur og gjöld Fiskiveiðasjóðs Íslands árið 1927.

Tekjur:

1.	Sjóður frá f. á.:				
	a. Skuldabrjef fyrir lánum	kr.	231923 22		
	b. Ógreiddir vextir 1926	—	119 46		
	c. Ríkisskuldabrjef	—	2000 00		
	d. Skuldabrjef Reykjavíkurhafnar	—	284000 00		
	e. Skipið Stefnir	—	5000 00		
	f. Í Landsbankanum í hlaupareikningi	—	37079 49		
				—	560122 17
2.	Vextir greiddir á árinu:				
	a. Af útistandandi lánum	kr.	11583 25		
	b. — ríkisskuldabrjefum	—	55 00		
	c. — skuldabrjefum Reykjavíkurhafnar	—	17040 00		
	d. Af bankainnstæðu	—	767 81		
				—	29446 06
3.	Ógoldnir vextir			—	119 46
4.	Afborganir lána			—	19593 25
5.	Tillag úr ríkissjóði			—	6000 00
				Kr.	615280 94

Gjöld:

1.	Styrkur til fiskiveiðatímaritsins Ægir			kr.	1000 00
2.	Gjöld sjóðsins			—	1200 00
3.	Styrkur til Árna Friðrikssonar			—	1000 00
4.	Útgjöld við skipið Stefnir			—	450 01
5.	Til jafnaðar tekjulið 4			—	19593 25
6.	Sjóður til næsta árs:				
	a. Skuldabrjef fyrir lánum	kr.	294929 97		
	b. Ógoldnir vextir 1926 og 1927	—	238 92		
	c. Ríkisskuldabrjef	—	2000 00		
	d. Skuldabrjef Reykjavíkurhafnar	—	261000 00		
	e. Skipið Stefnir	—	5000 00		
	f. Í Landsbankanum í hlaupareikningi	—	28868 79		
				—	592037 68
				Kr.	615280 94

Reykjavík, 20. október 1928.

Vigfús Einarsson.

92

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Christians konungs tíunda og Alexandrine drotningar til styrktar fátækum sjómannaekkjum í Reykjavík árið 1927.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stjtíð. 1927, bls. 331):				
	a. Lán gegn fasteignarveði	kr.	5000 00		
	b. Í Landsbankanum	—	1559 28		
				kr.	6559 28
2.	Vextir:				
	a. Af veðskuldarbrjefi	kr.	300 00		
	b. Af bankainnstæðu	—	96 52		
				—	396 52
3.	Ágóði af bankavaxtabrjefakaupum			—	341 00
				Kr.	7296 80

Gjöld:

1.	Sjóður til næsta árs:				
	a. Lán gegn fasteignaveði	kr.	4000 00		
	b. Bankavaxtabrjef	—	3100 00		
	c. Í Landsbankanum	—	196 80		
				kr.	7296 80
				Kr.	7296 80

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 24. janúar 1928.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR 93

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Frederiks konungs Áttunda árið 1927.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1927, B, bls. 331):				
a. Bankavaxtabrjef	kr.	12000 00		
b. Skuldabrjef Reykjavíkurkaupst.	—	1000 00		
c. Í Landsbankanum	—	1499 24		
			kr.	14499 24
2. Vextir:				
a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	540 00		
b. Af skuldabrjefi Reykjavíkurkaupstaðar	—	65 00		
c. Af bankainnstæðu	—	100 40		
			—	705 40
3. Ágóði á bankavaxtabrjefakaupum			—	220 00
			Kr.	15424 64

Gjöld:

1. Sjóður til næsta árs:				
a. Veðskuldarbrjef	kr.	5000 00		
b. Bankavaxtabrjef	—	9000 00		
c. Skuldabrjef Reykjavíkurkaupst.	—	1000 00		
d. Í Landsbankanum	—	424 64		
			kr.	15424 64
			Kr.	15424 64

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 24. janúar 1928.

Vigfús Einarsson.

94

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Christians konungs Níunda árið 1927.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1927, B, bls. 332):					
a. Innritunarskírteini	kr	8600	00		
b. Veðskuldarbrjef	—	1000	00		
c. Bankavaxtabrjef	—	2700	00		
d. Í Landsbankanum	—	664	39		
				kr.	12964 39
2. Vextir:					
a. Af innritunarskírteini	kr.	301	00		
b. Af veðskuldabrjefum	—	50	00		
c. Af bankavaxtabrjefum	—	121	50		
d. Af bankainnstæðu	—	28	07		
				—	500 57
				Kr.	**13464 96**

Gjöld:

1. Heiðursgjafir veittar:					
a. Stefáni Árnasyni, Ásunnarstöðum	kr.	150	00		
b. Sigurði Þórðarsyni, Stóra-Fjarðarhorni	—	150	00		
				kr.	300 00
2. Sjóður næsta árs:					
a. Innritunarskírteini	kr.	8600	00		
b. Veðskuldabrjef	—	1000	00		
c. Bankavaxtabrjef	—	2700	00		
d. Í Landsbankanum	—	864	96		
				—	13164 96
				Kr.	**13464 96**

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 24. janúar 1928.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR 95

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Þórarins Tulinius árið 1927.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1927, B, bls. 329):				
	a. Ríkisskuldabrjef	kr.	200 00		
	b. Bankavaxtabrjef	—	2000 00		
	c. Í Landsbankanum	—	11143 76		
				kr.	13343 76
2.	Vextir:				
	a. Af ríkisskuldabrjefum	kr.	11 00		
	b. Af bankavaxtabrjefum	—	150 80		
	c. Af bankainnstæðu	—	133 06		
				—	294 86
3.	Ágóði á kaupum bankavaxtabrjefa			—	473 00
4.	Ágóði á kaupum skuldabrjefa Reykjavíkur			—	480 00
				Kr.	14591 62

Gjöld:

1.	Sjóður til næsta árs:				
	a. Ríkisskuldabrjef	kr.	200 00		
	b. Bankavaxtabrjef	—	6300 00		
	c. Skuldabrjef .Reykjavíkurkaupst.	—	8000 00		
	d. Í Landsbankanum	—	91 62		
				kr.	14591 62
				Kr.	14591 62

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 24. janúar 1928.

Vigfús Einarsson.

96

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld V. Gigas's árið 1927.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. B, 1927, bls. 333):				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	4000 00		
	b. Skuldabrjef Reykjavíkurkaupst.	—	1000 00		
	c. Í Landsbankanum	—	1006 00		
				kr.	6006 00
2.	Vextir:				
	a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	180 00		
	b. Af skuldabrjefi Reykjavíkur-kaupstaðar	—	65 00		
	c. Af bankainnstæðu	—	41 83		
				—	286 83
3.	Ágóði af kaupum bankavaxtabrjefs			—	110 00
				Kr.	**6402 83**

Gjöld:

1.	Sjóður til næsta árs:				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	5000 00		
	b. Skuldabrjef Reykjavíkurkaupst.	—	1000 00		
	c. Í Landsbankanum	—	402 83		
				kr.	6402 83
				Kr.	6402 83

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 24. janúar 1928.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR 97

yfir tekjur og gjöld Gjafarsjóðs W. Fiskes til Grímseyinga árið 1927.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1927, B. bls. 334):				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	20900 00		
	b. Veðskuldabrjef	—	25000 00		
	c. Í Landsbankanum	—	1408 01		
				kr.	47308 01
2.	Vextir:				
	a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	940 50		
	b. Af veðskuldabrjefum	—	1275 00		
	c. Af bankainnstæðu	—	133 72		
				—	2349 22
3.	Ágóði af kaupum bankavaxtabrjefa			—	330 00
				Kr.	49987 23

Gjöld:

1.	Styrkur til Grímseyinga			kr.	2180 82
2.	Sjóður til næsta árs:				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	21800 00		
	b. Veðskuldabrjef	—	26000 00		
	c. Í Landsbankanum	—	6 41		
				—	47806 41
				Kr.	49987 23

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 24. janúar 1928.

Vigfús Einarsson.

98

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs W. Fischers árið 1927.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1927, B. bls. 335):				
	a. Innritunarskírteini	kr.	20000 00		
	b. Bankavaxtabrjef	—	5000 00		
	c. Skuldabrjef Reykjavíkurkaupst.	—	4000 00		
	d. Veðskuldarbrjef	—	9700 00		
	e. Lán Seyðisfjarðarkaupstaðar ...	—	8830 00		
	f. Í Landsbankanum	—	1618 27		
				kr.	49148 27
2.	Vextir:				
	a. Af innritunarskírteini	kr.	700 00		
	b. Af bankavaxtabrjefum	—	225 00		
	c. Af skuldabrjefum Rvk.kaupst. ..	—	195 00		
	d. Af veðskuldabrjefum	—	545 00		
	e. Af láni Seyðisfj.kaupstaðar	—	452 10		
	f. Af bankainnstæðu	—	84 83		
				—	2201 93
3.	Ágóði af vaxtabrjefakaupum			—	220 00
4.	Endurgreitt erfðafjárgjald úr búi sjóðstofnanda ..			—	355 77
				Kr.	51925 97

Gjöld:

1.	Styrkur veittur			kr.	1600 00
2.	Greitt fyrir auglýsingar			—	27 26
3.	Sjóður til næsta árs:				
	a. Innritunarskírteini	kr.	20000 00		
	b. Bankavaxtabrjef	—	6000 00		
	c. Skuldabrjef Rvk.kaupstaðar	—	4000 00		
	d. Veðskuldabrjef	—	9650 00		
	e. Lán Seyðisfjarðarkaupstaðar ..	—	8000 00		
	f. Í Landsbankanum	—	2648 71		
				—	50298 71
				Kr.	51925 97

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 29. febrúar 1928.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR 99

yfir tekjur og gjöld Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1927.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1927, B, bls. 336):				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	6000 00		
	b. Skuldabrjef Reykjavíkurkaupst.	—	2000 00		
	c. Veðskuldarbrjef	—	2500 00		
	d. Í Landsbankanum	—	1856 40		
				kr.	12356 40
2.	Vextir:				
	a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	293 66		
	5. Af skuldabrjefum Rvk.kaupst. .	—	130 00		
	c. Af veðskuldabrjefi	—	125 00		
	d. Af bankainnstæðu	—	78 41		
				—	603 41
3.	Ágóði á kaupum bankavaxtabrjefa			—	264 00
				Kr.	13247 47

Gjöld:

1.	Styrkur til systur stofnanda			kr	120 00
2.	Sjóður til næsta árs:				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	7400 00		
	b. Skuldabrjef Reykjavíkurkaupst.	—	2000 00		
	c. Veðskuldabrjef	—	2500 00		
	d. Í Landsbankanum	—	1227 47		
				—	13127 47
				Kr.	13247 47

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 24. janúar 1928.

Vigfús Einarsson.

100

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Páls Jónssonar árið 1927.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1927, B. bls. 336):		
	Í Landsbankanum	kr.	1222 73
2.	Vextir	—	41 67
		Kr.	1264 40

Gjöld:

1.	Styrkur til Guðrúnar Markúsdóttur	kr.	600 00
2.	Sjóður til næsta árs	—	664 40
		Kr.	1264 40

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 24. janúar 1928.

Vigfús Einarsson.

101

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta í hinu fyrverandi Suðuramti árið 1927.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1927, B. bls. 337):				
	a. Veðskuldabrjef	kr.	5000 00		
	b. Bankavaxtabrjef	—	1000 00		
	c. Í Landsbankanum	—	1764 86		
				kr.	7764 86
2.	Vextir:				
	a. Af veðskuldabrjefum	kr.	300 00		
	b. Af bankavaxtabrjefum	—	64 72		
	c. Af bankainnstæðu	—	65 20		
				—	429 92
3.	Ágóði af bankavaxtabrjefakaupum			—	220 00
				Kr.	8414 78

Gjöld: 101

1. Styrkur veittur			kr.	70 00
2. Sjóður til næsta árs:				
a. Veðskuldabrjef	kr.	5000 00		
b. Bankavaxtabrjef	—	3000 00		
c. Í Landsbankanum	—	344 78		
			—	8344 78
			Kr.	8414 78

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 24. janúar 1928.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR 102

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs Gísla Jóns Nikulássonar árið 1927.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1927, B. bls. 338):				
a. Veðskuldabrjef	kr.	2500 00		
b. Bankavaxtabrjef	—	4000 00		
c. Í Landsbankanum	—	1772 01		
			kr.	8272 01
2. Vextir:				
a. Af veðskuldabrjefi	kr.	125 00		
b. Af bankavaxtabrjefum	—	180 00		
c. Af bankainnstæðu	—	79 43		
			—	384 43
3. Ágóði á bankavaxtabrjefakaupum			—	220 00
			Kr.	8876 44

Gjöld:

1. Sjóður til næsta árs:				
a. Veðskuldabrjef	kr.	2500 00		
b. Bankavaxtabrjef	—	6000 00		
c. Í Landsbankanum	—	376 44		
			kr.	8876 44
			Kr.	8876 44

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 24. janúar 1928.

Vigfús Einarsson.

103

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1927.

Tekjur:

1.	Sjóður frá fyrra ári (Stj.tíð. 1927, B. bls. 338):				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	4000 00		
	b. Veðskuldabrjef	—	3000 00		
	c. Í Landsbankanum	—	2132 52		
				kr.	9132 52
2.	Vextir:				
	a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	195 47		
	b. Af veðskuldabrjefum	—	150 00		
	c. Af bankainnstæðu	—	86 91		
				—	432 38
3.	Ágóði á bankavaxtabrjefakaupum			—	242 00
				Kr.	9806 90

Gjöld:

1.	Sjóður til næsta árs:				
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	6200 00		
	b. Veðskuldabrjef	—	3000 00		
	c. Í Landsbankanum	—	606 90		
				kr.	9806 90
				Kr.	9806 90

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 24. janúar 1928.

Vigfús Einarsson.

REIKNINGUR 104

yfir tekjur og gjöld Gjafasjóðs C. Liebes árin 1926 og 1927.

Tekjur:

1. Sjóður í ársbyrjun 1926 (Stj.tíð. 1926, B, bls. 292):				
a. Bankavaxtabrjef	kr.	11900 00		
b. Skuldabrjef Reykjavíkur	—	1000 00		
			kr.	12900 00
2. Vextir 1926:				
a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	535 50		
b. Af skuldabrjefi Reykjavíkur .	—	65 00		
			—	600 50
3. Vextir 1927:				
a. Af bankavaxtabrjefum	kr.	535 50		
b. Af skuldabrjefi Reykjavíkur .	—	65 00		
			—	600 50
			Kr.	14101 00

Gjöld:

1. Greitt Búnaðarfjelagi Íslands 1926			kr.	600 50
2. Greitt Búnaðarfjelagi Íslands 1927			—	600 50
3. Sjóður í árslok 1927:				
a. Bankavaxtabrjef	kr.	11900 00		
b. Skuldabrjef Reykjavíkur	—	1000 00		
			—	12900 00
			Kr.	14101 00

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 24. janúar 1928.

Vigfús Einarsson.

105 **REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðsins Þorvaldarminning árið 1927.

Tekjur:

1. Sjóður frá f. á. (Stj.tíð. 1927, B, bls. 339):					
a. í Söfnunarsjóði	kr.	9932	69		
b. Í Landsbankanum	—	1088	97		
				kr.	11021 66
2. Vextir:					
a. Af Söfnunarsjóðsinnstæðu ...	kr.	586	03		
b. Af bankainnstæðu	—	40	15		
				—	626 18
				Kr.	11647 84

Gjöld:

1. Styrkur veittur:					
a. Kristjáni Einarssyni	kr.	125	00		
b. Áskeli Jóhannessyni	—	100	00		
c. Sæmundi Friðjónssyni	—	125	00		
				kr.	350 00
2. Sjóður til næsta árs:					
a. Í Söfnunarsjóði	kr.	10128	04		
b. Í Landsbankanum	—	1169	80		
				—	11297 84
				Kr.	11647 84

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 8. júlí 1928.

Vigfús Einarsson.

106

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum árið 1927.

Tekjur:

2.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1927, B. bls. 340):				
	a. Lán Seyðisfjarðarkaupstaðar .	kr.	800 00		
	b. Lán gegn fasteignarveði og ábyrgð sýslufjelaga	—	42950 00		
	c. Bankavaxtabrjef	—	2800 00		
	d. Skuldabrjef Reykjavíkurkaupstaðar	—	2000 00		
	e. Í Landsbankanum	—	2679 55		
				kr.	51229 55
2.	Vextir:				
	a. Af láni Seyðisfjarðarkaupst. .	kr.	45 90		
	b. Af lánum gegn fasteignaveði og ábyrgð sýslufjelaga	—	2179 27		
	c. Af bankavaxtabrjefum	—	126 00		
	d. Af skuldabrjefum Reykjavíkurkaupstaðar	—	130 00		
	e. Af bankainnstæðu	—	78 38		
				—	2559 55
				Kr.	53789 10

Gjöld:

1.	Styrkur til Búnaðarsambands Austurlands			kr.	1200 00
2.	Sjóður til næsta árs:				
	a. Lán gegn fasteignarveði og ábyrgð sýslufjelaga	kr.	42400 00		
	b. Bankavaxtabrjef	—	2800 00		
	c. Skuldabrjef Reykjavíkurkaupstaðar	—	2000 00		
	d. Í Landsbankanum	—	5389 10		
				—	52589 10
				Kr.	53789 10

Í atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, 28. júní 1928.

Vigfús Einarsson.

107 **REIKNINGUR**

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs hjónanna Jóh. Jóhannessonar og Sigurbjargar Guðnadóttur árið 1927.

Tekjur:

1. Sjóður frá f. á.:					
Prókúru fyrir firmað hefir H. I. Gíslason, Lindargötu 41, Reykjavík og ritar hann firmað þannig:

p. p. „Bifröst, Garðar S. Gíslason"
H. I. Gíslason.

Garðar S. Gíslason ritar firmað þannig:
„Bifröst, Garðar S. Gíslason"
G. S. Gíslason.

Konráð Gíslason ritar firmað þannig:
„Bifröst, Garðar S. Gíslason"
Konráð Gíslason.
Reykjavík, 8. ágúst 1928.
Konráð Gíslason. G. S. Gíslason.

24. Hjer með tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við, Guðni Einarsson, Öldugötu 28, Reykjavík, og Einar Tómasson, Bergstaðastíg 24 B, Reykjavík, rekum verslun með kol með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu Kolaverslun Guðna Einarssonar & Einars. Og höfum báðir rjett til að rita firmað.

Guðni Einarsson ritar firmað þannig:
Kolaverslun Guðna Einarssonar & Einars.
Guðni Einarsson.

131 Einar Tómasson ritar firmað þannig:
Kolaverslun Guðna Einarssonar & Einars.
Einar Tómasson.
Reykjavík, 23. ág. 1928.
Guðni Einarsson. Einar Tómasson.

25. Jeg, Ólöf Sigurðardóttir, eigandi Raftækjaverslunin Jón Sigurðsson Reykjavík, gef hjermeð herra rafvirkja Jónasi Guðmundssyni, Kárastíg 13, umboð sem prókúrista fyrir nefnt firma og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkv. lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.
Firmað ritar hann þannig:
p. p. Rafvirkjaverslunin Jón Sigurðsson.
Jónas Guðmundsson.
Reykjavík, 25. ágúst 1928.
Ólöf Sigurðardóttir.

26. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg, Vilhjálmur J. Húnfjörlð, til heimilis á Njálsgötu 82, Reykjavík, er genginn úr firmanu Verslunin Berlín, Reykjavík, og heldur herra Sigvaldi Jónsson, Lindargötu 7 B, versluninni áfram undir sama nafni og með fullri ábyrgð frá 3. júlí þ. á. og ber hann alla ábyrgð á skuldbindingum firmans frá sama degi.
Reykjavík, 27. ágúst 1928.
Sigvaldi Jónsson. Vilhjálmur J. Húnfjörð.

27. Jeg undirrituð, Guðbjörg Sigurðardóttir, til heimilis Vesturgötu 36, Reykjavík, tilkynni hjermeð til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg ein rek verslun hjer í bænum undir firmanafninu „Barnafataverslunin" aðallega með vefnaðarvörur og smávörur.
Jeg ein hefi rjett til að rita firmað og ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess.
Firmað rita jeg þannig:
„Barnafataverslunin"
Guðbjörg Sigurðardóttir.
Reykjavík, 21. sept. 1928.
Guðbjörg Sigurðardóttir.

28. Jeg undirrituð frú Soffía Jóhannesdóttir, kaupm., Ísafirði, er leyst hefi borgarabrjef í Reykjavík og rek þar verslun, tilkynni hjermeð til firmaskrárinnar, að jeg veiti herra Axel Ketilssyni, kaupmanni, Ísafirði, prókúruumboð fyrir verslun mína í Reykjavík, með öllum skyldum og rjettindum, sem prókúristar hafa að lögum.

131

Firmað ritar hann þannig:
p. p. S. Jóhannesdóttir.
Axel Ketilsson.
Ísafirði, 24. september 1928.
S. Jóhannesdóttir.

29. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undirritaðar, ungfrú Guðrún Þórarinsdóttir, Laufásveg 45, frú Ingileif Aðils, Laufásveg 45, og frú Guðríður Þórðarson, Sóleyjargötu 3, rekum verslun og hárgreiðslustofu, með ótakmarkaðri ábyrgð, hjer í bænum, undir firmanafninu „Ondola" — Guðrún Þórarinsdóttir. Allar höfum við rjett til að rita firmað.
Ungfrú Guðrún Þórarinsdóttir ritar firmað þannig:
Hárgreiðslustofan Ondola.
Guðrún Þórarinsdóttir.
Frú Ingileif Aðils ritar firmað þannig:
Hárgreiðslustofan Ondola.
Ingileif Aðils.
Frú Guðríður Þórðarson ritar firmað þannig:
Hárgreiðslustofan Ondola.
Guðríður Þórðarson.
Reykjavík, 9. okt. 1928.
Guðrún Þórarinsdóttir. Ingileif S. Aðils. G. Þórðarson.

30. Jeg undirritaður Jóhann Karlsson, til heimilis Ingólfsstræti 21 B, Reykjavík, tilkynni hjermeð til firmaskrár Reykjavíkur, að jeg rek hjer í bænum með ótakmarkaðri ábyrgð, smásöluverslun með allskonar vörur, sjerstaklega þó nýlenduvöru og matvöru, undir firmanafninu: „Verslunin Gunnarshólmi".
Jeg einn hefi rjett til að rita firmað. Firmanafnið rita jeg þannig: „Verslunin Gunnarshólmi",
Jóhann Þ. Karlsson.
Reykjavík, 10. okt. 1928.
Jóhann Karlsson.

31. Í dag er Júlíus Schopka orðinn meðeigandi firmans Á. Einarsson & Funk í Reykjavík og ritar hann firmað þannig:
Á. Einarsson & Funk.
J. Schopka.
Prókúru-umboð hans er þar með fallið niður.
Reykjavík, 12. nóv. 1928.
J. Schopka.
Á. Einarsson & Funk.
Gustav Funk.

131 32. Hjermeð tilkynnist til firmaskrár Reykjavíkur, að við undiritaðir: Pjetur Guðfinnsson, Brag. 38, Reykjavík, Ingólfur Þorsteinsson, Lindarg. 9, Reykjavík, Jón Þorsteinsson, Grettisg. 70, Reykjavík, Haraldur Sigfússon, Óðinsg. 15, Reykjavík, Einar Guðmundsson, Vesturg. 53, Reykjavík, Árni Pálsson, Sölvhól 12, Reykjavík, Guðmundur Ólafsson, Hverfisg. 100 B, Reykjavík, Kjartan Filippusson, Bergþórug. 5, Reykjavík, Þorsteinn Kristjánsson, Lauganesveg, Reykjavík, rekum bifreiðastöð undir firmanafninu „Vörubílastöð Íslands, Ingólfur Þorsteinsson" í Reykjavík með ótakmarkaðri ábyrgð. Starfsemi hennar er flutningur með vörubifreiðum. Ingólfur Þorsteinsson hefir prókúru og einn rjett til að rita firmað.

Firmað ritar hann þannig:

Vörubílastöð Íslands, Ingólfur Þorsteinsson.

Ingólfur Þorsteinsson.

Prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Vörubílastöð Íslands, Ingólfur Þorsteinsson.

Ingólfur Þorsteinsson.

Ingólfur Þorsteinsson. Pjetur Guðfinnsson. Árni Pálsson.
Þorsteinn Kristjánsson. Kjartan Filippusson.
Einar Guðmunsson. Jón Þorsteinsson. Guðmundur Ólafsson.
Haraldur Sigfússon.

II. Barðastrandarsýsla.

1. Jeg undirritaður Guðmundur Sigurðsson, eigandi verslunarinnar Baldur á Bíldudal, veiti hjer með herra Árna Jónssyni til heimilis í Ingólfsstræti 21 Reykjavík, prókúruumboð fyrir verslun mína, og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkvæmt lögum.

Prókúruhafinn ritar firmað þannig:

p. p. Verslunin Baldur Bíldudal.
Árni Jónsson.
Bíldudal, 26. mars 1928.
Verslunin Baldur.
G. Sigurðsson.

III. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.

1. Hjer með tilkynnist til firmaskrárinnar, að jeg hefi í dag veitt herra Jóni J. Fannberg prókúruumboð fyrir verslun mína hjer í Bolungavík, og ritar hann firmað þannig:

pr. pr. Verslun Pjeturs Oddssonar, Bolungavík.
Jón J. Fannberg.
Bolungavík, 31. des. 1927.
Pjetur Oddsson.

2. Það tilkynnist að jeg undirritaður hefi afsalað mjer allra rjettinda að „Bifreiðastöð Ísafjarðar“ til þeirra Ingimars Ólasonar og Guðfinns Sigmundssonar, er framvegis reka hana á eigin ábyrgð. **131**

Ísafirði, 18. febrúar 1928.
Sigmundur Sæmundsson.

Samkvæmt ofanrituðu rekum við undirritaðir framvegis á eigin ábyrgð bifreiðastöð á Ísafirði undir nafninu „Bifreiðastöð Ísafjarðar“.

Ísafirði, 18. febrúar 1928.
Ingimar Ólason.
Guðfinnur Sigmundsson.

3. Hjer með tilkynnist til firmaskrárinnar, að jeg rek verslun, útgerð, fiskverkun og aðrar skyldar atvinnugreinar hjer í Bolungavík undir eigin nafni og með fullri ábyrgð.

Herra Árni E. Árnason, Bolungavík, hefir prókúruumboð fyrir firmað með öllum rjettindum prókúrista og ritar hann firmað þannig:
pr. pr. verslun E. Guðfinnssonar.
Árni E. Árnason.
Bolungavík, 4. september 1928.
Einar Guðfinnsson.

4. Jeg undirritaður, Ólafur J. Stefánsson, skósmíðameistari á Ísafirði, veiti hjer með herra skósmið Páli Guðmundssyni, Tangagötu 16, Ísafirði, prókúruumboð fyrir skóvinnustofu mína og skóverslun, með öllum rjettindum og skyldum, sem prókúristar hafa að lögum.

Prókúruhafi ritar nafn mitt þannig:
p. p. Ólafur J. Stefánsson.
Páll Guðmundsson.
Ísafirði, 8. september 1928.
Ólafur J. Stefánsson.

IV. Húnavatnssýsla.

1. Sigmundur Sæmundsson, bifreiðarstjóri á Blönduósi, hefir tilkynt hingað til firmaskrárinnar, að hann með ótakmarkaðri ábyrgð reki bifreiðastöð á Blönduósi undir nafninu „Bifreiðastöð Blönduóss“.

V. Siglufjarðarkaupstaður.

1. Guðbrandur Vigfússon ekill Siglufirði, tilkynnir, að hann sem eigandi reki með fullri ábyrgð allskonar vöru- og fólksflutninga í Siglufjarðarkaupstað og umhverfi undir firmanafninu:
Bifreiðastöð Siglufjarðar
og hafi hann einn rjett til þess að rita firmað og skuldbinda það.

131 Firmað ritar hann þannig:
Bifreiðastöð Siglufjarðar.
Guðbrandur Vigfússon.

2. Hlutafjelagið Ásgeir Pjetursson hefir heimili og varnarþing á Siglufirði. Tilgangur fjelagsins er að kaupa og leigja grunna til síldar- og fiskverkunar. Samþyktir fjelagsins eru dagsettar 6. október 1928. Stofnendur: Ásgeir Pjetursson, útgm., Guðmundur Pjetursson, útgm., Stefán Jónasson, útgm., Bryndís Ásgeirsdóttir, Sigurður Kristjánsson, öll á Akureyri. Stjórn: Ásgeir Pjetursson, formaður, Sigurður Kristjánsson, ritari, og Guðmundur Pjetursson, varaformaður. Framkvæmdarstjóri er Ásgeir Pjetursson með prókúruumboði. Hlutafjeð er 10000 kr., skift í 20 hluti á 500 kr., alt innborgað. 1 atkv. fylgir hverjum 500 kr. hlut, þó eigi yfir 1/5 hjá sama hluthafa. Hlutabrjef hljóða á nafn. Hlutafjársöfnun er lokið. Engin sjerrjettindi fylgja hlutum og engin lausnarskylda fylgir þeim, en hlutabrjef verða þó eigi seld nema með samþykki fjelagsstjórnar. Fundi skal boða í ábyrgðarbrjefi eða símskeyti. Einhverjir tveir úr stjórninni rita firmað, þó þarf undirskrift allrar stjórnarinnar til þess að selja eða veðsetja fasteignir fjelagsins. Stjórnin undirritar þannig:

f. h. h/f. Ásgeir Pjetursson.
Ásgeir Pjetursson.
Guðmundur Pjetursson.
eða
Ásgeir Pjetursson.
Sigurður Kristjánsson.
eða
Guðmundur Pjetursson.
Sigurður Kristjánsson.

Framkvæmdarstjóri ritar firmað um alt er snertir venjulegan rekstur þess þannig:

f. h. h/f. Ásgeir Pjetursson.
Ásgeir Pjetursson.

VI. Norður-Múlasýsla og Seyðisfjarðarkaupstaður.

1. Hjer með afturkallast prókúruumboð það, sem Sigurður Vilhjálmsson hefir farið með, síðan 26. apríl 1920, og leyfum við undirritaðir stjórnendur Kaupfjelags Austfjarða oss jafnframt að tilkynna, að hjer eftir hefir Guðmundur Bjarnason á Seyðisfirði fult prókúruumboð samkv. lögum fyrir kaupfjelagið.

131

Firmað ritar hann þannig:
p. p. Kaupfjelag Austfjarða.
Guðm. Bjarnason.
Seyðisfirði, 5. janúar 1928.
Kaupfjelag Austfjarða.
Karl Finnbogason. Hjálmar Vilhjálmsson. Árni Friðriksson.

2. Þórunn E. Kristjánsdóttir rekur verslun á Vopnafirði undir nafninu: „Verslunin Framtíðin".
Rjett til að rita firmað hefir:
Þórunn E. Kristjánsdóttir.
Prókúru hefir:
Guðni J. Kristjánsson.
Undirskriftum er hagað þannig:
Þórunn E. Kristjánsdóttir ritar firmað:
Verslunin Framtíðin.
Þórunn E. Kristjánsdóttir.
Guðni J. Kristjánsson ritar firmað:
p. p. Verslunin Framtíðin.
Guðni J. Kristjánsson.
Vopnafirði, 12. mars 1928.
Þórunn E. Kristjánsdóttir.
Í dag hefir hr. Guðni J. Kristjánsson fengið prókúruumboð fyrir firmað Verslunin Framtíðin og ritar hann firmað þannig:
p. p. Verslunin Framtíðin.
Guðni J. Kristjánsson.
Vopnafirði, 12. mars 1928.
Þórunn E. Kristjánsdóttir.

VII. Suður-Múlasýsla.

1. Sæmundur E. Þorvaldsson og Pjetur L. Waldorff, báðir til heimilis á Norðfirði, tilkynna til firmaskrárinnar í Suður-Múlasýslu, að þeir undir firmanafninu S. Þorvaldsson & Waldorff, reki verslun á Norðfirði.
Fjelagið er með ótakmarkaðri ábyrgð beggja fjelagsmanna, og þeir rita báðir firmað.
Sæmundur Þorvaldsson ritar firmað þannig:
S. Þorvaldsson & Waldorff.
S. Þorvaldsson.

131 Pjetur Waldorff ritar firmað þannig:
S. Þorvaldsson & Waldorff.
P. Waldorff.
Norðfirði, 30. des. 1927.
Pjetur L. Waldorff. Sæmundur E. Þorvaldsson.

2. Kaupfjelag Fáskrúðsfjarðar hefir heimili og varnarþing á Búðum í Búðahreppi. Samþyktir fjelagsins eru dagsettar 14. jan. 1928. Tilgangur þess er að reka verslun með samvinnusniði. Stjórn fjelagsins skipa: Ragnar Sigurðsson, verslunarmaður á Búðum, Valdemar Lúðvíksson, bóndi í Hafnarnesi og Höskuldur Magnússon, útgerðarmaður, samastaðar. Framkvæmdarstjóri: Ragnar Sigurðsson, Búðum. Heimild til að rita firmað hafa 2 stjórnendur saman. Rita þeir firmað þannig:

Kaupfjelag Fáskrúðsfjarðar.
Ragnar Sigurðsson.
Valdemar Lúðvíksson.
eða
Kaupfjelag Fáskrúðsfjarðar.
Ragnar Sigurðsson.
Höskuldur Magnússon.
eða
Kaupfjelag Fáskrúðsfjarðar.
Valdemar Lúðvíksson.
Höskuldur Magnússon.

Framkvæmdarsjóri er prókúruhafi fyrir fjelagið og ritar hann firmað þannig:

p. p. Kaupfjelag Fáskrúðsfjarðar.
Ragnar Sigurðsson.

Fjelagsmenn ábyrgjast allir fyrir einn og einn fyrir alla, sem sjálfsskuldarábyrgðarmenn allar skuldbindingar fjelagsins. Inngöngueyrir er 10 kr. fyrir hvern fjelagsmann. Í stofnsjóð leggjast árlega 3% af verði aðkeyptrar vöru. Árgjald í varasjóð er 1% af viðskiftaveltu fjelagsins.

Fjelagið hefir verslunarleyfi.

3. Vjer undirritaðir Jón Pálsson og Þorvarður Sölvason, sem höfum rekið verslun á Reyðarfirði í fjelagi undir firmanafninu Sölvason & Co., höfum ákveðið að slíta fjelaginu, Jón Pálsson gengur úr því, en Þorvarður Sölvason heldur versluninni áfram undir sama nafni.

Reyðarfirði, 3. febr. 1928.
Jón Pálsson. Þ. Sölvason.

VIII. Skaftafellssýsla. 131

1. Undirrituð stjórn Kaupfjelags Skaftfellinga í Vík, veitir hjer með bókhaldara Sigurjóni Kjartanssyni prókúruumboð fyrir fjelagið, frá þessum degi að telja.

Frá sama tíma afturkallast prókúruumboð Bjarna Kjartanssonar fyrir fjelagið.

Hinn nýi prókúruhafi ritar fjelagið þannig:

pr. pr. Kaupfjelag Skaftfellinga.
S. Kjartansson.

Staddir í Vík í Mýrdal, 21. des. 1927.

Lárus Helgason. Sveinn Sveinsson. Ólafur H. Jónsson
Páll Sigurðsson. Sigurjón Kjartansson.

2. Hjer með afturkallast prókúruumboð það, sem Sigurjón Kjartansson hefir farið með, síðan 21. desember 1927 og leyfum vjer undirritaðir stjórnendur Kaupfjelags Skaftfellinga oss jafnframt að tilkynna, að hjer eftir hefir Þórður Pálmason fult prókúruumboð samkvæmt lögum fyrir kaupfjelagið.

Firmað ritar hann þannig:

pr. pr. Kaupfjelag Skaftfellinga.
Þ. Pálmason.

Vík í Mýrdal, 14. júní 1928.

Í stjórn Kaupfjelags Skaftfellinga.
Lárus Helgason. Páll Sigurðsson. Ólafur H. Jónsson.

IX. Rangárvallasýsla.

1. Við undirrituð stjórn Kaupfjelags Hallgeirseyjar, veitum hjer með Ágúst Einarssyni prókúruumboð fyrir fjelagið frá þessum degi að telja.

Frá sama tíma afturkallast prókúruumboð Guðbrands Magnússonar fyrir fjelagið.

Hinn nýi prókúruhafi ritar firmað þannig:

pr. pr. Kaupfjelag Hallgeirseyjar.
Ág. Einarsson.

P. t. Hallgeirsey, 1. júní 1928.

Jakob Ó. Lárusson. Sigurður Vigfússon. Jón Gíslason.
Auðunn Jónsson. Sigurþór Ólafsson.

X. Árnessýsla.

1. Sigurður Kristjáns og Jóhannes Kristjánsson tilkynna, að þeir reki verslun á Eyrarbakka, með fullri ábyrgð.

131 Firmanafn: Bræðurnir Kristjáns.
Sigurður Kristjáns ritar:
Bræðurnir Kristjáns.
S. Kristjáns.
Jóhannes Kristjánsson ritar:
Bræðurnir Kristjáns.
Jóh. Kristjánsson.

2. Firmað S. Ó. Ólafsson & Co. rekur verslun á Selfossi í Sandvíkurhreppi í Árnessýslu. Eigendur firmans eru Guðmundur Guðmundsson, kaupmaður á Selfossi, Júlíus Guðmundsson, stórkaupmaður í Reykjavík og Sigurður Óli Ólafsson, verslunarmaður á Selfossi og eru þeir allir ábyrgir fyrir skuldum þess og geta hver um sig skuldbundið firmað, nema ef um er að ræða lántökur, veðsetningar eða sölu á fasteignum þess, þá þarf undirskrift tveggja og skal annar þeirra ávalt vera Júlíus Guðmundsson.
Guðmundur Guðmundsson ritar firmað þannig:
S. Ó. Ólafsson & Co.
G. Guðmundsson.
Júlíus Guðmundsson ritar firmað þannig:
S. Ó. Ólafsson & Co.
Júlíus Guðmundsson.
Sigurður Óli Ólafsson ritar firmað þannig:
S. Ó. Ólafsson & Co.
Sig. Óli Ólafsson.

XI. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.

1. Undirritaðir, ábyrgir eigendur firmans Þórður og Ingólfur Flygenring í Hafnarfirði, tilkynna hjer með til firmaskrárinnar, að frá 1. apríl s.l. að telja gekk Ingólfur Flygenring úr firmanu, og er því meðundirritaður Þórður Flygenring einn ábyrgur eigandi firmans.
Samtímis breytist firmanafnið þannig, að firmanafnið er eftirleiðis: Þórður Flygenring.
Hafnarfirði, 2. apríl 1928.
Þórður Flygenring. Ingólfur Flygenring.

2. Steindór Einarsson, bifreiðaeigandi, Sellandsstíg nr. 28. í Reykjavík, rekur á eigin ábyrgð bifreiðastöð í Hafnarfirði undir firmanafninu:
Bifreiðastöð Steindórs, Hafnarfirði,
er selur bifreiðaakstur á mönnum og farangri.
Atvinnufyrirtæki þetta hefir heimili og varnarþing í Hafnarfirði. — Forstjóri stöðvarinnar er Jón Ólafsson, Mjósundi 2. Hafnarf.

Prókúruumboð, að því er bankaviðskifti snertir, hefir María 131
Einarsdóttir, Sellandsstíg 28, Reykjavík.
Eigandinn ritar firmað þannig:
pr. Bifreiðastöð Steindórs, Hafnarfirði.
Steindór Einarsson.
Prókúruhafi ritar þannig:
pr. pr. Bifreiðastöð Steindórs, Hafnarfirði.
María Einarsdóttir.
Hafnarfirði, 12. apríl 1928.
Steindór Einarsson.

3. Jeg Þórður Flygenring, útgerðarmaður í Hafnarfirði, gef hjer með herra Beinteini Bjarnasyni umboð sem prókúrista fyrir mig, og hefir hann öll rjetindi prókúrista samkvæmt l. nr. 42, 13. nóv. 1903.
Firmað ritar hann þannig:
p. p. Þórður Flygenring.
Beinteinn Bjarnason.
Hafnarfirði, 19. nóvember 1928.
Þórður Flygenring.

SKRÁ 132

yfir hlutafjelög, sem birt hafa verið í Lögbirtingablaðinu árið 1928.

1. H/f. Vöruhús, Vestmannaeyja.
2. — Shell á Íslandi, Seltjarnarneshreppi, Kjósarsýslu.
3. — Sviði, Hafnarfirði.
4. — Ásgarður, Reykjavík.
5. Bruna- og líftryggingahlutafjelagið „Skåne", Reykjavík.
6. H/f. Fróði, Reykjavík.
7. Vátryggingar hlutafjelagið „Auto", Reykjavík.
8. H/f. Heimir, Reykjavík.
9. — Olíuverslun Íslands, Reykjavík.
10. Aktieselskabet Nordisk Brandforsikring, Reykjavík.
11. H/f. I. Árnason & Bachmann, Reykjavík.
12. — Valur, Hafnarfirði.
13. — Júní, Hafnarfirði.
14. — Ísfjelag Keflavíkur, Keflavík.
15. — Rammi, Siglufirði.
16. — Andri, Eskifirði.

132 17. H/f. Sandgerði, Sandgerði í Gullbringusýslu.
18. — Magnús Thorberg & Co., Reykjavík.
19. — Árvakur, Reykjavík.
20. — Ólafur Proppé, Reykjavík.
21. — Flugfjelag Íslands, Reykjavík.
22. — Eimskipafjelag Vesturlands, Flateyri við Önundarfjörð.
23. — Ármann, Reykjavík.
24. — Karl Thorsteins & Co., Reykjavík.
25. Eagle Star & British Dominions Insurance Company Ltd., Rvík.
23. H/f. Frystihúsfjelag Grundfirðinga, Grundarfirði, Snæfellsnessýslu.
27. — Ísfjelag Stykkishólms, Stykkishólmi.
28. — A. J. Bertelsen & Co., Reykjavík.
29. — Pjetursey, Reykjavík.
30. — Ásgeir Pjetursson, Siglufirði.

133 **SKRÁ**

yfir samvinnufjelög, sem birt hafa verið í Lögbirtingablaðinu árið 1928.

1. Pöntunarfjelag Borgarfjarðar, Bakkagerði í Borgarfirði, Norður-Múlasýslu.
2. Samvinnufjelag Ísfirðinga, Ísafirði.
3. Pöntunarfjelag Þistilfirðinga, Þórshöfn, Þingeyjarsýslu.
4. Samlagsbú Gnúpverja, Stóru-Mástungu, Gnúpverjahreppi, Árnessýslu
5. Mjólkurfjelag Ölfusinga, Ölfushreppi, Árnessýslu.
6. Verslunarfjelag Skagfirðinga, Sauðárkróki.

ÚTKOMIÐ Í A-DEILD STJÓRNARTÍÐINDANNA 1928.

Tilskipun um breyting á ákvæðum tilskipunar 27. ágúst 1927, um stjórn gjafasjóðs Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors (Thorkilliisjóðs), undirskrifuð af konungi 11. maí 1928 (nr. 74).

Auglýsing um samning milli Íslands og Svíþjóðar um póstviðskifti, undirskrifuð af forsætisráðherra 20. júní 1928. (nr. 75).

Auglýsing um prófreglugjörð fyrir lærdómsdeild Gagnfræðaskólans á Akureyri, undirskrifuð af dóms- og kirkjumálaráðherra 7. júlí 1928 (nr. 76).

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 35., 19. júní 1922, um breyting á lögum nr. 60, 27. júní 1921, um útflutningsgjald af síld o. fl., undirskrifuð af konungi 19. júlí 1928 (nr. 77).

Auglýsing um samning um póstávísanaviðskifti milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, undirskrifuð af forsætisráðherra 28. ágúst 1928 (nr. 78).

Auglýsing um samning um póstávísanaviðskifti milli Íslands og Canada, undirskrifuð af forsætisráðherra sama dag (nr. 79).

Reglugjörð fyrir veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 8. flokki (seriu) bankavaxtabréfa samkvæmt lögum nr. 60, 7. maí 1928, um útgáfu nýrra flokka (seria) bankavaxtabréfa, undirskrifuð af fjármálaráðherra 11. október 1928 (nr. 80).

Opið bréf, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar föstudaginn 15. febrúar 1929, undirskrifað af konungi 21. desember 1928 (nr. 81).

Konungsbréf um setning Alþingis, undirskrifað af konungi sama dag (nr. 82).

Reglugjörð fyrir Landsbanka Íslands, undirskrifuð af fjármálaráðherra sama dag (nr. 83).

REIKNINGUR 134

yfir tekjur og gjöld lífeyrissjóðs embættismanna árið 1927.

Rekstrarreikningur.

Tekjur:

1. Lífeyrisgjöld			kr.	58342 05
2. Vextir:				
a. Í Landsbanka	kr.	4451 50		
Flyt	kr.	4451 50	kr.	58342 05

31. dag desembermánaðar 1928. Reykjavík, Ísafoldarprentsmiðja h.f.

134	Flutt	kr.	4451 50	kr.	58342 05
	b. Af veðdeildarbréfum frá 1. júlí 1926 — 31. des. 1927 kr. 28079 00 ÷ keyptir vaxtam. kr. 4656 08	—	23422 92		
	c. Af ríkisskuldabréfum frá 1. júní 1926 — 31. des. 1927 ..	—	206 25		
	d. Af hafnarlánabréfum Vestmannaeyja frá 1. jan. 1926 til 31. des. 1927	—	3504 00		
				—	31584 67
3.	a. Útdr. veðdeildarbréfa pr. 2. jan. 1927	kr.	1700 00		
	b. Útdr. veðdeildarbréfa pr. 2. jan. 1928	—	7500 00		
				—	9200 00
4.	a. Útdr. hafnarlánsbréfa Vestmannaeyja pr. 31. des. 1926 ..	kr.	1600 00		
	b. Útdr. hafnarlánsbréfa Vestmannaeyja pr. 31. des. 1927 ..	—	900 00		
				—	2500 00
5.	Gróði á keyptum bréfum, hækkun í nafnverði ..			—	19121 00
6.	Til jafnaðar móti keyptum bréfum			—	152379 00
				Kr.	273126 72

Gjöld:

1.	Keypt veðdeildarbréf með nafnverði 171500 00 ..	kr.	152379 00
2.	Greiddur lífeyrir	—	4632 78
3.	Endurgr. samkv. lögum nr. 41, 1925	—	4630 23
4.	Endurgr. Sæm. Bjarnhéðinss. próf., ofgr. lífeyrisg.	—	945 00
5.	Reikningshald	—	500 00
6.	Til jafnaðar móti keyptum bréfum	—	11700 00
7.	Tekjur umfram gjöld	—	98339 71
		Kr.	273126 72

Efnahagsreikningur.

1.	Eign sjóðsins var í árslok 1926 kr. 478124 57, og tekjuafgangur 1927 kr. 98339 71:				
	a. Innstæða í Landsbankanum pr. 2. jan. 1928	kr.	66260 24		
	Flyt	kr.	66260 24		

Flutt	kr.	66260 24		134
b. Innstæða í ríkissjóði pr. 31. des. 1927	—	11704 04		
c. Eign veðdeildarbr. með nafnverði	—	468500 00		
d. Eign ríkisskuldabr. með nafnverði	—	2500 00		
e. Eign hafnarlánsbréfa Vestmannaeyja með nafnverði	—	27500 00		
			kr.	576464 28
			Kr.	576464 28

Reykjavík, 10. september 1928.

Einar Markússon.

REIKNINGUR 135

Æfinlegrar erfingjarentu Sigríðar Melsteð árið 1926.

Tekjur:

1. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	160	40
2. Afgjald af Hlíð í Grafningi	—	266	00
3. Vextir	—	9	70
	Kr.	436	10

Gjöld:

1. Styrkur veittur	kr.	200	00
2. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	236	10
	Kr.	436	10

Reykjavík, 27. júlí 1928.

Eggert Briem. *Páll Melsteð.*

136

REIKNINGUR
Æfinlegrar erfingjarentu Sigríðar Melsteð árið 1927.

Tekjur:

1. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	236	10
2. Afgjald af Hlíð í Grafningi	—	250	00
3. Vextir	—	14	33
	Kr.	500	43

Gjöld:

1. Styrkur veittur	kr.	200	00
2. Innstæða í Söfnunarsjóði	—	300	43
	Kr.	500	43

Reykjavík, 27. júlí 1928.

Eggert Briem. *Páll Melsteð.*

EMBÆTTI M. M.

19. ágúst 1927 var síra Hálfdán Helgason skipaður sóknarprestur í Mosfellsprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi.

6. janúar var Einari M. Jónassyni allramildilegast vikið frá sýslumannsembætti í Barðastrandarsýslu.

14. janúar var Jón bóndi Fjalldal á Melgraseyri, skipaður oddviti yfirkjörstjórnar Norður-Ísafjarðarsýslukjördæmis við alþingiskosningar, í stað præp. hon. síra Páls Ólafssonar í Vatnsfirði, er samkvæmt beiðni hefir verið veitt lausn frá oddvitastörfum.

1. febrúar voru þeir Jón Ólafsson og Zophonías Baldvinsson, bifreiðarstjórar, báðir í Reykjavík, skipaðir skoðunarmenn bifreiða fyrir Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfjarðarkaupstað, Árnessýslu og Rangárvallasýslu. Jafnframt voru þeir skipaðir til að gegna prófdómarastörfum við bifreiðastjóraþróf í sömu umdæmum.

18. febrúar var sóknarprestinum í Möðruvallaklausturssprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi, síra Jóni Þorsteinssyni, veitt lausn frá prestsskap, frá fardögum 1928 að telja.

2. mars var síra Hálfdán Guðjónsson, prófastur í Skagafjarðarprófastsdæmi, allramildilegast skipaður til þess að vera vígslubiskup í Hólabiskupsdæmi hinu forna.

20. mars var síra Jón Guðnason, sóknarprestur að Kvennabrekku í Dalaprófastsdæmi, skipaður til þess að vera sóknarprestur í Prestsbakkaprestakalli í Strandaprófastsdæmi frá 1. júní 1928 að telja.

22. mars var sóknarprestinum í Bíldudalsprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi, síra Jóni Árnasyni, veitt lausn frá prestsskap frá fardögum 1928 að telja.

24. mars var settur prófastur, síra Stefán Kristinsson á Völlum í Svarfaðardal, skipaður til þess að vera prófastur í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

2. apríl var yfirlæknir við geðveikrahælið á Kleppi, Þórður Sveinsson, allramildilegast sæmdur prófessorsnafnbót.

18. apríl var sóknarprestinum að Mosfelli í Grímsnesi, síra Ingimar Jónssyni, veitt lausn frá embætti vegna vanheilsu frá fardögum 1928 að telja.

24. apríl var docent Magnús Jónsson skipaður prófessor við guðfræðideild háskólans frá 1. s. m.

S. d. var skólastjóri Ásmundur Guðmundsson settur docent við guðfræðideild háskólans frá sama tíma.

28. apríl var síra Jakob Kristinsson settur til þess að vera skólastjóri á Eiðum frá 1. maí þ. á. að telja.

2. maí var settur sýslumaður í Barðastrandarsýslu, Bergur Jónsson, allramildilegast skipaður sýslumaður sama staðar.

12. maí var cand. theol. Sigurður Stefánsson skipaður til þess að vera sóknarprestur í Möðruvallaklausturspresta kalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi frá 1. júní þ. á. að telja.

S. d. var prófasti síra Páli Ólafssyni, sóknarpresti í Vatnsfjarðarprestakalli í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, veitt lausn frá embætti frá 1. júní næstkomandi að telja.

19. maí var cand. theol. Ólafur Ólafsson skipaður til þess að vera sóknarprestur í Suðurdalaþingaprestakalli frá 1. júní þ. á. að telja.

6. júní var hjeraðslækninum í Reyðarfjarðarhjeraði, Sigurði H. Kvaran, allramildilegast veitt lausn í náð frá embætti frá 1. október næstkomandi að telja.

S. d. var settur héraðslæknir Egill Jónsson, allramildilegast skipaður hjeraðslæknir í Seyðisfjarðarhjeraði.

23. júní var settur sóknarprestur í Kálfafellsstaðarprestakalli í Austur-Skaftafellsprófastsdæmi, síra Jón Pjetursson, skipaður til þess að vera sóknarprestur sama staðar.

S. d. var settur sóknarprestur í Bíldudalsprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi, síra Helgi Konráðsson, skipaður til þess að vera sóknarprestur sama staðar.

S. d. var sóknarprestur í Þingvallaprestakalli, fyrrum prófastur síra Guðmundur Einarsson, skipaður til þess að vera sóknarprestur í Mosfellsprestakalli í Árnesprófastsdæmi.

30. júní var kaupfjelagsstjóri Guðbrandur Magnússon settur til þess frá 1. júlí að telja, að veita forstöðu áfengisverslun ríkisins.

S. d. var síra Ingimar Jónsson settur til þess frá 1. júlí að telja, að vera forstöðumaður Ungmennaskóla Reykjavíkur.

2. júlí var Ólafi lækni Thorlacius allramildilegast veitt lausn frá hjeraðslæknisembætti í Berufjarðarhjeraði.

9. júlí voru eftirgreindir menn settir til þess að vera starfsmenn á varðskipum ríkisins:

Jóhann P. Jónsson skipstjóri á varðskipið Óðinn.
Friðrik Ólafsson skipstjóri á varðskipið Þór.
Magnús Björnsson yfirstýrimaður.
Eiríkur Kristófersson yfirstýrimaður.
Þórarinn Björnsson annar stýrimaður.
Guðmundur Guðjónsson annar stýrimaður.
Þorvarður Gíslason þriðji stýrimaður.
Gunnar Gíslason þriðji stýrimaður.
Þorsteinn Loftsson yfirvélstjóri.

Guðbjartur Guðbjartsson yfirvélstjóri.
Aðalsteinn Björnsson undirvjelstjóri.
Gunnar Kr. Jónsson undirvjelstjóri.
Magnús Jónsson þriðji vjelstjóri.

11. júlí var Þorvaldur Árnason, ullariðnfræðingur, Hafnarfirði, settur til þess fyrst um sinn að gegna yfirullarmatsstarfinu á svæðinu milli Borgarness og Víkur í Mýrdal, að báðum stöðum meðtöldum og í Vestmannaeyjum.

12. júlí var Hannes Jónsson dýralæknir skipaður til þess að gegna dýralæknisembættinu í Sunnlendingafjórðungi og sömuleiðis falið að gegna jafnframt fyrst um sinn, dýralæknisembættinu í Vestfirðingafjórðungi.

24. júlí var stöðvarstjóri Gísli J. Ólafson allramildilegast skipaður landssímastjóri.

18. ágúst var cand. theol. Knútur Arngrímsson skipaður til þess að vera sóknarprestur í Húsavíkurprestakalli í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi frá 1. ágúst að telja.

Frá 1. september þ. á. til 31. ágúst 1929 er hæstarjettardómari Páll Einarsson kjörinn forseti hæstarjettar.

3. sept var dýralæknir Ásgeir Ólafsson settur til þess fyrst um sinn að gegna dýralæknisstöðunni í Vestfirðingafjórðungi.

10. sept. var sóknarprestur að Stað í Steingrímsfirði, síra Þorsteinn Jóhannesson, skipaður til þess að vera sóknarprestur í Vatnsfjarðarprestakalli í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi frá 1. október 1928 að telja.

20. sept. var alþingismaður Halldór Stefánsson skipaður forstjóri Tryggingarstofnunar ríkisins frá 1. október þ. á. að telja.

S. d. var skrifstofustjóri Vigfús Einarsson skipaður meðstjórnandi við Slysatryggingardeild Tryggingarstofnunar ríkisins.

S. d. var framkvæmdarstjóri Hjeðinn Valdimarsson, skipaður meðstjórnandi við Slysatryggingardeild Tryggingarstofnunar ríkisins.

22. sept. var Steingrímur Steinþórsson kennari skipaður skólastjóri bændaskólans á Hólum frá 1. október þ. á.

26. septbr. var Hannes Jónsson dýralæknir skipaður formaður skólanefndar Ungmennaskóla Reykjavíkur.

28. septbr. var Árni Árnason hjeraðslæknir, settur til þess frá 1. okt. 1928 að telja og til 1. júní 1929 að þjóna áfram hjeraðlæknisembættinu í Dalahjeraði.

S. d. var cand. med. Jens Jóhannesson settur til þess frá sama tíma að þjóna hjeraðslæknisembættinu í Berufjarðarhjeraði.

4. oktbr. var Jóhannesi Sigfússyni yfirkennara, allramildilegast veitt lausn í náð frá kennaraembætti við hinn almenna mentaskóla í Reykjavík frá 1. okt. 1928 að telja.

S. d. var Guðmundur Ásmundsson, hjeraðslæknir í Noregi, allramildilegast skipaður til þess að vera hjeraðslæknir í Reyðarfjarðarhjeraði frá 1. okt. þ. á. að telja.

S. d. var settur hjeraðslæknir Ólafur Ólafsson allramildilegast skipaður til þess að vera hjeraðslæknir í Stykkishólmshjeraði.

S. d. var Árni Árnason, hjeraðslæknir í Dalahjeraði, allramildilegast skipaður til að vera hjeraðslæknir í Berufjarðarhjeraði frá 1. oktbr. að telja.

9. oktbr. voru þeir Einar Árnason, Eyrarlandi og Ingólfur Bjarnason, Fjósatungu, alþingismenn, skipaðir samkvæmt lögum nr. 8, 15. apríl 1928 um einkasölu á útfluttri síld, til þess að vera endurskoðendur Síldareinkasölu Íslands.

S. d. voru þeir Þorsteinn M. Jónsson og Brynleifur Tobíasson, kennari á Akureyri, skipaðir varaendurskoðendur við sömu stofnun og í sömu röð.

30. oktbr. þóknaðist Hans hátign konunginum að fela forsætisráðherra, Tryggva Þórhallssyni, að veita forstöðu fjármálaráðuneytinu, meðan fjármálaráðherra Magnús Kristjánsson er fjarverandi í embættisferð til útlanda.

31. oktbr. var settur sóknarprestur í Þóroddsstaðarprestakalli í

Suður-Þingeyjarprófastsdæmi, síra Þormóður Sigurðsson, skipaður til þess að vera sóknarprestur sama staðar.

5. nóvbr. var sóknarprestinum í Flatey á Breiðafirði, síra Sigurði Einarssyni veitt lausn frá embætti frá 1. desember þ. á. að telja.

21. nóvbr. þóknaðist Hans hátign konunginum að fela forsætisráðherra, Tryggva Þórhallssyni, að veita forstöðu dómsmálaráðuneytinu, meðan dómsmálaráðherra Jónas Jónsson er fjarverandi í embættisferð til útlanda.

12. desbr. þóknaðist Hans hátign konunginum allramildilegast að ákveða að forstaða þeirra mála, sem heyra undir fjármálaráðuneytið, verði fyrst um sinn, þar til öðruvísi verður ákveðið, falin forsætisráðherra og atvinnu- og samgöngumálaráðherra Tryggva Þórhallssyni.

21. desbr. var hæstaréttarritari, dr. jur. Björn Þórðarson, allramildilegast skipaður til þess að vera lögmaður í Reykjavík frá 1. janúar næstkomandi að telja.

S. d. var Jón Hermannsson, lögreglustjóri, allramildilegast skipaður til þess að vera tollstjóri í Reykjavík frá 1. janúar næstk. að telja.

S. d. var fulltrúi cand. jur. Hermann Jónasson, allramildilegast skipaður til þess að vera lögreglustjóri í Reykjavík frá 1. janúar næstkomandi að telja.

S. d. var bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, cand. jur. Kristinn Ólafsson, allramildilegast skipaður til þess að vera bæjarfógeti í Neskaupstað frá 1. janúar næstkomandi að telja.

PÓSTMENN SKIPAÐIR OG SETTIR.

21. janúar var Helgi Skúlason bóndi skipaður bréfhirðingarmaður í Guðlaugsvík.

24. mars var Guðmundur S. Jónsson skipaður bréfhirðingarmaður á Sveinseyri.

26. mars var Jón Jónsson skipaður bréfhirðingarmaður í Haukadal.

1. apríl var Lárus Helgason alþm. og bóndi skipaður bréfhirðingarmaður í Kirkjubæjarklaustri.

11. ágúst var Guðmundur Halldórsson skipaður bréfhirðingarmaður í Gröf í Hnappadalssýslu.

14. september var Sigurvin Edilonsson skipaður bréfhirðingarmaður á Litla-Árskógssandi.

22. september fékk Vilhjálmur Björnsson lausn sem póstaðstoðarmaður í Reykjavík, frá 1. okt. að telja.

S. d. var Jónas Hallgrímsson skipaður póstaðstoðarmaður í Reykjavík, frá 1. október.

9. október var Þorleifi Jónssyni póstmeistara, samkvæmt umsókn, veitt lausn frá póstmeistaraembættinu í Reykjavík, frá 1. jan. 1929.

12. október var Páll Hermannsson alþm. skipaður brjefhirðingarmaður á Eiðum.

30. nóvember var Pjetur Guðmundsson skipaður brjefhirðingarmaður í Ófeigsfirði, frá 1. janúar 1929.

4. desember var Marius Lund brjefhirðingarmaður settur póstafgreiðslumaður á Raufarhöfn, frá 1. janúar 1929.

S. d. var Hermann Jónsson brjefhirðingarmaður skipaður póstafgreiðslumaður í Haganesvík, frá 1. janúar 1929.

5. desember var Árni Bergsson brjefhirðingarmaður skipaður póstafgreiðslumaður í Ólafsfirði, frá 1. janúar 1929.

S. d. var Jón Stefánsson, brjefhirðingarmaður skipaður póstafgreiðslumaður í Dalvík, frá 1. janúar 1929.

8. desember var Páll H. Jónsson skipaður brjefhirðingarmaður á Stóruvöllum, frá 1. janúar 1929.

21. desember var Guðmundur Bergsson póstfulltrúi settur til þess að gegna póstmeistaraembættinu í Reykjavík, frá 1. janúar 1929.

S. d. var póstaðstoðarmaður Þórarinn Björnsson skipaður póstafgreiðslumaður í Reykjavík, frá 1. janúar 1929.

S. d. var póstaðstoðarmaður Haraldur Björnsson skipaður póstafgreiðslumaður í Reykjavík, frá 1. janúar 1929.

S. d. var Þóroddur Jónsson skipaður póstaðstoðarmaður í Reykjavík, frá 1. janúar 1929.

22. desember var Hjörleifur Björnsson bóndi skipaður brjefhirðingarmaður á Hofstöðum, frá 1. janúar 1929.

HEIÐURSMERKI.

23. janúar var skáldkonan Sigrid Undset, Lillehammer í Noregi, allramildilegast sæmd riddarakrossi Fálkaorðunnar.

26. mars var ríkisskjalavörður dr. phil. K. S. A. Erslev, Kaupmannahöfn, allramildilegast sæmdur stórkrossi Fálkaorðunnar.

S. d. var leikkonan frú J. Dybwad, Oslo, allramildilegast sæmd riddarakrossi Fálkaorðunnar.

S. d. var ríkisskjalavörður L. R. Laursen, Kaupmannahöfn, allramildilegast sæmdur stórriddarakrossi Fálkaorðunnar.

16. apríl var utanríkisráðherra Belga, Mr. Paul Hymans, allramildilegast sæmdur stórkrossi Fálkaorðunnar.

S. d. var Mr. l'Inspecteur de la Marine barón A. V. J. Gerlache de Gomery, Bruxelles, allramildilegast sæmdur stórriddarakrossi með stjörnu Fálkaorðunnar.

15. maí var forsætisráðherra Finna, Juho Emil Sunila, allramildilegast sæmdur stórkrossi Fálkaorðunnar.

15. maí var 1. aðstoðarmaður Finnlandsforseta, K. H. Kekori, allramildilegast sæmdur stórriddarakrossi með stjörnu Kálkaorðunnar.

S. d. var settur skrifstofustjóri í utanríkisráðuneyti Finna, P. P. Pajula, allramildilegast sæmdur stórriddarakrossi Fálkaorðunnar.

S. d. var ræðismaður J. J. Jensen í Helsingfors allramildilegast sæmdur riddarakrossi Fálkaorðunnar.

19. maí var Kommandör Aage Böjesen, Kaupmannahöfn, allramildilegast sæmdur stórriddarakrossi með stjörnu Fálkaorðunnar.

S. d. var Kommandörkaptajn H. C. Gad, Kaupmannahöfn, allramildilegast sæmdur stórriddarakrossi Fálkaorðunnar.

27. maí var prófessor, dr. phil. Finnur Jónsson, Kaupmannahöfn, allramildilegast sæmdur stórkrossi Fálkaorðunnar.

30. maí var boð í ríkisskjalasafni Dana, C. H. Östergaard, allramildilegast sæmdur verðlaunapeningi úr silfri.

28. júní var Stor-Sire Oddfellowreglunnar í Danmörku H. F. C. Skeel, allramildilegast sæmdur stórriddarakrossi Fálkaorðunnar.

S. d. var Stor-Skatmester Oddfellowreglunnar í Danmörku, yfirrjettarmálaflutningsmaður S. C. C. Hede allramildilegast sæmdur stórriddarakrossi Fálkaorðunnar.

S. d. var stórritari Oddfellowreglunnar í Danmörku, yfirrjettarmálaflutningsmaður A. L. C. Engberg, allramildilegast sæmdur riddarakrossi Fálkaorðunnar.

16. júlí voru allramildilegast sæmdir stórkrossi Fálkaorðunnar:
Forstjóri utanríkisráðuneytis Danmerkur, E. V. S. C. greifi Reventlow.
Þjóðbankastjóri F. C. G. Schröder, Kaupmannahöfn.
Aðalforstjóri J. Gustaf Adolf af Jochnick, Stokkhólmi.
Prófessor dr. phil. Nils Hansson, Stokkhólmi.

S. d. voru allramildilegast sæmdir stórriddarakrossi með stjörnu Fálkaorðunnar:
Deildarstjóri í utanríkisráðuneyti Danmerkur, O. Engell.

Deildarstjóri í kennslumálaráðuneyti Danmerkur, C. F. A. H. Graae.
Aðalforstjóri Noregsbanka, N. T. N. Rygg.
Bankastjóri Finnlandsbanka, R. H. Ryti,

S. d. voru allramildilegast sæmdir stórriddarakrossi Fálkaorðunnar:
Sendisveitarráð Tage Bull, Madrid.
Prófessor A. M. T. Westermann, Kaupmannahöfn.
Ritstjóri dr. phil. R. Thommessen, Oslo.
Forstjóri fangelsismálanna í Danmörku, E. P. Kampmann.
Höfuðsmaður H. A. Ö. Bistrup, Kaupmannahöfn.
Prófessor dr. med. S. A. Gammeltoft, Kaupmannahöfn.
Prófessor dr. med. E. S. A. Hauch, Kaupmannahöfn.

S. d. voru allramildilegast sæmdir riddarakrossi Fálkaorðunnar:
Prófessor við dýralækninga- og landbúnaðarháskólann, L. Frederiksen, Kaupmannahöfn.
Forstjóri A. Chr. Brorsen, Kaupmannahöfn.
Ræðismaður H. Holm, Göteborg.
Forstjóri daufdumbraskólans í Fredericia, V. Larsen.
Prófessor A. E. H. Nielsen, Kaupmannahöfn.
Korpsofficiant, teiknari J. P. A. J. Lander, Kaupmannahöfn.
Forstjóri Ollerups leikfimisskóla N. Bukh, Fjóni.
Ríkisráðunautur A. P. Jacobsen, Berlín.
Fangelsisstjóri J. Chr. H. Wandall, Horsens.
Forstjóri björgunarmálanna í Norður-Jótlandi, C. V. Fabricius.
Ræðismaður Frakka M. Z. R. Fiez-Vandal, Reykjavík.

27. ágúst var hæstarjettarmálflutningsmaður, fyrv. ráðherra C. J. O. Liebe, Kaupmannahöfn, allramildilegast sæmdur stórkrossi Fálkaorðunnar.

S. d. voru allramildilegast sæmdir stórriddarakrossi með stjörnu Fálkaorðunnar:
C. Courmont, París.
Dr. C. K. Austin, San Margerita, Ligure, Ítalíu.

12. okt. voru allramildilegast sæmdir stórriddarakrossi Fálkaorðunnar:
Ministerialdirigent E. Brandenburg, Berlin.
Undiroffursti a. D. Siegert, Berlín.

S. d. voru allramildilegast sæmdir riddarakrossi Fálkaorðunnar:
Hauptmann a. D. Richard Walter, Berlín.
Flugzeugfuhrer F. Simon, Dessau (Anhalt).
Aðalritari í „Nordische Gesellschaft" dr. Timm, Lübeck.
Endurskoðunarstjóri hjá „Mikla Norræna" C. A. Jörgensen, Kaupmannahöfn.
Stjórnarmeðlimur í „Nordische Gesellschaft" dr. W Georgi, Berlin.

—

1. des. voru allramildilegast sæmdir stórkrossi Fálkaorðunnar:
Forsætisráðherra og landbúnaðarráðherra Danmerkur, Thomas Madsen-Mygdal.
Utanríkisráðherra Danmerkur, dr. phil. Laust Jevsen Moltesen.
Sendiherra, kammerherra M. J. C. T. Clan, Kaupmannahöfn.

S. d. var hæstarjettardómari Páll Einarsson allramildilegast sæmdur stórriddarakrossi með stjörnu Fálkaorðunnar.

S. d. voru allramildilegast sæmdir stórriddarakrossi Fálkaorðunnar:
Skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. G. Sveinbjörnsson.
Vígslubiskup Valdimar Ó. Briem.

S. d. voru allramildilegast sæmd riddarakrossi Fálkaorðunnar:
Bóksali Sigurður Kristjánsson, Reykjavík.
Vígslubiskup Hálfdán Guðjónsson, Sauðárkróki.
Póstmeistari Þorleifur Jónsson, Reykjavík.
Yfirkennari Jóhannes Sigfússon, Reykjavík.
Fyrv. hjeraðslæknir Sigurður Hjörleifsson Kvaran, Eskifirði.
Fríkirkjuprestur Ólafur Ólafsson, Reykjavík.
Óperusöngvari Pjetur Jónsson, Bremen.
Fyrv. óðalsbóndi Magnús Friðriksson, Stykkishólmi.
Vísikonsúll Gísli J. Johnsen, Vestmannaeyjum.
Frú Bríet Bjarnhjeðinsdóttir, Reykjavík.
Pater Jón Sveinsson, Villers-sur- Mer, Chateau San Carlo, Frakkl.
Hirðsímstjóri E. F. C. Björnow, Kaupmannahöfn.
Hirðljósmyndasmiður L. P. Elfelt, Kaupmannahöfn.
Prófessor, dr. W. Heydenreich, Eisenach.
Deildarstjóri Wimbury, London.
Höfuðsmaður í herskipaflota Dana F. C. Pontoppidan, Khöfn.
Höfuðsmaður í sjóliðinu E. M. Dahl, Kaupmannahöfn.

ERLEND HEIÐURSMERKI.

25. júní var þjóðskjalavörður dr. phil. Hannes Þorsteinsson, Reykjavík, allramildilegast sæmdur Kommandörkrossi Dannebrogsorðunnar II.

30. nóvember var forsætisráðherra Tryggvi Þórhallsson allramildilegast sæmdur stórkrossi Dannebrogsorðunnar.

S. d. var forseti sameinaðs Alþingis sýslumaður Magnús Torfason allramildilegast sæmdur Kommandörkrossi Dannebrogsorðunnar II.

S. d. var skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu G. Sveinbjörnsson allramildilegast sæmdur Kommandörkrossi Dannebrogsorðunnar II.

HEIÐURSGJAFIR.

Af vöxtum af styrktarsjóði Christians konungs IX. árið 1928, hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið veitt þeim alþingismanni Lárusi Helgasyni bónda á Kirkjubæjarklaustri í Vestur-Skaftafellssýslu og Jóni Hannessyni bónda í Deildartungu í Borgarfjarðarsýslu, 160 króna heiðursgjöf hvorum fyrir framúrskarandi dugnað í jarðabótum, byggingum og öðru, sem að búnaði lýtur.

KONSÚLAR.

24. janúar var W. G. O. Sigurðsson viðurkendur brezkur vicekonsúll í Reykjavík.

20. mars var Dr. Schellhorn viðurkendur þýskur aðalkonsúll í Reykjavík.

28. apríl var Sigurður Jónsson viðurkendur breskur vicekonsúll á Seyðisfirði.

12. júlí var Ólafur Johnson stórkaupmaður viðurkendur spánskur vicekonsúll í Reykjavík.

13. júní var Karl Thorstein kaupmaður viðurkendur portúgalskur vicekonsúll í Reykjavík.

S. d. var Ólafur Haukur R. Ólafsson verslunarmaður viðurkendur brasílskur vicekonsúll í Reykjavík.

10. desember var Ásgeir Sigurðsson stórkaupmaður viðurkendur breskur aðalkonsúll með búsetu í Reykjavík.

STYRKVEITINGAR.

Af vöxtum af styrktarsjóði Frederiks konungs VIII. árið 1928 hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið veitt ungfrú Guðríði Þórarinnsdóttur, Drumboddsstöðum, Lystigarðsfélagi Akureyrar og alþingismanni Sveini Ólafssyni í Firði, 200 krónur hverju til trjárækta.

Úr styrktarsjóði Þórarinns Tuliniuss hefir atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið veitt Guðmundi Bergþórssyni, Gunnlaugi Magnússyni og Jóhanni Sigmundssyni, öllum í Reykjavík, 250 krónum hverjum árið 1928.

EINKALEYFI.

Þann 11. janúar 1928 var Carl Hansen fiskiskipstjóra og Peder Svarrer Ankersen skipstjóra, Esbjerg, Danmörku, veitt einkaleyfi á vörpuhlera.

S. d. var sömu mönnum veitt einkaleyfi á dragherpinót með þrígreindum gripörmum.

Þann 8. júní 1928 var Aage Willand Owe efnaverkfræðingi, Oslo, veitt einkaleyfi á aðferð til framleiðslu á efnisblöndum með bætiefnum.

S. d. var sama manni veitt einkaleyfi á aðferð til framleiðslu á feitiefni með bætiefnum.

Þann 23. júlí 1928 var Aktiebolaget Nordiska Armaturfabrikerne, Stokkhólmi, veitt einkaleyfi á útbúnaði til að yfirfæra snúningshreyfingu í högghreyfingu.